

21. NÓVEMBER 2023

# Kynning

## á heildarkröfum

við málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr.

10. gr. þjóðlendlaga

**KYNNING 27. NÓVEMBER 2023 – 5. JANÚAR 2024**

FRESTUR TIL ATHUGASEMDA ER TIL

12. JANÚAR 2024



**Málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga – kynning á heildarkröfum**

Hér eru kynntar kröfur sem óbyggðanefnd hafa borist við málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga. Ákvæðið heimilar óbyggðanefnd að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, „sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra“ og markmiðið er að unnt verði að ná þeim tilgangi Þjóðlendulaga að greiða úr óvissu um eignarrétt á landi. Um er að ræða svæði sem hafa ekki áður verið undirorpin Þjóðlendukröfu en eru aðliggjandi Þjóðlendum í sveitarfélögunum Fljótsdalshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, sveitarfélaginu Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Borgarbyggð og Árneshreppi. Kynningin fer fram skv. 12. gr. laga nr. 58/1998, um Þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, en samkvæmt henni ber óbyggðanefnd að gera yfirlit yfir lýstar kröfur sem liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Að auki birtir óbyggðanefnd kynningargögnin jafnan á vefsíðu sinni og eftir atvikum víðar. Frestur til athugasemda er síðan sjö dagar frá lokum kynningartímabilsins.

**Kynning þessi á heildarkröfum stendur yfir 27. nóvember 2023 – 5. janúar 2024. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 12. janúar 2024. Netfang nefndarinnar er [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is).**

Forsaga málsins er sú að upphaflega tók óbyggðanefnd viðkomandi svæði til meðferðar í júní 2020 og í janúar 2021 bárust kröfur íslenska ríkisins vegna þeirra. Síðar það ár ákvað nefndin að reglulegir nefndarmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis og í framhaldinu var sett sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina. Nefndin auglýsti í janúar 2022 að til skoðunar væri að taka landsvæðin til meðferðar og gaf þeim sem kynnu að hafa athugasemdir við það kost á að koma sjónarmiðum þar að lútandi á framfæri. Að því loknu ákvað nefndin í ágúst 2022 að hefja málsmeðferð að nýju og veitti fjármála- og efnahagsráðherra frest til 14. nóvember 2022 til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um Þjóðlendu á svæðunum, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfum ráðherra um Þjóðlendu var síðan lýst 14. nóvember 2022 og þær voru í framhaldinu kynntar með lögformlegum hætti. Öðrum mögulegum hagsmunaaðilum var samhliða kynningu veittur frestur til að lýsa kröfum til 28. febrúar 2023 en fresturinn var síðan framlengdur til 28. mars. Innan frestsins bárust 28 kröfulýsingar en síðar barst ein kröfulýsing í viðbót og því eru gagnkröfur 29 talsins. Óbyggðanefnd hafði áður sent upplýsingar um málsmeðferðina til þeirra sem höfðu við eldri málsmeðferð lýst kröfum sem snertu viðkomandi svæði, og upplýsti þá eða lögmenn þeirra í framhaldinu um framvindu málsmeðferðarinnar.

Fjallað er um ágreiningssvæðin í fjórum málum hjá óbyggðanefnd, nr. 1–4/2023, og rannsókn nefndarinnar á málunum stendur yfir. Leiði hún í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Að lokinni rannsókn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi svæða úrskurðar óbyggðanefnd síðan um fram komnar kröfur. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á vefsíðu hennar: [obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is).

## EFNISYFIRLIT

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins .....	1
--	---

### Mál nr. 1/2023: Austurland og Norðausturland

Valbjófsstaður .....	54
Hamborg .....	78
Kverkártunga .....	83
Grímólfsártunga .....	105

### Mál nr. 2/2023: Norðurland

Torfufell, Hólsgerði og Úlfá .....	120
Vaskárdalur, Almennigur og Bakkasel .....	135
Norðurmörk Hraunanna .....	139
Mælifell .....	148
Steiná .....	162
Rugludalur .....	169
Hvammshlíð .....	176
Pokafell .....	194
Mánaskál .....	210
Núpur .....	219
Auðkúluheiði	
— Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði .....	226
— Landsvirkjun v. vatnsréttinda o.fl. ....	233
Kornsártungur .....	237

### Mál nr. 3/2023: Vesturland

Hítardalur .....	245
Svarfhóll .....	259
Fjallendi Ytri-Hraundals .....	270

### Mál nr. 4/2023: Strandir

Skjaldabjarnarvík (tvær kröfulýsingar v. jarðarinnar)	
— 1) Hluti eigenda .....	286
— 2) Hluti eigenda .....	306
Drangar .....	314
Drangavík (þrjár kröfulýsingar v. jarðarinnar)	
— 1) Hluti eigenda .....	323
— 2) Hluti eigenda .....	334
— 3) Hluti eigenda .....	351
Engjanes	
— Jörðin Engjanes .....	359
— Vesturverk v. afnota- og vatnsréttinda .....	376
Ófeigsfjörður .....	382

Átta kort með kröfulínum allra málsaðila, sjá einnig: [www.obyggdanefnd.is/serstok](http://www.obyggdanefnd.is/serstok)

Fylgiskjöl með kröfulýsingunum fást hjá skrifstofu óbyggðanefndar



**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á ENDURUPPTEKNUM SVÆÐUM**

## EFNISYFIRLIT

1. ALMENN ATRIÐI.....	4
2. LANDSVÆÐI.....	7
2.1. Minnisblað óbyggðanefndar .....	7
2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu .....	8
3. KRÖFUSVÆÐIN; ELDRI KRÖFUGERÐ ÍSLENSKA RÍKISINS, NIÐURSTAÐA ÓBYGGÐANEFNDAR OG ATHUGASEMDIR NEFNDARINNAR VIÐ KRÖFUGERÐ Á EINSTÖKUM LANDSVÆÐUM.....	9
3.1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs .....	9
3.2. Svæði við vesturmörk Valþjófsstaðar .....	11
3.3. Nyrsti hluti Grímólfsártungu.....	12
3.4. Kverkártunga.....	13
3.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár .....	15
3.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals .....	16
3.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings .....	18
3.8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels.....	20
3.9. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar .....	22
3.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna .....	24
3.11. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar .....	26
3.12. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar.....	28
3.13. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar.....	29
3.14. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar .....	31
3.15. Svæði við austurmörk Hítardals .....	32
3.16. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls.....	34
3.17. Svæði austan og sunnan Drangajökuls .....	36
4. NÁNARI AFMÖRKUN KRÖFUSVÆÐA, KRÖFUGERÐ OG RÖKSEMDIR FYRIR KRÖFULÍNUM.....	38
4.1. Almenn.....	38
4.2. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaða .....	38
4.3. Nyrsti hluti Grímólfsártungu.....	39
4.4. Kverkártunga.....	40

4.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár .....	40
4.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.....	41
4.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar .....	42
4.8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna.....	43
4.9. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar .....	43
4.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar.....	44
4.11. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar.....	44
4.12. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar .....	45
4.13. Svæði við austurmörk Hítardals .....	45
4.14. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls.....	46
4.15. Svæði austan og sunnan Drangajökuls .....	47
5. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR.....	48
6. KRÖFUGERÐ .....	48
6.1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar .....	48
6.2. Nyrsti hluti Grímólfsártungu.....	48
6.3. Kverkártunga.....	49
6.4. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár .....	49
6.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.....	49
6.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar .....	49
6.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna.....	50
6.8. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar .....	50
6.9. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar .....	50
6.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar.....	50
6.11. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar .....	51
6.12. Svæði við austurmörk Hítardals .....	51
6.13. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls.....	51
6.14. Svæði austan og sunnan Drangajökuls .....	51
7. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI .....	52

**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á ENDURUPPTEKNUM SVÆÐUM**

**1. ALMENN ATRIÐI**

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Nefndin hafði þannig í nokkrum úrskurðum sínum vakið athygli á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda, en nefndinni var ekki heimilt að rannsaka svæðin nánar þar sem þau féllu ekki innan kröfulýsinga íslenska ríkisins. Því léki enn vafi á því hvort þau séu háð beinum eignarrétti.

Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 15. október 2020. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, fyrst til 1. desember 2020, síðan til 8. janúar 2021 og loks til 18. janúar 2021 en þá skilaði fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, kröfulýsingu til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum. Í kjölfarið kynnti óbyggðanefnd kröfur ríkisins og skoraði á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Þann 26. maí 2021 barst óbyggðanefnd erindi níu lögmanna, er höfðu tekið að sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum. Í erindinu var þess krafist að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréfi 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Óbyggðanefnd tilkynnti forsætisráðherra um framangreinda niðurstöðu með bréfi 11. nóvember 2021. Var þess einnig getið að þeir tveir varamenn sem teldust ekki vanhæfir hefðu beðist undan því að taka sæti við málsmeðferðina. Væri því þörf á að setja sérstaka nefnd til þess að annast málsmeðferð málanna.

Hinn 10. desember 2021 setti forsætisráðherra í samræmi við 6. gr. laga nr. 58/1998, *sérstaka óbyggðanefnd* til að annast málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020.

Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar dags. 27. janúar 2022, til „lögmanna og annarra“ er höfðu haft samband við skrifstofu óbyggðanefndar vegna málsmeðferðarinnar (afrit sent



lögmanni íslenska ríkisins), kom fram að nefndin hefði „ákveðið að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Var öllum hlutaðeigandi n.t.t. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um *lagalegan grundvöll málsmeðferðarinnar*.

Ráðherra var með bréfi sérstakrar óbyggðanefndar dags. 4. mars 2022, upplýstur um framkomnar athugasemdir og sjónarmið er bærust nefndinni í kjölfar bréfs nefndarinnar dags. 27. janúar s.á. Var þess óskað að ráðherra tæki „afstöðu til athugasemda og sjónarmiða vegna svæða nr. 2-4 og 16“, sem og til þess hvort uppfyllt væru skilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 vegna svæðis nr. 1.

Með svarbréfi dags. 26. mars 2022 voru sjónarmið ráðherra rakin hvað varðar málsmeðferð sérstakrar óbyggðanefndar. Var þar m.a. bent á að samkvæmt 8. gr. þjóðlendlaga væri það *óbyggðanefndar* að ákveða hvaða landsvæði væru tekin til meðferðar hverju sinni, sbr. einnig 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga um endurupptöku mála. Þá var einnig rakið að ráðherra færi með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu. Ráðherra hefði þannig eingöngu forræði á kröfugerð f.h. íslenska ríkisins á þeim landsvæðum sem *óbyggðanefnd hefði ákveðið* að taka til meðferðar. Með vísan til þessa taldi ráðherra í reynd enga þörf á því að taka afstöðu til þess hvort skilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga væru uppfyllt, enda væri það ekki hlutverk ráðherra lögum samkvæmt. Í bréfinu kom þó einnig fram að ekki yrði annað ráðið af tilvísuðu bréfi sérstakrar óbyggðanefndar en að það hafi verið hluti af rannsóknarskyldu nefndarinnar, áður en ákvörðun um endurupptöku væri tekin, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var þó bent á að ráðherra verður ekki aðili máls fyrr en óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka svæði til meðferðar og sent ráðherra tilkynningu þess efnis, sbr. bréf óbyggðanefndar til ráðherra dags. 1. júlí 2020, þar sem tilkynnt var um þá ákvörðun óbyggðanefndar að taka til meðferðar svæði skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Ráðherra var þannig bundinn af þeim svæðum sem nefndin ákvað að skyldu tekin upp að nýju með tilvísuðu bréfi, og lýsti kröfum sem grundvölluðust á fyrri athugasemdum óbyggðanefndar, sbr. kröfulýsing dags. 18. janúar 2021. Sú kröfulýsing hefði ekki verið afturkölluð af hálfu ráðherra og ekki yrði ráðið af orðalagi bréfs sérstakrar óbyggðanefndar hvort nefndin liti svo á að um sé að ræða áframhaldandi meðferð þess máls, er hófst með bréfi óbyggðanefndar þann 1. júlí 2020. Auk þessa var bent á að þrátt fyrir ákvörðun um að reglulegir nefndarmenn óbyggðanefndar skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis, sbr. 4. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, væri ekki séð að fyrirliggjandi ákvörðun nefndarinnar frá 1. júlí 2020 hefði fallið sjálfkrafa niður, og ekki yrði ráðið af bréfi sérstakrar óbyggðanefndar að sú ákvörðun hefði verið afturkölluð, sbr. 25. gr. stjórnslulaga.

Sérstök óbyggðanefnd svaraði bréfi ráðherra 4. apríl sl. Þar kom fram að nefndin teldi ákveðins „misskilnings“ gæta í bréfi ráðherra. Ákvörðun sérstakrar óbyggðanefndar um að hverfa frá fyrri málsmeðferð og skoða að nýju hvort taka bæri þau landsvæði til

meðferðar, sem óbyggðanefnd hafði tekið til meðferðar þann 1. júlí 2020, hefði ekki verið afturköllun í skilningi stjórnarsýslulaga heldur „ákvörðun um að meta að nýju“, í ljósi vanhæfis nefndarmanna óbyggðanefndar, hvort skilyrði væru uppfyllt til að taka umrædd svæði aftur til meðferðar. Í bréfinu kom einnig fram að sérstök óbyggðanefnd teldi nauðsynlegt að fá afstöðu íslenska ríkisins, sem eiganda lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki væru háð einkaeignarrétti, sbr. 1. mgr. 2. gr. þjóðlendlaga, til þeirra sjónarmiða sem komu fram í erindum gagnaðila áður en tekin yrði ákvörðun um hvort og þá að hvaða leyti heimild 1. másl. 7. mgr. 10. gr. sömu laga „verður beitt“. Væri það í samræmi við skyldur nefndarinnar sem stjórnarsýslunefndar að upplýsa málið með fullnægjandi hætti. Var þannig óskað eftir því að ráðherra tæki afstöðu til þeirra atriða sem vísað var til.

Í bréfi ráðherra til sérstakrar óbyggðanefndar dags. 20. apríl 2022 var áréttað að ekki lægi enn skýrt fyrir, að mati ráðherra, hvort málsmeðferð er hófst með bréfi óbyggðanefndar dags. 1. júlí 2020, hafi verið afturkölluð en ráðherra hafi lýst kröfum þann 18. janúar 2021, sem hann taldi endanlegar af sinni hálfu. Þá var jafnframt bent á að það væri forsætisráðherra sem færi með réttindi íslenska ríkisins í þjóðlendum á grundvelli 1. mgr. 2. gr. þjóðlendlaga, sbr. d. liður 7. ml. 1. mgr. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022. Fjármála- og efnahagsráðherra færi hins vegar með kröfulýsingu í þjóðlendum, sbr. 1. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. a. liður 10. ml. 1. mgr. 4. gr. tilvísaðs forsetaúrskurðar. Var fyrri afstaða ráðherra, sbr. bréf dags. 26. mars, áréttuð en fyrirspurnum sérstakrar óbyggðanefndar var þó svarað, í ljósi ítrekunar þar um. Var þannig vísað til þess að svæði 1-3 og 16, er fyrirspurnir sérstakrar óbyggðanefndar lutu að, hefðu verið tilgreind með lögum nr. 34/2020 sem svæði sem óbyggðanefnd hefði gert athugasemd við og vafi léki á hvort væru háð beinum eignarrétti. Taldi ráðherra að það hlyti að hafa þýðingu við mat á því hvort skilyrði endurupptökuheimildar laganna teldist uppfyllt. Það væri hins vegar óbyggðanefndar að meta það. Hvað varðaði svæði 4, hafi það einnig verið eitt af þeim svæðum sem talin voru upp í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 34/2020, og löggjafinn þannig metið það svo að enn léki vafi á hvort svæðið væri háð beinum eignarrétti. Þá var gerður fyrirvari við það að það væri óbyggðanefndar að meta hvort aðili, hvort sem er íslenska ríkið eða annar, teldist hafa ráðstafað sakarefni með bindandi hætti í dómsmáli í skilningi reglna einkamálaréttarfars. Mat á slíku heyrði enda almennt undir dómstóla.

Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd, með vísan til ákvæða 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 og einnig 7. mgr. 10. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, „að taka til meðferðar“ sautján nánar tilgreind landsvæði. Var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til mánudagsins 14. nóvember 2022 til að lýsa kröfum fyrir hönd íslenska ríkisins, væri um slíkar kröfur að ræða.

Það skal tekið fram að eftirfarandi kröfulýsing er óbreytt frá kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

**Málsaðili:** Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 101 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem eru ekki háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land tejlíst til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

**Fyrirvar:** Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, [edda@juris.is](mailto:edda@juris.is), Andri Andrason, [andriandra@juris.is](mailto:andriandra@juris.is), og Jóhannes Tómasson, [johannes@juris.is](mailto:johannes@juris.is), Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

## 2. LANDSVÆÐI

### 2.1. Minnisblað óbyggðanefndar

Framangreindu bréfi óbyggðanefndar fylgdi minnisblað nefndarinnar um athugasemdir við kröfur íslenska ríkisins í úrskurðum óbyggðanefndar. Þar voru sautján landsvæði talin upp, sbr. eftirfarandi, sem og athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar hvað varðar hvert og eitt þeirra, sem raktar verða í kafla 3.

- 2.1.1 Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs, mál nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal)
- 2.1.2 Svæði við vesturmörk Valþjófsstaðar, mál nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal)
- 2.1.3 Nyrsti hluti Grímólfsártungu, mál nr. 4/2005 (Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur)
- 2.1.4 Kverkártunga, mál nr. 4/2005 (Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur)
- 2.1.5 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, mál nr. 2/2008 (Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár)
- 2.1.6 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals, mál nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár)
- 2.1.7 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings, mál nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár)
- 2.1.8 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels, mál nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár)

- 2.1.9 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar, mál nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli)
- 2.1.10 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna, mál nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli)
- 2.1.11 Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, mál nr. 1/2013 (Skagi)
- 2.1.12 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, mál nr. 1/2013 (Skagi)
- 2.1.13 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar, mál nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur)
- 2.1.14 Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar, mál nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur)
- 2.1.15 Svæði við austurmörk Hítardals, mál nr. 1/2014 (Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár)
- 2.1.16 Svæði við norðausturmörk Svarfhóls, mál nr. 1/2014 (Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár)
- 2.1.17 Svæði austan og sunnan Drangajökuls, mál nr. 1/2019 (suðausturhluti Drangajökuls)

## **2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu**

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög:

- 2.2.1 Múlaþing (svæði 1 og 2) varð til við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 2020. Byggðakjarnar eru Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Brúarás, Eiðar, Fellabær, Hallormsstaður, Djúpihogur og Borgarfjörður eystri. Í sveitarfélaginu bjuggu 4922 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.2 Svalbarðshreppur (svæði 3) er meðal fámennustu sveitarfélaga á Íslandi. Í sveitarfélaginu bjuggu 93 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.3 Langanesbyggð (svæði 4) varð til við sameiningu Þórhafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006. Byggðakjarnar eru Þórshöfn og Bakkafjörður. Í sveitarfélaginu bjuggu 482 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.4 Eyjafjarðarsveit (svæði 5) varð til við sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps árið 1991. Byggðakjarnar eru Hrafnagil og Brúnahlíð. Í sveitarfélaginu bjuggu 1077 manns 1. janúar 2020.

- 2.2.5 Hörgársveit (svæði 6, 7 og 8) varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar árið 2010. Hörgárbyggð varð til árið 2001 þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust. Byggðakjarnar eru Hörgárbyggð og Arnarneshreppur. Í sveitarfélaginu bjuggu 620 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.6 Húnavatnshreppur (svæði 9, 13 og 14) er sveitarfélag á norðurlandi vestra. Í sveitarfélaginu bjuggu 371 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.7 Sveitarfélagið Skagafjörður (svæði 10 og 12) varð til við sameiningu Skelfilsstaðahrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Skarðshrepps, Staðahrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Hofshrepps og Fljótahrepps árið 1998. Byggðakjarnar eru Sauðárkrókur, Hofsó, Varmahlíð og Hólar í Hjaltadal. Í sveitarfélaginu bjuggu 4034 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.8 Skagabyggð (svæði 11 og 12) varð til árið 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps. Meginhluti lands í Skagabyggð er landbúnaðarsvæði. Í sveitarfélaginu bjuggu 90 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.9 Borgarbyggð (svæði 15 og 16) varð til þegar Borgarnesbær, Hraunhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur sameinuðust. Árið 1998 bættust Álftaneshreppur, Borgarhreppur og Þverárhliðarhreppur við og loks bættust við Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhrpepug og Kolbeinsstaðahreppur árið 2006. Byggðakjarnar eru Borgarnes, Bifröst, Hvanneyri, Reykholt, Varmaland og Kleppjárnsreykir. Í sveitarfélaginu bjuggu 3852 manns 1. janúar 2020.
- 2.2.10 Árneshreppur (svæði 17) er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu og fámennasta sveitarfélag Íslands. Í sveitarfélaginu bjuggu 43 manns 1. janúar 2020.

### 3. KRÖFUSVÆÐIN; ELDRI KRÖFUGERÐ ÍSLENSKA RÍKISINS, NIÐURSTAÐA ÓBYGGÐANEFNDAR OG ATHUGASEMDIR NEFNDARINNAR VIÐ KRÖFUGERÐ Á EINSTÖKUM LANDSVÆÐUM

#### 3.1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs

Landsvæðið við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar tilheyrir svæðinu Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2005, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Fyrsti punktur í kröfulínu er við Gilsá (1), þar sem bein austurlína frá Sturlá, þar sem hún rennur í brúnum fyrir ofan Sturluflöt sker ána. Næsti punktur er við Strútsá austur á Hraunum (2). Þaðan er dregin lína niður Strútsá allt í Fellsá (3) og svo niður Fellsá allt að ármótum við Kelduá (4), síðan upp eftir Kelduá allt að ármótum við Innri Sauða (5) á móti Grasnesi, þaðan beint yfir Tungná og í Þverfell (6), síðan í Stórahnjúk (7) og þaðan í Ytri Sníkilsá við 400 m hæðarlínu (8), síðan í ármótin við*

Jökulsá (9) og svo yfir Jökulsá og í Axará (10) og upp eftir henni og svo allt að Svartöldu (11), þaðan í ósinn úr Hólmaavatni (12), þaðan beint í innri merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi (13), sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa (14) og þaðan í Eyvindará (15) og síðan haldið niður Eyvindará allt að Jökulsá (16), svo upp Jökulsá og allt að ármótum Hölknár (17), þaðan upp eftir farvegi Hölknár, allt þar til línán, Búrfell, Tungusporður og Kálffell sker ána (18). Þar sem þessi lína sker Jökulsá er punktur (19), síðan er fylgt miðjum farvegi Jökulsár allt þangað sem kröfulínan gagnvart Brú byrjar og endar kröfulínan þar í punkti (20). (áherslubr. íslenska ríkisins).

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. þeir hlutar Rana og Undir Fellum sem væru innan þess landsvæðis sem afmarkað var í landamerkjabréfi Skriðuklausturs, dags 27. ágúst 1922 og þingl. 23. júlí 1923, væri þjóðlenda í afréttareign Skriðuklausturs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>1</sup>

*Frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi er dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmaavatni, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá merkigardi þeim, sem liggur frá Jökulsá í Fljótsdal fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og áfram í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Frá þeim skurðpunkti er þeirri línu fylgt að framangreindum stórum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan í Jökulsá á Jökuldal, þar sem Hölkná rennur í hana. Jökulsá á Jökuldal ræður síðan allt að ármótum við Eyvindará, og eftir það Eyvindará þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og í Eyvindará. Er þá miðað við þá línu sem aðilar eru ásáttir um. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðpunkti hennar við Eyvindará og að upphafspunkti lýsingar þessarar, þ.e. merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu. Með hliðsjón af merkjalýsingum Skriðuklausturs, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, getur ekki komið til álita hvort þau liggi austar. Verður því kröfulína íslenska ríkisins lögð til grundvallar um mörk eignarlands og þjóðlendu, enda er fjármálaráðherra er í máli þessu fyrirsvarsmáður bæði jarðarinnar Skriðuklausturs og þjóðlendu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998. (áherslubr. íslenska ríkisins).*

<sup>1</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bls. 85-86.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hvort svæði austan við kröfulínu íslenska ríkisins, þar sem hún var dregin vestan við Skriðuklaustur frá punkti 12 til punkts 13, væri eignarland eða þjóðlenda.

### 3.2. Svæði við vesturmörk Valþjófsstaðar

Landsvæðið við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar tilheyrir svæðinu Fljótsdal og Jökuldal austan Jökulsár á Jökuldal, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2005, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Fyrsti punktur í kröfulínu er við Gilsá (1), þar sem bein austurlína frá Sturlá, þar sem hún rennur í brúnum fyrir ofan Sturluflöt sker ána. Næsti punktur er við Strútsá austur á Hraunum (2). Þaðan er dregin lína niður Strútsá allt í Fellsá (3) og svo niður Fellsá allt að ármótum við Kelduá (4), síðan upp eftir Kelduá allt að ármótum við Innri Saudá (5) á móti Grasnesi, þaðan beint yfir Tungná og í Þverfell (6), síðan í Stórahnjúk (7) og þaðan í Ytri Sníkilsá við 400 m hæðarlínu (8), síðan í ármótin við Jökulsá (9) og svo yfir Jökulsá og í Axará (10) og upp eftir henni og svo allt að Svartöldu (11), þaðan í ósinn úr Hólmaavatni (12), þaðan beint í innri merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi (13), sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa (14) og þaðan í Eyvindará (15) og síðan haldið niður Eyvindará allt að Jökulsá (16), svo upp Jökulsá og allt að ármótum Hölknár (17), þaðan upp eftir farvegi Hölknár, allt þar til línun, Búrfell, Tungusporður og Kálffell sker ána (18). Þar sem þessi lína sker Jökulsá er punktur (19), síðan er fylgt miðjum farvegi Jökulsár allt þangað sem kröfulínan gagnvart Brú byrjar og endar kröfulínan þar í punkti (20) (áherslubr. íslenska ríkisins).*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Vesturöræfi ásamt þeim hlutum Rana og Undir Fellum sem eru innan merkja „Valþjófsstaðarkirkjueignar“, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign eiganda Valþjófsstaðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>2</sup>

*Að vestan ræður hinn forni farvegur Jökulsár á Jökuldal þar til kemur að suðurmörkum Aðalbóls, þ.e. línu sem dregin er yfir Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell í Hölkná. Ræður sú á merkjum þar til hún kemur niður í Jökulsá á Jökuldal. Frá þeim stað er dregin lína í suðaustur að stórum steini sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Þaðan er dregin lína til austurs, í stefnu á merkigarð við Jökulsá, og fer hún saman við kröfulínu gagnaðila ríkisins í máli þessu. Þar sem lína þessi sker línu sem dregin úr ósi 104 Hólmavatns í innri merkjavörðu í Miðheiðarhálsi er hornmark. Frá því hornmarki er dregin lína í ós Hólmavatns og að Svartöldu austan Langavatns. Þaðan er farið í Axará og henni fylgt austur í Jökulsá í Fljótsdal sem ræður merkjum þar til komið er að upptökum hennar í Vatnajökli. Þaðan ræður jökuljadarinn þar til komið er að upptökum Jökulsár*

<sup>2</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bls. 85-86.

á Jökuldal. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Af heimildum er ljóst að afréttarsvæðin Undir Fellum, Rani og Vesturöræfi taka við þar sem „heimalandi“ sleppir. [...]*

*Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða óbyggðanefndar að land innan lýsingar í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, heimalandið eignarland en umrædd þrjú afréttarsvæði þjóðlenda, í afréttareign Valþjófsstaðar. [...]*

*Eins og áður var rakið er mörkum „heimalands“ Valþjófsstaðarkirkjueignar gagnvart afréttarlandi jarðarinnar ekki nákvæmlega lýst í heimildum. Með hliðsjón af merkjalýsingum Valþjófsstaðar, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, getur ekki komið til álita hvort þau liggi austar. Verður því kröfulína íslenska ríkisins lögð til grundvallar um mörk eignarlands og þjóðlendu.*

### 3.3. Nyrsti hluti Grímólfsártungu

Landsvæðið á nyrsta hluta Grímólfsártungu tilheyrir svæðinu Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðarhreppi, sem tekið var fyrir í máli nr. 4/2005, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Fyrsti punktur í kröfulýsingu á Þistilfjarðarsvæðinu er þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu Kverká við Kverkártungu (1). Frá honum er dregin lína í punkt (2), þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá. Frá punkti 2 er farið í punkt (3), þar sem Grasmannalækur rennur úr Bræðravötnum. Þaðan er læknum fylgt að Hölnná (4) og eftir henni liggur línan að innri landamörkum Hafursstaða (5) og þeim fylgt í Balafellsbrún (6) og þaðan í Tröllkonuhlaup í Sandá (7). Þaðan er Sandá fylgt í norðurátt þar til kemur að innri landamörkum Fjallalækjarsels/Flögu við Skjónulæk (8), síðan upp lækinn að þúfu á móts við Tvísteina og í þá (9). Þaðan liggur línan að landmörkum Kúðár og meðfram þeim í suðurátt í punkt (9A), sem er hornpunktur milli Svalbarðskirkjuland, Kúðár og Bægisstaða. Þaðan liggur línan meðfram landamörkum Svalbarðskirkjulands og Kúðár í punkt (10), sem er hornpunktur milli Svalbarðskirkjulands, Garðsheiðar og Kúðár. Síðan er fylgt innri mörkum jarðarinnar Kúðár í norður, þar til línan sker Flautafellsmerkin (11). Þaðan er Flautafellsmerkjum fylgt allt þar til þau koma að Heiðarmúlamerkjum (12) og svo þaðan að merkjum við jörðina Garð (13). Frá punkti 13 er fylgt landamörkum Heiðarmúla allt þar til þau lenda í Ormarsá og verður það punktur (14) (áherslublur. íslenska ríkisins).*



Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Grímólfsártunga, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign eiganda Syðralóns, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>3</sup>

*Frá þeim stað þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá er dregin lína til austurs í stefnu á þann stað þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu-Kverká við Kverkártungu (punktur 1 í þjóðlendukröfu íslenska ríkisins). Þessari línu er fylgt að þeim stað þar sem hún sker Grímólfsá og síðan Grímólfsá til suðurs þar til komið er vestur af Arnarfellshyrnu. Þaðan er miðað við þá kvísl árinna sem gagnaðilar íslenska ríkisins miða við í kröfugerð sinni, að þeim stað þar sem kröfulínur gagnaðila greinast í sundur. Frá þeim punkti er Grímólfsá fylgt þangað sem hún á upptök sín vestan við Stóraás og síðan áfram í Hafralón. Úr Hafralóni er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hávarðsdalsá rennur í hana*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Syðralóns, ekki verið sýnt fram á að Grímólfsártunga sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Grímólfsártunga sé í afréttareign Syðralóns. Til þess verður þó að líta að þjóðlendukrafa ríkisins nær ekki til nyrsta hluta Grímólfsártungunnar. Líkt og nánar er rakið í kafla 6.1. er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verður því að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Af þessum sökum verður nyrsti hluti Grímólfsártungu talinn utan þjóðlendu.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi að líkur væru á því að nyrsti hluti Grímólfsártungu væri þjóðlenda, enda var sá hluti Grímólfsártungu sem var innan kröfulýsingar íslenska ríkisins úrskurðaður þjóðlenda og voru enn fremur gerðar sérstakar athugasemdir við að nyrsti hlutinn væri utan kröfulýsingarinnar.

### 3.4. Kverkártunga

Landsvæðið Kverkártunga tilheyrir svæðinu Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðarhreppi, sem tekið var fyrir í máli nr. 4/2005, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Fyrsti punktur (1) í kröfulínu hér er sami og fyrsti kröfupunktur í Vopnafirði eða þar sem Hámundarstaðamerki koma í Hágangnaurð á sveitarfélagamörkum, þaðan er*

<sup>3</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, bls. 157.

*dregin lína austur eftir sveitarfélagamörkum allt í Skálafjall (2), þaðan yfir Staðarvatn og Staðarheiði í Urðartjörn (3), þaðan í þann stað í Miðfjarðará, þar sem Litlilækur rennur í ána við Kverkártungu (4). (Punktur 1 til 4 eiga að afmarka almenning á Langadalsströnd frá eignarlöndum). Frá þessum punkti er haldið upp Miðfjarðará þar til komið er 15 km veg frá nyrsta odda Kverkártungu og verður það punktur (5). Frá þessum punkti er haldið yfir Kverkártungu og á þann stað í Kverká (6), þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungunnar. Frá þessum punkti er haldið niður eftir Litlu Kverká og allt þar til sveitarfélagamörk koma að ánni (7). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Kverkártunga, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign eiganda Kverkártungu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>4</sup>

*Frá þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu, sbr. punkt 6 í kröfugerð íslenska ríkisins, er dregin lína suðaustur yfir Kverkártungu og í Miðfjarðará, nánar tiltekið þangað sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu, sbr. punkt 5 í kröfugerð íslenska ríkisins. Síðan er farið með Miðfjarðará inn að Kistufellslæk er í hana rennur hinum megin og þaðan beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þaðan er farið í Litlu-Kverkárdrög og eftir það afmarkar Litlu-Kverká landið þar til komið er að punkti þeim í Litlu-Kverká sem fyrstur var nefndur í lýsingu þessari.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kverkártungu er rakin í kafla 5.15. Er hér um að ræða eitt svokallaðra heiðarbýla, sbr. kafla 6.1.2., fyrst byggt einhvern tíma á árunum 1817–1835, þ.e. á þeim tíma sem Páll Melsteð var sýslumaður í N-Múlasýslu. Einnig er þar rakið að útvísunargerð á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 fór fram 17. júní 1850, í almenningi, eins og það er beinlínis orðað í útvísunargerðinni. Í málinu liggur ekki fyrir byggingarbréf útgefið af amtmanni fyrir nýbýlinu Kverkártungu. Þá verður ekki ráðið af öðrum gögnum málsins að slíkt bréf hafi verið gefið út. Í þeim efnum er ekki við annað að styðjast en bréf sýslumanns til amtmanns frá 7. janúar 1851 þess efnis að sýslumaður sendi amtmanni afrit af útvísunargjörð nýbýlisins svo amtmaður geti gefið hlutaðeigandi ábúanda byggingarbréf fyrir nýbýlinu. [...]*

*Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að hið útmælda land Kverkártungu sé eignarland en sunnan þess þjóðlenda. Kemur því ekki til skoðunar hjá óbyggðanefnd hvort stofnast hafi til eignarréttar að því landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar eða fyrir hefð, sbr. dóma Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Til athugunar er því einungis til hvaða*

<sup>4</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, bls. 170.

*landsvæðis útmælingin tekur, hvort fyrirbyggjandi landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignarréttarleg staða þess svæðis sem þar kann að muna.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hvort svæði norðan við kröfulínu íslenska ríkisins, þar sem hún var dregin frá nyrsta oddi Kverkártungu í Kverká frá punkti 5 til punkts 6, væri eignarland eða þjóðlenda.

### 3.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár tilheyrir svæðinu Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár, sem tekið var fyrir í máli nr. 2/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er Hafrárgljúfur (við Eyjafjarðará) (1). Þaðan er Hafrá fylgt að upptökum norðan við fjallið Sankti Pétur (2). Þaðan er haldið til vesturs í botn Torfufellsdals (1040 m hæðarpunktur) (3). Þaðan er haldið til vesturs að upptökum Galtár við Galtárvatn (4). Þaðan er Galtá fylgt þangað sem hún rennur í Torfufellsá (5). Þaðan er Torfufellsá fylgt til norðurs þar til Svartá rennur í Torfufellsá (6). Þaðan er Svartá fylgt að upptökum (7). Þaðan er haldið eftir fjallinu í merkjapunkt milli jarðanna Syðri- og Ytri-Villingadals, Leynings og Strjúgsár (8). Þaðan er haldið til norðurs í upptök Strjúgsár (9), en þaðan með Strjúgsá að ármótum Djúpadalsár í Djúpadal (10), og síðan er Djúpadalsá fylgt þangað sem Hrauná rennur í hana sunnan við Kambfell (11). Þaðan er haldið með Hrauná til upptaka í botni Hraunárdals (12), þaðan er haldið til norðurs með hreppamörkum allt að punkti við merki Gloppu (13), sem er lokapunktur. (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. afréttur Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>5</sup>

*Kröfulínu íslenska ríkisins er fylgt frá punkti 2, í upptökum Hafrár, og norðvestur að skurðpunkti við vatnaskil. Frá skurðpunktinum er miðað við vatnaskil til suðvesturs, þar til þau mæta sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Sveitarfélagamörkum er síðan fylgt til suðausturs, að punkti 1 í kröfulínu gagnaðila, við suðurenda Urðarvatns nyrðra. Loks er síðarnefndu línunni fylgt áfram til norðausturs, þar til kemur að fyrstnefndum punkti 2 í þjóðlendu kröfulínu ríkisins.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Samkvæmt framangreindu ber landamerkjabréf Torfufells ótvírætt með sér viðmiðun við vatnaskil að vestanverðu en ekki kemur fram hversu langt suður sú viðmiðun*

<sup>5</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, bls. 101-102.

skuli ná. Orðalagið „til fjalls“ og „fjallsbrún“, þegar austar og sunnar dregur, þarfnast nánari athugunar. Torfufellsdalur og Hafrárdalur skerast suðvestur frá Eyjafjarðardal, sem liggur frá norðri til suðurs, og inn í hásléttu þá sem liggur milli Eyjafjarðardals að austan og Austurdals í Skagafirði að vestan. Meðfram ánum er undirlendi í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli en síðan rís land skarpt í um 1000 m hæð ofan brúna. Í málinu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands um vatnasvið Torfufellsár og Hafrár. Af þessum gögnum verður ráðið að vatnaskil vestan Torfufellsdals liggja Skagafjarðarmegin við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, þar til þau sveigja til austurs og svo suðausturs, í átt að Torfufelli og Eyjafjarðardal. [...]

Með hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðháttum og staðsetningu umræddra vatnaskila telur óbyggðanefnd að merki jarðanna nái ekki til fjalllendisins vestan Urðarvatna en austan vatnaskila Torfufellsár. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins nær ekki til alls svæðisins suðvestan vatnaskila. Þar sem óbyggðanefnd er bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, kemur eignarréttarleg staða þess hluta umrædds landsvæðis ekki til frekari skoðunar hér.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi fyrirbyggjandi heimildir gefa til kynna að merki jarðanna næðu ekki lengra til fjalla en að vatnaskilum.

### 3.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals tilheyrir svæðinu Hörgárbyggð austan Öxnadalsár, sem tekið var fyrir í máli nr. 3/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).*

Áður hafði ríkið lýst kröfum sínum svo í kröfugerð, dags. 14. mars 2008:

*[...] er haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), og úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Vaskárdalur, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>6</sup>

*Upphafspunktur er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendu kröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendu kröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjarfjarðarsveitar og eftir sveitarfélagamörkum í Melrakkaöxl og áfram eftir fjallsrananum og sveitarfélagamörkum að merkjum Gloppu (punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skv. greinargerð, dags. 27. ág. 2008). Þaðan er kröfulínu ríkisins fylgt þar til hún sker 800 m hæðarlínu gengt Melrakkaá. Hæðarlínunni sem jafnframt er upphafleg kröfulína ríkisins er síðan fylgt að upphafspunkti milli Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Í landamerkjabréfi Gloppu sem dagsett er 16. janúar 1883 og þinglesið 29. maí 1884 segir um suðurmörk Gloppu: „Að sunnan ræður Vaská.“ Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var 800 m hæðarlínu fylgt inn austanverðan Vaskárdal og sömu hæðarlínu fram dalinn vestanverðan í Rauðuskriðukinnar. Í kröfugerðinni, eins og hún liggur nú fyrir, er suðurmerkjum Gloppu hins vegar fylgt til vesturs í Vaská og Vaská síðan til norðurs í Öxnadalsá. Kröfulínan færir um leið norðar með þeim afleiðingum að sá hluti kröfusvæðis Vaskárdals sem liggur norðvestast og er láglandastur fellur nú innan þjóðlendu kröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem fylgt er 800 m hæðarlínu um Vaskárdal. Verður með engu móti fundin stoð fyrir þeirri línu í tilvitnuðum texta í landamerkjabréfi Gloppu og er því haldlaus sú skýring að kröfugerðin hafi frá upphafi fylgt ætluðum merkjum Gloppu.*

*Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendu kröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendu kröfum innan kröfusvæðis Vaskárdals.*

*Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málalíbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun*

<sup>6</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, bls. 47.

*gagnaðila ríkisins á Vaskárdal í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.*

*Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.*

*Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í 800 m hæð úr botni Gloppugils suður í botn Vaskárdals og þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og loks í beina stefnu í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk (800 m hæðarpunkt).*

Af framangreindu verður ráðið að hluti kröfugerðar íslenska ríkisins, eins og henni var breytt við meðferð máls, kom ekki til úrlausnar óbyggðanefndar þar sem hún rúmaðist ekki innan upphaflegrar kröfugerðar. Þó má ráða að óbyggðanefnd hafi talið ljóst að Vaská réði norðurmerkjum Vaskárdals.

### 3.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings tilheyrir svæðinu Hörgárbyggð austan Öxnadalsár, sem tekið var fyrir í máli nr. 3/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).*

Áður hafði ríkið lýst kröfum sínum svo í kröfugerð, dags. 14. mars 2008:

*[...] er haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), og úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Almennigur, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign jarða í Hörgárbyggð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>7</sup>

*Upphafspunktur að vestan er þar sem Seldalsá sker línu sem dregin er beina stefnu frá 800 metra hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnnum (punkti nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbaksdal (punkt nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Þaðan er Seldalsá og síðan Vestari kvísl Seldalsár fylgt allt til dalbotnsins og þaðan upp að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Upphafspunktur að austan er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu vegna Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinnnum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin milli þeirra punkta á sveitarfélagamörkum sem nefndir voru. Að norðan ræður bein lína milli upphafspunkts að vestan og upphafspunkts að austan.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnnum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaska fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfulínan færir því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglandasti hluti kröfusvæðis Almennings fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem línan er dregin beina stefnu milli 800 m hæðarpunkta í Rauðuskriðukinnnum og Kaldbakshnjúki.*

*Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Almennings.*

*Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málalíbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun*

<sup>7</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, bls. 53-54.

*gagnaðila ríkisins á Almennungi í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfuvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.*

*Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.*

*Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og þaðan beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk.*

Af framangreindu verður ráðið að hluti kröfugerðar íslenska ríkisins, eins og henni var breytt við meðferð máls, kom ekki til úrlausnar óbyggðanefndar þar sem hún rúmaðist ekki innan upphaflegrar kröfugerðar.

### **3.8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels**

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels tilheyrir svæðinu Hörgárbyggð austan Öxnadalsár, sem tekið var fyrir í máli nr. 3/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).*

Áður hafði ríkið lýst kröfum sínum svo í kröfugerð, dags. 14. mars 2008:

*[...] er haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), og úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40). (áherslubr. íslenska ríkisins)*



Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Seldalsfjall, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>8</sup>

*Að norðan ræður lína sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfúlinu íslenska ríkisins, skv. kröfúlýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfúlinu íslenska ríkisins, skv. kröfúlýsingu, dags. 14. mars 2008) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá (punktur nr. 39 á þjóðlendukröfúlinu íslenska ríkisins, skv. kröfúlýsingu, dags. 14. mars 2008). Að austan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt til upptaka og línan dregin þaðan til suðausturs að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin vestur að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og sýslumörkin og Kaldbaksá að vestan þar til komið er að fyrrnefndri línu sem dregin er frá 800 metra hæðarpunkti norðan til í Kaldbaksdal beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfúlinan færir því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglandasti hluti kröfusvæðis Bakkasels fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfúlinukorti. Sú kröfúlýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfúlýsingar þar sem línan var dregin beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt í Kaldbakshnjúki og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.*

*Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er [...] að séu í samræmi við þjóðlendukröfúlinu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis [Bakkasels].*

*Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málalíbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Bakkaseli í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins*

<sup>8</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, bls. 62.

var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnadila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnnum beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu vestur í Kaldbaksá.

Af framangreindu verður ráðið að hluti kröfugerðar íslenska ríkisins, eins og henni var breytt við meðferð máls, kom ekki til úrlausnar óbyggðanefndar þar sem hún rúmaðist ekki innan upphaflegrar kröfugerðar.

### 3.9. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar tilheyrir svæðinu Húnavatnshreppi austan Blöndu og Skagafirði vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli, sem tekið var fyrir í máli nr. 5/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni) (16) sem er lokapunktur. (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndarinnar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Eyvindarstaðaheiði og Hraunin, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>9</sup>

*Upphafspunktur er þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í Vestarijökulsá. Þaðan er læknum fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Goðdalakistu fram hábrúnir til fjalla milli Svartárdalanna og Goðdalalands. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt til norðurs þar til komið er á móts við Kvíslarupptök. Þaðan er línán dregin í upptök Runukvíslar. Þaðan er Runukvísl fylgt að ármótum hennar og Pollakvíslar við Hrauntungu. Frá ármótunum er Pollakvísl fylgt að upptökum. Þaðan er línán dregin til norðurs í botn Gullreitsgils og Gullreitsgili síðan fylgt til norðurs þar til það beygir til norðausturs. Þaðan er línán dregin til suðvesturs í hæsta punkt Sandhóla. Frá Sandhólum er haldið til norðurs í klettabelti sem er sunnan í Vatnafelli (eins og kröfulína íslenska ríkisins er dregin milli punkta nr. 7 og 8). Þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar og línán dregin þaðan beina stefnu að þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línán dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Vestarijökulsár. Loks er Vestari-Jökulsá fylgt að upphafspunkti þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Milli punkta nr. 14 og 15 er kröfulína íslenska ríkisins dregin frá Hanskafelli í 541 m hæð (14) „og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15)“. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er merkjunum lýst frá Syðri-Austurdal „rjettsýnis austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst“. Bréfið er ekki áritað vegna Steinár. Kröfulýsing ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti. Í landamerkjabréfi Steinár sem dagsett er 15. maí 1886 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar er merkjum Steinár lýst svo: „[...] sjónhending í há Hólsbungu og úr henni í Hanzkafell. Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merki til norðurs í vestari Leirtjörn [...]“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyvindarstaðaheiðar. Ósamræmi er að þessu leyti milli landamerkjabréfs Steinár annars vegar og bréfs Eyvindarstaðaheiðar og kröfulínu ríkisins hins vegar. Í stað þess að línán sé dregin til suðvesturs úr Hanskafelli í Syðri-Austurdal eins og gert er samkvæmt bréfi Eyvindarstaðaheiðar liggur línán í bréfi Steinár frá Hanskafelli til norðvesturs í Tvíhóla og þaðan til norðurs í vestari Leirtjörn. Af þessum sökum er landsvæði norðvestan við kröfulínu ríkisins þar sem hún er dregin milli punkta nr. 14 og 15 sem ekki fellur innan landamerkja Eyvindarstaðaheiðar, Rugludals né Steinár. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið kunnist tilheyra öðrum jörðum. Orðalag landamerkjabréfs Steinár þar*

<sup>9</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 56.

sem segir: „Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending [...]“ mælir enn fremur eindregið gegn því að svo sé.

Þar sem áður nefnt svæði norðvestan línu sem dregin er milli Hanskafells og Syðri-Austurdals fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess tekur einungis mið af landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar að þessu leyti en ekki hefur farið fram sjálfstæð könnun á landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða til samanburðar. Við fyrirtökur í máli þessu var ítrekað brýnt fyrir málsaðilum að samræma kröfulínur ríkisins og gagnaðila þess í þeim tilvikum þar sem þær miðuðust við ætluð merki jarða. Þrátt fyrir það hefur íslenska ríkið engan reka gert að því að færa kröfulínur sínar til samræmis við merki Steinár að því leyti sem hér um ræðir. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða og ekki verði séð að nokkur geri tilkall til þess sem eignarlands síns.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum að svæðið norðan Eyvindarstaðaheiðar væri eignarland eða þjóðlenda.

### 3.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna tilheyrir svæðinu Húnavatnshreppi austan Blöndu og Skagafirði vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli, sem tekið var fyrir í máli nr. 5/2008, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekku-lækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er síðan haldið til vesturs í*

*Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni ) (16) sem er lokapunktur. (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Eyvindarstaðaheiði og Hraunin, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>10</sup>

*Upphafspunktur er þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í Vestarijökulsá. Þaðan er læknum fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Goðdalakistu fram hábrúnir til fjalla milli Svartárdalanna og Goðdalalands. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt til norðurs þar til komið er á móts við Kvíslarupptök. Þaðan er línan dregin í upptök Runukvíslar. Þaðan er Runukvísl fylgt að ármótum hennar og Pollakvíslar við Hrauntungu. Frá ármótunum er Pollakvísl fylgt að upptökum. Þaðan er línan dregin til norðurs í botn Gullreitsgils og Gullreitsgili síðan fylgt til norðurs þar til það beygir til norðausturs. Þaðan er línan dregin til suðvesturs í hæsta punkt Sandhóla. Frá Sandhólum er haldið til norðurs í klettabelti sem er sunnan í Vatnafelli (eins og kröfulína íslenska ríkisins er dregin milli punkta nr. 7 og 8). Þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar og línan dregin þaðan beina stefnu að þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línan dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Vestarijökulsár. Loks er Vestari-Jökulsá fylgt að upphafspunkti þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Milli punkta nr. 9 og 10 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „[...]upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Í landamerkjabréfi Mælifells, sem dagsett er 4. apríl 1890 og var þinglýst 23. maí sama ár, er merkjum lýst svo: „[...] Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar en hann ræður merkjum ofan í Svartá á Stafnsgili, en síðan ræður Svartá út að Einarsdalslæk.“ Vestan lands Mælifells á Haukagilsheiði er svæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stafns sem dagsett er 16. maí 1883 og þinglýst var 19. maí 1885. Þar segir m.a. um merki Stafns: „[...] ræður Einarsdalslækur ofan í Svartá. Vestan Svartár á Háutungum austanverðum ræður að sunnan Aðalsmannsvatnalækur, sem fellur austur í Svartá og úr Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá.“ Austurmerkjum er ekki lýst berum orðum í bréfinu. Beinast liggur þó við að skilja bréfið svo að Svartá ráði að austan þar sem bæði norður- og suðurmerkjum er lýst um læki sem falla í ána. Sú skýring fær einnig stuðning af landamerkjabréfi Mælifells þar sem því er lýst að Svartá ráði vesturmerkjum. Eftir stendur landsvæði sem ekki er innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mælifells og Stafns og íslenska ríkið hefur ekki gert þjóðlendukröfu til. Svæðið*

<sup>10</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 56.

afmarkast af Brunnabrekkulæk að norðaustan, Svartá að vestan og kröfulínu ríkisins að sunnan. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið tilheyri, Gilhaga, Mælifelli eða öðrum jörðum annað en sú yfirlýsing gagnaðila íslenska ríkisins við aðalmeðferð máls þessa að land jarða á svæðinu nái allt suður að kröfulínu ríkisins að þessu leyti.

Þar sem áður nefnt svæði fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins. Telja verður þá tilhögun kröfugerðar ríkisins aðfinnsluverða. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi til þess að svæðið sé utan eignarlanda.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirliggjandi heimildum hvort svæði norðan Hraunanna, milli Mælifells og Stafns skv. landamerkjabréfum þeirra, væri eignarland eða þjóðlenda.

### 3.11. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Landsvæðið við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar tilheyrir svæðinu Skaga, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2013, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er Sjónarhóll í Ambáttardal (2). Þaðan er fylgt Ambáttaránni og þaðan er farin sjónhending í Laxá (4), og henni fylgt í suður (5) þar til hún verður Tröllá sem er áfram fylgt alveg að Tröllafossi (6). Þaðan er farin sjónhending suður í Þverárgil (7), og Þverá fylgt þar til hún fellur í Viðidalsá (8). Ræður svo Viðidalsá þar til hún rennur í Rangalaá (9), og Rangalaá í suður þar til Miðdalsá rennur í hana (10). Miðdalsá er svo fylgt til upptaka hennar (11). Þaðan er farin sjónhending suður yfir vatnsveikið í læk er rennur úr Vestari-Hólsvatni (12), og er honum fylgt suður í miðja Urriðatjörn (Aurriðatjörn) (13). Ræður svo Vatnadalsá úr tjörninni suður að svæðamörkum (nyrðri mörkum Bólstaðarhlíðarhrepps) (14), þar sem Vatnadalsá mætir læk öðrum er rennur í Þröngadal (15). Ræður nefndur lækur í norður þar til er farin sjónhending í norður yfir Viðidalsflóa í upptök Viðidalsár (16). Er Viðidalsá svo fylgt í norður þar til Grjótá fellur í hana (17), og er Grjótá fylgt í ytri Grjótárbotn (18). Þaðan er farin sjónhending upp á eggjar Laxárdalsfjalls (19), og er þeim fylgt í norðvestur að Digurbungu (20). Þaðan er farin sjónhending yfir Vesturárskarð í vörður á svokölluðum Kambi (21). Þaðan er farið áfram í norður í Stimpulækjardrög (22) og er þaðan farið vestur fjallið, þar til komið er í Kirkjuskarðsbotninn (23). Þaðan er farið beint norður í Mjódalsbotn (24). Mjódalsá er svo fylgt í norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (Hvammshlíðardalsá) (25). Þaðan er svo farið austur í*

Ambáttará í upphafspunktinn Sjónarhól í Ambáttardal (2). (áherslubr. íslenska ríkisins)

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Skrapatunguafrétt, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>11</sup>

*Upphafspunktur er í Fífugili og úr því er farið í Mjóadalsá við Gálgagil og upp eftir ánni í Mjóadalsbotn. Þaðan er dregin bein lína í Kirkjuskarðsbotn og úr honum austur í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá til norðurs að Rauðagili. Farið er vestur eftir Rauðagili í Rauðagilsbotna og þaðan til norðurs í upphafspunkt í Fífugili um Fannstóð.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Aðilar að máli þessu miða kröfugerðir sínar við vesturmörk afréttarinnar við Mjóadalsá, en kröfulínur eru dregnar frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) til suðurs eftir ánni í Mjóadalsbotn og þaðan í Kirkjuskarðsbotn. Svo sem hér að framan er rakið lýsa landamerkjabréf Mánaskálar og Núps merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt þaðan sem lækur fellur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi og suður eftir Mjóadalsá þar til kemur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn. Hins vegar fellur landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum og þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar, auk sérstakrar leitar heima í héraði, hafa ekki fundist neinar eldri heimildir sem lýsa merkjum svæðisins. Hins vegar liggur fyrir að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt mun þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni. Að þessu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.*

*Þar sem framangreint landsvæði, sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um mörk Skrapatunguafréttar gagnvart þessu landsvæði tekur að þessu leyti eingöngu mið af heimildum sem lýsa afmörkun Skrapatunguafréttar. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg*

<sup>11</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 168.

*staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hvort svæðið frá Gálgagili til suðurs að læk sem fellur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi væri eignarland eða þjóðlenda.

### 3.12. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar tilheyrir svæðinu Skaga, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2013, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er Sjónarhóll í Ambáttardal (2). Þaðan er fylgt Ambáttaránni og þaðan er farin sjónhending í Laxá (4), og henni fylgt í suður (5) þar til hún verður Tröllá sem er áfram fylgt alveg að Tröllafossi (6). Þaðan er farin sjónhending suður í Þverárgil (7), og Þverá fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá (8). Ræður svo Víðidalsá þar til hún rennur í Rangalaá (9), og Rangalaá í suður þar til Miðdalsá rennur í hana (10). Miðdalsá er svo fylgt til upptaka hennar (11). Þaðan er farin sjónhending suður yfir vatnsvíkið í læk er rennur úr Vestari-Hólsvatni (12), og er honum fylgt suður í miðja Urriðatjörn (Aurriðatjörn) (13). Ræður svo Vatnadalsá úr tjörninni suður að svæðamörkum (nyrðri mörkum Bólstaðarhlíðarhrepps) (14), þar sem Vatnadalsá mætir læk öðrum er rennur í Þröngadal (15). Ræður nefndur lækur í norður þar til er farin sjónhending í norður yfir Víðidalsflóa í upptök Víðidalsár (16). Er Víðidalsá svo fylgt í norður þar til Grjótá fellur í hana (17), og er Grjótá fylgt í ytri Grjótárbotn (18). Þaðan er farin sjónhending upp á eggjar Laxárdalsfjalls (19), og er þeim fylgt í norðvestur að Digurbungu (20). Þaðan er farin sjónhending yfir Vesturárskarð í vörðu á svokölluðum Kambi (21). Þaðan er farið áfram í norður í Stimpulækjardrög (22) og er þaðan farið vestur fjallið, þar til komið er í Kirkjuskarðsbotninn (23). Þaðan er farið beint norður í Mjóadalsbotn (24). Mjóadalsá er svo fylgt í norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (Hvammshlíðardalsá) (25). Þaðan er svo farið austur í Ambáttará í upphafspunktinn Sjónarhól í Ambáttardal (2). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Skrapatunguafrétt, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>12</sup>

*Upphafspunktur er í Fífugili og úr því er farið í Mjóadalsá við Gálgagil og upp eftir ánni í Mjóadalsbotn. Þaðan er dregin bein lína í Kirkjuskarðsbotn og úr honum austur í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á mótis við landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá til norðurs*

<sup>12</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 168.



*að Rauðagili. Farið er vestur eftir Rauðagili í Rauðagilsbotna og þaðan til norðurs í upphafspunkt í Fífugili um Fannstöð.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar þjóðlendukröfur til landsvæðis Hvammshlíðar sem liggur eins og fyrr greinir norðan við Skrapatunguafrétt. Sérstakt landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir Hvammshlíð og elsta heimild sem fundist hefur, sem lýsir merkjum hennar með sjálfstæðum hætti, er kaupsamningur og afsal dags. 15. júní 1897, þegar landsvæðið var selt hreppsnefnd Vindhælishrepps. Er sú lýsing hvorki í samræmi við eldri heimildir um afmörkun Skrapatunguafréttar né þá afmörkun landsvæðisins sem miðað var við í síðari tíma sátt Vindhælis- og Engihlíðarhreppa þegar þeir ákvörðuðu skiptingu á „afréttarlandinu Laxárdal“ sín á milli árið 1923. Þá fjalla flestar eldri heimildir um landsvæði Hvammshlíðar sem selland eða afréttarsvæði í eigu Höskuldsstaða.*

*Þar sem landsvæði Hvammshlíðar, norðan við línu sem dregin er frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) um línu austur Ambáttará eftir Ambáttardal í Sjónarhól, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um norðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Hvammshlíð tekur að þessu leyti mið af samkomulagi því sem gert var milli hreppanna fyrst árið 1923 og staðfest með hnitsetningu árið 2012.*

*Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hvort landsvæði Hvammshlíðar væri eignarland eða þjóðlenda.

### **3.13. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar**

Landsvæðið við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar tilheyrir svæðinu Húnavatnshreppi, sem tekið var fyrir í máli nr. 2/2013, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Byrjað er á punkti í Blöndu við Vallgil (1), þaðan er haldið beint vestur í Fiskilæk (2), og þaðan áfram vestur að Karyðlingatjörn (3). Úr þeim punkti er haldið suður um*

Skammbeinstjörn (4), og áfram eftir þeirri línu suður í Friðmundarhöfða (5). Þaðan er haldið í suður að norðanverðu Eyjavatni (6), en þaðan beygt í vestur að vörðu sem er á há Bótarfjalli (Bótarfelli) (7) og svo áfram vestur að Vatnsdalsá móti Svínalækjarás (8). Úr ásnum er Vatnsdalsá fylgt norður þar til Sjónarhólslækur fellur í hana (9), og er Sjónarhólslæk fylgt að upptökum (10) en þaðan er bein lína norður að Sýrvatni (Sílvatni) (11). Sýrvatnslæk (Sílvatnslæk) er svo fylgt að Selkvísl (12) og þaðan áfram til Álku (Álkugils) (13). Úr Álkugili er Álftaskálará fylgt um Fremstasel (14) að Ytri-Skútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri (15), þaðan frá vestur í Kleppukvísl (16). Kvíslinni er fylgt þar sem hún rennur úr Kleppavatni (17), úr vatninu er svo dregin lína norðvestur um Heiðamótaás að Kornsarvatni (18). Frá vatninu er farið í vestur að Bergárvatni (19) og þaðan í suður að sýslumörkum Austurog Vestur-Húnavatnssýslu. (áherslubr. íslenska ríkisins)

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. Auðkúluheiði, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>13</sup>

Upphafspunktur er í Blöndu við Vallgil. Er Blöndu fylgt til upptaka í Hofsjökli. Er jaðri jökulsins fylgt til suðurs þar til komið er að skurðpunkti við afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnaafréttar og Auðkúluheiðar. Ráða afréttarmörkin að sunnan á eftirfarandi hátt: Frá Strýtum (hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (móreana) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul. Þá er farið norður með jaðri Langjökuls. Úr norðurenda Langjökuls er dregin bein lína norður í Lyklafell. Úr Lyklafelli er farið í norðurenda Búrfjallahala. Þaðan er farið norðaustur í upptök Fellakvíslar og henni fylgt þar til Kolkukvísl fellur í hana. Þaðan er farið í norður í Skammbeinstjörn og áfram í Karyrðlingatjörn. Úr Karyrðlingatjörn er farið austur í Fiskilæk um Helluvörðuás. Úr Fiskilæk er farið í upphafspunkt í Blöndu við Vallgil. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

Heimildum ber saman um að norðurmörk Auðkúluheiðar að austan fari um línu frá Blöndu um Vallgil í Fiskilæk og að vestan fari þau úr Karyrðlingatjörn í Helluvörðuás. Kröfum aðila máls þessa ber saman við þessar lýsingar. Hvað varðar hins vegar norðurmerki heiðarinnar að því leyti sem þau liggja að Auðkúlu þá er suðurmerkjum Auðkúlu lýst í landamerkjabréfi Auðkúlu þar sem segir annars vegar

<sup>13</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 446.

*að framan við Hvannalækjarbungu taki við Auðkúluheiði og hins vegar segir að merki Auðkúlu að austan liggi suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil og í Blöndu. Kröfur aðila miða hins vegar við beina línu úr Fiskilæk í Helluvörðuás en sú lína liggur sunnar en Hvannalækjarbunga. Ber því kröfum aðila og lýsingu landamerkjabréfs Auðkúlu ekki saman, nánar tiltekið þannig að um er að ræða svæði milli lýstra merkja Auðkúlu samkvæmt landamerkjabréfinu og Auðkúluheiðar eins og hún er afmörkuð í kröfugerð íslenska ríkisins. Nánar tiltekið er um að ræða svæði sem afmarkast af línu sem dregin er frá Helluvörðuás í Hvannalækjarbungu, þaðan í Ásendatjörn og þaðan með Ásendalæk í Fiskilæk og svo upp með Fiskilæk þar til komið er að punkti 2 á kröfulínu íslenska ríkisins. Kröfulínunni er svo fylgt í upphafspunkti á Helluvörðuási. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Mun óbyggðanefnd því ekki taka afstöðu til umrædds svæðis sem liggur sunnan marka jarðarinnar Auðkúlu, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfinu, en fellur utan kröfugerðar íslenska ríkisins í málinu.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi ljóst að tiltekið landsvæði sunnan merkja Auðkúlu skv. landamerkjabréfi lægi milli lýsta merkja Auðkúlu og Auðkúluheiðar eins og hún var afmörkuð í kröfugerð íslenska ríkisins. Var þannig misræmi milli krafna aðila og lýsingar landamerkjabréfs Auðkúlu.

### **3.14. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar**

Landsvæðið milli Kornsár og Kleppukvíslar tilheyrir svæðinu Húnavatnshreppi, sem tekið var fyrir í máli nr. 2/2013, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Byrjað er á punkti í Blöndu við Vallgil (1), þaðan er haldið beint vestur í Fiskilæk (2), og þaðan áfram vestur að Karyðlingatjörn (3). Úr þeim punkti er haldið suður um Skammbeinstjörn (4), og áfram eftir þeirri línu suður í Friðmundarhöfða (5). Þaðan er haldið í suður að norðanverðu Eyjavatni (6), en þaðan beygt í vestur að vörðu sem er á há Bótarfjalli (Bótarfelli) (7) og svo áfram vestur að Vatnsdalsá móti Svínalækjarás (8). Úr ásnum er Vatnsdalsá fylgt norður þar til Sjónarhólslækur fellur í hana (9), og er Sjónarhólslæk fylgt að upptökum (10) en þaðan er bein lína norður að Sýrsvatni (Sílvatni) (11). Sýrsvatnslæk (Sílvatnslæk) er svo fylgt að Selkvísl (12) og þaðan áfram til Álku (Álkugils) (13). Úr Álkugili er Álftaskálará fylgt um Fremstasel (14) að Ytri-Skútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri (15), þaðan frá vestur í Kleppukvísl (16). Kvíslinni er fylgt þar sem hún rennur úr Kleppavatni (17), úr vatninu er svo dregin lína norðvestur um Heiðamótaás að Kornsárvatni (18). Frá vatninu er farið í vestur að Bergárvatni (19) og þaðan í suður að sýslumörkum Austurog Vestur-Húnavatnssýslu. (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. hluti Kornsártungna, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 en í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.<sup>14</sup>

*Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni. Þaðan er línan dregin til norðvesturs að Kornsárvatni og frá Kornsárvatni til vesturs að Bergárvatni. Frá Bergárvatni er línan dregin um Hólmaavatn í Hraungarða og frá Hraungörðum um upptök Kleppukvíslar í upphafspunkt þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar þjóðlendukröfur til annars lands Kornsártungna en þess sem hér hefur verið úrskurðað um, þ.e. svæðisins milli Kornsár og Kleppukvíslar en austan línunnar sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns. Verður þó ekki annað séð en að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við um það svæði eins og þann hluta Kornsártungna sem hér hefur verið úrskurðaður þjóðlenda, enda liggja ekki fyrir í málinu aðrar heimildir um þann hluta Kornsártungna heldur en þær heimildir sem raktar hafa verið hér að framan. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.*

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi að sömu sjónarmið ættu við um landsvæðið milli Kornsár og Kleppukvíslar og þann hluta Kornsártungna sem kröfur íslenska ríkisins tóku til og var úrskurðaður þjóðlenda.

### 3.15. Svæði við austurmörk Hítardals

Landsvæðið við austurmörk Hítardals tilheyrir svæðinu milli Hítarvatns og Fossdalsár, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2014, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er við sýslumörk Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, frá Hítará undan miðju Valfelli (1) bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudals (733m) (2); þaðan ráða hæstu brúnir*

<sup>14</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 542.

*Þorsteinstungudals að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni (3); þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu (4). Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll (5), úr Háheiðarkolli beina línu í Grjótárós (6). Þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7), um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), þaðan ráða hæstu brúnir inni Álftaskörð (9). Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil (10), það ræður svo í Sandvatn (11), en úr gílinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells (12). Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá (13). Þá er Langá fylgt þar til Gljúfurá rennur í hana (14). Gljúfurá er fylgt í svonefndan Nautakrök (15), þá er Kliflæk fylgt í Seltjörn (16), þá ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn norður í Langavatn (17). Þá ræður Langavatn í hól einstakan sem er vestanvert við vaðið á Beilá (18), því næst sjónhending úr hólnum í klif eitt auðkennilegt sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn (19), því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnnin suður að Litluá (20), Litluá er svo fylgt í Vikravatn (21), úr Vikravatni er Skammá fylgt þar til hún rennur í Fossdalsá/Fossá (22). Fossdalsá/Fossá er fylgt í Sátugil (23), úr Sátugili í hæstu drög á Sátudal (24) að sýslumörkum við Dalasýslu (að afmörkun kröfusvæðis í norðri) (25). Að norðan er miðað við afmörkun kröfusvæðis frá síðastnefndum punkti að upphafspunkti í miðju Valfelli (1). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. suðuasturhluti Fjallendis Hraunhrepps, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>15</sup>

*Upphafspunktur er á vatnaskilum ofan við Tröllkonugil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Frá Álftaskörðum er línan dregin um vatnaskil norðaustan Tindaborgar, þaðan um Rauðhálsa í Grjótárós og þaðan í Háheiðarkoll. Frá Háheiðarkolli er vatnaskilum fylgt í Dagmálafjallshyrnu. Þaðan er línan dregin um hæstu fjallseggjar í hæsta hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni. Þaðan er vatnaskilum fylgt að upphafspunkti ofan við Tröllkonugil.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Eins og áður segir miðast mörk Hítardals að austanverðu við vatnaskil samkvæmt þeim eldri heimildum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Að fengnum þeim gögnum sem hér var lýst um legu vatnaskilanna er ljóst að eldri heimildir mæla því í mót að suðaustasti hluti ágreiningssvæðisins hafi verið innan merkja Hítardals, nánar tiltekið sá hluti þess sem er suðaustan við vatnaskilin en þó norðvestan við*

<sup>15</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, bls. 339-340.

kröfulinu gagnaðila íslenska ríkisins, eins og henni er lýst hér að framan. Samanburður á umræddum gögnum um legu vatnaskilanna og hinum eldri heimildum bendir jafnframt til þess að austasti hluti hins óumdeilda eignarlands Hítardals, þ.e. sá hluti þess sem liggur næst punkti 3 á kröfulinu íslenska ríkisins, hafi verið utan merkja Hítardals og kunni þar með að hafa verið utan merkja jarða. Ekki verður þó fjallað um eignarréttarlega stöðu umrædds hluta hins óumdeilda eignarlands Hítardals í málinu, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi fyrirbyggjandi heimildir benda til þess að hluti „óumdeilda eignarlands“ Hítardals hafi verið utan merkja Hítardals og kunni þar með að vera utan merkja jarða.

### 3.16. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls

Landsvæðið við norðausturmörk Svarfhóls tilheyrir svæðinu milli Hítarvatns og Fossdalsár, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2014, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er við sýslumörk Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, frá Hítará undan miðju Valfelli (1) bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudals (733m) (2); þaðan ráða hæstu brúnir Þorsteinstungudals að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni (3); þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu (4). Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll (5), úr Háheiðarkolli beina línu í Grjótárós (6). Þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7), um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), þaðan ráða hæstu brúnir inni Álftaskörð (9). Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil (10), það ræður svo í Sandvatn (11), en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells (12). Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá (13). Þá er Langá fylgt þar til Gljúfurá rennur í hana (14). Gljúfurá er fylgt í svonefndan Nautakrök (15), þá er Kliflæk fylgt í Seltjörn (16), þá ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn norður í Langavatn (17). Þá ræður Langavatn í hól einstakan sem er vestanvert við vaðið á Beilá (18), því næst sjónhending úr hólnum í klif eitt auðkennilegt sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn (19), því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá (20), Litluá er svo fylgt í Vikravatn (21), úr Vikravatni er Skammá fylgt þar til hún rennur í Fossdalsá/Fossá (22). Fossdalsá/Fossá er fylgt í Sátugil (23), úr Sátugili í hæstu drög á Sátudal (24) að sýslumörkum við Dalasýslu (að afmörkun kröfusvæðis í norðri) (25). Að norðan er miðað við afmörkun kröfusvæðis frá síðastnefndum punkti að upphafspunkti í miðju Valfelli (1). (áherslubr. íslenska ríkisins)*

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að eftirfarandi landsvæði, þ.e. suðuasturhluti Fjallendis Hraunhrepps, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>16</sup>

*Upphafspunktur er á vatnaskilum ofan við Tröllkonugil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Frá Álftaskörðum er línun dregin um vatnaskil norðaustan Tindaborgar, þaðan um Rauðhálsa í Grjótárós og þaðan í Háheiðarkoll. Frá Háheiðarkoll er vatnaskilum fylgt í Dagmafjallshyrnu. Þaðan er línun dregin um hæstu fjallseggjar í hæsta hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni. Þaðan er vatnaskilum fylgt að upphafspunkti ofan við Tröllkonugil.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Aftur á móti virðist vera gert ráð fyrir því í landamerkjabréfinu [fyrir Ytri-Hraundal] að norðan við umræddan hluta merkjanna sé land Svafhóls en ekki Hítardals, eða eftir atvikum afréttar Hraunhrepps, samanber orðalagið „Millum Hraundals og Svafhóls ...“. Í því sambandi er þó til þess að líta að framangreint landamerkjabréf Svafhóls, frá árinu 1883, bendir ekki til að land þeirrar jarðar hafi náð svona langt til norðausturs, heldur þvert á móti skemur til norðurs heldur en að mörkum ágreiningssvæðisins, samanber umfjöllun um umrætt landamerkjabréf Svafhóls hér að framan. Þá er til þess að líta í þessu sambandi að landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, er áritað um samþykki vegna Svafhóls en merkjalýsing þess er að þessu leyti í samræmi við kröfulýsingar málsaðila. Ennfremur skal áréttað í þessu sambandi að ekki hafa komið fram í málinu kröfur til ágreiningssvæðisins af hálfu eigenda Svafhóls. Að öllu því virtu sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á suðaustanverðu ágreiningssvæðinu gagnvart Svafhól og Fjallendi Ytri-Hraundals sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923. Þá fá landamerkjabréf Svafhóls, frá árinu 1883, og Ytri-Hraundals, einnig frá árinu 1883, ekki breytt þeirri niðurstöðu að afréttarland Hraunhrepps hafi náð a.m.k. svo langt til suðurs. Það hvort land Svafhóls nái eftir atvikum skemur til norðausturs en að mörkum ágreiningssvæðisins kemur aftur á móti ekki til frekari skoðunar í málinu, enda verður sú úlyktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.*

<sup>16</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, bls. 339-340.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hvort merki Svarfhóls hafi náð eins langt til norðausturs og gert var ráð fyrir við kröfugerð.

### 3.17. Svæði austan og sunnan Drangajökuls

Landsvæðið austan og sunnan Drangajökuls tilheyrir svæðinu suðausturluta Drangajökuls, sem tekið var fyrir í máli nr. 1/2019, en aðalkröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í málinu voru eftirfarandi:

*Upphafspunktur er við Hrolleifsborg (1), og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitarfélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Arneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur (2), sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitafélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfúlýsingarsvæðis og svo til norðausturs, eftir sömu mörkum að Holleifsborg sem er upphafspunktur.*

Niðurstæða óbyggðanefndar var að eftirfarandi landsvæði á Drangajökli teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.<sup>17</sup>

*Upphafspunktur er við Hrolleifsborg. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitarfélagamörkum og svo til norðausturs, eftir sömu mörkum, að upphafspunktinum Hrolleifsborg. Miðað er við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.*

Í niðurstöðu óbyggðanefndar voru gerðar eftirfarandi athugasemdir, sem eru grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 fyrir svæðið:

*Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstæða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar. Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra náí að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin*

<sup>17</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, bls. 115.



ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggi að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áður nefndra þriggja jarða vestan jökulsins.

Þær heimildir sem liggja fyrir um umræddar jarðir í Strandasýslu og réttindi innan þeirra og raktar eru í köflum 5.3.1–5.3.6 hér að framan benda til þess að landsnytjar þeirra og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla má að verðmæti jarðanna, sem víða er tilgreint í heimildum, hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 var verðmæti Skjaldabjarnarvíkur þá 6 hundruð, Dranga 12 hundruð, Drangavíkur 6 hundruð, Engjaness 4 hundruð og Ófeigsfjarðar 24 hundruð. Verðmæti Ófeigsfjarðar var þannig mun meira en hinna jarðanna en um Ófeigsfjörð segir í Jarðabókinni að reki hafi þar „áður verið óþverrandi, en nú í mörg ár hefur þar ekki rekið nema lítilsháttar“. Fram kemur að nokkrum kirkjum og einu klaustri séu þar eignuð ítök sem fólust í hlutdeild í hvalreka og öðrum reka, sem kann að vera til marks um verðmæti þessara réttinda. Heimildir greina aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli. Þá er land þar mjög lítið gróið eins og glögg mátti sjá í vettvangsferð óbyggðanefndar vegna málsins og ítarlega er gerð grein fyrir því í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu sem aflað var vegna meðferðar málsins. Af greinargerðinni verður ráðið að líklega hafi ekki orðið verulegar breytingar á gróðurfari á umræddum hluta heiðarinnar frá landnámi. Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyfingum og eftir atvikum þarf að gera rikari kröfur til skýrleika landamerkjalyfinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.

Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvalla-afreitur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir óljósar merkjalyfingar í fyrrnefndum landamerkjabréfum tekur krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins og er miðuð við ætlaða legu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998. Samkvæmt framansögðu kemur því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunnan jökulsins, sem ekki var hulið jökli á því tímamarki.

Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirbyggjandi heimildum hversu landamerki þeirra jarða þar sem kröfum var lýst hafi náð til jökuls, en landamerkjalyfingar upp til fjalla voru afar takmarkaðar. Auk þess benti gróðurfar á svæðinu til þess að stærri hluti kröfusvæðisins væri utan eignarlanda.

#### 4. NÁNARI AFMÖRKUN KRÖFUSVÆÐA, KRÖFUGERÐ OG RÖKSEMDIR FYRIR KRÖFULÍNUM

##### 4.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau svæði sem hér fara á eftir teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæðunum er einkum litið til athugasemda óbyggðanefndar við fyrri málsmeðferð, sem og til heimilda um jarðir og jarðamörk, ritaðra heimilda, landfræðilegra aðstæðna og annarra atriða sem verður greint frá hér á eftir.

Þau svæði sem tekin verða til meðferðar með kröfulýsingu þessari eru sérstaks eðlis þar sem þau hafa öll áður tilheyrt málum á stærra svæði þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð sinni. Nefndin hefur því þegar kynnt sér fyrirbyggjandi sögulegar heimildir á landsvæðunum og rakið þær í úrskurðum sínum. Af þeirri ástæðu er ekki talin ástæða til að rekja allar heimildir um svæðin að nýju, heldur verða eingöngu raktar þær heimildir sem telja verður að skipti höfuðmáli við úrlausn um eignarréttindi á þeim svæðum sem eru til meðferðar í málum þessum. Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendu-kröfulínur íslenska ríkisins er þannig aðeins vikið stuttlega að þeim heimildum sem óbyggðanefnd byggði athugasemdir sínar við kröfugerð íslenska ríkisins á, hvað varðar hvert og eitt svæði sem nú er endurupptekið.

Um afmörkun kröfusvæðanna vísast til hlutaðeigandi athugasemda óbyggðanefndar í sérhverjum framangreindra úrskurða, sem raktar hafa verið í kafla 3, sem og til eftirfarandi rökstuðnings fyrir kröfulínunum í kafla 3.

Hluti þeirra landsvæða sem tekin eru til nýrrar meðferðar er samliggjandi, og athugasemdir óbyggðanefndar í hlutaðeigandi málum lutu að sama svæði eða sömu heimildum, mun kröfulýsing íslenska ríkisins á hlutaðeigandi svæðum taka til sameiginlegs svæðis.

Þau svæði sem verða sameinuð í þessum skilningi eru svæði nr. 6, 7 og 8 (við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels).

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

**Eftirfarandi kröfulýsing er óbreytt frá kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 18. janúar 2021.**

##### 4.2. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaða

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaða* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu-kröfulínu:

Upphafspunktur er við þjóðlendumörk nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum í Miðheiðarhálsi. Frá merkjavörðu, merkt L.M., í Miðheiðarhálsi (1) er dregin bein lína suðaustur á fjallsbrún í Eyvindarkeldu (2). Þaðan er fjallsbrúninni fylgt til suðvesturs allt þar til landamerki Þuríðarstaða taka við samkvæmt landamerkjabréfi Valþjófsstaðakirkjueignar (3). Er þeim landamerkjum fylgt til norðvesturs aftur að þjóðlendumörkum nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum (4) og er austurmerkjum þjóðlendunnar fylgt alla leið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfúlínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Þá er litið til lýsingar á landamerkjum Skriðuklausturs í úttekt á jörðinni haustið 1828<sup>18</sup> þar sem vesturmerkjum heimalands Skriðuklausturs er lýst „upp til Fialls“, sem og landamerkjalyýsingar Valþjófsstaðarkirkjueignar frá 1885<sup>19</sup>, þar sem „heimalandi“ Valþjófsstaðar er sérstaklega lýst, sem gefur til kynna að land innan landamerkjalyýsingar kunni að hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Auk þess, með vísan til þess sem kemur fram í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bera ýmsar heimildir merki um að afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum hafi náð lengra til vesturs en gert var ráð fyrir í upphaflegri kröfugerð íslenska ríkisins.

### 4.3. Nyrsti hluti Grímólfsártungu

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *nyrsti hluti Grímólfsártungu* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfúlínu:

Upphafspunktur er þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (1) og er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hafralónsá og Grímólfsá falla saman (2). Þaðan er Grímólfsá fylgt til suðurs að mörkum þjóðlendunnar sem er hluti Grímólfsártungu (3) og er þeim mörkum fylgt til vesturs í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfúlínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til lýsingar á Grímólfsártungu í landamerkjabréfi Syðralóns frá árinu 1916<sup>20</sup>, en þar segir:

*Þess utan á Syðralón þetta heiðarland: hina svonefndu Grímólfsártungu sem er land alt milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman.*

<sup>18</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bls. 23-24.

<sup>19</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bls. 45.

<sup>20</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, bls. 62-63.

Sú aðgreining Grímólfsártungu frá Syðralóni bendir til þess að svæðið hafi verið aðskilið frá öðru landi jarðarinnar. Að öðru leyti kemur hvergi fram í heimildum að á Grímólfsártungu hafi verið búseta af nokkru tagi, né að landsvæðið hafi verið nokkurn tímann verið nýtt til annars en takmarkaðra nota.

#### 4.4. Kverkártunga

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Kverkártunga* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er við ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðará **(1)** og er Miðfjarðará, sem ræður austurmörkum svæðisins, fylgt til suðurs allt að þjóðlendumörkum syðsta hluta Kverkártungu, nánar tiltekið þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu **(2)**. Er þjóðlendumörkum fylgt til norðvesturs að þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu **(3)**. Frá þeim punkti er Litlu-Kverká fylgt allt að upphafspunkti.

Við afmörkun þjóðlendukröfufúlínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til þess að ekki verður ráðið af lýsingum í Landnámabók hversu langt inn til fjalla landnám náði á svæðinu og því óljóst hvort svæðið hafi verið numið í öndverðu. Aðrar heimildir<sup>21</sup> um eignarrétt og nýtingu á landsvæðinu Kverkártungu eru af skornum skammti en byggð hefur verið í Kverkártungu með hléum þar til Kverkártunga fór í eyði 1937. Enn fremur er ekki ljóst hvort stofnast hafi til eignarréttar á þessu landsvæði á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776, en ekki liggur fyrir byggingarbréf fyrir nýbýlinu Kverkártungu.

#### 4.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er við skurðpunkt þann við vatnaskil sem markar þjóðlendu afréttar Torfufells, Hólsgærðir og Úlfár **(1)**. Frá skurðpunktinum er vatnaskilum fylgt að upptökum Hafrár norðan við fjallið Sakti Pétur **(2)**. Þaðan er fylgt þjóðlendumörkum aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfufúlínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

<sup>21</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, bls. 69-72.

Auk þess er litið til lýsinga í landamerkjabréfum jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár. Landamerkjabréf fyrir Torfufell var útbúið 21. maí 1889 og þinglesið þremur dögum síðar. Vísast til eftirfarandi texta, sem vitnað er til í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008:

*[...] að sunnan milli Hólsgerðis og Torfufells eru merkin í jarðfastan stein [...] og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðarár til fjallsins er óskipt land milli jarðanna. [...] að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar, en frá Torfufellsgilskjaftri eru landamerki beint strik í gilið, sem er næst fyrir utan Halldórsstaðatún. Hólsgerði á frítt fyrir sínar skepnur á Torfufellsdal.<sup>22</sup>*

Úr landamerkjabréfi Hólsgerðis, sem var útbúið 21. maí 1889 og þinglesið 20. maí 1890, vísast til eftirfarandi texta, sem vitnað er til í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008:

*Að sunnan milli Hólsgerðis og Úlfár eru merkin [...] úr gömlum garðsstúf niður við Eyjafjarðará uppí 3 jarðfasta steina, sem vörður hafa verið hlaðnar á og úr þeim bein stefna til fjalls. Að norðan milli Tungufells [svo, á að vera Torfufells] og Hólsgerðis [...] til fjallsins er landið óskipt milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að [...] vestan fjallsbrúnin. Jörðin á fría beit fyrir gjeldfé og stórgripi á Torfufellsdal.<sup>23</sup>*

Loks er vísað til eftirfarandi texta úr landamerkjabréfi Úlfár, sem vitnað er til í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008:

*Að austan ræður Eyjafjarðará. Að sunnan bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar.*

*Að vestan ræður fjallsbrúnin.*

*Að norðan ráða steinvörður, sem hlaðnar eru ofaná þrjá jarðfasta steina beina stefnu frá Eyjafjarðará til fjallsbrúnar.<sup>24</sup>*

Lýsingarnar gefa til kynna að vesturmerki jarðanna miði við vatnaskil og nái þannig ekki til fjallendisins vestan Urðarvatna en austan vatnaskila Torfufellsár.

#### **4.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

<sup>22</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, bls. 44.

<sup>23</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, bls. 44.

<sup>24</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, bls. 46-47.

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) **(1)**. Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská **(2)**. Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá **(3)**, sem síðan er fylgt að sýslumörkum **(4)**.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til lýsingar í landamerkjabréfi Gloppu frá 16. janúar 1883<sup>25</sup> þar sem segir að Vaská ráði suðurmörkum Gloppu. Í máli nr. 3/2008 var upphaflegri kröfulínu íslenska ríkisins breytt þannig að umrætt svæði féll innan kröfulýsingar ríkisins, en sú breyting var ekki talin rúmast innan texta upphaflegrar kröfugerðar. Með vísan til þess og þeirrar niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 að jarðirnar Vaskárdalur, Almennungur og Bakkasel, sem eru aðliggjandi Gloppu að sunnanverðu séu ekki eignarlönd, verður ekki annað ráðið en að þeir hlutar framangreindra jarða sem eru afmarkaðir með kröfulýsingu þessari séu einnig utan eignarlanda.

#### 4.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hanzkafelli í 541 metra hæð **(1)**. Þaðan sjónhending til norðvesturs í Tvíhóla **(2)** og þaðan beygjast merki til norður í vestari Leirtjörn **(3)**. Þaðan til suðurs er fylgt austanverðum Rugludal þar til komið er að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðar í syðri Austurdal **(4)**. Er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt til norðausturs aftur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu. Ekki liggur fyrir hvar örnefni „Tvíhólar“ og „vestari Leirtjörn“ eru staðsett.

Þá er litið til lýsingar í landamerkjabréfi Steinár frá 15. maí 1886<sup>26</sup>, sem er í ósamræmi við landamerkjabréf Eyvindarstaðaheiðar<sup>27</sup>, sem jafnframt var lagt til grundvallar upphaflegri kröfulýsingu íslenska ríkisins. Nánar tiltekið er vísað til eftirfarandi orðalags í landamerkjabréfi Steinár:

*[...] sjónhending í há Hólsbungu og úr henni í Hanzkafell. Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merki til norðurs í vestari Leirtjörn [...].*

<sup>25</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, bls. 18.

<sup>26</sup> vantar tilvísun

<sup>27</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 29-30.

Að mati íslenska ríkisins gefur þessi lýsing til kynna að umrætt svæði falli ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum fyrirbyggjandi heimildum og því megi ætla að svæðið teljist þjóðlenda.

#### 4.8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Brunnabrekkulækjar við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna **(1)** og er læknum fylgt til norðurs þar til hann rennur í Svartá **(2)**. Svartá er þá fylgt til suðvesturs að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna **(3)** og er þjóðlendumörkum svo fylgt til austurs í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Þá er litið til lýsinga í landamerkjabréfum Mælifells<sup>28</sup> og Stafns<sup>29</sup>, en af þeim verður ráðið að mati íslenska ríkisins, að svæðið sem afmarkast af Brunnabrekkulæk og Svartá sé utan lýstra landamerkja Mælifells og Stafns. Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi heimildum að svæðið sé innan merkja annarra jarða.

#### 4.9. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Gálgagili á vesturmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar **(1)**. Frá Gálgagili er farið til suðurs að læk, sem fellur austur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi **(2)** og svo suður á Mánaskálarfjall, og er hæstu hæðum fylgt að hreppamörkum **(3)**. Þaðan austur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn **(4)**. Þaðan er vesturmörkum þjóðlendunnar fylgt aftur til norðurs í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til lýsinga í landamerkjabréfum Mánaskálar<sup>30</sup> og Núps<sup>31</sup>, þar sem merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt:

---

<sup>28</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 52-53.

<sup>29</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 53.

<sup>30</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 69.

<sup>31</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 68.

*„að norðan Balaskardsá, og lækur sá eda lækjarfarvegur sem kémur ad nordaustan ur svoköllumum Þröskuldi í Balaskardi, svo beinlínis frá þess lækiar upptökum í læk þann er fellur nordaustur í Mióadalsá skamt fyrir utann Mánaskálar sel.“*

*„þaðan til austurs um miðja Smjörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan Að sunnan eru landamerkin hið svo nefndar Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá, til austurs úr Illagilsbotninum rjettlínis í Mjóadalsá.“*

Það athugast að ekki liggur fyrir við hvaða læk er átt eða hvort hann hefur nafn. Þessar lýsingar benda að mati íslenska ríkisins til þess að landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrirnefndum læk falli utan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum.

#### **4.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er í skurði milli nesjanna Stóranes og Litlanes (1) og þaðan sem skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell (2). Þaðan bein stefna suður í Járnhryggjarhöfuð (3) og þaðan suðaustur í Ambáttardal að norðurmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (4), með stefnu að Sjónarhóli. Mörkum þjóðlendunnar er fylgt til suðvesturs að Hvammshlíðardalsá (5), sem fylgt er til norðvesturs að Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel (6) og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfufúlínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til þess að svæðið fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og því má ætla að svæðið teljist þjóðlenda. Þessu til stuðnings vísast einnig til þess að ýmsar eldri heimildir fjalla um landsvæði Hvammshlíðar sem selland eða afréttarsvæði.

#### **4.11. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfufúlínu:

Upphafspunktur er við mörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar við Helluvörðuás (1). Þaðan er farið beina línu norður í Hvannalækjarbungu (2). Frá Hvannalækjarbungu í Ásendatjörn (3) og úr henni er Ásendalæk fylgt þar til hann rennur í Fiskilæk (4). Fiskilæk er þá fylgt suður þar til komið er að þjóðlendumörkum Auðkúluheiðar (5) og er þeim mörkum fylgt í upphafspunkt.



Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til lýsingar í landamerkjabréfi Auðkúlu dags. 17. maí 1890<sup>32</sup>, þar sem fram kemur að „fyrir framan“ Hvannalækjarsungu taki Auðkúluheiði við. Auk þess segir í bréfinu að merki Auðkúlu að austan liggi suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil og í Blöndu. Gefur þessi lýsing til kynna að landsvæði sunnan Hvannalækjarsungu sé utan merkja Auðkúlu og þar af leiðandi utan eignarlanda og því þjóðlenda.

#### 4.12. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendunnar Kornsártungna (1). Þaðan er Kleppukvísl fylgt til norðurs þar til hún rennur í Kornsá (2). Er Kornsá þá fylgt til suðvesturs að Kornsárvatni (3) og þaðan er þjóðlendumörkum fylgt til suðausturs að upphafspunkti.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til fyrirliggjandi heimilda um Kornsártungur<sup>33</sup>, þar sem svæðisins er einkum getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot, s.s. í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða frá 1865.<sup>34</sup> Enn fremur gefa elstu fyrirliggjandi heimildir, sjá t.d. lögfestu fyrir Haukagil 1789,<sup>35</sup> til kynna að Kornsártungur hafi heyrt sameiginlega undir Haukagil og Kornsá, en engar fyrirliggjandi landamerkjalyýsingar fyrir jarðirnar lýsa Kornsártungum innan merkja jarðanna. Að mati íslenska ríkisins liggja ekki fyrir heimildir sem styðja að Kornsártungur hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti. Vísast hér sérstaklega til þess sem kemur fram í niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, að ekki verði annað séð en að sömu sjónarmið eigi við um það svæði, sem hér er gert krafa til, eins og þann hluta Kornsártungna sem var úrskurðaður þjóðlenda í máli nr. 2/2013.

#### 4.13. Svæði við austurmörk Hítardals

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við austurmörk Hítardals* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

<sup>32</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 134.

<sup>33</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 383-394.

<sup>34</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 385.

<sup>35</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, bls. 383.

Upphafspunktur er í hæsta hnúki norðvestur af Háleiksvatni (1). Þaðan er hæstu brúnum Þorsteinstungulands og vatnaskilum fylgt til austurs (2). Er vatnaskilum síðan fylgt áfram til suðurs að mörkum þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps (3) og þaðan að upphafspunkti.

Við afmörkun þjóðlendukröfúlínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Þá er einnig stuðst við gögn um legu vatnaskila á svæðinu, sem gefa til kynna að eignarland Hítardals hafi ekki náð eins langt austur og gert var ráð fyrir, en samkvæmt landamerkjabréfi Hítardals frá 1923 skulu austurmerki jarðarinnar miðasat við „hæstu eggjar suðvestur í Dagmafalafjallshrynu“.<sup>36</sup> Einnig er litið m.a. til lögfestu fyrir Hítardal frá árinu 1697<sup>37</sup> sem benda til þess að Hítardalskirkja hafi kallað til réttinda á svæði sem hafi að austanverðu miðast við vatnaskil austan Hítardals.

#### 4.14. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðausturmörk Svarfhóls* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfúlínu:

Upphafspunktur er við mörk þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps á vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (1). Þaðan er farið suðaustur í Tindaborg (2) og múlabrúninni fylgt suðvestur að Mýrhjúki (3). Frá Mýrhjúki er lína dregin meðfram hæstu punktum, niður Þverbrekkur að Grjótá (4) og er Grjótá fylgt þangað sem hún á upptök, í Grjótárvatni (5). Þaðan er þjóðlendumörkum fylgt aftur að upphafspunkti.

Við afmörkun þjóðlendukröfúlínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

Auk þess er litið til þess að í landamerkjabréfi Svarfhóls frá 8. desember 1883<sup>38</sup> eru austurmerki jarðarinnar gagnvart Fjallendi Ytri-Hraundals svohljóðandi:

*Í fyrstu ræður stór þúfa, sem á framanverðum Svarfhólsmúla eða á bjarginu stendur og á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli, en þaðan neðra undir fjallinu, sjónhending úr fyrnefndri þúfu í þann krinlótta mel, sem er í Mýrinni, og sjónhending úr Mýrinni í læk þann, sem kallaður er landamerkjælækur, þar hann sig saman tekur úr Mýrinni austan til við Svarhólsmúla, síðan ræður sá lækur fram í Melsá.*

Af framangreindri lýsingu verður ekki ráðið að land Svarfhóls hafi náð lengra til norðausturs en að Mýrdalsmúla. Því verður ekki skýrlega ráðið að svæði norðan við

<sup>36</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, bls. 66.

<sup>37</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, bls. 35-36.

<sup>38</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, bls. 74.

Mýrhnúk, eins og það er afmarkað í kröfulýsingu þessari, sé undirorpið beinum eignarrétti.

#### 4.15. Svæði austan og sunnan Drangajökuls

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1). Þaðan er Hrollleifsborgarhálsi fylgt til norðausturs að Fossadalsheiði, að vatnaskilum (2). Þaðan er farið beina línu til suðurs í svonefnda Öxl í 338 metra hæð (3). Frá þeim punkti beina línu í miðja Bjarnarfjarðará (4) og þaðan suður á fjallsbrún við Tröllkonugil (5). Er fjallsbrúninni svo fylgt til norðausturs að Langanesgili (6) og þaðan beina sjónhendingu austur í 300 m punkt suðvestan Meyjarmúla (7). Síðan er farið beina línu suðaustur í Meyjarvatn (8) og þaðan austur í 327 m tind á Hæstamúla (9). Frá Hæstamúla er 300 m hæðarlínu fylgt suður, umhverfis Norður-Húsárdalsvatn að Nónhjúk (10). Þaðan austur í Suður-Húsárdalsvatn (11) og beina línu úr því vatni suður í Drangavíkurdalsvatn (12). Frá Drangavíkurdalsvatni í Neðra-Eyvindarfjarðarvatn (13) og svo suður um upptök lækjar þess, er fellur í Eyvindarfjarðará (14). Frá þeim punkti suður í upptök Dagverðardalsár (15) og þaðan suður yfir Ófeigsfjarðarheiði að Nónhjúk (16). Þaðan suður meðfram fjallsbrún í 300 m hæð að Húsá (17) sem er fylgt suður að upptökum í stöðuvatni í um 500 m hæð (18). Frá þeim punkti bein lína vestur í 388 m punkt á mörkum Kaldranesshrepps (19) og þaðan er vatnaskilum fylgt til vesturs að mörkum svæðis 10A (20). Er svæðismörkum síðan fylgt norður að upphafspunkti.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess er litið til þess að merkjum jarðanna á svæðinu er afar takmarkað lýst til vesturs að jöklinum.

Við nánari afmörkun er sérstaklega vísað til greinargerðar Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu, sem aflað var við meðferð máls nr. 1/2019, en þar kemur fram að land uppi á heiðinni nærri Drangajökli er mjög lítið gróið og að ekki verði ráðið að orðið hafi verulegar breytingar á gróðurfari frá landnámi:

*Landslag er afar hrjóstrugt, ýmist frostveðraðar eða jökulnúnar klappir með grettistöfum og þunnu slitróttu jökulrænu seti og veðrunar seti inn á milli. [...] Næst jökuljadrinum og við vatnaskilin sunnan jökulsins virðist jökulættað set víða hylja berggrunn og á köflum mögulega ná nokkurra metra þykkt.<sup>39</sup>*

Við afmörkun á því hversu langt kröfulína íslenska ríkisins skyldi ná til austurs var litið til landslagslýsinga í framangreindri greinargerð og kröfulínur miðaðar við það svæði sem

<sup>39</sup> Greinargerð NÍ um náttúrufar í Árneshreppi á Ströndum, bls. 4.

var ýmist á klöpp eða hrjóstrugt og gróðurlítið og var leitast við að fylgja hæstu punktum þeirra svæða.

Loks benda eldri heimildir til þess að landsnyttjar umræddra jarða og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum. Með vísan til alls framangreinds er talið ólíklegt að stofnast hafi til beins eignarréttar uppi á heiðarlandinu.

## 5. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR

Varðandi dómsúrlausnir á kröfuvæðunum er sérstaklega vísað til Hrd. 66/1996, Hrd. 67/1996, Hrd. 413/2000, Hrd. 546/2012 og dóms Landsréttar í máli nr. 184/2019. Auk þess vísast til Dóms Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. E-24/2015 og dóms Landsréttar í máli nr. 63/2019.

Einnig vísast til yfirlits á heimasíðu óbyggðanefndar um dóma sem hafa fallið í þeim málum þar sem fyrrgreindar athugasemdir hafa komið fram, að því marki sem þau hafa ratað til dómstóla, sem og til dóma sem vísað er til í þeim málum.

## 6. KRÖFUGERÐ

### 6.1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við vesturmörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaða* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við þjóðlendumörk nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum í Miðheiðarhálsi. Frá merkjavörðu, merkt L.M., í Miðheiðarhálsi (1) er dregin bein lína suðaustur á fjallsbrún í Eyvindarkeldu (2). Þaðan er fjallsbrúninni fylgt til suðvesturs allt þar til landamerki Þuríðarstaða taka við samkvæmt landamerkjabréfi Valþjófsstaðakirkjueignar (3). Er þeim landamerkjum fylgt til norðvesturs aftur að þjóðlendumörkum nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum (4) og er austurmerkjum þjóðlendunnar fylgt alla leið í upphafspunkt.

### 6.2. Nyrsti hluti Grímólfsártungu

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *nyrsti hluti Grímólfsártungu* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (1) og er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hafralónsá og Grímólfsá falla saman (2). Þaðan er Grímólfsá fylgt til suðurs að mörkum þjóðlendunnar sem er hluti Grímólfsártungu (3) og er þeim mörkum fylgt til vesturs í upphafspunkt.

### 6.3. Kverkártunga

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Kverkártunga* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðará **(1)** og er Miðfjarðará, sem ræður austurmörkum svæðisins, fylgt til suðurs allt að þjóðlendumörkum syðsta hluta Kverkártungu, nánar tiltekið þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu **(2)**. Er þjóðlendumörkum fylgt til norðvesturs að þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu **(3)**. Frá þeim punkti er Litlu-Kverká fylgt allt að upphafspunkti.

### 6.4. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við skurðpunkt þann við vatnaskil sem markar þjóðlendu afréttar Torfufells, Hólsgærðir og Úlfár **(1)**. Frá skurðpunktinum er vatnaskilum fylgt að upptökum Hafrár norðan við fjallið Sakti Pétur **(2)**. Þaðan er fylgt þjóðlendumörkum aftur í upphafspunkt.

### 6.5. Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) **(1)**. Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská **(2)**. Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá **(3)**, sem síðan er fylgt að sýslumörkum **(4)**.

### 6.6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hanskafelli í 541 metra hæð **(1)**. Þaðan sjónhending til norðvesturs í Tvíhóla **(2)** og þaðan beygjast merki til norður í vestari Leirtjörn **(3)**. Þaðan til suðurs er fylgt austanverðum Rugludal þar til komið er að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðar í syðri Austurdal **(4)**. Er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt til norðausturs aftur í upphafspunkt.

### 6.7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Brunnabrekkulækjar við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna (1) og er læknum fylgt til norðurs þar til hann rennur í Svartá (2). Svartá er þá fylgt til suðvesturs að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna (3) og er þjóðlendumörkum svo fylgt til austurs í upphafspunkt.

### 6.8. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Gálgagili á vesturmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (1). Frá Gálgagili er farið til suðurs að læk, sem fellur austur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi (2) og svo suður á Mánaskálarfjall, og er hæstu hæðum fylgt að hreppamörkum (3). Þaðan austur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn (4). Þaðan er vesturmörkum þjóðlendunnar fylgt aftur til norðurs í upphafspunkt.

### 6.9. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í skurði milli nesjanna Stóranes og Litlanes (1) og þaðan sem skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell (2). Þaðan bein stefna suður í Járnhryggjarhöfuð (3) og þaðan suðaustur í Ambáttardal að norðurmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (4), með stefnu að Sjónarhóli. Mörkum þjóðlendunnar er fylgt til suðvesturs að Hvammshlíðardalsá (5), sem fylgt er til norðvesturs að Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel (6) og þaðan í upphafspunkt.

### 6.10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við mörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar við Helluvörðuás (1). Þaðan er farið beina línu norður í Hvannalækjarbungu (2). Frá Hvannalækjarbungu í Ásendatjörn (3) og úr henni er Ásendalæk fylgt þar til hann rennur í Fiskilæk (4). Fiskilæk er þá fylgt suður þar til komið er að

Þjóðlendumörkum Auðkúluheiðar (5) og er þeim mörkum fylgt í upphafspunkt.

#### 6.11. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendunnar Kornsártungna (1). Þaðan er Kleppukvísl fylgt til norðurs þar til hún rennur í Kornsá (2). Er Kornsá þá fylgt til suðvesturs að Kornsárvatni (3) og þaðan er þjóðlendumörkum fylgt til suðausturs að upphafspunkti.

#### 6.12. Svæði við austurmörk Hítardals

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við austurmörk Hítardals* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í hæsta hnúki norðvestur af Háleiksvatni (1). Þaðan er hæstu brúnum Þorsteinstungulands og vatnaskilum fylgt til austurs (2). Er vatnaskilum síðan fylgt áfram til suðurs að mörkum þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps (3) og þaðan að upphafspunkti.

#### 6.13. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði við norðausturmörk Svarfhóls* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við mörk þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps á vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (1). Þaðan er farið suðaustur í Tindaborg (2) og múlabrúninni fylgt suðvestur að Mýrhnjúki (3). Frá Mýrhnjúki er lína dregin meðfram hæstu punktum, niður Þverbrekkur að Grjótá (4) og er Grjótá fylgt þangað sem hún á upptök, í Grjótárvatni (5). Þaðan er þjóðlendumörkum fylgt aftur að upphafspunkti.

#### 6.14. Svæði austan og sunnan Drangajökuls

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1). Þaðan er Hrollleifsborgarhálsi fylgt til norðausturs að Fossadalsheiði, að vatnaskilum (2). Þaðan er farið beina línu til suðurs í svonefnda Öxl í 338 metra hæð (3). Frá þeim punkti beina línu í miðja Bjarnarfjarðará (4) og þaðan suður á fjallsbrún við Tröllkonugil (5). Er fjallsbrúninni svo fylgt til norðausturs að Langanesgili (6) og þaðan beina sjónhendingu austur í 300 m punkt suðvestan Meyjarmúla (7). Síðan er farið

beina línu suðaustur í Meyjarvatn (8) og þaðan austur í 327 m tind á Hæstamúla (9). Frá Hæstamúla er 300 m hæðarlínu fylgt suður, umhverfis Norður-Húsárdalsvatn að Nónhjúk (10). Þaðan austur í Suður-Húsárdalsvatn (11) og beina línu úr því vatni suður í Drangavíkurdalsvatn (12). Frá Drangavíkurdalsvatni í Neðra-Eyvindarfjarðarvatn (13) og svo suður um upptök lækjar þess, er fellur í Eyvindarfjarðará (14). Frá þeim punkti suður í upptök Dagverðardalsár (15) og þaðan suður yfir Ófeigsfjarðarheiði að Nónhjúk (16). Þaðan suður meðfram fjallsbrún í 300 m hæð að Húsá (17) sem er fylgt suður að upptökum í stöðuvatni í um 500 m hæð (18). Frá þeim punkti bein lína vestur í 388 m punkt á mörkum Kaldranesshrepps (19) og þaðan er vatnaskilum fylgt til vesturs að mörkum svæðis 10A (20). Er svæðismörkum síðan fylgt norður að upphafspunkti.

## 7. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfúlínum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfúlínum á einstökum svæðum eða auka kröfur ef tilefni gefst til, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfúlínur, ef í ljós kemur að svo reynt ekki vera.

Reykjavík, 14. nóvember 2022,  
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,



Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Meðfylgjandi:

- kröfukort vegna endurupptekinna svæða.

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík



**Mál nr. 1/2023**

*— Austurland og Norðausturland —*

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Valþjófsstaðar

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022, þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

### I. Aðild og fyrirvar.

Jarðirnar Valþjófsstaður I, landnr. 156-972 og Valþjófsstaður 2, landnr. 156-975, eru þinglýst eign Þjóðkirkjunnar, kt. 460169-6909. (Vísað verður til Þjóðkirkjunnar sem landeiganda og jarðanna sem Valþjófsstaðar, þar sem land jarðanna er óskipt),

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 19. apríl 2021.

### II. Kröfugerð.

Aðallega er krafist frávísunar málsins frá Óbyggðanefnd.

Annars er vegna téðrar jarðar krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka er eignarland, samanber merkjalýsingu fyrir alla kirkjueignina og tilgreinda merkjapunkta, sem varða land sem þjóðlendukrafa nær nú til.

Land sem þjóðlendukrafa ríkisins vísar til, sbr. kafla 6.1. í kröfugerð ríkisins dags. 14. nóvember 2022, og liggur framan landamerkjalinu Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs, sbr. landamerkjabréf Valþjófsstaðar frá 1885, og fer eftir merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur landamerki og liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhendingu upp á fjall og þá í stóran stein sem stendur utan til í ytra Eyvindarfjalli, nánar tiltekið; *frá skurðpunkti framangreindrar línu við línu um fjallsbrún (A), suðvestur allt þar til landamerki Þuridarstaða taka við samkvæmt landamerkjabréfi Valþjófsstaðakirkjueignar (3). Eftir þeim landamerkjum til norðvesturs að þjóðlendumörkum nyrðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir Fellum (4) og eftir austurmerkjum þjóðlendunnar, að skurðpunkti fyrrnefndrar landamerkjalinu milli Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs (B).*

Til vara er krafist viðurkenningu á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður.

Undirkaflar munu skiptast með eftirfarandi hætti.

- Umfjöllun um forsendur afmörkunar lands samkvæmt kröfulýsingu.
- Umfjöllun um málsatvik og málsástæður sem leiða til þess að hafna beri kröfugerð ríkisins í ljósi fyrri málsmeðferðar, yfirlýsinga íslenska ríkisins og stjórnskipulegra annmarka löggjafar sem yfirstandandi málsmeðferð hvílir á.

- Umfjöllun um efnisleg atriði um land Valþjófsstaðar og ástæður þess að hafna beri kröfugerð ríkisins vegna þeirra.

### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu.

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Valþjófsstaðar, dags. 6. júní 1885, sem þinglýst var 8. júní 1885, samanber þá kröfulýsingu sem lögð var fyrir nefndina í máli nr. 1/2005. Í landamerkjabréfinu kemur m.a. fram;

*Að utan, gagnvart Skriðuklaustri, ræður merkigarður sá, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki, og liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall; þaðan sjónhending upp á fjall. Þá í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal. Að norðan og vestan ræður Jökulsá á Jökuldal inn í Vatnajökul. Að austan og sunnan Jökulsá í Fljótsdal inn í Vatnajökul.*

*Landamörk Valþjófsstaðar heimalands með hjáleigunni „Hóli“ eru: að utan gegn Skriðuklaustri þau, er fyrir greinir; en að framan ráða mörk úr Klifaklett við Jökulsá, þaðan bein stefna í vörðu á Selhlíð, þaðan í Grástein, þá sömu stefnu norður svo langt sem heimaland nær. Að austan eða sunnan ræður Jökulsá.*

Afmörkun í kröfugerð tekur jafnframt mið af því að stór hluti framangreinds landsvæðis var úrskurðaður þjóðlenda með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, dags. 29. maí 2007, sbr. einnig niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 299/2010, frá 10. febrúar 2011. Sýnt er að þeirri dómsniðurstöðu verður ekki haggð við málsmeðferð fyrir Óbyggðanefnd, þótt landeigandi telji að tilefni geti verið til endurupptöku þess dómsmáls og endurskoðunar á niðurstöðu þess.

Þá tekur afmörkun kröfugerðar jafnframt mið af því landsvæði sem kröfugerð íslenska ríkisins nær til og virðist einnig byggt á því af Óbyggðanefnd, að málsmeðferðin varði einungis það landsvæði. Kröfugerð landeigenda vísar því hvorki til lands Valþjófsstaðar sem fellur utan þjóðlendukröfu ríkisins og virðist óumdeilt (í þetta skiptið) að teljist eignarland, né lands sem hefur verið úrskurðað þjóðlenda. Í fyrri kröfulýsingu vegna Valþjófsstaðar, við málsmeðferð í máli nr. 1/2005, var vísað til alls lands innan landamerkjabréfs Valþjófsstaðar, sbr. kröfulýsingu dags. 29. mars 2005. Afstaða landeigenda er að sú kröfulýsing hafi fengið efnislega umfjöllun og verður fjallað um réttaráhrif þess síðar.

Afmörkun lands í kröfulýsingu landeiganda og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu. Þessi fyrirvari varðar einnig að kort sem gera grein fyrir kröfulýsingu ríkisins eru ónákvæm.

Sérstaklega er gagnrýnt að fyrirliggjandi kröfulýsing er ónákvæm og órókrétt, með tilliti til þess að texta kröfugerðar ríkisins er ætlað að hafa réttaráhrif, en ekki þau kort sem eru meðfylgjandi kröfulýsingunni. Kortin eru ónákvæm og beinlínis röng, sbr. nánari umfjöllun síðar um það hvernig þjóðlendulínur koma fram á umræddu svæði. Þá er það grundvallaratriði að vísun kröfugerðar ríkisins til „fjallsbrúnar“ felur ekki í sér vísun til ákveðins kennileitis heldur óljóss svæðis.

### 2. Fyrri málsmeðferð Óbyggðanefndar og önnur tengd atriði.

## 2.1. Helstu atvik varðandi málsmeðferð.

Þann 1. mars 2004 tilkynnti Óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 6 hlutum og 9 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis. Sjá kröfulínukort [https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/05\\_kort-urskurdir.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/05_kort-urskurdir.pdf)

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk innan lands Valþjófsstaðar, dags. 14. október 2004, bls. 29, kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu:

Niðurstaðan í þessari kröfulýsingu er því sú, að það land, sem dregið verður á kröfukorti, sem heimaland staðarins, verður viðurkennt eignarland og sama á við um aðrar jarðir í Norðurdal vestan fljóts.

Kröfulýsing vegna Valþjófsstaðar er fylgiskjal til upplýsingar.

Kröfulýsing vegna Valþjófsstaðar liggur fyrir hjá Óbyggðanefnd. Einnig er vísað til kröfulýsingar íslenska ríkisins vegna Skriðuklausturs, þar sem íslenska ríkið lýsti eignarlandi Skriðuklausturs að þeirri línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, bls. 7, kemur m.a. fram:

*Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Skriðuklausturs, Þuríðarstaða, Egilsstaða, Kleifar og Sturluflatar. Hinar síðarnefndu miða við að eignarland umræddra jarða nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu.*

Í umfjöllun Óbyggðanefndar í niðurstöðukafla kemur m.a. fram:

*Eins og áður var rakið er mörkum „heimalands“ Valþjófsstaðarkirkjueignar gagnvart afréttarlandi jarðarinnar ekki nákvæmlega lýst í heimildum. Með hliðsjón af merkjalýsingum Valþjófsstaðar, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggja ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Með hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, getur ekki komið til álita hvort þau liggja austar.*

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, var í úrskurðarorði skorið úr um mörk þjóðlendu vegna nýrri hluta afréttarlandanna Rana og Undir fellum, með eftirfarandi úrskurðarorði:

*Frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi er dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmavatni, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá merkigardi þeim, sem liggur frá Jökulsá í Fljótsdal fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og áfram í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli. Frá þeim skurðpunkti er þeirri línu fylgt að framangreindum stórum steini á ytra Eyvindarfjalli og þaðan í Jökulsá á Jökuldal, þar sem Hölná rennur í hana. Jökulsá á Jökuldal ræður síðan allt að ármótum við Eyvindará, og eftir það Eyvindará þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og í Eyvindará. Er þá miðað við þá línu sem aðilar eru ásáttir um. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðpunkti hennar við Eyvindará og að upphafspunkti lýsingar þessarar, þ.e. merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi.*

Í úrskurðarorði vegna syðri hluta afréttarlandanna Rana og Undir fellum, kemur fram eftirgreind lína frá steini sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli: *Þaðan er dregin lína til austurs, í stefnu á merkigardi við*

*Jökulsá, og fer hún saman við kröfulínu gagnaðila ríkisins í máli þessu. Þar sem lína þessi sker línu sem dregin úr ósi Hólmavatns í innri merkjavörðu í Miðheiðarhálsi er hornmark. Frá því hornmarki er dregin lína í ós Hólmavatns og að Svartöldu austan Langavatns.*

Síðari hluti lýsingarinnar felur í sér afmörkun á þjóðlendu innan lýstra landamerkjanna Valþjófsstaðar.

Af hálfu landeiganda var úrskurði Óbyggðanefndar vegna Valþjófsstaðar skotið til dómstóla, en endanlegur dómur í málinu féll í Hæstarétti 10. febrúar 2011, sbr. HRD 299/2010. Með dóminum var íslenska ríkið sýknað, af kröfum um að hnekkja úrskurði Óbyggðanefndar.

Af hálfu ríkisins var ekki byggt á því að hnekkja ætti dómi íslenska ríkisins þar sem þjóðlendu krafa gengi of skammt. Þvert á móti var byggt á sjónarmiðum um að úrskurður Óbyggðanefndar væri réttur.

Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laga, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Í kjölfar gildistöku lagasetningarinnar tilkynnti Óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Valþjófsstaðar. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu f.h. Valþjófsstaðar um að fulltrúar í Óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 6. október 2021, var til kynnt um að hluti fulltrúa í Óbyggðanefnd viki sæti vegna vanhæfis.

Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í Óbyggðanefnd, hefur nefndin vísað til stjórnvaldsins sem „sérstakrar Óbyggðanefndar“. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingar í Lögbingingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar Óbyggðanefndar, skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.

Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 9. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts Óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar viðbótarathugasemdir vegna Valþjófsstaðar, sbr. bréf undirritaðs, dags. 16. maí 2022. Afstaða landeigenda var að ekki væru skilyrði til málsmeðferðar Óbyggðanefndar vegna lands Valþjófsstaðar.

Með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða Óbyggðanefndar til þess hvort skilyrði væru til endurtekningar málsmeðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Valþjófsstaðar. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til „efnisatriða málsins“ og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var

fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til Valþjófsstaðar.

Með bréfi undirritaðs dags. 14. september 2022, til fjármálaráðuneytisins, var farið yfir málið og ítrekuð afstaða landeigenda að hvorki væru skilyrði né forsendur fyrir íslenska ríkið að gera þjóðlendukröfur í land Valþjófsstaðar.

Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

## 2.2. Málsástæður tengdar fyrri málsmeðferð.

### 2.2.1. Skilyrði til málsmeðferðar – sérstakur áskilnaður – krafa um afturköllun.

Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að ákvörðun Óbyggðanefndar að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Valþjófsstaðar á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmæt.

Í bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeigenda um forsendur málsmeðferðar Óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra sjónarmiða sem efnisleg atriði. Hins vegar er getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt væri að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat Óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.

Það er afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2005, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsferðarreglurnar) sem um nefndina gilda að þjóðlendumörk gætu ekki legið vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Í því orðlagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem væri til staðar og úrskurður beindist að.

Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2005 var í greinargerð að frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 nefndur sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf Óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá Óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómar Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímapunkti ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2005, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.

Í ljósi þessa er gerð krafa um að Óbyggðanefnd nýti valdheimildir sínar til að afturkalla ákvörðun um að heimila endurtekna málsmeðferð á svæði sem tekur til Valþjófsstaðar. Vísað er til almennra meginreglna stjórnvalda til að afturkalla ákvarðanir og 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í öllu falli standa þessi sjónarmið að baki kröfu um frávísun málsins frá Óbyggðanefnd, sbr. 3. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga.

## 2.2.2. Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar Óbyggðanefndar.

### 2.2.2.A. Grundvallaratriði þjóðlendlaga, hlutverk Óbyggðanefndar og breytingarlög 34/2020

Tilfni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum og þýðingu hafa.

Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk Óbyggðanefndar;

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrir en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að Óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar Óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

Vakin er athygli á því að ákvörðun um að Óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal Óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem Óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr. Sjá t.d. kort vegna svæðis 5, Norðausturland; [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05\\_kort-urskurdir.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05_kort-urskurdir.pdf)

Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.

Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að sætta mál.

Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.

Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem Óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun Óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr mörk eignarlanda og þjóðlenda!

Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að Óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar Óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.

Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að Óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar næsta kafla. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi Óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað.

### **2.2.2.B. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og forræði á ágreiningi um þjóðlendumörk.**

Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.



Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur.

Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendulaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar.

Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu af forsætisráðuneytinu, dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem Óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005 varðandi Valþjófsstað o.fl.

Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefndar kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttumleitunum fyrir Óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.

Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyfing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.

Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**. Í fyrirnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátt. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á*

staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.

Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að Óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms **Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005** og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir Óbyggðanefnis.

Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuni á að gæta. Þannig getur raunveruleg endurupptaka þjóðlendumála aðeins verið framkvæmanleg, þar sem hvorki ríkið né tiltekinn landeigandi hafa gert kröfur til lands við almenna málsmeðferð þjóðlendumála. Það á alls ekki við vegna Valþjófsstaðar, enda landeigandi aðili úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.

### **2.2.2.C. Bein ráðstöfun íslenska ríkisins á sakarefni með fyrri kröfulýsingu.**

Með því að Óbyggðanefnd ákvað 1. mars 2004 að taka fyrir Norðausturland og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð Óbyggðanefndar var því Norðausturland, en ekki afmarkaðra svæði.

Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um heimaland Valþjófsstaðar, sbr. tilvitnun hér framar. Kröfulýsingar landeigenda sem bærust í kjölfar kröfulýsingar ríkisins hvíldu svo bæði á 2. mgr. 10. gr. og 9. gr. þjóðlendulaga, enda hafði Óbyggðanefnd til umfjöllunar kröfulýsingar á Norðausturlandi, með víðtækari hætti en einungis það svæði sem ríkið gerði þjóðlendukröfu í.

Þessu til stuðnings er bent á;

- orðalag 9. gr. og lögskýringargögn fela í sér að landeigendur fengu með starfi Óbyggðanefndar aðgang að sérstakri málsmeðferð til að fá viðurkenningu á að land væri undirorpið einkaeignarrétti,
- kröfulýsingarkortið í máli nr. 1/2005. Það kort sýnir heildarkröfulýsingar, en ekki einungis þær kröfulýsingar sem féllu innan þjóðlendukröfulýsingar ríkisins. Kröfulýsingum þessum hefur ekki verið vísað frá nefndinni og voru til umfjöllunar þegar málsmeðferð Norðausturlands fór fram,

- þar sem kröfulýsingar ríkisins um þjóðlendu mæta kröfulýsingum landeigenda um einkaeignarréttarlega stöðu lands, hefur Óbyggðanefnd skorið úr um „mörk þjóðlendu og eignarlanda“, sbr. a. lið 7. gr. þjóðlendulaga um hlutverk nefndarinnar.

Það fæst með engu móti staðist að líta svo á að ekki hafi verið fjallað um kröfulýsingar landeigenda í heild, með úrskurði Óbyggðanefndar. Í því fælist að litið væri fram hjá ákvæðum þjóðlendulaga og að starf Óbyggðanefndar væri einstefna um að briggja landi í þágu ríkisins án tillits til skyldu ríkisins að gæta að friðhelgi eignarréttar. Fyrri málsmeðferð og viðurkenning íslenska ríkisins um ágreiningsefnið verður ekki ógilt, svo samræmst geti 72. gr. stjórnarskrárinnar.

#### **2.2.2.D. Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.**

Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2005 fól í sér línu sem lá um land innan lands landamerkjabréfa Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs. Íslenska ríkið kom fram sem eigandi Skriðuklausturs og setti fram kröfulýsingu um að land háð einkaeignarrétti næði að þjóðlendukröfunni. Af hálfu eiganda Valþjófsstaðar var gerð krafa um að landið væri allt háð einkaeignarrétti, bæði innan og utan þjóðlendukröfulínu ríkisins. Jafnframt hafði ríkið í kröfulýsingu sinni staðfest afdráttarlaust að eignarland væri utan línunnar.

Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar nr. 1/2005, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.

Þar sem kröfulýsingar Skriðuklausturs og þjóðlendusvæðis mættust voru mörkin staðfest í samræmi við báðar kröfulýsingar ríkisins. Þar sem kröfulýsing Valþjófsstaðar kom fram voru mörkin staðfest miðað við þjóðlendukröfu ríkisins, að teknu tilliti til þess að kröfulýsing Valþjófsstaðar náði yfir þá línu. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2005 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.

Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekk't með dómi.

#### **2.2.3. Res judicata áhrif Hæstaréttardóms í máli nr. 299/2010**

Úrskurður Óbyggðanefndar vegna Valþjófsstaðar var borinn undir dómstóla, sbr. HRD 299/2010. Kröfur íslenska ríkisins fyrir dómi fólu í sér að staðfesta ætti úrskurð Óbyggðanefndar. Ef íslenska ríkið hefði talið að ekki hafi verið fjallað um þjóðlendumörk með réttum hætti, hefði ríkið þurft að krefjast ógildingar úrskurðarins og endurupptöku málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefnd.

Íslenska ríkið hefur bæði haft forræði á kröfugerð sinni og röksemdum, sbr. málsástæður. Í greinargerðum íslenska ríkisins fyrir héraði og Hæstarétti, er með engu móti gerður fyrirvari um eignarréttarlega stöðu lands við þjóðlendumörkin. Þvert á móti verða dregnar þær ályktanir að ríkið hafi byggt á því að land utan þjóðlendumarka væri háð einkaeignarrétti.

Res judicata áhrif og sú réttarstaða að úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, fól í sér niðurstöðu um mörk þjóðlendu og eignarlands deiluaðila, leiðir til þess að ekki verður gerð krafa um þjóðlendusvæði vestan þjóðlendulínu og inn í land Valþjófsstaðar. Hvorki verður fjallað um kröfur né málsástæður sem voru til umfjöllunar í dómsmálinu fyrir stjórnvaldi, hér eftir.

Hafa ber í huga ákvæði 2. mgr. 14. gr. Þjóðlendlaga um að mál sem heyrir undir Óbyggðanefnd skv. 7. gr. verður ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um það. Dómstólar hafa fjallað um mörk Þjóðlendu við eignarland Valþjófsstaðar.

Umfjöllun dómstóla um Þjóðlendukröfu ríkisins og eignarréttarlega kröfu eiganda Valþjófsstaðar, leiðir til þess að endurupptökuákvæði sem gilda um dómsniðurstöður eiga við, en ekki endurupptökuheimildir um starfsemi stjórnvalda.

Það er þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði Óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi dómur Hæstaréttar um mörk eignarlands og Þjóðlendu deiluaðila. Getur íslenska ríkið ekki gert kröfu um frekara land en téður dómur kveður á um. Dómurinn hefur ekki verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög nr. 34/2020.

#### **2.2.4. Þýðing meginreglna um þrískiptingu ríkisvalds.**

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. Þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir Óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í Þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku Þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um Þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.

Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð Óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að Óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi dómsúrlausn Hæstaréttar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.

#### **2.2.5. Þýðing meginreglna um friðhelgi eignarréttar.**

Með Þjóðlendlögum var stofnað til Óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og Þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Valþjófsstaðar byggði íslenska ríkið á því að land utan Þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.

Þjóðlendulög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.

Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærundur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.

Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Valþjófsstaðar. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti Valþjófsstaðar í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2004 og felast jafnframt í þeim dómstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir Óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendulaga. Með þessu verður í raun brugðið útfrá þeirri almennu reglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.

Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan í dag sú að fyrir liggur bindandi dómur Hæstaréttar sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.

Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendulaga, sbr. m.a. áður nefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú að hafna því að kærundur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa þeirra til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur dómur Hæstaréttar sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Liggur þannig ótvírætt fyrir að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.

Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 299/2010 hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð. Að gengnum dómi Hæstaréttar hefur enda landeigandi farið með landsvæðið sem sitt eigið og ef krafa ríkisins í máli þessi næði fram að ganga hefði það mikla röskun í för með sér á hans högum. Í þessu samhengi má sérstaklega benda á að landeigandi hefur stofnað til lóðar á hinu umþrætta svæði er nefnist Miðfell, L156972, og gert um hana lóðarleigusamning til 50 ára, sem dagsettur er 17. desember 2013. Er landeigandi þinglýstur eigandi þeirrar lóðar og var engin athugasemd eða fyrirvari gerður við eignarhald landeiganda á svæðinu við gerð þess löggernings.

### 3. Um eignarréttarlega stöðu lands Valþjófsstaðar og málsástæður.

#### 3.1. Umfjöllun Óbyggðanefndar í úrskurði 1/2005.

Efnisleg umfjöllun um eignarréttarlega stöðu lands austan þjóðlendulínu gagnvart landi Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs, kallar á umfjöllun um úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005 og þær ályktanir um svæðið komu fram síðar við málsmeðferð fyrir dómstólum. Verður því sérstaklega fjallað um nokkra kafla úrskurðarins og reynt að greina lykilályktanir að baki niðurstöðu.

Í kafla 6.3.3. kemur m.a. fram að jörðin Skriða hafi verið verið sjálfstæð jörð sem getið er í heimildum á 15. öld. Þar hafi snemma verið stofnað klaustur. Um Rana er fyrst getið í vitnisburði, dags. 8. maí 1679, en þá vitnuðu tíu bændur um að Ranaafréttur hafi verið „veniuleg og almennelegust afriett allra fliótsdalsmanna...“ Jafnframt vitnuðu þeir um að „Rana afriett“ væri „filleleg eign“ Skriðuklausturs en lánuð og leyfð af klausturshöldurum. Í lögfestu Valþjófsstaðar, 12. maí 1840, er fyrirboðið að nota megi Ranaafrétt, sem liggja fyrir framan landamerki Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar, nema með leyfi prests eða ábúanda Skriðuklausturs, sem hefði haft afréttarlandið á leigu af sér og formanni sínum. Í sóknarlýsingu Valþjófsstaðar, 1840-1841, segir að öll heiðin milli Jökuldals og Fljótsdals sé notuð sem afréttur. Segir að Fellnamenn hafi mest gagn „af heiðinni til geldfjárgöngu á sumardag, allt fram að Bessastaðaá, en eftir það brúki Fljótsdælingar einir afréttirnar sem kallast ýmsum nöfnum, svo sem Rani; tilheyrir Skriðuklaust[ri].“ Í sömu lýsingu segir um Fellnaafrétt (Undir Fellum) að afrétturinn tilheyrir „Valþjófsstað ásamt heiðinni út á móts við landamerki millum Skriðu og Valþjófsstaðar“. Samkvæmt jarðamati 1849 segir að til hlunninda Skriðuklausturs teljist að jörðin eigi afréttarland fyrir sig í svokölluðum Rana fyrir 400 fjár. Þá segir í mati á Skriðuklaustri frá árinu 1878 að jörðin eigi afrétt „langt umfram aðrar þjóðjarðir.“ Óbyggðanefnd telur ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafi Rani og Undir Fellum talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma

Í kröfulýsingu þessari er sérstök athygli er vakin á því orðalagi (sem er undirstrikað) að nefna afréttinn Undir Fellum, en bæta við með aðgreiningu, „heiðinni út á móts við landamerki milli Skriðu og Valþjófsstaðar“.

Í kafla 6.3.4. er fjallað um afmörkun Skriðuklausturs, Rana og Undir Fellum. Þar er fyrst rakin lýsing á Skriðuklaustri, m.a. mismun lýsingu skv. úttekt á jörðum Skriðuklausturs 1828 og landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1896.

Um Rana er vísað til þess að í vitnisburði, dags. 18. mars 1679, vitnuðu tíu menn um að til Ranaafréttar teldist allt land milli Hölnár og Eyvindarár, fram á milli Eyvindarfjalla og ofan að Jökulsá. Síðar var farið að

nota nafnið Rana yfir mun stærra svæði. Í bréfi hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna hans, dags. 18. desember 1864, kemur fram tillaga að afmörkun á afréttarsvæðunum Undir Fellum og Rana. Að því leyti sem lýsingin tekur til þess lands sem hér er til umfjöllunar lagði hreppstjórinn til að norðausturmörk Ranafréttar mörkuðust af Eiríksstaðavegi „norður að Eivindará að austan frá Eyrikstaðaveigi inn að Gilsárvötnum.“ Að vestan gerði hann tillögu um að afrétturinn lægi frá „grábergshnúk, þaðan norður í hölná og ræður hún úr því úti Jökulsá.“ Að því er varðaði Fellafrétt (Undir Fellum) lagði hann til að mörk hans að utan væru „Bessastaða á norður að Gilsárvötnum.“ Mörk afréttarins að austan gagnvart heimalandi jarða í Fljótsdal eru hins vegar ekki tiltekin.

Í kröfulýsingu þessari er áréttað að téð svarbréf hreppstjóra var vegna fyrirspurnar sýslumanns, dags. 13.6.1864, um skipulag á fjárleitum.

Í kafla 6.3.6. er niðurstaða vegna Skriðuklausturs sett fram. Þar kemur fram að ekkert liggi fyrir um það hvernig Skriðuklaustur er komið að rétti til þeirra landsvæða sem hér hefur verið fjallað um, þ.e. Rana og svæði sem vísað til sem svæðisins Undir Fellum. Óbyggðanefnd telur hvorki hægt að útiloka að þau séu að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms né að þau hafi upphaflega verið samnotaafréttir jarða á svæðinu en síðar komist undir Skriðuklaustur. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til afréttarsvæðanna Undir Fellum og Rana hafi orðið til á þann veg að þau hafi verið tekin til sumarþeirra fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Þá kemur fram í niðurstöðukaflanum að varðandi úrlausn á því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu. Með hliðsjón af merkjalýsingum Skriðuklausturs, afréttarlýsingum og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins. Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það að afréttarsvæðin Rani og Undir Fellum, þ.e. land á þjóðlendukröfuvæði íslenska ríkisins innan landamerkjanna Skriðuklausturs, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda

Í kröfulýsingu þessari er sett fram sú afstaða að meginályktun Óbyggðanefndar hvíli því á ákveðnu sönnunarmati með tilliti til notkunar svæða og staðsetningar. Í því sönnunarmati er lítil sem engin aðgreining gerð á stöðu svæðisins Rana og þess sem vísað er til sem svæðisins Undir Fellum. Fullt tilefni hefði verið til þess, enda hafði aldrei risið ágreiningur um eignarréttarlega stöðu lands á Fljótsdalsheiði sem liggur Fljótsdalsmegin á vatnaskilum, ólíkt því sem gildi um landsvæðið Rana. Þá var jafnframt ljóst að engin lögformleg afmörkun lá fyrir um svæðið Undir Fellum, heldur fyrst og fremst svör hreppstjóra varðandi fyrirkomulag fjallskila frá 1864. Þá vísa heimildir einnig til þess að svæðið út á Fljótsdalsheiði var ekki hið eiginlega svæði Undir fellum, heldur nefnt sérstaklega. Heitið Undir Fellum vísar einkum til svæðis nærri Snæfelli og fellunum þar í kring, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir um svokallað Kleifarland og afmörkun afréttarlanda Valþjófsstaðar.

Það skal einnig tekið fram að rannsókn Óbyggðanefndar er um margt ábótavant þar sem ekki var fjallað um stöðu Klaustursels. Í úttektinni frá 1828, var m.a. vísað til þess að land Klaustursels næði upp á Heiði, þangað sem vötum hallar til afnota, en Merki að framan vissu menn ekki, þar sem *land Klaustursels væri óskipt frá Klausturlandi*. Með því var vitanlega vísað til þess að land Skriðuklausturs næði a.m.k. að vatnaskilum og þ.a.l. ekki tilefni til þess að telja að lýsing á landi Skriðuklausturs væri takmörkuð að Eyvindarkeldu. Þá jafnframt bent á að í úttekt Klaustursels 23. apríl 1841, var vísað til þess að land

jarðarinnar næði fram miðheiðarháls allt að Vegakvísl ytri, þaðan niður í Eyvindará. Vegakvísl ytri liggur að miðheiði, en síðar var landamerkjum milli Skriðuklausturs og Klaustursels breytt, þannig að lína var dregin í vörðu í Klapparlækjarflóa, sem liggur neðar við Eyvindará. Þjóðlendulína var síðar dregin frá miðheiði í Klapparlækjarflóa, en úrskurðarkort Óbyggðanefndar sýnir reyndar vörður á miðheiði staðsettar um 2 km utar á Fljótsdalsheiði en raunverulega staðsetningu varðanna.

Í kafla 6.4.3. er fjallað um skiptingu Valþjófsstaðakirkjueignar. Þar kemur fram að Valþjófsstaður hafi verið sjálfstæð jörð sem fyrst er getið í heimildum allt frá 12. öld. Tekið er fram að því er ekki lýst í Landnámabók hvort og þá að hvaða marki landnám á þessu svæði náði upp á Fljótsdalsheiði eða suður inn til landsins. Fram kemur að landamerkjabréf Valþjófsstaðar og hjáleigunnar Hóls hafi verið gert 1885. Samdægurs hafi verið gerð landamerkjabréf fyrir Þuríðarstaði, Egilsstaði og Kleif. Í kaflanum kemur fram sú greining heimilda að réttur Valþjófsstaðar til Fljótsdalsheiðar hafi farið vaxandi með tímanum, frá því að ná til Lands undir Kleif í lok 14. aldar, Mariutungna að auki við lok 15. aldar, ótilgreindra öræfa frá 16. öld og frá 17. öld til alls landsvæðisins milli Jökulsár á Jökuldal og Jökulsár í Fljótsdal, sem þá er ýmist kallað öræfi eða afréttarland. Nefndin vísar til þess að fjalla þurfi sérstaklega um einstaka hluta Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimaland, Undir Fellum, Rana og Vesturöræfi, samkvæmt landamerkjabréfi staðarins frá 1885 og eldri heimildum um sama efni.

Í kafla 6.4.4. er fjallað um heimaland eins og það kemur fyrir í heimildum. Vísað er til Vilcins-máldaga frá 1397 þar sem fram kemur að kirkjan eigi heimaland allt. Í máldaganum er land undir Kleif sérstaklega tilgreint og þ.a.l. er ályktað að það teljist ekki heimaland. Sérstök afmörkun á heimalandi kemur fyrst fram í lögfestu frá 1484. Það er sagt vera landið sem liggur milli merkigardis og Ljósár og „norður“ í Jökulsá. Fleiri heimildir um lýsingu heimalands eru raktar. Þá er gerður samanburður á því hvernig lýsing á heimalandi kemur fram á jörðunum Þuríðarstöðum, Egilsstöðum og Kleif. Landamerkjum síðastnefndra jarða er lýst að Svartöldu, en ekki kemur fram afmörkun á heimalandi Þuríðarstaða, en vísað til þess að það liggi í stefnu milli Selhlíðar og Grástein. Umfjöllun um merki heimalandsins vegna svæðisins utarlega á Fljótsdalsheiði þarf svo að skoða í ljósi umfjöllunar Óbyggðanefndar um svæðið Undir Fellum.

Athygli er vakin á því hvaða ályktanir Óbyggðanefnd dregur af gögnum málsins varðandi mörk heimalandsins og afréttar, en þar segir m.a. á bls. 95: „Samkvæmt framangreindu benda fyrirbyggjandi gögn til þess að heimaland Valþjófsstaðar og hjáleigan Hóll eigi merki gagnvart afréttarsvæðinu Undir Fellum í ósi Hólmavatns.“ Sú ályktun ræðst ekki af afmörkun kröfugerðar ríkisins heldur telur nefndin að gögn málsins bendi til að mörk heimalands og afréttar séu í ósi Hólmavatns sem er í samræmi við hvernig þjóðlendulínan var dregin í fyrria máli en í algjöru ósamræmi við þjóðlendukröfu ríkisins í máli þessu.

Í kafla 6.4.5. um svæðið Undir Fellum, kemur fram að eldri heimildir vísi ekki til þess heitis. Elsta heimild sem vísar til þess hluta Fljótsdalsheiðar er ákvæði Vilcins-máldaga frá 1397 sem vísar til lands undir Kleif fram frá Þuríðarstöðum. Í framhaldi umfjöllunarinnar kemur fram að svæðið Undir fellum sé tilgreint fyrst sérstaklega í sóknarlýsingu Stefáns Árnasonar frá árinu 1840-1841. Þar segir m.a. að Fellnaafréttur sé í kringum Snæfellið og tilheyrir Valþjófsstað. Í jarðatali Johnsen frá árinu 1847 segir að Valþjófsstaðarkirkja eigi tvö afréttarlönd milli Jökulsárna í Fljótsdal og á Jökuldal og árlega „brúkuð til skiptis fyrir hér um 1.500 fjár og er þar nokkur grastekja“. Í sóknarlýsingu Péturs Jónssonar prests á Valþjófsstað frá árinu 1873 en þar segir að heiðin fyrir innan byggðina sé afréttur og tilheyrir sérhvers landstærð. Þar fyrir innan taki við „...Fellnaafrétt sem Valþjófsstaðarkirkja á.“

Ekki liggur fyrir lögformleg lýsing á afréttarsvæðinu Undir Fellum. Elsta heimildin um afmörkun þess er tillaga hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna hans um gangnamörk, dags. 18. desember 1864.



Þar segir að afrétturinn markist af „Bessastaða á norður að Gilsárvötum síðan ráða þaug, enn frá þeim beina línu að Aðalbolsveigji þá ræður hann norður að Þorirstaðakvísl síðan hún inn í drag það sem liggur, inn með öldu þeirri sem er inn og suður af þræla hálsi, þaðan beint inni laugarárdrag og svo inn með því að austan beint í grábergshnúk, þaðan vestur í grjótarádrag, og svo inn alla sanda fyrir austan hnúka, alt að Jökulkvísl þá ræður hún að innan suður að vatni því, er hún fellur úr við Jökulinn, enn þaðan ræður jökullinn að Jökulsá og hún úr því út að agsará.“

Í kröfulýsingu þessari er sett fram sú afstaða að ofangreind lýsing er lögð til grundvallar af Óbyggðanefnd um afmörkun svæðisins Undir fellum og þ.a.l. ályktanir um afmörkun heimalands. Tekið er fram af nefndinni að afmörkun á aðliggjandi afréttarsvæðum, þ.e. Rana og Vesturöræfum, í heimildum, er að meginstefnu til í samræmi við framangreinda lýsingu frá 1864, sbr. þá kafla sem hér fara á eftir.

Vegna umfjöllunar Óbyggðanefndar er bent á að engin eldri heimild um Valþjófsstað vísar til þess að ytri hluti Fljótisdalsheiðar ofan byggðarinnar teljist hluti svæðis sem nefndur er Undir Fellum. Það er fyrst og fremst lýsing hreppstjóra á fjallskilaframkvæmd frá 1864. Það eru því einungis slíkar heimildir frá 19. öld, sem leiða til ályktana um að eignarréttarleg stað landsins sé önnur, en í umfjöllun Óbyggðanefnd er ekki dregið fram að landið; undir Kleif, innan við byggðina eða umhverfis Snæfell hafi verið hið eiginlega afréttarsvæði Undir Fellum eða Fellnaafrétt.

Ekki er þörf á ítarlegri umfjöllun um kafla 6.4.6 um Rana og 6.4.7. um Vesturöræfi. Þó er tekið fram að Rani liggur án efa á landi sem allt er á vatnaskilum að Jökulsá á Dal. Þá er einnig bent á að vatnaskil að Jökulsá á Dal, þ.e. upptök vatnasviðs Eyvindarár, liggur nálægt Svartöldu, sem nefnd voru takmörk heimalands Kleifar og Egilsstaða, samkvæmt landamerkjabréfum. Þegar utar á heiðina dregur liggja vatnaskilin nærri Miðheiðarhálsi, rétt við Gilsárvötn.

Í kafla 6.4.8. er sett fram niðurstaða vegna Valþjófsstaðar. Rakið er að með gerð landamerkjabréfa hafi ekki verið hægt einhliða að auka við land og að frá upphafi Íslandsbyggðar hafi menn ekki einungis helgað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök og afrétti. Þá er ítrekuð sú ályktun að af heimildum er ljóst að afréttarsvæðin Undir Fellum, Rani og Vesturöræfi taka við þar sem „heimalandi“ sleppir. Umfjöllun um svæðin bendi til þess að um sé að ræða kirkjuafrétt, þ.e. óbein eignarréttindi. Vísað er til þess að ekki liggi fyrir gögn um að landsvæðin hafi verið notuð annað en til sumarþeirra og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Þá er nokkur umfjöllun um stöðu felligjalda hreindýra.

Í kaflanum segir að ekkert liggi fyrir um það hvernig Valþjófsstaður er kominn að rétti til þeirra landsvæða sem fjallað hafi verið um. Nefndin setur fram þá niðurstöðu að land innan lýsingar landamerkjabréfs Valþjófsstaðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá segir að eftir sé þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu. Mörkum „heimalands“ Valþjófsstaðarkirkjueignar gagnvart afréttarlandi jarðarinnar er ekki nákvæmlega lýst í heimildum. Með hliðsjón af merkjalýsingu Valþjófsstaðar, afréttarlýsingu og staðháttum telur óbyggðanefnd þó ljóst að þau liggi ekki vestar en þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins.

Í kröfulýsingu þessari er bent að Óbyggðanefnd fjallar ekki ítarlega um einstök afréttarsvæði og/eða hluta þeirra svæða. Sérstaklega hefði verið tilefni til að fjalla um svæðið Undir fellum, enda nær það yfir 40-50 km svæði frá Vatnajökli út á heiðina rétt ofan byggðar í Fljótisdal.

Af umfjöllun Óbyggðanefndar og greiningu heimilda má ráða að landsvæði á vatnaskilum að Fljótisdal utan til á Fljótisdalsheiði, þ.e. ofan byggðarinnar, hafi ekki verið tilgreint öðruvísi en heimaland jarðarinnar,

nema þegar fram kemur á 19. öld og gerð er grein fyrir fjallskilaframkvæmd. Aðferðafræði Óbyggðanefndar hefur með ákveðnum hætti leitt til þess að þetta svæði er samsamað stöðu hins upprunalega Fellnaafréttar/Undir fellum (inn af byggðinni og umhverfis Snæfell) og jafnframt landsvæðinu Rana og Vesturöræfum. Um öll þessi svæði gildi að eignarréttartilkall Valþjófsstaðar samkvæmt eldri heimildum vísaði ekki til svæðanna sem heimalands og eignarréttarleg staða þeirra hafði beinlínis verið véfengd. Tilgreining á því að nefndur ytri hlut Fljótdalsheiðar félli undir fjallskilasvæðið Undir Fellum á 19. öld, fól ekki í sér neina véfengingu á eignarréttarlegri stöðu svæðisins, heldur þvert á móti.

Um fjöllum **dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1170/2008, frá 12. febrúar 2010 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 299/2010, 10. febrúar 2011**, vegna Valþjófsstaðar bætir ekki við mörgum sjónarmiðum um þessa þætti. Í raun virðist staða þessa ytri hluta Fljótdalsheiðar hafa horfið í skuggann, þar sem svæðið er einungis lítill hluti þess lands sem ágreiningur stóð um, þ.e. öll Vesturöræfi, hluti Ranans innan Valþjófsstaðar og svæðið Undir Fellum fyrir innan byggð í Fljótsdal.

Ályktanir Óbyggðanefndar og greining á staðháttum er í raun í ósamræmi við skipulag jarða á svæðinu. Almennt hafa landamerki jarða og mörk eignarlands jarða á svæðinu tengsl við skýr náttúruleg ummerki eins og vatnaskil, vötn og vatnsföll. Landsvæði neðan Svartöldu og Gilsárvatna er í raun í lítilli fjarlægð frá byggðinni í Fljótsdal, á mælikvarða jarða á Austurlandi. Sterk rök standa til þess að heimaland jarðanna hafi a.m.k. náð þangað í öndverðu.

### 3.2 Saga svæðisins. Heimildir um heimaland Valþjófsstaðar og svæðið Undir fellum.

Landnámabók nefnir Brynjólf gamla Þorgeirsson landnámsmann, sem nam víðfemt svæði, þ.e. Fljótsdal ofan Hengifossár (að norðanverðu) og ofan Gilsá (að austanverðu), Skriðdal allan og Velli út til Eyvindarár. Brynjólfur ráðstafi Skriðdal til Ævars hins gamla.

Í Jökuldal, handan Fljótdalsheiðar er nefnt landnám Skjöldólfs, sem náði frá Hnefilsdalsá. Efri marka var ekki getið en kann að hafa verið að Hölná. Þá er nefnt landnám Hrafnkels Hrafnssonar (Freysgoða), á síð landnámstíð, sem tók til Hrafnkelsdals.

Samhengis vegna er gagnlegt að huga að afdrifum byggðar í Hrafnkelsdal og þá þróun sem varð á tilgreiningu á landeignum Valþjófsstaðar. Samkvæmt heimildum vegna Hrafnkelsdalsmála 1782-1783, var um 20 býla byggð í Hrafnkelsdal og þar m.a. kirkja á Bakkastað. Byggðin fer í eyði og er það tengt við svartadauða 1402.<sup>1</sup> Líklegt er að byggðinni hafi þó verið farin að hnigna fyrr, enda ljóst að Valþjófsstaður á samkvæmt Vilchins-máldaga Selland í Laugarhúsum í Hrafnkelsdal. Sú staða að byggðin í Hrafnkelsdal fer í eyði um árið 1400, sem og austurhluti efra-Jökuldals, t.d. svokallaður Rani, hefur mikla þýðingu varðandi greiningu á þróun þess hvaða land var talið falla undir kirkjuna á Valþjófsstað og Skriðuklaustur.

<sup>1</sup> Sjá t.d. skjal 2-158 sem er bréf, dags. 12. maí 1782, Finns Jónssonar biskups í Skálholti, þar sem hann leiðréttir sýslumann varðandi það að svartidauði gekk yfir Ísland 1402, en ekki um 1350, eins og víðast í Evrópu. Í bréfinu kemur fram að ekki sé nákvæmlega ljóst hvenær byggðin fór í eyði. Í síðari bréfaskiptum á vegum ábúenda Aðalbóls snemma á 19. Öld, er því haldið fram að byggðin hafi farið í eyði í plágunni miklu, 1495. Rétt er að þá gekk svartidauði aftur yfir landið, en rökréttara er að hún hafi farið í eyði fyrr.

Í Vilchins-máldaga 1397 kemur fram að Valþjófsstaður eigi heimaland allt. Þar er einnig nefnt að kirkjan eigi land undir kleif fram frá Þuríðarstöðum undir jökla með öllum gæðum. Utan skóg. Valþjófsstaður á þá selland að Laugarhúsum.

Samkvæmt umfjöllun í Íslensku fornabréfasafni, 1. bindi, um Máldaga Bessastaðakirkju frá 1203, eignaðist Valþjófsstaðakirkja allt heimaland Valþjófsstaðar 1306 og varð staður. Af Vilchins-máldaga má ráða að kirkjan á Valþjófsstað var þá orðin mun fremri Bessastaðakirkju.

Það athugast að heimaland staðarins var það land sem tilheyrði upphaflega jörðinni Valþjófsstað, en tengist ekki því hugtaki að land ofan jarðarinnar Valþjófsstaðar hafi verið nýtt til beitar eða ekki, sbr. löggjöf um fjallskil varðandi heimalönd og afrétti.

Vilchins-máldagi er mikilvægt skjal til þess að meta hvað taldist heimaland Valþjófsstaðar áður en farið var að vísa til lands jarðarinnar yfir að Jökulsá. Sérstök athygli er vakin á því að ekki er gerð grein fyrir neinu afréttarsvæði eða sérstökum landsvæðum á Fljótsdalsheiði ofan Valþjófsstaðar. Teldist slíkt svæði ekki heimaland Valþjófsstaðar, hefði þeirra verið getið sérstaklega.

Merkilegt er að Valþjófsstaðakirkja á 1397 svokallaðar Búðatungur sem eru fyrir innan Geitldal í Skriðdal. Einnig er vísað til þess að kirkjan eigi alla skóga frá lækjum fyrir utan maríutungur (sem liggja inn undir Vatnajökli).

Sérstök afmörkun á heimalandi kemur fyrst fram í lögfestu frá 1484, sem skrifuð var upp 1653. Heimalandið er þar sagt vera landið sem liggur milli merkigaráðs og Ljósár og „norður“ í Jökulsá. Lögfestan er talin falsbréf að einhverju marki, en það kann að hafa varðað þýðingu skjalsins vegna þrætu við Víðivelli um svokallað Hólmaland (þ.e. niður í Fljótsdal). Skjalið sýnir hins vegar að land Valþjófsstaðar í Fljótsdal náði að Ljósá. Ljósá er fyrir utan hjáleiguna Hól, sem ber um að Valþjófsstaður hefur síðar aukið við land sitt að Þuríðarstöðum, sem Valþjófsstaður átti um aldir.<sup>2</sup> Bréfið lýsir þó altént þeirri hugmynd að Valþjófsstaður eigi land allt að Jökulsá á Dal, fyrir utan Þuríðarstaði, og það land er ekki sérstaklega tilgreint sem afréttur eða sérstök eign.

Skjöl um landeign kirkjunnar varða hins vegar fremur að land Valþjófsstaðar í sem liggur að landinu undir Kleif og fram til jökuls og við Maríutungur, stækki að Snæfelli og til Jökulsár á Dal og út til Hrafnkeldalsenda.<sup>3</sup> Á þessum tíma er ekki vísað til þess að landareign Valþjófsstaðar fyrir utan Þuríðarstaði nái að Hrafnkeldal.

Í visitasíu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 er fjallað um Valþjófsstað og sérstaklega um heimaland. Í visitasíunni er gerð grein fyrir löndum Valþjófsstaðar og vitnisburðum eignarhald á landi undir Keif og fram í jökul, landi milli Snæfells og Jökulsár og Hrafnkeldal og Örafi, millum Jökulsárna beggja. Ekki eru því sérstaklega talin upp heiðarsvæði ofan byggðarinnar í Fljótsdal. Umfjöllun um heimalandið verður að skoðast í ljósi þessa, en þar er vísað til þess að landamerki við Þuríðarstaði liggja í garði fyrir utan Ljósá (þ.e.

<sup>2</sup> Þuríðarstaðir virðast ekki hafa verið eign Valþjófsstaðar 1397, þar sem vísað er til lands undir Kleif, fram frá Þuríðarstöðum. Valþjófsstaður hefur eignast Þuríðarstaði fyrir 1560, skv. jarðaskrá Valþjófsstaðar það ár, sbr. skjal 4-67. Þuríðarstaðir hefur verið stór jörð, enda virðist land hjáleigunnar Hóls hafa fallið þar undir og e.t.v. voru Egilsstaðir í Fljótsdal tengdir jörðinni.

<sup>3</sup> Sbr. t.d. bréf um vitnisburð um fyrirkomulag lambareksturs fram á staðaröræfi, frá 1517 og svokallað Hrafnkeldalsbréf frá 15. maí 1552.

mun utar en síðar varð), þá segir að vestann ræður fiallið, að utann úr Fiallinu í Grjóthrygginn sem ofan eftir liggur fjallinu, þaðan ofan eftir merkjagarði í Jökulsá.

Vegna þessarar lýsingar er sérstaklega tekið fram að merking orðsins fjall virðist þarna geta verið heiðin eða hálandið fyrir ofan Valþjófsstað. Slík lýsing vísar til heiðarinnar að vatnaskilum.

Í visitasíunni er kveðið á um að prestur eigi að gera grein fyrir landamerkjum kirkjujarða Valþjófsstaðar.

Lýsingu Visitasíunnar á heimalandi verður að setja í samhengi við vitnisburð Jóns Eyjólfssonar frá 1670 um landamerki milli Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs. Þar eru landamerkjum lýst úr garði sem liggur upp eftir Nesinu þaðan sjonhending uppi fjall og þaðan í stóan stein sem stendur utanntil í Eivindarfailla Ytra en þaðan réttlýnis Norður í Jökulsá. Sýnt er að Visitasía Brynjólfs gerði með engum hætti grein fyrir stærstum hluta af landi Valþjófsstaðar ofan byggðarinnar í Fljótsdal, nema á þeim grundvelli að það svæði sem liggur á Fljótsdalsheiði fyrir utan Þuríðarstaði, teldist heimaland samkvæmt lýsingu visitasíunnar.

Ártal vitnisburðar Jóns Eyjólfssonar má setja í samhengi við kröfur Valþjófsstaðar til lands í Hrafnkelsdal, en e.t.v. enn frekar stöðu Ranaafréttar milli Hölknár og Eyvindarár. Vísað er til vitnisburðar um Ranaafrétt, dags. 18. maí 1678, um að Ranaafréttur hafi verið afréttur allra Fljótsdælinga. Jafnframt svokölluðum „dómtitli“ um Ranaafrétt, dags. 6. maí 1679, um heimild til að afleggja afrétt Skriðuklausturs. Niðurstaðan var sú að klausturhaldara væri það ekki heimilt og var vísað til ákvæða Jónsbókar um að „svo skuli almenningar vera sem að fornu hefði verið. Ranaafréttur er landið milli Hölknár og Eyvindarár sem falla til Jökulsár á Dal, og það voru því hagsmunir Valþjófsstaðar að merki til þess lands væru skýr.“

Af umfjöllun um mál tengd Ranaafrétt á 17. öld, var þar einungis fjallað um land Jökuldalsmegin vatnaskila og ekki önnur svæði til umfjöllunar. Niðurstaða Óbyggðanefndar varðandi afmörkun Ranans og þjóðlendu tók hins vegar mið af umfjöllun um afréttarmál og fjallskilaf framkvæmd á 19. öld.

Með lögfestu Valþjófsstaðar 1794<sup>4</sup> er ekki sérstök lýsing á heimalandi staðarins, heldur vísað til heimalands, undirliggjandi jarðir Hrafnkelsdal og öræfi öll. Landamerkjalinan við Skriðuklaustur er þar tilgreind. Á þessum eru allar jarðir innan línurnar eign Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar byggir á að eiga allt svæðið. Tilgreining lands undir Kleif og stöðu Þuríðarstaða er því ekki nauðsynleg. Í úrskurði Óbyggðanefndar bls. 93, er sett fram sú ályktun að *af samhengi þess texta sést að sú lína er bæði sögð skilja á milli „öræfa“ Valþjófsstaðar og lands Skriðuklausturs og á milli Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs.* Ekki er tekið undir þessa ályktun, nema hvað varðar það lands sem liggur næst Hrafnkelsdal. Land Valþjófsstaðar upp Fljótsdalsheiði ofan byggðar í Fljótsdal, milli Þuríðarstaða og Skriðuklausturs, hafði á þessum tíma aldrei verið tilgreint sem sérstök landareign, heldur féll undir lýsingu heimalands, beint eða óbeint.

Þegar komið er fram á 19. öld tekur umfjöllun um land Valþjófsstaðar mið af því að kirkjan telur allt land innan landamerkja Skriðuklausturs milli Jökulsáa vera eign Valþjófsstaðar. Ekki er þörf á sérstakri aðgreiningu.

Í lýsingu Valþjófsstaðakirkjubrauðs 1839 segir að meðal hlunninda prestakallsins megi telja 2 Afréttarlönd, sem árlega eru brúkuð í meir og minna lagi til skiptis fyrir her umm 1500 Fjár. Í hvörjum einnig er nokkur

<sup>4</sup> Skjal 2-145

Grastekja. Þá segir að Afréttir þessi eru millum beggja Jökulsáanna í Fljótsdal og Jökuldal og ná inn til Jökla, og út til landamerkjanna millum Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs.

Athygli er vakin á því að í þessari lýsingu er ekki vísað til þess hve langt niður að Fljótsdal afrétturinn nær. Í raun er að álykta að afrétturinn nái að Skriðuklausturslandamerkjum á norðanverðri Fljótsdalsheiði, enda ekkert minnst á að svæðið liggja t.d. að Egilsstöðum eða Þuríðarstöðum, eða niður að Valþjófsstað milli Þuríðarstaða og Skriðuklausturs.

Í brauðamati Valþjófsstaðar frá 1861 er tiltekin að Fellnaafrétt sé notuð fyrir prestinn sjálfan. En þriðjungur Ranaafréttar og Vesturöræfi eru leigð.

Í sóknarlýsingu Stefáns Árnasonar frá árinu 1840-1841 segir m.a. að Fellnaafréttur sé í kringum Snæfellið og tilheyrir Valþjófsstað.

Í sóknarlýsingu Péturs Jónssonar prests á Valþjófsstað frá árinu 1873 segir að heiðin fyrir innan byggðina sé afréttur og tilheyrir sérhvers landstærð. Þar fyrir innan taki við „...Fellnaafrétt sem Valþjófsstaðarkirkja á.“

Í ofangreindum sóknarlýsingum birtist í raun að Fellnaafréttur/Undir fellum nær ekki út að landamerkjum við Skriðuklaustur. Svæðið er í raun tengt hinu forna svæði, land undir Kleif inn að jöklum. Hins vegar má álykta að sá hluti Ranaafréttar sem var innan Valþjófsstaðar nær að mörkum við Skriðuklaustur, en þar er landfræðilega um ræða svæði Jökuldalsmegin vatnaskila Fljótsdalsheiðar.<sup>5</sup>

Á þessum tíma kemur fram elsta heimildin um afmörkun afréttarins Undir fellum, það er svokallaðs Fellnaafréttar. Afmörkunin er tillaga hreppstjóra Fljótsdalshrepps og meðráðamanna hans um gangnamörk, dags. 18. desember 1864. Tilefni afmörkunarinnar er erindi sýslumanns 13. júní 1864, sem varðaði framkvæmd fjallskila. Ranaafréttur er þar afmarkaður mun stærri en það almenningssvæði sem Rani var talinn á 17. öld. Svæðið er látið ná yfir miðheiðarháls og að Gilsárvötnum.

Afrétturinn Undir fellum er afmarkaður svo:

*„Bessastaðaá norður að Gilsárvötnum síðan ráða þaug, enn frá þeim beina línu að Aðalbolsveigji þá ræður hann norður að Þorirstaðakvísl síðan hún inn í drag það sem liggur, inn með öldu þeirri sem er inn og suður af þræla hálsi, þaðan beint inni laugarárdrag og svo inn með því að austan beint í grábergshnúk, þaðan vestur í grjótárdrag, og svo inn alla sanda fyrir austan hnúka, alt að Jökulkvísl þá ræður hún að innan suður að vatni því, er hún fellur úr við Jökulinn, enn þaðan ræður jökullinn að Jökulsá og hún úr því út að agsará.“*

Ljóst er að lýsingin tekur til alls þess svæðis sem vísað var til Vilchinsmáldaga sem lands undir Kleif og fram til jökla. Jafnframt er svæðið látið ná út Fljótsdalsheiði allt að Bessastaðaá, sem fellur niður fyrir utan Skriðuklaustur. Lýsingin nær því til svæðis sem er hluti lands Valþjófsstaðar milli Þuríðarstaða og Skriðuklausturs, sem aldrei hefur verið tiltekin sem sérstök landareign eða tengt aukningu lands Valþjófsstaðar. Verður fjallað um það nánar hér á eftir.

Lýsing á afréttarsvæðinu verður tilefni til ályktana Óbyggðanefndar um afmörkun heimalands Valþjófsstaðar og stöðu afréttarlandsins undir Fellum, eins og rakið hefur verið áður.

<sup>5</sup> Sjá t.d.: Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá 1874 segir að Fljótsdælingar og Fellnamenn hafi átt upprekstur fyrir norðan Miðheiði (Fljótsdalsheiði), einkum á Ranaafrétt [...] og tilheyrir Skriðuklaustri og Valþjófsstað

### 3.3 Staða Fljótisdalsheiðar ofan byggðarinnar í Fljótisdal.

Landeigandi byggir á því að ekki sé tilefni til annars en að telja að heimaland Valþjófsstaðar hafi a.m.k. náð að vatnaskilum Fljótisdalsheiðar. Slík ályktun er nærtæk ef landamerki jarða í Fljótisdal eru skoðuð, landamerki á Austurlandi og víðar á landinu þar sem sambærilegar aðstæður eru til staðar. Elsta heimild um heimaland Valþjófsstaðar frá 1448 gerir þó ráð fyrir að land jarðarinnar liggja að Jökulsá á Dal, en á þeim tíma hafði byggð í Hrafnkelsdal riðlast mjög.

Í raun virðist niðurstaða Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, fela í sér að Valþjófsstaður er látinn gjalda fyrir það hve ítarleg og mörg gögn eru til um jörðina frá því áður en landamerkjabréf var gert árið 1885. Það kann að hafa komið í veg fyrir að dregið hafi verið fram hvaða hluti lands jarðarinnar hefur aldrei komið fram ágreiningur eða vafi um eignarréttarlega stöðu á. Afréttarsvæðin eru nú nefnd Vesturöræfi, hluti svæðisins Rana og afréttarsvæðið Undir Fellum.

Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að stöðu þess hluta Valþjófsstaðar sem liggur ofan byggðar í Fljótisdal (en ekki innan byggðarinnar) upp að vatnaskilum við Jökuldal. Í úrskurði Óbyggðanefndar, bls. 103, birtist sú afstaða að öll afréttarsvæðin eru lögð að jöfnu og sagt að Valþjófsstaður hafi ekki tekist sönnun um eignarréttarlega stöðu lands. Með þessu hefur verið litið fram hjá ólíkri stöðu svæðanna sem birtist í eldri heimildum um Valþjófsstað, þ.e. um land undir Kleif og inn að jökli, Vesturöræfi, Hrafnkelsdal og hluta Rana.

Í vitnisburði, dags. 18. mars 1679, vitnuðu tíu menn um að til Ranaafréttar teldist allt land milli Hölknár og Eyvindarár, fram á milli Eyvindarfjalla og ofan að Jökulsá. Síðar var farið að nota nafnið Rana yfir mun stærra svæði. Á þessum tíma hafði Klaustursel í Jökuldal (svæðið fyrir utan Rana) tilheyrt Skriðuklaustri lengi, enda vísar heiti jarðarinnar beinlínis til þess að jörðin hafi verið sel Skriðuklausturs. Hins vegar var meiri óvissa um svæðið fyrir innan, þ.e. Hrafnkelsdal og þar innar Vesturöræfi. Landfræðilega er Rani svæði sem nær að vatnaskilum á Fljótisdalsheiði, þ.e. drög Eyvindarár og Hölknár sem falla í Jökulsá á Dal.

Ekki liggur fyrir lögformleg lýsing á afréttarsvæðinu Undir Fellum. Elsta heimildin um afmörkun þess er tillaga hreppstjóra Fljótisdalshrepps og meðráðamanna hans um gangnamörk, dags. 18. desember 1864, sem rakinn hefur verið. Í niðurstöðu Óbyggðanefndar, bls. 97, segir með vísan til afréttarmarkanna að; *Samkvæmt framangreindu benda heimildir til þess að hluti þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Valþjófsstaðarkirkjueignar tilheyri afréttinum Undir Fellum.*

Gögn málsins bera hins vegar um að afrétturinn Undir fellum, í þeim skilningi að hann nái út á Fljótisdalsheiði fyrir ofan Valþjófsstað, er fyrst nefnt seint á 19. öld. Svæðið Undir Fellum eða Fellnaafrétt vísaði samkvæmt eldri heimildum til svæðis nærri Snæfelli og fellanna í kring. Afmörkun út á Fljótisdalsheiði er gerð vegna fjallskilaframkvæmdar á 19. öld.

Aðferðafræði Óbyggðanefndar er í raun sú að nota lýsingu (tillögu) á fjallskilaframkvæmd frá 1864 til að afmarka heimaland í samræmi við lýsingar á heimalandi Valþjófsstaðar frá 15.-18. aldar. Í heimildum um Valþjófsstaðakirkjueign var land, sem liggur upp á Fljótisdalsheiði fyrir ofan Valþjófsstað aldrei tilgreint sérstaklega sem sérstök landeign. Svæðið hefur því annað hvort verið talið óbeint sem heimaland eða það beinlínis tekið fram í sumum heimildum. Eignarréttarleg staða þessa lands að vatnaskilum á Fljótisdalsheiði hefur aldrei verið véfengd eða verið óviss, en hins vegar komu slík álitaefni beinlínis fram vegna lands við Hrafnkelsdal og Rana, sem liggur Jökuldalsmegin vatnaskila Fljótisdalsheiðar.

Þar sem Óbyggðanefnd lagði að jöfnu stöðu alls lands innan afréttarsvæðisins Undir fellum skv. tillögu hreppstjóra frá 1864, óháð eldri heimildum og óháð landfræðilegum aðstæðum, t.d. að landið er í raun skammt frá Valþjófsstað, komst nefndin að þeirri niðurstöðu á grundvelli sönnunarmats að fallast ætti á þjóðlendukröfu íslenska ríkisins í máli nr. 1/2005. Afstaða Óbyggðanefndar kom fram í þeim orðum að þjóðlendumörk væru a.m.k. ekki vestar en kröfulína ríkisins. Landeigandi telur þetta sönnunarmat ekki rétt, þegar litið er til eldri heimilda og annarra aðstæðna.

### 3.4 Sönnunarbyrði og sönnunarmat

Landeigenda telur sönnunarmat Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, vegna lands Valþjófsstaðar á ytri hluta Fljótsdalsheiðar, upp á milli Þuríðarstaða og Skriðuklausturs allt að vatnsskilum ekki rétt. Úrskurðurinn var staðfestur af Hæstarétti sem felur að óbreyttu í sér að ályktanir málsins verði ekki endurskoðaðar á þessum vettvangi varðandi landsvæðið sem varð þjóðlenda.

Sjónarmið um bindandi þýðingu niðurstöðu samkvæmt fyrri málsmeðferð eru ítrekuð. Hins er Óbyggðanefnd, miðað við lagaskilning íslenska ríkisins á þýðing endurtekinnar málsmeðferðar skv. lögum nr. 34/2020, óbundin af röksemdafærslu og ályktunum fyrri Óbyggðanefndar og dómi Hæstaréttar varðandi úrskurð í máli nr. 1/2005, þegar kemur að umfjöllun um svæðið sem kröfulýsing ríkisins nær nú til. Ný og óháð Óbyggðanefnd hefur því fulla heimild til þess að taka afstöðu til þeirra sjónarmiða sem landeigendur byggja á og láta þau sjónarmið hafa þýðingu við sönnunarmat.

Varðandi sönnunarmat er sérstaklega bent á að það svæði sem þjóðlendukrafa er nú gerð til er skammt frá byggðinni í Fljótaldal og Valþjófsstað. Þjóðlendulínan frá 2005 er í raun aðeins um 6 km frá bænum Valþjófsstað og nýja kröfulínan í 1-2 km fjarlægð. Staðhættir beinlínis mæla með því að svæðið sé eignarland, sbr. skipulag landamerkja og eignarlands jarða almennt á Austurlandi. Svæðið er að stórum hluta undir 600 m.y.s., og víða grasgefið. Afnot svæðisins hafa verið víðtækari en beitarnot eða venjuleg afréttarnot, m.a. grasatekja, slægjur, skotveiðar o.fl.

### 4. Almenn lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Fljótsdal leiði til þess að lýsing landnámu á upphaflegu landnámi sé skýr. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þegar litið er til eldri heimilda hefur umrætt svæði ekki verið talið afréttur, hvað sem líður fjallskilaframkvæmd þegar leið á 19. öld.

Ekkert bendir til að landsvæði ofan byggðar í Fljótsdal, rétt ofan fjallsbrúnar, og hefur fallið undir fjallskilasvæðið Undir fellum frá miðri 19. öld, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar.

Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>6</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Svæðið rétt ofan byggðar í Fljótsdal hentaði ekki til slíks, heldur voru hin fornu afréttarsvæði mun fjær byggð, sbr. t.d. landið undir Kleif, Raninn handann vatnaskila og Mariutungur.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekk nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga.

<sup>6</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.



Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umprættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbýrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallögum sönnunargögnum.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála

Landamerkjalög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.


#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar

Egilsstöðum, 22. dag febrúarmánaðar 2023.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda



Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda ásamt yfirlýsingu um eigendabreytingu

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Hamborgar

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022, þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

### I. Aðild og fyrisvar.

Jörðin Hamborg landnr. 156-957, er þinglýst eign Árna Jóns Þórðarsonar, kt. 300689-3299 og Stefáns Þórs Arnarsonar, kt. 041081-4229. (Vísað verður til þeirra sem landeiganda).

Fyrisvar fyrir Óbyggðanefnd hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 27. apríl 2021 og 25. mars 2021.

### II. Kröfugerð.

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, eins og hún kemur fram í gögnum inn á landi Hamborgar, og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka er eignarland, samanber merkjalýsingu fyrir Hamborg og tilgreinda merkjapunkta.

Land sem þjóðlendukrafa ríkisins vísar til, sbr. kafla 6.1. í kröfugerð ríkisins dags. 14. nóvember 2022, virðist eiga að liggja á merkjum við Hamborg, en ákveðið misræmi og óskýrleiki kemur fram í gögnum málsins.

Krafa um eignarland Hamborgar er því, að innan úr Jökulsá á Fljótsdal (1) upp farveg svokallaðrar Melakvíslar (2), þaðan upp Bessastaðaá (3) að Eyvindarkeldu (4) og þaðan bein stefna á miðheiði í merkjavörðu ytri, (merkt LM eins og hin varðan) (5), þaðan út Miðheiðarháls (6), og þaðan eftir lína um vörðu á Grjótups (7) og heiðarbrún (8). Niður í Innri Bessastaðalæk, (9) þaðan í grafning í fjallinu (10), og yfir Bessastaðaá (11) og niður á gömlum engjamörkum neðan Bessastaðaár og í Jökulsá í Fljótsdal (12). Þaðan upp með Jökulsá í Fljótsdal. Ótalinn er jarðarhlutinn Hamborgarnes utar með Jökulsá í Fljótsdal.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður.

#### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu.

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu Skriðuklausturs, dags. 27. ágúst 1922 og eldri merkjalýsingum fyrir jörðina. Jafnframt er byggt á skýrslu um landamerki Bessastaða og Hamborgar, dags. 15. desember 1921. Þá er byggt á landamerkjabréfi fyrir Bessastaði og Hamborg, dags. 12. júní 1884. Einnig er stuðst við merkjalýsingu Fossgerðis.

Mikilvægt er að í merkjalýsingu Skriðuklausturs o.fl. lýsingum kemur fram að merkjapunktur ráðast af tveimur vörðum, sbr. þessa lýsingu;

*Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá upp á Fjallsb'run í Eyvindarkeldu og þaðan bein stefna í miðheiði í merkjavörðu (ytri) (merkt LM á jarðfastan stein og hlaðin varða ofaná). Þaðan inn Miðheiðarhals í merkjavörðu fremri (merkt L.M. eins og hin varðand). Þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klapparlækjarflóða og þaðan í Eyvindará.*

Afmörkun lands í kröfulýsingu landeiganda og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu.

## 2. Röskun hagsmuna landeigenda.

Fyrirliggjandi kröfulýsing íslenska ríkisins er ónákvæm og ákveðið ósamræmi í henni, með tilliti texta kröfugerðarinnar og korta meðfylgjandi kröfulýsingunni. Að nokkru marki er þetta að rekja til ónákvæmni og ósamræmis sem kom fram í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005, m.a. varðandi úrskurðarorð og kort sem sýndu úrskurðarlínur um þjóðlendu. Út frá rannsóknarskyldu Óbyggðanefndar er nauðsynlegt að upplýsingar um staðhætti komi fram með réttum hætti í gögnum máls. Í því ósamræmi sem felst í gögnum málsins felst að íslenska ríkið vísar til lands Hamborgar sem lands sem þjóðlendu krafa nær til. Jafnframt hefur Óbyggðanefnd áður fjallað um land Hamborgar með slíkum hætti. Við þessa stöðu getur landeigandi ekki unað og setur því fram kröfulýsingu þessa.

Við kröfulýsingu íslenska ríkisins við málsmeðferð í máli nr. 1/2005, gerði ríkið þjóðlendu kröfu til svæðis um línu, frá Ósi Hólmavatns, þaðan beint í innri merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi sem er hornmark við Fossgerðisland. Síðan er dregin lína þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klapparlækjarflóða og þaðan í Eyvindará.<sup>1</sup>

Í úrskurði Óbyggðanefndar í málinu kemur fram að þjóðlendlína sé dregin frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og dregin lína í stefnu á ósinn úr Hólmavatni. Þjóðlendumörkum er svo lýst réttisælis m.v. merkjalýsingu Valþjófsstaðar, út með Jökulsá á Dal og svo upp með Eyvindará. Þá miðast þjóðlendlína við Eyvindará þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er frá merkjavörðu (merkt L.M.) í Miðheiðarhálsi og þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klapparlækjarflóða og í Eyvindará.<sup>2</sup> Lýsingin kemur einnig fram í úrskurðarorði.

Í úrskurðarorði úrskurðar 1/2005 er ekki gerð grein fyrir hvora merkjavörðuna er um að ræða. Hins vegar má með skoðun úrskurðarkorts á vef Óbyggðanefndar, að „merkjavarðan“ er bæði notuð sem merkjapunktur við Fossgerði (nú jörðina Klaustursel) og Hamborg. Af landamerkjalyýsingum er ljóst fremri (innri) varðan er landamerkjapunktur Skriðuklausturs við Fossgerði (nú Klaustursel), en ytri landamerkjavarðan er landamerkjapunktur gagnvart Hamborg að utan, en gagnvart Fossgerði/Klausturseli á miðheiði.

Þá eru úrskurðarkort samkvæmt úrskurði í máli nr. 1/2005 með þeim hætti að „merkjavarðan“ er staðsett u.þ.b. 2 km utar á Fljótisdalsheiði en hún er í raun. Svæðið sem merkjavarðan afmarkar nær í raun yfir allt land Hamborgar á miðheiðarhálsi og allt út í land næstu jörð fyrir utan, Bessastaði.

<sup>1</sup> Sjá bls. 7 í úrskurði nr. 1/2005.

<sup>2</sup> Sjá bls. 86 í úrskurði nr. 1/2005.

Þetta leiðir einnig til þess að stefnan frá merkjavörðunni í ós Hólmavatns er röng, og hefur bæði áhrif á þjóðlendumörk Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar. Eins er stefnan að vörðu í Klapparlækjarflóa og að Eyvindará röng, sem hefur áhrif á þjóðlendumörk við Klaustursel. Til að gera grein fyrir því misræmi sem þetta hefur eru sett fram tvær skýringarmyndir sem fylgiskjöl.<sup>3</sup>

Við kröfulýsingu íslenska ríkisins í máli þessu er vísað til upphafspunkts, frá merkjavörðu í Miðheiðarhálsi merkt LM.<sup>4</sup> Ótilgreint er hvaða merkjavörðu er átt við. Þá er dregin bein lína suðaustur á fjallsbrún í Eyvindarkeldu.

Kröfulýsingarkort sem fylgir kröfulýsingunni, gerir grein fyrir því að línan sé dregin úr þeim stað sem úrskurðarkort frá 2005 gerðu grein fyrir merkjavörðu. Misræmi sem í þessu felst er tvíþætt.

- Þjóðlendulínan er dregin mun utar á Fljótsdalsheiði en raunveruleg staðsetning merkjavörðunnar er og þannig gert ráð fyrir allur hluti lands Hamborgar að Miðheiðarhálsi verði þjóðlenda og í raun hluti næstu jarðar fyrir utan, þ.e. Bessastaða. Stór sneið af Hamborg fellur því undir þjóðlendulínu skv. kröfulýsingarkorti.
- Í öðru lagi þá felst í þessu það misræmi að umrædd merkjavörða virðist bæði notuð sem hornpunktur við eignarlönd Hamborgar og Fossgerðis/Klaustursels gagnvart þjóðlendu. Upphafleg kröfulýsing íslenska ríkisins frá 2005, vísaði til innri vörðunnar sem var hornpunktur við Fossgerði. Ytri varðan er hornpunktur vegna Fossgerðis.

Loks er nefnt að staðsetning Eyvindarkeldu er samkvæmt kröfulýsingarkorti ónákvæm og virðist hún merkt nokkuð utar en hún raunverlega er staðsett.

### 3. Almenn lagasjónarmið

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar.

Landeigandi byggir á því að landfræðilegar aðstæður í Fljótsdal leiði til þess að lýsing landnámu á upphaflegu landnámi sé skýr. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þegar litið er til eldri heimilda hefur umrætt svæði ekki verið talið afréttur, hvað sem líður fjallskilaframkvæmd þegar leið á 19. öld.

Svæði sem kröfulýsing tekur til hefur aldrei haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og

<sup>3</sup> Annað er kort sem byggir á grunnkorti frá Landsneti, þar sem réttar línur höfðu að hluta til verið settar inn, þ.m.t. báðar landamerkvavörður. Staðsetning þjóðlendu línu skv. úrskurðarkorti hefur verið færð inn með einfaldri teikningu. Hitt kortið/loftmynd er unnið úr landupplýsingagrunni, þar sem að hluta til hafa verið skráðar hnitsettar landareignir. Sérstök athygli er vakin á því að merki Valþjófsstaðar sýna stefnu úr ósi Hólmavatns til rangrar staðsetningar landamerkvavörðu á Miðheiðarhálsi.

<sup>4</sup> Sjá bls. 36 í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

afréttir,<sup>5</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Svæðið rétt ofan byggðar í Fljótssdal hentaði ekki til slíks, heldur voru hin fornu afréttarsvæði mun fjær byggð, sbr. t.d. landið undir Kleif, Raninn handann vatnaskila og Mariútungur.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarrí byggð en ýmsar heimildir eru um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrir en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekk nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið

<sup>5</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála

Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fíorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar

Egilsstöðum, 22. dag febrúarmánaðar 2023.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda



Jón Jónsson hrl

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignamatsvottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Kort frá Landsnet, sem sýnir legu merkja á miðheiði Fljótsdalsheiðar. Loftmynd.
5. Yfirlýsing um hnitsetningu landamerkjavarða á miðheiði o.fl.

Viðtakandi:  
Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík.

## Kröfulýsing eigenda Kverkártungu, F2170696, L156365 vegna nýrrar kröfulýsingar ríkisins um mörk þjóðlendna og eignarlands á þegar dæmdum svæðum.

Kröfulýsing gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022, þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

### I. Aðilar.

Sóknaraðili: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 101 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins.

Varnaraðili: Kverkártunga ehf., kt. 530318-1170, Stafnaseli 5, 109 Reykjavík.

### II. Kröfugerð.

Eigendur Kverkártungu gera eftirfarandi kröfu í máli þessu:

*Aðallega* að óbyggðanefnd synji um fyrirtöku málsins.

*Til vara* er þess krafist að óbyggðanefnd vísi málinu frá sér.

*Til þrautavara* að öllum kröfum ríkisins verði hafnað og staðfest verði fyrri niðurstaða óbyggðanefndar og héraðsdóms Austurlands um mörk eignarlands og þjóðlendu fyrir landi Kverkártungu. Þess er krafist að viðurkennt verði að eftirfarandi svæði sé eignarland varnaraðila: Upphafspunktur er við ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðarár (1) og er Miðfjarðará, sem ræður austurmörkum svæðisins, fylgt til suðurs allt að þjóðlendumörkum syðsta hluta Kverkártungu, nánar tiltekið þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu (2). Er þjóðlendumörkum fylgt til norðvesturs að þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu (3). Frá þeim punkti er Litlu-Kverká fylgt allt að upphafspunkti.

*Til þrautþrautavara* er gerð krafa um að viðurkennd verði afréttareign varnaraðila, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga 58/1998

Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi sóknaraðila.

### III. Málflutningsumboð og fyrirsvar.

Fyrirsvarsmaður íslenska ríkisins í málinu er ráðherra fjármála- og efnahagsmála, Bjarni Benediktsson, kt. 260170-5549.

Lögmenn sóknaraðila eru Edda Björk Andradóttir, Andri Andrason og Jóhannes Tómasson, hjá Juris slf.

Fyrirsvar varnaraðila er hjá Árna Gunnarssyni, kt. 180848-4449, stjórnarformanni og Helga Þórhallssyni, kt. 040749-3659, framkvæmdastjóra.

Lögmaður varnaraðila er Hilmar Gunnlaugsson hjá Sókn lögmennsstofu.

### IV. Málsatvik.

Jörðin Kverkártunga var stofnað sem nýbýli á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776

árið 1850.<sup>1</sup> Búið var á jörðinni til ársins 1937, en hún hefur verið í eyði síðan.

Byggt er á því að land Kverkártunga hafi fyrst verið byggt á tímabilinu 1817 til 1835, þ.e. á þeim tíma sem Páll Melsteð var sýslumaður í Norður-Múlasýslu.

Í kröfulýsingu ríkisins vegna jarða í Þistilfirði, frá árinu 2004, er sagt að jörðin Kverkártunga hafi verið reist sem nýbýli árið 1845.

Í jarðamati Norður-Múlasýslu árið 1849, segir um Kverkártungu: *Kverkartunga nybyli; ... heyskapur ördugur en vidfeingjinn og heyfall gott; ... afrettarland nægilegt; ...*

Varnaraðili telur óumdeilt að formlega hafi verið gengið frá stofnun nýbýlisins þann 17. júní 1850 með útvísunargerð, og nýtur það stoðar í gögnum málsins. Liggur útvísunargerðin í skjölum málsins, en þar segir:

*Almenningur þessi eda Kverkártunga sem svo er köllud er afmörkud af 2r ekki alllitlum Vatnsföllum nl. ad Nordan af Kverká og ad austan af Midfjardará sem bádar koma sunnan ur Strandaheidi; og hafa upptök sín skammt hver frá annari, fellur Midfjardará mikid til beint til siáar frá upptökum sínum, en Kverká bugar skamt frá upptökum vestur á vid þannig ad hún um stund fellur til útnordurs, en þegar leingra dregur úteptir begist hún austur á vid uns hún fellur í Midfjardará og mindar adr nefnda túngu sem þannig verdr langbreidust um midbikid. Land þetta er á ad giska rúmar 2 Milur á lengd úr tunguspordinum fram á fremstu grös og ½ til ¾ Míla á breidd þar sem það er breidast en miög svo er það hrjóstrugt og blásid þá eru töluverd flóasund her og þar einkum austanmegin og lika medfram Kverká, svo þar má hafa nokkurn heyskap. Bædi eigandi Midfjardar og Midfjardarnessels Þorsteinn Þorsteinsson, sem og ábúendur jardanna Midfjardarness og Saurbæar gefa til kynna ad þeir hvorki giori eda geti gjört nokkurt tilkall til lands þess sem liggur milli Kverkár og Midfjardará. Allan þenna Almenning álíta skodunarmennirnir ekki stærri né betri enn svo ad samsvari medallags godri 4 hndr. jörd her austanlands og þegar land skal útleggja til jardar sem byggileg sé er eingin efi á því ad allan Almenning milli ádrgreindra ummerkia verdr ad útleggja svo ekkert verdr afgang. Nybylinu Kverkártungu var því næst útlagt allt land milli Midfjardará og Kverkar og svolangt fram til heidar sem grös gróa. Á landi þessu sem nú var útlagt álíta skodunarmennirnir ad framfleita megi til jafnadar í öllum árum 40 ám, 20 saudum, 20 lömbum og 3 hestum en kú eingri þared þeim virdist litt mögulegt ad rækta þar upp tün svo nokkru nemi Og möttu þeir land þetta 4 hndr. skrifa fiögur hundrad ad dyrleika og giördi siálfseignarbondi Þ. Bjarnason sig anægðan med þetta mat vegna Vidtakanda. Þegar búið var ad lesa upp það sem bókad hafdi verid var utvísunargiörðinni lokid.*

Eftir þetta var jörðin metin til fasteignamats. Þá liggur einnig fyrir samtímabréf Jóns Illugasonar hreppstjóra Skeggjastaðahreppar til sýslumannsins í Norður Múlasýslu, dags. 25. október 1850, þar sem segir:

*Umm leið og eg hér með sendi yðar Velborinheitum þessa Hrepps tjundar reikning Vil eg minnst á það að bóndanum Sigfúsi á Qverkártungu er ei gjörð nein Fátækra tjund enn Aukautsvar eptir því sem hæfa þókti, þetta er samqvæmt Fyrirmælum Herra Amtmanns Melsteðs er Var hér Sýsslumaður þegar Qverkártunga fyrst byggðist, því eg gjörði þá bóndanum þar tjund eins og öðrum að hvörju Sýsslumaðurinn fann, Ad honum burtförnum féck eg Skipun frá Sýslumanni að taka þar Fátækra tjund meðan Skodunargjörð ecki væri framqvæmd og hefi eg síðan fylgt því; þar nú er land utvísað ábúanda mun hin fyrri Regla eiga að gylða. – Enn hvört að orðinn í Fornígunni þessi: frý frá Skatti og tjund, eptir því sem hún er prentuð í Atla, ega að skiljast um alla þegnaskyldu til opinberra þarfa, þar umm er mér hugur á að biðja yður suo velgjöra og segja mér meining yðar við tækifæri.*

<sup>1</sup> Ath. 1845 segir í kröfulýsingu ríkisins í Þistilfirði. Þar segir: *Næst fyrir vestan Tunguselsheiði er Kverkártunga, sem samkvæmt heimildum úr sóknarlýsingum er í almenningi Langanesstrandar. Þar var reist nýbýlið Kverkártunga 1845 með nýbýlabréfi byggt á tilsk. 1776. Þar varð því til eignarland í almenningi.*



Þessu bréfi svaraði sýslumaður, með bréfi til hreppstjórans, dags. 28. desember 1850, en þar segir:

*Þareð tilskipun 15 Apríl 1776 einungis veitir nybyggjurum skatt- og tiundarfrælsi geta þeir hverki komist hjá að gjalda aðrar skildur til opinberra þarfa svo sem eru bruartollur þinghúsatollur sakamála tollur aukatillög til hreppsins refatollur með öðru fleiru þesskonar ne heldur að taka þátt í vegabótum og öðrum skyldu verkum því ekkert af þessu getur heimfærst undir orðatiltæki tilskipunarinnar. Hvað eð hermeð gefst yður til vitundar.*

Sýslumaður sendir þann 7. janúar 1851 amtmanni útskrift af útvisunargjörð vegna Kverkártungu.

Á manntalsþingi á Skeggjastöðum 11. júní 1851 var skoðunar- og útmælingargerð á Kverkártungu auglýst.

Telur varnaraðili bréfaskipti þessi taka af allan vafa, um að þarna hafði réttilega verið gengið frá stofnun nýbýlisins Kverkártunga og að eiganda þess var gert að bera skyldur sem slíkur. Jörðin hafi verið stofnuð með lögmætum hætti sem nýbýli, jafnvel þó lagt sé til grundvallar að ekki hafi verið gengið frá byggingarbréfi. Varnaraðili mótmælir því hins vegar að ekki hafi verið gengið frá byggingarbréfi. Er á því byggt að það hafi verið gert, þó eigi hafi fundist eintak þess nú um 170 árum síðar. Fyrir liggur, að gríðarlegt gagnatjón hlaut af eldsvoðum hjá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu, annars vegar árið 1826 og hins vegar 1874. Um það segir í bréfi Þjóðskjalasafns til óbyggðanefndar, dags. 10. ágúst 2006:

*Ég hef ekki farið í opinber gögn varðandi bruna á Möðruvöllum, en í bókinni Öldin sem leið, 1861-1900, er á bls. 106-107 kafli um brunann árið 1874. Þar brann nóttina milli 20. og 21. marz. Menn töldu eldinn hafa komið upp í ytri skrifstofu amtmanns, lítill jarðskjálfti hafði orðið um nóttina, og haldið, að ofninn í skrifstofunni hefði skekkt og glóð fallið á gólfid. Engu tókst að bjarga, en járnskápur, þar sem amtaður geymdi peninga og áriðandi skjöl embættisins, reyndist óskemmdur og peningar og skjöl í honum sömuleiðis, nema lakk á skjölum hafði bráðnað. Lá við, að amtaður kafnaði í reyknum, þegar hann reyndi að komast inn í skrifstofuna til skjalabjörgunar.*

*Á dögum Gríms amtmanns Jónssonar, 6.-7. janúar 1826 brann gamla amtmannsstofan á Möðruvöllum og þar með mestallt skjalasafnið. Raunar hef ég heyrt því haldið fram, að mikið af skjölum hafi bjargast árið 1826, en það fór allt árið 1874.*

Þann 8. maí 1884 var gengið frá svofelldu landamerkjabréfi Kverkártungu:

*Jörðin Kverkártunga liggjandi í Skeggjastaðakyrkjusókn á Langanessströndum innan Norður-Múlasýslu á land frá ármótunum, Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár þann veg inn með Miðfjarðará að vestan inn að svo nefndum Kistufellslæk, er í hana rennur hinum megin, og þaðan beint norður í Heiðarvatn, svo aftur beint þaðan og í Litlu-Kverkárdrög, sem mun vera hér um bil í öttu stað; eftir það afmarkar Kverká landið út að áður nefndum ármótum.*

Landamerkjalyking þessari var þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 16. júlí 1885 og innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 87.

Þann 20. desember 1921 var útbúið nýtt landamerkjabréf fyrir jörðina Kverkártungu, sem þinglesið var 31. júlí 1922. Það hljóðar svo:

*Miðfjarðará þar frá er Kverká rennur í hana til vörðu innan við Kistufellslækjarós. Þaðan úr vörðu beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Síðan ræður Kverká alla leið unz hún fellur í Miðfjarðará.*

Jörðin Kverkártunga hefur frá upphafi margoft gengið kaupum og sölum og eignaðist varnaraðili jörðina með afsali frá fyrri eigendum, einum lögaðila og 10 einstaklingum, dags. 17. janúar 2018, en þinglýst 12. mars 2021.

Með bréfi, dagsettu 1. mars 2004, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra með vísan til 1. mgr.

10. gr. laga nr. 58/1998, að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar, sem svæði nr. 5, tiltekið landsvæði á Norðausturlandi, hvar jörðin Kverkártunga er.

Fjármálaráðherra skilaði kröfulýsingu f.h. íslenska ríkisins, vegna Skeggjastaðahrepps, þann 10. nóvember 2004.

Sérstakt mál var rekið fyrir óbyggðanefnd um þjóðlendur í Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðahreppi, sem mál nr. 4/2005 og tilheyrði málarekstur vegna Kverkártungu því máli. Skilaði fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, greinargerð í því máli þann 9. desember 2005.

Þann 29. maí 2007 kvað óbyggðanefnd upp úrskurð í máli 4/2005. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að útmælingin frá 1850 næði yfir minna landsvæði en landamerkjabréf jarðarinnar. Voru mörk eignarlands og þjóðlendu þannig talin vera í samræmi við útmælinguna, en að landið sunnan þeirra marka væri þjóðlenda. Fallist var á að allt það svæði væri afréttareign Kverkártungu. Í úrskurðinum er þjóðlendusvæðinu lýst svo:

*Frá þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu, sbr. punkt 6 í kröfugerð íslenska ríkisins, er dregin lína suðaustur yfir Kverkártungu og í Miðfjarðará, nánar tiltekið þangað sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu, sbr. punkt 5 í kröfugerð íslenska ríkisins. Síðan er farið með Miðfjarðará inn að Kistufellslæk er í hana rennur hinum megin og þaðan beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þaðan er farið í Litlu-Kverárdrög og eftir það afmarkar Litla-Kverká landið þar til komið er að punkti þeim í Litlu-Kverká sem fyrstur var nefndur í lýsingu þessari.*

Þann 17. desember 2007 höfðuðu þáverandi eigendur Kverkártungu dómsmál og kröfðust þess að úrskurður óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi vegna Kverkártungu og að allt svæðið innan framangreindra marka yrði viðurkennt sem eignarland.

Dómur gekk í héraði þann 5. mars 2010, þar sem niðurstaða óbyggðanefndar var staðfest og íslenska ríkið sýknað og mörk eignarlands og þjóðlendu tilgreind með sama hætti og í úrskurði óbyggðanefndar. Í dóminum segir m.a.:

*Óumdeilt er í málinu að beinn eignarréttur stefnenda á Kverkártungu á rætur að rekja til útmælingar árið 1850 sem gerð var á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá árinu 1776. Ber stefndi ekki brögður á að þá hafi stofnast til beinna eignarréttinda yfir jörðinni þó ekki liggi fyrir byggingarbréf hennar.*

...

*Eru ekki efni til annars en að fallast á með stefndu að óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum komist **að réttri niðurstöðu með að land innan lýstra merkja landamerkjabréfa Kverkártungu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að merki þjóðlendu og eignarlands skuli draga með þeim hætti sem í úrskurðinum greinir.** Hafa stefnendur engin gögn fært fram eða komið með haldberar röksemdir fyrir því hvernig þeir öðlast rikari eignarrétt yfir hinu umdeilda landi en þeim var játaður í úrskurði óbyggðanefndar.*

Báðir aðilar undu þessum dómi og er hann því endanleg niðurstaða viðurkennds þar til bærð dómstóls.

Varnaraðili eignaðist Kverkártungu með afsali dagsettu 17. janúar 2018. Afhending fór fram sama dag.

Þann 1. júlí 2020 ritaði óbyggðanefnd bréf til sóknaraðila og tilkynnti að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild 4. gr. laga 34/2020, sem breyttu þjóðlendulögum nr. 58/1998, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar var annars lokið. Var Kverkártunga eitt þessara svæða.

Fjármála- og efnahagsráðherra skilaði kröfulýsingu til óbyggðanefndar þann 18. janúar 2021.

Með bréfi dagsettu 26. maí 2021 settu lögmenn aðila á kröfusvæðunum fram kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis er tengdist aðkomu þessara aðila að þeirri lagabreytingu sem raungerðist 2020 og málsmeðferðin var byggð á. Með bréfi dagsettu 6. október það ár tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis og að einn varamaður teldist að sama skapi vanhæfur. Þá kom fram að aðrir varamenn hefðu bedist undan því að taka sæti við málsmeðferðina.

Þann 10. desember 2021 setti forsætisráðherra *sérstaka óbyggðanefnd* til að annast málsmeðferðina. Sú nefnd tilkynnti með bréfi dags. 27. janúar 2022 að ákveðið hefði verið að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til og að skoða að nýju hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar. Með bréfi þann 11. ágúst 2022 tilkynnti *sérstök óbyggðanefnd* að ákveðið hefði verið að taka sautján nánar tilgreind landsvæði til meðferðar. Kverkártunga var eitt þeirra. Sóknaraðili skilaði kröfulýsingu vegna þessara svæða þann 14. nóvember 2022. Er þar tekið fram að hún sé algerlega óbreytt frá þeirri kröfulýsingu sem skilað hafði verið til óbyggðanefndar þann 18. janúar 2021.

Þann 1. september 2022 barst varnaraðila tilkynning frá starfsmanni *sérstakrar óbyggðanefndar* um að hún hafi ákveðið að taka ekki afstöðu til málskostnaðarkrafna á þessu stigi.

Með bréfi dagsettu 25. september 2022 setti varnaraðili fram kröfu til fjármálaráðherra um 1) að ráðherra ákveði að gera ekki frekari kröfur um mörk eignarlanda og þjóðlenda innan landamerkja Kverkártungu en leiddi af dómi héraðsdóms Austurlands í máli 345/2007, frá 5. mars 2010 og 2) um greiðslu málskostnaðar í þeim þætti málsins sem felldur hefði verið niður.

Í kröfulýsingu ríkisins, dagsettum 18. janúar 2021 og 14. nóvember 2022, er kröfu vegna Kverkártungu lýst svo:

*Upphafspunktur er við ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðarár (1) og er Miðfjarðará, sem ræður austurmörkum svæðisins, fylgt til suðurs allt að þjóðlendumörkum syðsta hluta Kverkártungu, nánar tiltekið þar sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu (2). Er þjóðlendumörkum fylgt til norðvesturs að þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu (3). Frá þeim punkti er Litlu-Kverká fylgt allt að upphafspunkti.*

Þetta felur í sér kröfu um að allt land Kverkártungu, sem áður var talið eignarland, af héraðsdómi og óbyggðanefnd, yrði þjóðlenda, nái hún fram að ganga.

Landeigendur á þessum svæðum hafa frest til 28. mars 2023 til að skila kröfulýsingum sínum.

## V. Málsástæður og lagarök

Meginþungi varnaraðila í máli þessu byggir á þeirri staðreynd að sóknaraðili hefur lýst því yfir, svo skuldbindandi sé, að umrætt land sé eignarland. Það var gert með svofelldum orðum í greinargerð ríkisins sem lögð var fram fyrir héraðsdómi:

*Af hálfu stefnda er fallist á að hið útmælda landsvæði Kverkártungu, skv. framansögðu, sé eignarland, en sunnan hins útmælda svæðis sé þjóðlenda, þ.e. hið umþrætta svæði í máli þessu.*

Enn frekar byggir varnaraðili á því að bindandi dómur hafi gengið um málið, sem verði ekki gengið fram hjá. Það sé dómur héraðsdóms Austurlands í máli nr. E-345/2007 frá 5. mars 2010. Þar var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest og í rökstuðningi dómsins sagði:

*Eru ekki efni til annars en að fallast á með stefndu að óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum komist að rétttri niðurstöðu með að land innan lýstra merkja landamerkjabréfa Kverkártungu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að merki þjóðlendu og eignarlands skuli draga með þeim hætti sem í úrskurðinum greinir.*

Þegar af ofangreindu ber að hætta vegferð þeirri sem hafin hefur verið. En vegna þrákelkni sóknaraðila sér varnaraðili sig knúinn til að fjalla hér um sjónarmið sín í löngu máli. Óhjákvæmilegt er, að nokkuð sé um endurtekningu.

Dómur í málinu verður ekki endurupptekinn af stjórnáskilunefnd. Eingöngu Endurupptökudómur hefur vald að íslenskri stjórnskipan til þess. Til þess þurfa skilyrði XXVIII. kafla laga 91/1991 að vera uppfyllt, en þau eru að ný gögn eða upplýsingar hafi komið fram sem gefi til kynna að sterkar líkur séu á því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós eða um annað en málsatvik. Að auki er það skilyrði að um sé að ræða stórfellda hagsmuni aðilans, í þessu tilviki íslenska ríkisins. Fyrir liggur í þessu máli að engin ný gögn hafa komið fram auk þess sem telja verður yfir vafa hafið að ekki er um stórfellda hagsmuni íslenska ríkisins að ræða.

----

Íslenska ríkið kveðst byggja á ákvæðum 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga 34/2020 sem sem tóku gildi 19. maí 2020.

Í kröfulýsingu ríkisins er byggt á eftirfarandi rökum vegna þeirrar vegferðar sem felst í máli þessu:

*Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Nefndin hafði þannig í nokkrum úrskurðum sínum vakið athygli á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda, en nefndinni var ekki heimilt að rannsaka svæðin nánar þar sem þau féllu ekki innan kröfulýsinga íslenska ríkisins. Því léki enn vafi á því hvort þau séu háð beinum eignarrétti.*

*Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.*

*Auk þess er litið til þess að ekki verður ráðið af lýsingum í Landnámaþéttum hversu langt inn til fjalla landnám náði á svæðinu og því óljóst hvort svæðið hafi verið numið í öndverðu. Aðrar heimildir<sup>21</sup> um eignarrétt og nýtingu á landsvæðinu Kverkártungu eru af skornum*

skammti en byggð hefur verið í Kverkártungu með hléum þar til Kverkártunga fór í eyði 1937. Enn fremur er ekki ljóst hvort stofnast hafi til eignarréttar á þessu landsvæði á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776, en ekki liggur fyrir byggingarbréf fyrir nýbýlinu Kverkártungu.

Í kröfulýsingu er niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005 um Kverkártungu rakin og síðan lagt svo út af henni:

*Af framangreindu verður ráðið að óbyggðanefnd taldi óljóst af fyrirliggjandi heimildum hvort svæði norðan við kröfulínu íslenska ríkisins, þar sem hún var dregin frá nyrsta oddi Kverkártungu í Kverká frá punkti 5 til punkts 6, væri eignarland eða þjóðlenda.*

Sóknaraðili reynir í engu að rökstyðja hvernig hægt sé að líta svo á að gerðar hafi verið athugasemdir við kröfulýsingu ríkisins í úrskurði óbyggðanefndar og þá einnig, dómi héraðsdóms Austurlands. Er málið því vanreifað. Snúið er út úr orðum óbyggðanefndar með því að segja að hún hafi talið eitthvað óljóst. Það er hvergi sagt. Það er einungis sagt að ekki þurfi að skoða það.

Ríkið vikur í kröfugerð sinni ekki einu orði að dómi og málsmeðferð héraðsdóms Austurlands, þrátt fyrir að tilgreina sérstaklega og fjalla um dóma sem sóknaraðili telur máli skipta. Af því verður annað ekki ályktað en að sóknaraðila hafi í upphafi yfirsétt að sakarefnið hefði fengið úrlausn dómstóla.

Varnaraðili hefur í bréfum til *sérstakrar óbyggðanefndar* fært rök fyrir því að *sérstök óbyggðanefnd* ætti að ákveða að taka jörðina Kverkártungu ekki til meðferðar að nýju. Þar var um margt byggt á sömu málsástæðum og fram koma í skjali þessu. Niðurstaða nefndarinnar var að taka jörðina að nýju til meðferðar og er vísað til vilja löggjafans í þeim efnum, sem og þess, að athugasemdir um réttmætar væntingar og res judicata áhrif dóma teljist til efnisatriða málsins sem nefndin taki afstöðu til að lokinni hefðbundinni málsmeðferð skv. III. kafla laga nr. 58/1998. Varnaraðili er ósammála þessari ákvörðun og telur hana ólögmeða. Er því óhjákvæmilegt annað en að rekja hér að nýju umræddan málalíbúnað og gera kröfur í samræmi við hann.

#### A. Málsástæður að baki aðalkröfu: Að synjað verði um fyrirtöku.

Varnaraðili gerir sér grein fyrir því að í bréfi *sérstakra óbyggðanefndar* dagsettu 11. ágúst 2022, er komst að þeirri niðurstöðu að taka fyrir landsvæði Kverkártungu.

Þá liggur fyrir að um er að ræða atriði sem nefndinni ber að taka á að sjálfsdáðum, en í 2. mgr. 15. gr. laga 58/1998 segir:

*Telji nefndin að mál, sem borið er upp við hana, falli utan starfssviðs hennar skal hún synja um fyrirtöku málsins með úrskurði, en ávallt skal gefa aðila kost á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður þar um er kveðinn upp.*

Hér er sú sérstaka staða uppi, óháð almennt þegar mál koma til kasta óbyggðanefndar, að í tilviki Kverkártungu er ekki um stórt landsvæði að ræða, heldur afmarkað land einnar jarðar.

Þannig hafi óbyggðanefnd áður fjallað um mörk eignarlands og þjóðlendu fyrir landi Kverkártungu, sjá úrskurð nefndarinnar í máli nr. 4/2005. Meta verði það ríkinu til vanrækslu, að hafa ekki gert kröfur þær sem nú koma fram í öndverðu og verður að telja augljóst að ekkert var því til fyrirstöðu að gera slíkar kröfur. Sú aðstaða varðandi töf á málinu sem hér er uppi gengur miklu lengra en ráð er fyrir gert í 2. mgr. 15. gr. laganna og styður því enn frekar synjun um fyrirtöku málsins.

Rök fyrir því að málið falli utan starfssviðs *sérstakrar óbyggðanefndar* eru einkum eftirfarandi:

A. Með dómi héraðsdóms Austurlands, þann 5. mars 2010 í máli nr. E 345/2007 var kveðinn upp dómur um mörk eignarlands og þjóðlendu fyrir landi Kverkártungu. Það er ekki í verkahring óbyggðanefndar að endurskoða niðurstöðu dómstóla, jafnvel þó litið verði svo á að hún hafi fengið það hlutverk að endurskoða ákveðin mál sem hafa verið rekin fyrir nefndinni. Málið er því utan starfssviðs nefndarinnar af þessum sökum. Er hér m.a. byggt

- á sjónarmiðum um res judicata áhrif dóma og reglum um ne bis in idem (bann við endurtekinni málsmeðferð), sjá ákvæði 4. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem var lögfestur á Íslandi með lögum 62/1994.
- B. Í 1. mgr. 19. gr. Þjóðlendulaga er aðilum gert að höfða dómsmál innan 6 mánaða frá því að úrskurður óbyggðanefndar var kveðinn upp, vilji þeir freista þess að hnekkja niðurstöðu óbyggðanefndar. Þessi frestur gildir jafnt um þá sem telja eignarland eða önnur eignarréttindi vera vanmetin í úrskurði óbyggðanefndar og ríkið, ef það telur að þjóðlenda eigi að vera stærri en ákveðið var með úrskurði óbyggðanefndar. Setning sérreglu sem skapar mögulegan einhliða rétt annars málsaðila til að hefja málið að nýju, hvort sem er á stjórnslu- eða dómstigi, gengur gegn grundvallarreglum réttarríkisins um afturvirkni laga og réttaráhrifa og jafnræði aðila, sbr. t.d. 5. mgr. 101. gr. og 116. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Telja verður hafið yfir vafa, að ef ekki hefði komið til þessarar málsmeðferðar sem byggir á lagasetningu á árinu 2020, þá væri óumdeilt að Kverkártunga væri eignarland, sbr. niðurstöðu héraðsdóms Austurlands í máli nr. E-345/2007. Með vísan til 65. og 72. gr. stjkskr. verði leikreglum ekki breytt afturvirknt með þessum hætti og þeim mögulegu afleiðingum að land sem í dag er talið eignarland og þinglesin eign Kverkártungu ehf. á grundvelli löglegra framsala og í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar og dómstóla, geti orðið að þjóðlendu. Ber því að túlka 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga svo, að hún girði fyrir endurupptöku málsins á stjórnslustigi eftir að frestur til að skjóta málinu til dómstóla er runninn út.
- C. Þá er byggt á því að ákvæði 19. gr. a. um rétt til endurupptöku gildi hér og takmarki rétt til endurupptöku. Þar er sett það skilyrði að úrskurður hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, þá séu engin tímamörk á rétti til endurupptöku. Í þessu máli háttar svo, að ríkið beinlínis hagaði kröfugerð sinni í samræmi við þau gögn sem liggja fyrir í dag. Engin ný gögn hafa komið fram sem réttlæta endurupptöku. Í lokamálslið þessarar greinar kemur einnig fram það grundvallarsjónarmið, að hafi dómur fallið, þá fari að sjálfsögðu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála um endurupptöku og gildi hvorki sérreglur 19. gr. a. eða almennar reglur stjórnsluréttar þar um.
- D. Sé talið af nefndinni að hún geti fjallað efnislega um mál sem þegar hafa verið dæmd er byggt á eftirfarandi: Í 7. mgr. 10. gr. laga 58/1998, sbr. 4. gr. laga 34/2020, er gert ráð fyrir því að óbyggðanefnd hafi heimild til að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar *ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra*. Í úrskurði nefndarinnar í máli 4/2005 var ekki gerð nein athugasemd við kröfugerð ráðherra. Nefndin afmarkaði eingöngu ágreiningsefni það sem aðilar höfðu afmarkað með kröfugerð sinni. Kröfugerðir aðila sköruðust, þ.e. krafa um viðurkenningu á þjóðlendu náði langt inn á kröfugerð landeiganda um viðurkenningu á eignarlandi. Orð nefndarinnar þar sem kröfugerðir aðila eru afmarkaðar fela ekki í sér athugasemd við kröfugerð ráðherra heldur eingöngu afmörkun þess sem til úrlausnar er. Fellur mál Kverkártungu því ekki undir ákvæði 7. mgr. 10. gr. laganna með síðari breytingum og þar með, bæði með gagnályktun og á grundvelli lögmætisreglu stjórnsluréttar og almennra reglna, er nefndinni óheimilt að taka mál Kverkártungu til meðferðar að nýju.

### B. Málsástæður að baki varakröfu um frávisun.

Krafa um frávisun er byggð á almennum reglum stjórnskipunar, réttarfars, stjórnsluréttar og ákvæði 3. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Verði ekki fallist á að synja um fyrirtöku málsins, þá byggja landeigendur á því að vísa beri málinu frá nefndinni með þeim rökum sem rakin eru í umfjöllun um synjun á fyrirtöku hér að framan.

Að auki eru eftirfarandi sjónarmið sett fram til stuðnings frávisunarkröfu:

- a. Í fyrsta lagi er á því byggt, að stjórnvöld geti ekki endurskoðað úrlausnir dómstóla. Telja verður augljóst að slík regla sé í gildi í íslenskrri réttarskipan og verður hún m.a. leidd af 60. gr. stjkskr. þar sem segir að það séu dómstólar sem skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Sjálfstæði dómstóla er einn hornsteina íslenskrar réttarskipunar og því verður 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, með síðari breytingum, ekki

- túlkuð svo, að óbyggðanefnd hafi heimild til að endurskoða mál sem dómstólar hafa dæmt í.
- b. Þessu tengt er reglan um res judicata áhrif dóma, sjá 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sú regla felur í sér að dómstólar geti ekki endurskoðað mál sem þegar hafa verið dæmd, nema þá á grundvelli reglna um áfrýjun eða annað málskot til æðri dóms. Hliðsettur dómstóll getur þannig ekki tekið aftur til meðferðar ágreining um mörk eignarlanda og þjóðlenda í landi Kverkártungu, sem þegar hefur verið dæmdur.
  - c. Til fyllingar er einnig byggt á 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem girðir fyrir að nýjum málsástæðum og lagarökum verði komið að um sakarefni. Með því að ríkið beinlínis byggði á því fyrir héraðsdómi að sá hluti Kverkártungu sem ekki var talin þjóðlenda af óbyggðanefnd í úrskurði í máli nr. 4/2005, væri eignarland, þá felst í því slík ráðstöfun sakarefnis að það sé dæmt af dómstóli og beri því að vísa málinu frá óbyggðanefnd.

**Mistök** að taka mál Kverkártungu með. Af kröfulýsingu ríkisins verður ráðið að ekki hafi legið fyrir vitneskja um að málið væri þegar dæmt af dómstólum, sbr. dóm héraðsdóms Austurlands í máli nr. 345/2007 frá 5. mars 2010. Sóknaraðili hefur byggt á því að upptalning í greinargerð sé til marks um vilja löggjafans. Þá virðist löggjafinn hafa misst af því að búið var að dæma málið og tók í engu tillit til þess eða rökstuddi þá viðurhlutamiklu ákvörðun að gera óbyggðanefnd að fjalla aftur um sakarefni, án nýrra gagna, sem búið var að dæma af héraðsdómi. Túlka ber þögn greinargerðar svo, að í því felist staðfesting á því að ekki hafi verið vitað af dóminum, eða láðst að taka tillit til hans.

Varnaraðili vísar til þess sem fram kom við meðferð málsins um vanhæfi óbyggðanefndar sem fyrst tók endurupptökumál þetta fyrir. Þar kom í ljós, að það var óbyggðanefnd, en ekki löggjafinn eða ráðuneyti sem vann frumvarpið, sem beinlínis bætti tillögu að 7. mgr. 10. gr. laga 58/1998 inn í frumvarpið og samdi röksemdir fyrir því. Það væri að mati varnaraðila afskræming á viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum um vilja löggjafans, ef gagnrýnislaus upptalning yrði talin endurspeglar löggjafarvilja, þegar fyrir liggur að upptalningin, eða í það minnsta tilgreining Kverkártungu í greinargerðinni, verður ekki með nokkrum hætti talin endurspeglar raunverulegan vilja löggjafans, að leiðrétta mistök eða taka tillit til nýrra gagna. Í greinargerð er skýrt afmarkað á hvaða grunni skuli heimilt fyrir óbyggðanefnd að fjalla aftur um svæði sem þegar hefur verið fjallað um með eftirfarandi hætti:

*Hvað varðar heimild óbyggðanefndar til að fjalla um svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar er markmiðið að stuðla að því að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, fremur en því að svæði hafi orðið út undan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst,*

Vilji löggjafans er samkvæmt þessu að niðurstaða ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum. Að mati varnaraðila er augljóst, að efnislegt mat lá að baki kröfugerð í upphaflegu máli fyrir óbyggðanefnd vegna Kverkártungu. Sóknaraðili ber sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Vilji löggjafans er að mistök verði ekki til þess að svæði verði út undan. Fyrir liggur að það var með fullum vilja og mjög meðvitað sem upphafleg kröfugerð var sett fram í tilviki Kverkártungu. Sóknaraðili ber sönnunarbyrði fyrri hinu gagnstæða.

Vilji löggjafans er að tilvist þýðingarmikilla gagna sem komið hafa síðar fram verði til þess að aftur verði lagt mat á mál. Fyrir liggur að engin ný gögn hafa komið fram í þessu máli. Um þetta þarf ekki að deila.

Þá telur varnaraðili að sjónarmið um vilja löggjafans geti ekki gengið frammar orðskýringu á lagatextanum. Athugasemd er einmitt það, athugasemd eða aðfinnsla. Hvergi í úrskurði óbyggðanefndar í máli vegna Kverkártungu var að finna athugasemd eða aðfinnslu. Með orðalaginu ***Kemur því ekki til skoðunar hjá óbyggðanefnd hvort stofnast hafi til eignarréttar að því landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar eða fyrir hefð***, er eingöngu að finna afmörkun

efnistaka en ekki athugasemd.

Til samanburðar er að finna raunverulegt dæmi um athugasemd í eftirfarandi orðum óbyggðanefndar vegna Eyvindarstaðaheiðar:

*Þrátt fyrir það hefur íslenska ríkið engan reka gert að því að færa kröfulínur sínar til samræmis við merki Steinár að því leyti sem hér um ræðir. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert.*

Það voru engar athugasemdir gerðar af óbyggðanefnd. Hún var einungis að afmarka efnistöð og ágreining aðila. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili til notkunar dómstóla á orðunum **kemur ekki til skoðunar** í eftirfarandi dómum:

H. 17/2019, H. 514/2016, H. 317, 318 og 319/2015, H. 129/2015, H. 84/2014, H. 438/2014, H. 171/2014, H. 481/2013, H. 577/2013, H. 661/2013, H. 390/2012, H. 549/2011, H. 248/2012, H. 145/2007, H. 377/2005, H. 62/2003, H. 540/2002, H. 161/2001, H. 146/2000, H. 175/2000, H. 91/1999 og

L. 547/2021, L. 411/2021, L. 312/2021 og L. 563/2018

Sem dæmi um notkun á þessum orðum er þegar dómur gerir grein fyrir því að hluta þess ágreinings sem var fyrir héraði hafi ekki verið skotið til áfrýjunardóms og því kemur það ekki til skoðunar. Þetta er því afmörkun efnistaka en ekki athugasemd við kröfugerð aðila.

Þar sem dómur hafi gengið í málinu, þá verður að taka til skoðunar hvort **dómari** hafi gert **athugasemdir** við kröfugerð ráðherra. Það er ekki hægt að fá eina niðurstöðu á stjórnáskilum og aðra á sama matsatriði fyrir dómi. Í héraðsdómi segir í rökstuðningi dómsins:

*Eru ekki efni til annars en að fallast á með stefndu að óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum komist að rétttri niðurstöðu með að land innan lýstra merkja landamerkjabréfa Kverkártungu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að merki þjóðlendu og eignarlands skuli draga með þeim hætti sem í úrskurðinum greinir.*

Héraðsdómur gerði engar athugasemdir. Héraðsdómur beinlínis sagði að óbyggðanefnd hefði komist að rétttri niðurstöðu um mörk þjóðlendu og eignarlands. Skýrara getur þetta ekki orðið.

### C. Málástæður að baki þrautavarakröfu, um höfnun á kröfu sóknaraðila.

Byggt er á öllum sjónarmiðum sem að framan greinir um aðal- og varakröfu, að breyttu breytanda. Þá er byggt á sjónarmiðum um:

- að nýbýli hafi verið stofnað í samræmi við lög,
- að svæðið hafi orðið að eignarlandi fyrir hefð,
- á sjónarmiðum um réttmætar væntingar,
  - o allan þann tíma sem farið hafi verið með svæðið sem eignarland af opinberum aðilum, eigendum, nágrönnum og öðrum,
  - o sem og sérstaklega eftir dóm héraðsdóm Austurlands árið 2010.
- Þá er byggt á því að ákvæði 4. gr. laga 34/2020, sem breyttu lögum 58/1998, standist ekki stjórnarskrá og séu ólög.
- Byggt er á gagnstæðum yfirlýsingum sóknaraðila á öllum stigum málsins og að í því felist einnig vanlýsingaráhrif sem hafi áhrif í stjórnáskilum og einkamálaréttarhari.
- Endurupptaka getur einungis farið eftir réttarfaraslögum, þar sem dómur hefur fallið í málinu.

Áskilinn er réttur til að undirbyggja ofangreindar málástæður frekar, sé þess þörf, sem og að koma fram með nýjar málástæður þegar gagnaöflun er lokið.

Fyrir liggur að óbyggðanefnd tilkynnti árið 2004 um það svæði sem tekið yrði til meðferðar. Engin ný gögn hafa komið fram sem sóknaraðili byggir nú á í máli þessu. Eingöngu er byggt á því að sá er annaðist kröfulýsingu sóknaraðila hefði átt að gera það öðruvísi. Það var á áhættu og ábyrgð sóknaraðila. Með sama hætti og ef málinu hefði lokið með sátt.



Byggt er á dómi Hæstaréttar í máli nr. 571/2006, en þar kemur skýrt fram í héraðsdómi, sem Hæstiréttur staðfesti að þessu leyti með vísan til forsendna að aðilar hefðu fullt forræði á kröfugerð.

Þá er byggt á dómi Hæstaréttar í máli nr. 367/2005, sem staðfestir að meginreglur íslensks einkamálaréttarfars gildi um meðferð mála af þessum toga. Ber þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila, þar sem búið er að dæma um hana.

Vísað er til dóms héraðsdóms sem ekki var áfrýjað að þessu leyti í Hæstaréttarmáli nr. 24/2014, þar sem skortur á kynningu á breyttri kröfugerð ríkisins

Í 1. mgr. 1. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 er hugtakið þjóðlenda skilgreint sem *landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi*. Hugtakið eignarland er í sömu málsgrein skilgreint sem *Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma*.

### Um þjóðlendlög nr. 58/1998 og breytingarlög

*Heiti laganna og megingilgangur.*

Lög 58/1998 heita *Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta*. Þegar í heiti laganna kemur skýrt fram sú grunnhugsun og tilgangur löggjafarinnar, að ákvörðuð yrði með málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd mörk þjóðlendna og eignarlanda, auk þess sem lögunum er ætlað að skilgreina hvað felst í hugtakinu þjóðlenda, sem var kynnt til leiks í íslenskum eignarrétti með löggjöfni og var ætlað að koma í stað hugtakanna afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda, svo vitnað sé í orð framsögumanns frumvarps sem varð að lögum 58/1998. Hugtakið afréttur yrði skilgreint með skýrari og að nokkru leyti öðrum hætti en verið hafði fram að því, en hin yrðu óþörf í lagamáli, þar sem þjóðlenda kæmi í þeirra stað. Í áður nefndri framsöguræðu sagði einnig um hlutverk óbyggðanefndar:

*Í III. kafla frv. er lagt til að komið verði á fót sérstakri stjórnarsýslunefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, sem falið verði að eiga frumkvæði að því að skera skipulega úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna, mörk afrétta innan þjóðlendna og annarra réttinda þar. ... Þau ákvæði eru öll í samræmi við reglur stjórnarsýslulaga og jafnvel réttarfars í nokkrum athugasemdum og vísast til athugasemda við frv. um skýringu þeirra.*

Þá var ítrekað þar, að meginefni frumvarpsins væri „að slá eign ríkisins á landsvæði sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á og hulin hafa verið móðu að því er varðar réttindin yfir þeim.“

Telja verður að ákvörðun um að taka land Kverkártungu að nýju til meðferðar fyrir óbyggðanefnd, þrátt fyrir fyrri kröfugerð, meðferð fyrir óbyggðanefnd og meðferð fyrir dómstólum, gangi gegn tilgangi og hlutverki laganna, eins og þeim er lýst í heiti þeirra, þar sem hún virði að vettugi þá staðreynd, að mörk þjóðlendu og eignarlanda hafa þegar verið ákvörðuð og eru því ekki „hulin ... móðu“ að því er varðar réttindin yfir þeim, líkt og framkvæmdin eftir dómsuppkvaðningu sýnir glögg, svo vísað sé til samantektar landeiganda um aðgerðir þeirra í trausti niðurstöðu dómstóla um eignarréttindi í málinu.

*Grundvallaratriði laga 58/1998 og breytingar á þeim sem máli skipta.*

Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar:

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi

eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Eftirfarandi regla var tekin upp í 2. mgr. ákvæðis:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttihafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr. Sjá t.d. kort vegna svæðis 5, Norðausturland; [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05\\_kort-urskurdir.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05_kort-urskurdir.pdf)

Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.

Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að setta mál.

Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.

Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining.

Sjónarmið um að óvissa sér til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrir málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað.

Þýðing þessara sjónarmiða verður hér skýrð nánar.

## Um málsmeðferð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005

### Almennt.

Þann 1. mars 2004 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á Norðausturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 6 hlutum og 9 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis. Sjá kröfulínukort [https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05\\_kort-urskurdir.pdf](https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/05_kort-urskurdir.pdf)

Mál nr. 4/2005 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 17. ágúst 2005. Þá þegar var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Að lokinni aðalmeðferð sem fram fór dagana 5., 6. og 7. júlí 2006 var málið tekið til úrskurðar af óbyggðanefnd. Úrskurður var kveðinn upp 29. maí 2007.

*Kröfulýsing íslenska ríkisins vegna Kverkártungu.*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk innan lands Kverkártungu ber að líta til tveggja greinargerða, annarrar dags. 9. desember 2005 (Skeggjastaðahreppur, fylgiskjal 1.7) og hinnar 10. nóvember 2004 (Þórshafnar- og Svalbarðshreppur, fylgiskjal 2). Þar kemur fram svofelldur rökstuðningur um kröfulínu:

Í fylgiskjali 1.7:

**Bls. 7:** *Vestan við Miðfjarðarheiðina er svo Kverkártunga. Allar þessar heiðar eru innan landamerkjalyýsinga jarða ..., án þess að þar sé greind skipting í heimalönd og afrétti. Þar sem svo hagar til þarf að líta til nokkurra atriða, sem skriflegar heimildir geyma fróðleik um og þá er fyrst að líta til landnámsins sjálfs.*

**Bls. 8:** *Finni nam svo Finnafförð og Viðfjörð (Miðfjörð) svo ljóst er að byggðirnar við þessa firði voru numdar, en lýsing þessi bendir ekki til að landnámið sjálft hafi náð til Kverkártungunnar og Miðfjarðarheiðarinnar. ...*

*Þessar landnámsfrásagnir eru því ekki til stuðnings, að beinn eignarréttur fyrir nám hafi náð til alls hreppsins, eins og hann er nú afmarkaður og þá er spurning um það hvort landamerkjabréf ráði einhverju um það.*

*Landamerkjabréf virðast ekki hafa verið gerð eftir landamerkjälögin 1882 og það er ekki fyrr en eftir nýju lögin 1919, sem hafist er handa við merkjagerð jarðanna í hreppnum.*

**Bls. 9:** *Kverkártungu er ekki getið í jarðabókum 1762 eða 1804, en hennar er getið í neðanmálgrein í jarðabók 1847, sem nýbýli. Þótt ekki liggi fyrir byggingarbréf virðist gengið út frá því sem vísu af yfirvöldum að formlegt nýbýli hafi verið stofnað sbr. skjal 3(48b) og af því er þá ljóst, að útmælt land býlisins milli Miðfjarðarár og Kverkár er ekki þjóðlenda, heldur eignarland. Ekki á að vera óvissa um hversu langt til heiðar þessi beini eignarréttur nær, því ekki var útmælt land lengra til heiða, en grös gróa og heimildir greina frá því að það sé í 15 km fjarlægð frá tunguoddinum.*

*Af framangreindri upptalningu þykir mega ráða, að þjóðlenda sé á miðbiki kröfusvæðisins, Kverkártungu, Miðfjarðarheiði, Staðarheiði og Sandvikurheiði. Mörk þjóðlendunnar hljóta að vera þar, sem mörk heimalanda jarðanna eru við afrétti.*

**Bls. 9-10:** *Þessi niðurstaða styðst við heimildir um almenninga á Langanesströnd, sem eru hluti af stórum almenningi, sem nær frá Selárdal í Vopnafirði og í gegnum Skeggjastaðahrepp, Þórshafnarhrepp, Svalbarðshrepp og allt norður í Óxarfjörð. Kverkártungu býlið er reist í þessum almenningi og af því má ráða að land á báða vegu við Kverkártungu hafi verið almenningur og styður það og styrkir þjóðlendukröfu þá sem hér verður að gera.*

Í fylgiskjali 2:

**Bls. 25:** *Næst fyrir vestan Tunguselsheiði er Kverkártunga, sem samkvæmt heimildum úr sóknarlýsingum er í almenningi Langanesstrandar. Þar var reist nýbýlið Kverkártunga 1845 með nýbýlabréfi byggt á tilsk. 1776. Þar varð því til eignarland í almenningi. Ekki segja heimildir sérstaklega hvernig þessi almenningur liggur gegnum Tunguselsheiði ... Þykir þannig eðlilegt að draga þjóðlendukröfulínu frá Kverkártungu yfir Tunguselsheiði í Hávarðsstaðaá og svo í Grasamannalæk við Bræðravötn. Þetta stangast ekki á við fyrri umfjöllun um mörk eignarlanda og þjóðlendu.*

*Kröfulýsing landeiganda.*

Í greinargerðum eigenda Kverkártungu dags. 31. mars 2005, fylgiskjal 7 og 7(3) er að finna svofellda kröfugerð:

*Aðalkrafa landeiganda er, að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi*

Kverkártungu innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr vörðu við Kistufellslækjarós í Miðfjarðará (punktur 1) beint í Heiðarvatn (punktur 2) þaðan þvert í drög Litlu-Kverkár (punktur 3) og eftir ánni norður í ármót Litlu-Kverkár og Miðfjarðará (punktur 4). Að austan ræður Miðfjarðará.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi, innan áður lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Hér er ekki tilefni til að fjalla nánar um kröfugerðir aðila, enda nægir framanritað til að sýna, að aðilar voru sammála um að það land Kverkártungu sem ekki féll undir þjóðlendukröfu ríkisins væri eignarland, sbr. sérstaklega orð í kröfulýsingu ríkisins. Var því sátt með aðilum um það, sem fól í sér ráðstöfun sakarefnis með bindandi hætti á grundvelli 15. gr. laganna.

Niðurstaða óbyggðanefndar frá 2007.

Í áðurnefndum úrskurði óbyggðanefndar segir á bls. 168: Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að hið útmældla land Kverkártungu sé eignarland en sunnan þess þjóðlenda. Kemur því ekki til skoðunar hjá óbyggðanefnd hvort stofnast hafi til eignarréttar að því landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar eða fyrir hefð, sbr. dóma Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Til athugunar er því einungis til hvaða landsvæðis útmælingin tekur, hvort fyrirbyggjandi landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignarréttarleg staða þess svæðis sem þar kann að muna.

Í úrskurðinum segir síðan á bls. 169:

Ljóst er þannig að í landamerkjabréfum Kverkártungu er merkjum lýst nokkru sunnar en fram kemur í útmælingunni 1850. Að öðru leyti eru útmælingin og önnur gögn í samræmi við lýsingar landamerkjabréfanna. ...

Ekkert hefur komið fram sem rennir stoðum undir að á svæðinu utan útmælingarinnar hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Þá hafa heldur ekki verið leidd í ljós nein þau not af þessu fjallendi sem stofnað hafi til beins eignarréttar á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905.

Loks segir á bls. 169 – 170:

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sunnan kröfulínu ríkisins sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að á umræddu landsvæði sé þjóðlenda. Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt land, sem nýtt var til beitar á meðan byggð stóð yfir í Kverkártungu, sé í afréttareign Kverkártungu en aðrir hafa ekki haft uppi slíkt tilkall til svæðisins.

Að öllu ofangreindu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá þeim punkti í Litlu-Kverká þar sem 15 km eru frá nyrsta odda Kverkártungu, sbr. punkt 6 í kröfugerð íslenska ríkisins, er dregin lína suðaustur yfir Kverkártungu og í Miðfjarðará, nánar tiltekið þangað sem 15 km eru norður til endimarka Kverkártungu, sbr. punkt 5 í kröfugerð íslenska ríkisins. Síðan er farið með Miðfjarðará inn að Kistufellslæk er í hana rennur hinum megin og þaðan beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Þaðan er farið í Litlu-Kverkádrög og eftir það afmarkar Litlu-Kverká landið þar til komið er að punkti þeim í Litlu-Kverká sem fyrstu var nefndur í lýsingu þessari.

Sama landsvæði er í afréttareign Kverkártungu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

**Forræði á réttindum yfir þjóðlendu og viðurkenning beins eignarréttar á aðliggjandi svæðum, utan og innan málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd.**

Mikilvægt er að gæta að því að forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum kemur fram með tvennum

hætti í þjóðlendulögum.

Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur.

Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendulaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.

Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu af forsætisráðuneytinu, dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005 varðandi Valþjófsstað o.fl.

Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar er gert ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykka sátt, staðfestir málsforræði.

Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykka sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyfing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.

Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10., 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram*

*kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendlögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

Af þessu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins nær eðli máls samkvæmt til kröfugerðar og jafnframt til þess að viðurkenna að tiltekið svæði teljist háð beinum eignarrétti.

## Bein ráðstöfun íslenska ríkisins á sakarefninu með fyrri kröfulýsingu og málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd

Með því að óbyggðanefnd ákvað 1. mars 2004 að taka fyrir Norðausturland og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendlaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar var því Norðausturland, en ekki afmarkaðra svæði.

Kröfulýsingar landeigenda sem bárust í kjölfar kröfulýsingar ríkisins hvíla bæði á 2. mgr. 10. gr. og 9. gr. þjóðlendlaga, og leiðir til þess að óbyggðanefnd hafði til umfjöllunar kröfulýsingar á Norðausturlandi, með víðtækari hætti en varða einungis það svæði sem ríkið gerði þjóðlendukröfu í.

Þessu til stuðnings er bent á;

- orðlag 9. gr. og lögskýringargögn fela í sér að landeigendur fengu með starfi óbyggðanefndar aðgang að sérstakri málsmeðferð til að fá viðurkenningu á að land væri undirorpið einkaeignarrétti,
- kröfulýsingarkortið í máli nr. 4/2005. Það kort sýnir heildarkröfulýsingar, en ekki einungis þær kröfulýsingar sem féllu innan þjóðlendukröfulýsingar ríkisins. Kröfulýsingum þessum hefur ekki verið vísað frá nefndinni og voru til umfjöllunar þegar málsmeðferð Norðausturlands fór fram,
- þar sem kröfulýsingar ríkisins um þjóðlendu **mæta kröfulýsingum landeigenda** um einkaeignarréttarlega stöðu lands, hefur óbyggðanefnd skorið úr um „mörk þjóðlendu og eignarlanda“, sbr. a. lið 7. gr. þjóðlendlaga um hlutverk nefndarinnar.

Það fæst með engu móti staðist að líta svo á að ekki hafi verið fjallað um kröfulýsingar landeigenda í heild, með úrskurði óbyggðanefndar. Í því fælist að lítið er fram hjá ákvæðum þjóðlendlaga og að starf óbyggðanefndar væri einstefna um að brigða land í þágu ríkisins án tillits til skyldu ríkisins að gæta að friðhelgi eignarréttar.

## Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005.

Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendu fól í sér línu sem lá um land sem gerð var grein fyrir í landamerkjabréfi Kverkártungu. Eigendur Kverkártungu settu fram kröfulýsingu sem fól í sér að land væri háð einkaeignarrétti, bæði innan og utan þjóðlendlínu ríkisins. Jafnframt hafði ríkið í kröfulýsingu sinni staðfest afdráttarlaust að eignarland væri utan línunnar.

Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar nr. 4/2005, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirra kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.

Þar sem kröfulýsing Kverkártungu kom fram voru mörkin staðfest miðað við þá þjóðlendukröfu ríkisins, að teknu tilliti til þess að kröfulýsing Kverkártungu náði yfir þá línu.

## Óbyggðanefnd hefur ekki gert athugasemd við kröfugerð ríkisins vegna Kverkártungu.

Vísað er til umfjöllunar óbyggðanefndar í úrskurði 4/2005, sbr. svæði 4 í minnisblaði sérstakrar Óbyggðanefndar, dags. 19. janúar 2022.

Því er hafnað að skilja beri umfjöllun óbyggðanefndar á þann hátt að athugasemd hafi verið gerð

við kröfugerð íslenska ríkisins. Íslenska ríkið vann kröfulýsingar á grundvelli þess að málsmeðferð óbyggðanefndar tæki til Norðausturlands. Ríkið hafði forræði á þeirri kröfugerð auk þess sem það hafði frá gildistöku Þjóðlendulaga árið 1998 forræði yfir Þjóðlendusvæðum, þótt óvissa væri um legu þeirra. Vísað er til umfjöllunar óbyggðanefndar í úrskurði sínum 2007 hér að ofan.

Svo virðist sem talið sé að óbyggðanefnd hafi í eftirfarandi texta gert athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, bls. 168 í úrskurðinum:

*Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að hið útmælda land Kverkártungu sé eignarland en sunnan þess Þjóðlenda. Kemur því ekki til skoðunar hjá óbyggðanefnd hvort stofnast hafi til eignarréttar að því landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar eða fyrir hefð, sbr. dóma Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Til athugunar er því einungis til hvaða landsvæðis útmælingin tekur, hvort fyrirbyggjandi landamerkjabréf jarðarinnar taki til stærra svæðis og hver sé eignarréttarleg staða þess svæðis sem þar kann að muna.*

Með þessari umfjöllun er óbyggðanefnd að afmarka sakarefni það sem til úrlausnar var. Það gerir óbyggðanefndin með því að tilgreina kröfugerð ríkisins leiðir af málsforræðisreglum, sbr. tilvitnaða dóma Hæstaréttar, að annað komi ekki til skoðunar. Það að eitthvað komi ekki til skoðunar felur ekki í sér að óbyggðanefnd hafi skoðað það og telji Þjóðlendu eiga að ná lengra inn á land Kverkártungu. Það þýðir, sakarefninu hefur verið ráðstafað með bindandi hætti, sbr. dóma Hæstaréttar, og því verður það ekki tekið til frekari skoðunar. Vísun í dóma Hæstaréttar er einungis árétting á því hvaða ágreiningur er í málinu og hlutlaus lýsing á hlutverki óbyggðanefndar í samræmi við ráðstöfun aðila á sakarefni málsins. Í umfjölluninni felst ekki athugasemd heldur afmörkun sakarefnis. Það er fyllilega eðlilegt og rétt að ríkið hafi valið að nýta málsforræði sitt þannig að mörk Þjóðlendu og eignarlands lægju með þessum hætti. Kröfugerð ríkisins byggir eðli máls samkvæmt á mati á sönnun og hvort raunhæft og/eða eðlilegt sé að bera brigður á að svæði sé háð beinum eignarrétti.

Í þessu samhengi er tilefni til að veita athygli svofelldum rökstuðningi sóknaraðila í kröfulýsingu sinni. Þar segir:

*... þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Nefndin hafði þannig í nokkrum úrskurðum sínum vakið athygli á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda, en nefndinni var ekki heimilt að rannsaka svæðin nánar þar sem þau féllu ekki innan kröfulýsinga íslenska ríkisins. Því léki enn vafi á því hvort þau séu háð beinum eignarrétti.*

Varnaraðili telur ekki óhugsandi að þessi orð geti átt við í afmörkuðum tilvikum. En þau eigi alls ekki við um Kverkártungu. Ekkert orðalag í þessa veru kemur fram hjá óbyggðanefnd.

## Önnur sjónarmið sem koma í veg fyrir endurupptöku.

### *Þýðing héraðsdóms Austurlands frá 5. mars 2010 í máli E 345/2007. Res judicata.*

Úrskurður óbyggðanefndar vegna Kverkártungu var borinn undir dómstóla, sbr. héraðsdóm Austurlands frá 5. mars 2010 í máli nr. E 345/2007. Kröfur íslenska ríkisins fólu í sér að staðfesta ætti úrskurð óbyggðanefndar. Ef íslenska ríkið hefði talið að ekki hafi verið fjallað um Þjóðlendumörk með réttum hætti, hefði verið eðlilegt að ríkið krefðist ógildingar úrskurðarins og endurupptöku málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd.

Íslenska ríkið hefur bæði haft forræði á kröfugerð sinni og röksemdum, sbr. málsástæður. **Í greinargerð íslenska ríkisins í málinu var beinlínis tekið fram, að fallist væri á að hið útmælda landsvæði Kverkártungu, sem óbyggðanefnd úrskurðaði sem eignarland, væri eignarland.** Það þarf því engra skýringa við á málalíbúnaði ríkisins, þetta var beinlínis tekið fram. Með dómi héraðsdóms Austurlands, þann 5. mars 2010 í máli nr. E 345/2007 var kveðinn upp dómur um mörk eignarlands og Þjóðlendu fyrir landi Kverkártungu. Það er ekki í verkahring óbyggðanefndar að endurskoða niðurstöðu dómstóla, jafnvel þó litið verði svo á að hún hafi fengið það hlutverk að endurskoða ákveðin mál sem hafa verið rekin fyrir nefndinni. Málið er því utan starfssviðs nefndarinnar af þessum sökum. Er hér m.a. byggt á sjónarmiðum um res judicata áhrif dóma og reglum um ne bis in idem (bann við endurtekinni málsmeðferð), sjá ákvæði 4. gr. 7.

viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem var lögfestur á Íslandi með lögum 62/1994. Í 1. mgr. 19. gr. þjóðlendlaga er aðilum gert að höfða dómsmál innan 6 mánaða frá því að úrskurður óbyggðanefndar var kveðinn upp, vilji þeir freista þess að hnekkja niðurstöðu óbyggðanefndar. Þessi frestur gildir jafnt um þá sem telja eignarland eða önnur eignarréttindi vera vanmetin í úrskurði óbyggðanefndar og ríkið, ef það telur að þjóðlenda eigi að vera stærri en ákveðið var með úrskurði óbyggðanefndar. Setning sérreglu sem skapar mögulegan einhliða rétt annars málsaðila til að hefja málið að nýju, hvort sem er á stjórnýslu- eða dómstigi, gengur gegn grundvallarreglum réttarríkisins um afturvirkni laga og réttaráhrifa og jafnræði aðila, sbr. t.d. 5. mgr. 101. gr. og 116. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Telja verður hafið yfir vafa, að ef ekki hefði komið til þessarar málsmeðferðar sem byggir á lagasetningu á árinu 2020, þá væri óumdeilt að Kverkártunga væri eignarland, sbr. niðurstöðu héraðsdóms Austurlands í máli nr. E-345/2007. Með vísan til 65. og 72. gr. stjskr. verði leikreglum ekki breytt afturvirk með þessum hætti og þeim mögulegu afleiðingum að land sem í dag er talið eignarland og þinglesin eign Kverkártungu ehf. á grundvelli löglegra framsala og í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar og dómstóla, geti orðið að þjóðlendu. Ber því að túlka 1. mgr. 19. gr. þjóðlendlaga svo, að hún girði fyrir endurupptöku málsins á stjórnýslustigi eftir að frestur til að skjóta málinu til dómstóla er runninn út.

Þá er byggt á því að ákvæði 19. gr. a. um rétt til endurupptöku gildi hér og takmarki rétt til endurupptöku. Þar er sett það skilyrði að úrskurður hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, þá séu engin tímamörk á rétti til endurupptöku. Í þessu máli háttar svo, að ríkið beinlínis hagaði kröfugerð sinni í samræmi við þau gögn sem liggja fyrir í dag. Engin ný gögn hafa komið fram sem réttlæta endurupptöku. Í lokamálslið þessarar greinar kemur einnig fram það grundvallarsjónarmið, að hafi dómur fallið, þá fari að sjálfsgöðu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála um endurupptöku og gildi hvorki sérreglur 19. gr. a. eða almennar reglur stjórnýsluréttar þar um.

Þá leiðir umfjöllun dómstóla um þjóðlendukröfu ríkisins og eignarréttarlega kröfu eiganda Kverkártungu, að endurupptökuákvæði sem gilda um dómsniðurstöður eiga við, en ekki endurupptökuheimildir um starfsemi stjórnvalda.

Það er þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um það og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.

Í máli þessu er óvenjuskýrt að bæði sóknaraðili, með yfirlýsingu í greinargerð sinni, og dómstóll, með orðum í forsendum sínum, tóku efnislega afstöðu til þess að umrætt svæði væri eignarland.

En jafnvel þó svo hefði ekki verið þá hafa dómstólar fallist á, að í því felist efnisleg afstaða til marka þjóðlendna og eignarlands, þó dómur hafi ekki beinum orðum vikið að þessu í niðurstöðu sinni þar sem hann hefur t.d. staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar.

Má hér m.a. vísa til eftirfarandi dóma:

H. 685/2008, en þar sagði m.a.

*Afrýjandinn Reykjavíkurborg krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til aðalmeðferðar að nýju. Hann telur dóminn háðan þeim annmarka að ekki hafi verið tekin afstaða til varakröfu áfrýjandans um að sneið úr landi Lækjarbotna, sem áfrýjandinn hafi fengið í skiptum við Kópavogsbæ með samningi 28. nóvember 1994, yrði ekki talin innan þjóðlendu. Telja verður að héraðsdómur hafi tekið efnislega afstöðu til þess hvernig fari um land innan þjóðlendu samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í heild sinni og einstaka hluta þess með því að hafna því að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi og láta mörk þjóðlendu og eignarlanda standa eins og þar var ákveðið.*

H. 48/2004, en þar sagði m.a. í reifun dómsins um res judicata áhrif fyrri dóms:



*Eignardómur hafði gengið um Tunguheiði árið 1980, þar sem viðurkenndur hafði verið beinn eignarréttur Bræðratungukirkju að landinu. Ríkið hafði kosið að una héraðsdómi í því máli og sé dómurinn bindandi um úrslit máls.*

Í forsendum Hæstaréttar í þessu máli var töluð íslenska:

*Dómurinn er því bindandi um úrslit sakarefnisins og hlaut að vekja réttmætar væntingar stefnda um að eignarréttur sinn að landinu væri óumdeildur. Engu að síður kýs aðaláfrýjandi nú að haga kröfulínu sinni um mörk þjóðlendu svo að hún fer þvert í gegnum áðurnefnd land stefnda Bræðratungukirkju. Sú krafa fær ekki samrýmst þeirri afstöðu aðaláfrýjanda að una áðurnefndum dómi og eru haldlausar þær skýringar hans að með dóminum hafi ekki verið skorið efnislega úr um eignarrétt.*

### **Þýðing meginreglna um þrískiptingu ríkisvaldsins.**

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans á málefni sem hafi verið falið dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málsskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.

Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að sérstök óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhög við bindandi dómsúrlausn. Að mati varnaraðila fær slík niðurstaða með engu móti staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd

### **Þýðing meginreglna um friðhelgi eignarréttar.**

Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Kverkártungu byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.

Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar.

Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærundur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur

giltu.

Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Kverkártungu. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti Kverkártungu í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2005 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku Þjóðlendulaga. Með þessu verður í raun brugðið út frá þeirri almennu reglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem tilefni er til að ætla að Mannréttindadómstólinn tæki til sérstakrar skoðunar.

Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign varnaraðila. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið forverar varnaraðila eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan í dag sú að fyrir liggur bindandi dómur sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður varnaraðili ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttinasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsspörf krefji og að fullt verð komi fyrir.

Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi Þjóðlendulaga, m.a. fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa þeirra til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur dómur sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Liggur þannig ótvírætt fyrir að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.

Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með dómi héraðsdóm í máli nr. E-345/2007 hafði varnaraðili réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð Þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð. Að gengnum dómi hefur enda varnaraðili farið með landsvæðið sem sitt eigið og ef krafa ríkisins í máli þessi næði fram að ganga hefði það mikla röskun í för með sér á hans högum. Í þessu samhengi má sérstaklega benda á að varnaraðili hefur stofnað til lóðar á hinu umþrætta svæði og gert um hana lóðarleigusamning til 50 ára. Er varnaraðili þinglýstur eigandi þeirrar lóðar og var engin athugasemd eða fyrirvari gerður við eignarhald landeiganda á svæðinu við gerð þess löggernings. Þá hefur varnaraðili ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að bæta nýtingarskilyrði jarðarinnar, sbr. sérstaka samantekt þar um.

## Um sönnun og almenn lagasjónarmið.

Varnaraðili telur sönnunarmat óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, vegna lands Kverkártungu ekki rétt. Úrskurðurinn var staðfestur af héraðsdómi sem felur að óbreyttu í sér að ályktanir málsins verði ekki endurskoðaðar á þessum vettvangi varðandi mörk eignarlands og Þjóðlendu og hvort svæðið um sig.

Sjónarmið um bindandi þýðingu niðurstöðu samkvæmt fyrri málsmeðferð eru ítrekuð. Hins er *sérstök óbyggðanefnd*, miðað við lagaskilning íslenska ríkisins á þýðing endurtekinnar málsmeðferðar skv. lögum nr. 34/2020, óbundin af röksemdafærslu og ályktunum fyrri óbyggðanefndar og dómi héraðsdóm varðandi úrskurð í máli nr. 4/2005, þegar kemur að umfjöllun um svæðið sem kröfulýsing ríkisins nær nú til. Ný og óháð *sérstök óbyggðanefnd* hefur því fulla heimild til þess að taka afstöðu til þeirra sjónarmiða sem landeigendur byggja á og láta þau sjónarmið hafa þýðingu við sönnunarmat, sé fallist á að taka kröfu sóknaraðila til efnislegrar meðferðar.

Varðandi sönnunarmat er sérstaklega vísað til greinargerðar þáverandi eigenda Kverkártungu fyrir óbyggðanefnd og fyrir héraðsdómi Austurlands í máli 345/2007. Afnot svæðisins hafa verið víðtækari en beitarnot eða venjuleg afréttarnot, m.a. grasatekja, slægjur, skotveiðar, malartekja,

fiskveiðar o.fl.

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhöfsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum.

## Samantekt

Ekki eru forsendur til endurupptöku málsmeðferðar óbyggðanefndar hvað varðar land innan landamerkja Kverkártungu og úrskurðað var að væri háð beinum eignarrétti í máli nr. 4/2005 fyrir óbyggðanefnd. Bein yfirlýsing kom fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins um að beinn eignarréttur á svæðinu væri viðurkenndur, bæði fyrir óbyggðanefnd og það sem meiru skiptir, við meðferð málsins fyrir dómstólum.

Þá verður talið að dómar Hæstaréttar um óbeina viðurkenningu á beinum eignarrétti á landsvæði með athöfnum íslenska ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga árið 1998 og dómar um málsforræði íslenska ríkisins útiloki endurupptöku.

Sýnt er að lagaheimild um endurupptöku, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, hefur ekki gætt með réttum hætti að þýðingu þess að óbyggðanefnd ákveður málsmeðferð á tilteknu heildarsvæði, en bæði kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um beinan eignarrétt koma til meðferðar óbyggðanefndar. Úrskurðir óbyggðanefndar þjóna því grundvallarhlutverki að skera úr um mörk þjóðlendu og eignarlanda, sbr. a. liður 7. gr. þjóðlendulaga. Þeirri stöðu verður ekki raskað þegar fyrir óbyggðanefnd hafa komið kröfulýsingar um þjóðlendu en kröfulýsingar um eignarland mæta þeirri línu algjörlega eða skarast.

Þá verður að gæta að res judicata áhrifum dóma, sem gilda bæði um málsástæður og kröfur sem

dæmt er um. Mál um mörk Kverkártungu við þjóðlendu var rekið fyrir héraðsdómi Austurlands og íslenska ríkið gerði þar ekki athugasemdir við úrskurð óbyggðanefndar, tók beinlínis fram í málatilbúnaði sínum að um eignarland væri að ræða og sætti sig við dómsniðurstöðuna með því að nýta ekki áfrýjunarrétt sinn.

Þá er því eindregið hafnað að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005 hafi komið fram athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins. Umfjöllun óbyggðanefndar verður skilin þannig að eðlilegar ástæður liggja að baki þjóðlendukröfu ríkisins og að nefndin hafi áréttað þýðingu málsforræðisreglna fyrir starfi nefndarinnar. Skilyrði þess að endurupptaka á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendluga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, eru því ekki fyrir hendi.

Þá mæla veigamikil lagasjónarmið gegn endurupptöku, sem m.a. varða ágalla á endurupptökureglu breytingarlaganna nr. 34/2020, með tilliti til meginregla um þýðingu dómsniðurstæða, þriggreiningar ríkisvalds og hlutverks dómsvalds og friðhelgi eignarréttar, að teknu tilliti til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila vegna allrar meðferðar málsins. Atvik þessa máls eru mjög sérstök og að mati varnaraðila eru forsendur fyrir álagi á málskostnað skv. réttarfarslögum.

## VI. Helstu lagarök

Þjóðlendlög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála Landamerkjalog nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

## VII. Áskilnaður og gagnaframlagning

Varnaraðili áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir *sérstaka óbyggðanefnd* á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að *sérstök óbyggðanefnd* afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja þegar fyrir.

Varnaraðili mun vinna greinargerð um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í eftir uppkvaðningu héraðsdóms í málinu árið 2010 og mun leggja fram þær upplýsingar á síðari stigum.

Egilsstöðum 27. mars 2023.

f.h. varnaraðila

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

**Sérstök óbyggðanefnd**  
**Skuggasundi 3**  
**101 Reykjavík**

Kópavogi, 28. mars 2023

## **KRÖFULÝSING**

f.h. eiganda Syðra-Lóns, L154592 (Grímólfsártunga)

### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

### **Aðild og fyrirvar:**

Landeigandi:

Syðra-Lón ehf., kt. 550711-0600.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeiganda á landi nyrsta hluta Grímólfsártungu í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfs jarðarinnar, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti:

*Upphafspunktur er þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (1) og er Hafralónsá fylgt til norðurs þar til Hafralónsá og Grímólfsá falla saman (2). Þaðan er Grímólfsá fylgt til suðurs að mörkum Þjóðlendunnar sem er hluti Grímólfsártungu (3) og er þeim mörkum fylgt til vesturs í upphafspunkt.*

Til þrautavara krefst landeigandi þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

## Málavextir og helstu málsástæður:

### Um landnám og landamerki:

1. Landsvæðið er innan landnáms Ketils þistils sem nam Þistilsfjörð milli Hundsness og Sauðaness.
2. Skrifað var undir landamerkjabréf Syðralóns 4. nóvember 1916. Bréfinu var þinglýst 3. júlí 1917 og þar segir um hið umdeilda landsvæði:

*... Þess utan á Syðralón þetta heiðarland: hina svonefndu Grímólfsártungu sem er land allt milli Hafralónsár og Grímólfsár frá upptökum þeirra þar til þær falla saman.*

3. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og er ófafað eignarland. Um það voru íslenska ríkið og landeigandi sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

4. Þann 1. mars 2004 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á Norðausturlandi, sbr. 8. gr, 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Mörk svæðisins í vestri voru ákvörðuð við farveg Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til ósa.
5. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 6 hlutum og 9 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 101 kröfulýsing ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis, sbr. kröfulínukort er fyrir lá í málinu.
6. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk innan lands Syðra-Lóns á Grímólfsártungu, dags. 10. nóvember 2004, bls. 26, kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu, en línán milli punkta 1 og 2 sker nyrsta hluta Grímólfsártungu frá þjóðlendukröfu sem liggur sunnan línunnar, en línán er rökstudd svo:

*Fyrsti punktur í kröfulýsingu er þar sem hreppamarkalína kemur að Litlu Kverká við Kverkártungu (1). Frá honum er dregin lína í punkt (2), þar sem Hávarðsdalsá rennur í Hafralónsá (þessi punktur er tekinn vegna upplýsinga um mörk almenninga í Þistilfirði gagnvart afréttum þar)...*

7. Það er marg ítrekað í kröfulýsingunni að ætlunin sé að miða þjóðlendukröfu við það svæði sem töldust almenningar að fornu og því er línán ekki dregin fyrir neinn misgáning heldur er skýr hugsun að baki.
8. Eftir að forveri landeiganda hafði skilað kröfulýsingu skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, dags. 9. desember 2005, en þar kemur fram viðurkenning á eignarhaldi landeiganda á þeim hluta Grímólfsártungu er liggur norðan kröfulínu, en um þetta segir á bls. 6:

*Nokkur hluti Tunguselsheiðar er í Hallgilsstaðalandi. Þorsteinsstaðir, eyðibýli er eign ríkisins og er í Tunguselsheiði. Syðra Lón í Þórshafnarhreppi á allmikið land á heiðinni.*

9. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu, s.s. landamerkjabréfum og lýsingum á almenningum, að engar þjóðlendur væru á svæðinu norðan kröfulíninu. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.
10. Athygli nefndarinnar er vakin á því, að nær engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeiganda um landið norðan kröfulínunnar, enda var það óumdeilt eignarland eins og kröfu ríkisins var háttað og lýst var hér að framan.
11. Þá ber þess að geta að jarðir, bæði vestan og austan við hið umdeilda land, eru viðurkennd og óumdeild eignarlönd.
12. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

13. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði landsvæðið.
14. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu m.a. vegna landsvæðisins um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu víkja sæti vegna vanhæfis.
15. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar, dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
16. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
17. Afstaða landeiganda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna landsvæðisins.
18. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna landsvæðisins. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið, sem hefðu komið fram í athugasemdum landeiganda, teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi landsvæðið Grímólfsártungu.

19. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

Krafa um frávisun og sérstakur áskilnaður:

20. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda á það ekki undir nefndina.
21. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

22. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunní að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

23. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
24. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 4/2005, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem var til staðar og úrskurður beindist að.
25. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 4/2005 var talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins.
26. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar frá 6. september 2005, í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, voru nefndir. Eðli máls



samkvæmt gat á þeim tímapunkti ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 4/2005, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.

27. Landeigandi heldur því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvísunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megj umþrætt svæði til meðferðar.
28. Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í landsvæðið á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar, sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmat.
29. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

*Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar auk niðurstöðu héraðsdóms og Hæstaréttar leiðir hvert um sig til þess að fallast ber á kröfu landeiganda:*

30. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum og þýðingu hafa.
31. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
32. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar;  
*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*
33. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

34. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr., kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.
35. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á*

*Því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

36. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.
37. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttihafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.
38. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess, hefur verið óbreytt frá upphafi.
39. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.
40. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
41. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

42. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020, umræðulítið.
43. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum, um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.
44. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.

45. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlægum.
46. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
47. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur.
48. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
49. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017**, þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
50. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendulaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
51. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu þann 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.
52. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins á að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.

53. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalýsing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
54. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
55. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sáttar. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

56. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

57. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
58. Með því að óbyggðanefnd ákvað þann 1. mars 2004, að taka fyrir landsvæði vestur að Jökulsá á Fjöllum og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls svæðisins.

59. Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að landsvæðið væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfulýsingu ríkisins hér að framan.
60. Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 4/2005 fól í sér að viðurkennt var að landsvæðið væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í málinu nr. 4/2005, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
61. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 4/2005 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér frammar.
62. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkt með dómi.
63. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímum, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.
64. Málinu var skotið til héraðsdóms og áfrýjað til Hæstaréttar. Úrskurður óbyggðanefndar var staðfestur á báðum dómstigum.
65. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög. Þá liggja fyrir dómur bæði héraðsdóms og Hæstaréttar sama efnis.
66. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
67. Dómur Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
68. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggið við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist, enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu

ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.

69. Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar, sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki landsvæðisins byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
70. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
71. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lög frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

72. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
73. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda landsvæðisins. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda í kröfulýsingu ríkisins í máli nr. 1/2019 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsförræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendlaga.
74. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsförræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeiganda.
75. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri

málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða óbyggðanefndar og dómstóla sem kveða á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.

76. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendulaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú, að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
77. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
78. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 4/2005 og dómum héraðsdóms og Hæstaréttar hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.
79. Þess bera að geta að núverandi landeigandi fékk landsvæðið framselt til sín eftir að fyrrgreindri málsmeðferð lauk.

Um fjöllun óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 2/2008, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fordæmi sem fyrir liggja.

80. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 157 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags 1. júlí 2020:

*Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Syðralóns, ekki verið sýnt fram á að Grímólfsártunga sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Grímólfsártunga sé í afréttareign Syðralóns. Til þess verður þó að líta að þjóðlendukrafa ríkisins nær ekki til nyrsta hluta Grímólfsártungunnar. Líkt og nánar er rakið í kafla 6.1. er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verður því að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006. Af þessum sökum verður nyrsti hluti Grímólfsártunga talinn utan þjóðlendu.*

81. Landeigandi telur tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlega stöðu lands sunnan kröfulínu. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en afar takmörkuð sönnunarfærsla fór fram, eðli máls samkvæmt.

82. Landsvæðið er umlukið eignarlöndum á þrjá vegu. Í vestri er land Hvamms, en í austri Tungusel og Þorsteinsstaðir. Ekki hefur verið rökstutt hvers vegna eignarland á Grímólfstungu skuli ná skemmra til suðurs en land fyrrgreindra jarða.
83. Þá er fjöldinn allur annar af rangfærslum og rangtúlkunum í tilvitnuðum hluta úrskurðarins í máli 4/2005, sem ekki er ástæða til að rekja hér, en farið verður yfir í málflutningi um efnishlið málsins, ef til kemur.
84. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.
85. Landeigandi leggur áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eiganda og forvera, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan ummerkja jarðarinnar.
86. Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnáamssvæða og mótmælir því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.
87. Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

88. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

89. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
90. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um



landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigandi byggir kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.

91. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
92. Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Landeigandi álitur að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.
93. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeiganda að honum sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
94. Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Landeigandi telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeiganda, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigandi minnir á að heimildarskjölum hans og forvera hans fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.
95. Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.
96. Þá byggir landeigandi þrautavarakröfu sína einnig á því að hann og forvera hans hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

#### Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

**Áskilnaður:**

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. landeiganda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Mál nr. 2/2023**

— *Norðurland* —

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Kópavogi, 28. mars 2023

## KRÖFULÝSING

f.h. eigenda Torfufells (L152813), Hólsgerði og Úlfár (L152643) í Eyjafjarðarsveit

### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

### **Aðild og fyrirvar:**

Eigendur jarðanna eru:

- |   |                           |
|---|---------------------------|
| 1. Brynjar Skúlason, kt. 211268-5229      | (50% í Hólsgerði og Úlfá) |
| 2. Sigríður Bjarnadóttir, kt. 171267-2939 | (50% í Hólsgerði og Úlfá) |
| 3. Inga Vala Gísladóttir, kt. 030686-2259 | (75% í Torfufelli)        |
| 4. Einar Magnússon, kt. 090951-2389       | (25% í Torfufelli)        |

Fyrirsvarsmaður eigenda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeigenda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeigenda á landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingu landamerkjabréfa þeirra, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti:

*Upphafspunktur er við skurðpunkt þann við vatnaskil sem markar þjóðlendu afréttar Torfufells, Hólsgerðir og Úlfár (1). Frá skurðpunktinum er vatnaskilum fylgt að upptökum Hafrár norðan við fjallið Sankti Pétur (2). Þaðan er fylgt þjóðlendumörkum aftur í upphafspunkt.*

Til þrautavara krefjast landeigendur þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

## Málavextir og helstu málsástæður:

### Um landnám og landamerki:

1. Landeigendur álíta að allt land Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár hafi verið numið í öndverðu. Samkvæmt frásögn Landnámu gaf Helgi magri Auðuni rotin land upp frá Hálsi til Villingadals og bjó hann í Saurbæ. Þá gaf Helgi magri Hrólfi syni sínum öll lönd fyrir austan Eyjafjarðará frá Arnarhváli upp og bjó hann í Gnúpufelli. Telja verður fullvíst að lönd Auðuns og Hrólfs hafi náð saman þannig að land Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár sé innan landnáma.
2. Hólsgerði var áður hluti af jörðinni Torfufelli sem er forn jörð. Torfufells er víða getið í fornum heimildum og er m.a. vísað til jarðarinnar í skiptabréfi eftir Þorvarð Loftsson frá 6. mars 1446. Eftir það er jarðarinnar oft getið. Þá er Torfufells getið í Víga-Glúmssögu. Úlfá er einnig forn jörð og er getið í bréfi Kristófers konungs af Bayern frá 10. ágúst 1447. Eftir það er jarðarinnar oftsinnis getið.
3. Landamerkjabréf fyrir Torfufell var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið þremur dögum síðar og þar segir m.a.:

*...að sunnan milli Hólsgerðis og Torfufells eru merkin í jarðfastan stein ... og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðarár til fjallsins er óskipt land milli jarðanna. ... að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar, en frá Torfufellsgilskjafi eru landamerki beint strik í gilið, sem er næst fyrir utan Halldórsstaðatún. Hólsgerði á frítt fyrir sínar skepnur á Torfufellsdal.*

4. Landamerkjabréf fyrir Hólsgerði var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið 20. maí 1890 og þar segir m.a.:

*Að sunnan milli Hólsgerðis og Úlfár eru merkin ... úr gömlum garðsstúf niður við Eyjafjarðarár uppi 3 jarðfasta steina, sem vörður hafa verið hlaðnar á og úr þeim bein stefna til fjalls. Að norðan milli Torfufells ... og Hólsgerðis ... til fjallsins er landið óskipt milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að ... vestan fjallsbrúnin. Jörðin á fría beit fyrir gjeldfé og stórgripi á Torfufellsdal.*

5. Landamerkjabréf Úlfár er ódagsett. Miðað við nærliggjandi gjörninga í bókinni, þá var það líklega gert 24. maí 1888. Því var þinglýst á Saurbæjarmanntalsþingi og þar segir m.a.:

*Að austan ræður Eyjafjarðará. Að sunnan bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar. Að vestan ræður fjallsbrúnin. Að norðan ráða steinvörður, sem hlaðnar eru ofaná þrjá jarðfasta steina beina stefnu frá Eyjafjarðará til fjallsbrúnar.*

Úlfá var lögð undir Hólsgerði árið 1930.

6. Lýsing landamerkjabréfanna tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og um það voru íslenska ríkið og landeigendur sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

7. Þann 29. mars 2007 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8. gr, 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Landsvæðið sem tekið var fyrir náði til Eyjafjarðarsýslu allrar, Skagafjarðarsýslu allrar og Austur-Húnavatnssýslu austan Blöndu auk Hofsjökuls.
8. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu, en á móti bárust kröfulýsingar ýmissa aðila, þ.á m. landeigenda, sbr. kröfulínukort sem lá fyrir í málinu.
9. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk innan lands jarða landeigenda, dags. 14. mars 2008, bls. 70, er kröfugerðin í land landeiganda rökstudd þannig að fallist er á lýsingu landamerkjabréfa Hólsgerðis og Úlfár, en hafnað lýsingu landamerkjabréfs Torfufells þar sem segir *...fram á fjöll þar til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar*. Er það rökstutt með vísan til Hæstaréttardóms í máli nr. 128/1967.
10. Óbyggðanefnd hafnar rökstuðningi íslenska ríkisins þar sem gildi bréfs Torfufells er dregið í efa í úrskurði sínum og viðurkennir landamerki jarðarinnar upp á vatnaskil móti landi Nýjabæjar.
11. Undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd var aflað gagna frá vatnamælingasviði Veðurstofunnar og samkvæmt skýrslu þess liggja vatnaskil eilítið norðar en kröfulína íslenska ríkisins á Torfufelli.
12. Eftir að landeigendur höfðu skilað kröfulýsingu sinni skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, en þar er afstaða íslenska ríkisins ítrekuð, þ.e. að viðurkennd eru landamerki jarða landeigenda á fjallinu Torfufelli, en hafnað lýsingu landamerkja milli draga Torfufellsdals og vatnaskila móti Skagafirði.
13. Engin tilraun var gerð af hálfu íslenska ríkisins til þess að auka við kröfur sínar á svæðinu eftir að fyrrnefnd skýrsla vatnamælingasviðs lá fyrir, en landeigendur sjá ekki betur en að á þeirri skýrslu hafi verið byggt í kröfugerð íslenska ríkisins í því máli sem hér er til umfjöllunar.
14. Auðvitað hlýtur að vekja furðu að miða kröfur við mæld vatnaskil sem framkvæmd er með allri nútímataekni sem forverar landeigenda höfðu ekki yfir að ráða. Almennt var talið að sýslu- og sveitarfélagamörk væru á vatnaskilum milli héraða og miðaðist kröfugerð landeigenda einmitt við sýslumörk.
15. Sérstök óbyggðanefnd hlýtur að sjá þær ógöngur sem fyrirsjáanlegar væru ef fallist væri á kröfugerð ríkisins nú því eins og sjá má liggja mæld vatnaskil milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar ekki alveg á sýslumörkum og með sömu röksemdafærslu og ríkið byggir kröfu sína á nú geta landeigendur gert kröfu til hluta af landi Nýjabæjar, enda ná hin mældu vatnaskil nokkuð vestar milli Torfufells og Nýjabæjar en krafa landeigenda í öndverðu.
16. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins í málinu nr. 2/2008 má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu, s.s. landamerkjabréfum og landfræðilegum aðstæðum, að engar þjóðlendur væru á svæðinu norðan kröfulínu. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.

17. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

18. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land jarðanna.
19. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu, m.a. vegna jarðanna, um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu vikja sæti vegna vanhæfis.
20. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar, dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
21. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
22. Afstaða landeigenda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna lands jarðanna.
23. Með bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna jarðanna. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til lands jarðarinnar.
24. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávísun og sérstakur áskilnaður:*

25. Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda eigi það ekki undir nefndina.
26. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeigenda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um

grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

27. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunni að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

28. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
29. Það er afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 2/2008, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem var til staðar og úrskurður beindist að.
30. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 2/2008 var talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins.
31. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar, frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímum ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 2/2008, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
32. Landeigendur halda því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvöldunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megi umþrætt svæði til meðferðar.
33. Landeigendur setja fram sérstakan áskilnað um að krefjast þess fyrir dómi, að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land jarðanna á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar, sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmat.



34. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar og dóma héraðsdóms og Hæstaréttar leiða hvert um sig til þess að fallast ber á kröfu landeigenda:

35. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum og þýðingu hafa.
36. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
37. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar;

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

38. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

39. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr., kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.
40. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

41. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

42. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttihafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.
43. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.
44. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.
45. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
46. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

47. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.
48. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.
49. Sjóarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
50. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlögum.
51. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.

52. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessar yfirlýsingar þjóðlendlaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendir.
53. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
54. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017**, þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
55. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendlaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendlaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
56. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendlögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu, þann 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.
57. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins á að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
58. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði á að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyásing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
59. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
60. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendlaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

61. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárpings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendlögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmannna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

62. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
63. Með því að óbyggðanefnd ákvað, þann 29. mars 2007, að taka fyrir allt hið framangreinda landsvæði og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendlaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls hins framangreinda svæðis.
64. Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land jarðanna væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfulýsingu ríkisins hér að framan.
65. Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 2/2008 fól í sér að viðurkennt var að land jarðanna væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í málinu nr. 2/2008, en þar var fallist að hluta til á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.

66. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 2/2008 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
67. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkt með dómi.
68. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.
69. Landeigendur skutu málinu til úrlausnar héraðsdóms Norðurlands eystra (mál nr. E-34/2010), en í umfjöllun dómsins um kröfugerð og málsástæður íslenska ríkisins segir:

*Við flutning var af hálfu stefnda [íslenska ríkisins] til þess vísað að ekki væri ágreiningur um eignarréttarlega stöðu nefndra jarða og hins óskipta lands þeirra, líkt og það hefði verið afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar. Þannig sé ekki ágreiningur um að landsvæði jarðanna sé undirorpið beinum eignarrétti...*

70. Héraðsdómur staðfesti niðurstöðu óbyggðanefndar og áfrýjuðu landeigendur þeim dómi til Hæstaréttar sem staðfesti héraðsdóm óraskaðan.
71. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög.
72. Þá liggur fyrir bindandi málflutningsyfirlýsing af hálfu íslenska ríkisins sem vísað var til hér að framan auk dómsúrlausna bæði héraðsdóms og Hæstaréttar.
73. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
74. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
75. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeigenda fæst slík niðurstaða með engu

móti staðist, enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.

76. Með þjóðlendulögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Jarðanna byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
77. Þjóðlendulög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
78. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kærenda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögín frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

79. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið, einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
80. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eigenda jarðanna. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeigenda í kröfulýsingu ríkisins í máli nr. 2/2008 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendulaga.
81. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeigenda.

82. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeigenda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigendur eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeigenda. Því landsvæði verða landeigendur ekki sviptir nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
83. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendulaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú, að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
84. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður og dómar héraðsdóms og Hæstaréttar þar sem kveðið er á um að hið umþrætta land sé eign landeigenda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeigenda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
85. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 2/2008 og niðurstöðu dómstóla höfðu landeigendur réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðað þjóðlenda væri þeirra eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Umfjöllun óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 2/2008, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fordæmi sem fyrir liggja.

86. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 97-98 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra dags 1. júlí 2020:

*Samkvæmt framangreindu ber landamerkjabréf Torfufells ótvírætt með sér viðmiðun við vatnaskil að vestanverðu en ekki kemur fram hversu langt suður sú viðmiðun skuli ná. Orðalagið „til fjalls“ og „fjallsbrún“, þegar austar og sunnar dregur, þarfnast nánari athugunar. Torfufellsdalur og Hafrárdalur skerast suðvestur frá Eyjafjarðardal, sem liggur frá norðri til suðurs, og inn í hásléttu þá sem liggur milli Eyjafjarðardals að austan og Austurdals í Skagafirði að vestan. Meðfram ánum er undirlendi í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli en síðan rís land skarpt í um 1000 m hæð ofan brúna. Í málinu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands um vatnasvið Torfufellsár og Hafrár. Af þessum gögnum verður ráðið að vatnaskil vestan Torfufellsdals liggja Skagafjarðarmegin við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, þar til þau sveigja til austurs og svo suðausturs, í átt að Torfufelli og Eyjafjarðardal. ... Með hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðháttum og staðsetningu umræddra vatnaskila telur óbyggðanefnd að merki jarðanna nái ekki til fjalllendisins vestan Urðarvatna en austan vatnaskila Torfufellsár. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins nær ekki til alls svæðisins suðvestan vatnaskila. Þar sem óbyggðanefnd er bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, kemur eignarréttarleg staða þess hluta umrædds landsvæðis ekki til frekari skoðunar hér.*

87. Landeigendur telja tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, hefði tækifæri til þess gefist. Verða nú helstu rangfærslur nefndarinnar raktar og hraktar:
88. Óbyggðanefnd virðist byggja á því að miða beri við mæld vatnaskil eins og unnt er að gera með nútímatækni, en ekki sýslumörk sem talin hafa verið á vatnaskilum um langan aldur.
89. Hér fellur óbyggðanefnd í þá gryfju að nálgast viðfangsefnið út frá þekkingu nútímamannsins og þeirri tækni sem hann hefur yfir að ráða í stað þess að líta á málið frá sjónarhóli þeirra sem sömdu landamerkjabréfin, sem niðurrstaðan er við miðuð, og uppi voru í lok 19. aldar.
90. Öllum má vera ljóst hversu miklar ógöngur munu verða því samfara ef miða á við mæld vatnaskil, enda sést glögglega á því korti sem íslenska ríkið lét nú fylgja kröfulýsingu sinni, að ef miða á við mæld vatnaskil nær land jarðanna vestur fyrir sýslumörk og þannig inn í land Nýjabæjar í Skagafirði.
91. Ef miða á við mæld vatnaskil er afar ósanngjarnt, að mati landeigenda, að íslenska ríkið, einn aðila að þjóðlendumáli, geti með einfaldri lagasetningu og bótalaust horfið frá sammæli aðila málsins undir rekstri þess fyrir óbyggðanefnd og síðar dómstólum og helgað sér land á grundvelli reglu sem gildir um það eitt en útilokar aðra. Slíkt myndi misbjóða almennri réttarvitund og skynsemi.
92. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðanna hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.
93. Landeigendur leggja áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan ummerkja jarðanna.
94. Landeigendur telja ljóst að land jarðanna eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa.
95. Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrögðabáttar Grágáasar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*



## 96. Í 3. kapítula landsbrigðabáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

97. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
98. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess sem landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.
99. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
100. Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.
101. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
102. Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst

að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðunum hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

103. Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

104. Þá byggja landeigendur þrautavarakröfu sína einnig á því að þeir og forverar þeirra hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

#### **Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjialaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.


Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991

#### **Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. landeigenda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Aðeins sent rafrænt á [postur@byggdanefnd.is](mailto:postur@byggdanefnd.is)

Akureyri, 28. mars 2023

## Kröfulýsing til Sérstakrar óbyggðanefndar

### 1) Efni:

Kröfulýsing til Sérstakrar óbyggðanefndar vegna krafna Fjármála- og efnahagsráðherra vegna kröfusvæða við norðurmörk Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.

### 2) Málstaðir og fyrirvar:

Undirritaður lögmaður, Ólafur Rúnar Ólafsson, Lögmannsstofu Norðurlands, gætir hagsmuna Hörgársveitar, kt. 510101-3830, Þelamerkurskóla, og Einars Steindórs Valbergssonar, kt. 270373-2919, sem eru eigendur þeirra jarða sem mál þetta varðar.

Hörgársveit er eigandi jarðanna Almennigur, Bakkasel og helmings í jörðinni Vaskárdalur á móti Einari Steindóri Valbergssyni.

### 3) Kröfur:

#### a) Höfnun krafna Fjármála- og efnahagsráðherra:

Þess er krafist að kröfum Fjármála- og efnahagsráðherra verði hafnað.

#### b) Landsvæðið er eignarland:

Af hálfu umbjóðenda minna er þess krafist að landsvæði það sem Fjármála- og efnahagsráðherra krefst að verði úrskurðað þjóðlenda, verði úrskurðað eignarlönd umbjóðenda minna, nánar tiltekið að landsvæðið við norðurmörk Vaskárdals, Almennings og Bakkasels teljist eignarlönd umbjóðenda minna, að sá hluti sem fellur innan jarðanna Almennings og Bakkasels teljist eignarland Hörgársveitar og sá hluti sem fellur innan jarðarinnar Vaskárdals teljist eignarland Hörgársveitar og Einars Steindórs Valbergssonar til helminga, samkvæmt eftirfarandi kröfulínum:

„Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 3/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).“

#### c) Varakrafa:

Til vara er þess krafist að umþrætt landsvæði verði úrskurðað afréttareign verði það ekki talið eignarland.

#### d) Málskostnaður:

Þess er krafist að umbjóðendum mínum verði úrskurðaður allur málskostnaður úr ríkissjóði.

### 4) Málsvik:

Umbjóðendur mínir fengu sent bréf frá Óbyggðanefnda, dags. 30. mars 2021, þar sem þeim voru kynntar kröfur Fjármála- og efnahagsráðherra um að lönd þeirra yrðu úrskurðuð



Þjóðlendum. Úrskurður vegna landsvæðisins gekk í máli Óbyggðanefndar nr. 3/2008, þann 19. júní 2009. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra E-74/2010, vegna Bakkasels, syðri hluta, með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra E-75/2010, vegna Almennings og með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra E-71/2010, vegna Vaskárdals, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 24/2014. Umbjóðendur mínir töldu að með þessum úrskurði og dómum hafi endanlega verið ráðið til lykta hvað teldist eignarland og hvað þjóðlendum vegna jarðanna Bakkasels, Almennings og Vaskárdals, enda var það almennur skilningur þeirra að málsmeðferð Óbyggðanefndar ætti að ráða til lykta í eitt skipti fyrir öll vafa um hvaða lönd teldust til eignarlanda og hver ekki. Bréf Óbyggðanefndar og kröfugerð Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins kom umbjóðendum mínum því á óvart. Jafnframt töldu þeir að það landsvæði sem nú virðist ætlunin að gera að þjóðlendu væru þeirra eignarlönd í samræmi við málsmeðferð og úrskurð Óbyggðanefndar og þá dóma sem fallið hafa vegna þess úrskurðar.

Óbyggðanefnd vék sæti og sett var Sérstök óbyggðanefnd í desember 2021. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2022 ákvað Sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar lönd umbjóðenda minna og annarra og veittur frestur til 14. nóvember 2022 fyrir ráðherra að lýsa kröfum að nýju og mun kröfulýsing ráðherra hafa borist samdægurs. Með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022 var kallað eftir kröfum þeirra sem hefðu öndverðrar hagsmuna að gæta og veittur frestur til að skila kröfum til 28. febrúar 2023 vegna þess.

### 5) Málsástæður og lagarök:

Það hníga öll rök til þess að hafna beri kröfu Fjármála- og efnahagsráðherra og að landsvæðið teljist áfram eignarlönd umbjóðenda minna.

#### a) Úrskurður Óbyggðanefndar í máli 3/2008 og dómar réðu málinu endanlega til lykta:

Umbjóðendur mínir stóðu í þeirri trú að málsmeðferð og úrskurður Óbyggðanefndar og dómar vegna þess úrskurðar hefðu ráðið endanlega til lykta hvað af landsvæðinu teldist til eignarlands og hvað ekki. Það er í samræmi við ríkjandi réttarhugmyndir um að dómar dómstóla og úrskurðir stjórnvalda séu endanlegir, sé þeim ekki áfrýjað til æðra yfirvalds, sem bært er að lögum til að fjalla um viðkomandi ákvörðun. Þetta sjónarmið byggir á hinni fornu meginreglu og nefndist í rómarrétti, res judicata, eða bindandi réttaráhrif dóma og úrlausna yfirvalda og er meginregla í íslenskum rétti.

Það var enda megintilgangur laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 að eyða óvissu um eignarétt á landi. Í þessu hlýtur að felast að úrskurðir Óbyggðanefndar, og dómsmál í kjölfar þeirra, áttu að verða endanlegir og eyða óvissu um eignarétt á landi. Það skýtur því í meira lagi skökku við að ríkið geti aukið við kröfur sínar síðar og aukið óvissu um eignarétt á landi.

Fjármálaráðherra gafst kostur á að lýsa kröfum vegna landsvæðisins f.h. ríkisins í máli Óbyggðanefndar nr. 3/2008, sbr. 10. gr. laga um þjóðlendum nr. 58/1998. Sá kröfulýsingarfrestur er löngu útrunninn. Þar sem ríkið lýsti ekki kröfum innan tilskilins og lögbundins frests skv. greininni vegna þessa landsvæðis er allur réttur ríkisins til að gera kröfu um að landið teljist þjóðlenda fallinn niður vegna vanlýsingar. Það er grundvallarregla íslensks réttar að sé kröfum ekki lýst innan tilskilins frests fellur krafan niður vegna



vanlýsingaráhrifa. Þetta endurspeglast víða í löggjöfinni, t.a.m. í lögum um gjaldþrotaskipti, lögum um skipti dánarbúa og lögum um einkahlutafélög og hlutafélög.

Með þessari nýju málsmeðferð er verið að gefa Fjármálaráðherra kost á að gera kröfur vegna landsvæðis sem Óbyggðanefnd var búin að fjalla um. Þetta stríðir gegn sjónarmiðum um bann við afturvirkni laga, og borgararnir eiga ekki að þurfa að þola íþyngjandi ákvarðanir eftir á. Þetta á ekki síst við hvað varðar eignaskerðingar enda eignarétturinn sérstaklega varinn í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Það er einnig meginregla að dómar verða ekki enduruppteknir nema með dómi. Það féll útskurður Óbyggðanefndar og dómar þar sem fjallað var um hann, og það liggja engir dómar fyrir um að endurupptaka megi málið. Því er málsmeðferð þessi ólögsmæt. Það myndi heldur enginn dómstóll fallast á að endurupptaka málin í ljósi ofangreindra meginreglna.

Ofangreindum meginreglum er ætlað að eyða réttaróvissu og stuðla að því að aðilar stjórnarsýslu- og dómsmála viti hvar þeir standa og þurfi ekki að sæta síendurteknum kröfugerðum og málarekstri. Kröfugerð ríkisins stríðir gegn öllum þessum meginreglum.

Þessi nýja málsmeðferð virðist einkum byggja á því að Óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð Fjármálaráðherra í máli nr. 3/2008 og nýja málsmeðferðin byggir á 4. gr. laga nr. 34/2020, sem breytti lögum um þjóðlendur nr. 58/1998, svo ríkið mætti koma að nýjum og auknum kröfum til landsvæða sem þegar var búin að fjalla um af hálfu Óbyggðanefndar. Það verður ekki séð að Óbyggðanefnd hafi gert neinar athugasemdir við kröfugerð Fjármálaráðherra í máli nr. 3/2008. Kröfugerð Fjármálaráðherra náði bara ekki til þessa landsvæðis og í því hlýtur að hafa falist sú afstaða að þetta væri alls ekki þjóðlenda. Fjármálaráðherra hefði ekki átt að yfirsjást þetta, ekki síst þegar litið er til þeirrar sérþekkingar sem ráðuneytið á og hlýtur að búa yfir. Ríkið verður að bera hallann af öllum vafa hvað þetta varðar en ekki landeigandinn, sem er gert að þola skerðingu á eign sinni. Þá er nefnd 4. gr. laga nr. 34/2020 aukinheldur í andstöðu við þær meginreglur sem nefndar hafa verið um bindandi réttaráhrif dóma og úrskurða, bann við afturvirkni laga og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það verður ekki séð að Óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum í máli nr. 3/2008 vakið máls á að landsvæðið, sem féll utan kröfugerðar ríkisins, væri utan eignarlanda. Það er heldur ekki hlutverk Óbyggðanefndar að gæta hagsmuna ríkisins eða sinna kröfugerð fyrir ríkið eða benda ríkinu á hvar það geti gert kröfu til að land teljist þjóðlenda og tekið eignir af borgurunum. Löggjöf sem segir annað stríðir gegn meginreglum réttarfars og þeirri meginreglu að eignarétturinn er friðhelgur. Kröfulýsing fjármálaráðherra er ennfremur ekki rökstudd hvað þetta varðar.

Það leikur enginn vafi á því hvort svæðið er háð beinum eignarrétti. Þar sem ríkið gerði ekki kröfu til þess að það væri þjóðlenda, þegar því gafst færi á því, þá hlýtur þetta að vera eignarland umbjóðenda minna eins og þeir sýndu fram á í máli Óbyggðanefndar nr. 3/2008 og það byggir á lögsmætum afsölum þeirra vegna landsins.

*b) Landsvæðið er eignarland:*

Umbjóðendur mínir hafa alltaf staðið í þeirri trú að landsvæðið væri þeirra eignarland og að þeir hefðu þar allar þær eignarheimildir á hendi sem felst í beinum eignarrétti að landi. Þeir



hafa afsöl fyrir jörðunum og þau hafa verið talin eignarlönd af þeim jafnt sem fyrri eigendum. Fjármálaráðherra f.h. ríkisins hefur ekki fært rök fyrir öðru eða að þetta sé þjóðlenda.

Það er ekkert sem segir annað en að þetta sé eignarland þeirra. Þó búseta hafi verið stopul á þessu svæði í seinni tíð og heimildir fyrir búsetu á þessum jörðum séu misjafnlega efnismiklar er ekkert sem segir að þarna hafi ekki verið búseta fyrir á tíð eða landið nýtt sem eignarland. Svæðið er hátt yfir sjávarmáli og því má ætla að búseta hafi verið mismikil eftir árferði en þess á milli hefur það í öllu falli verið nýtt til beitar, efnistöku o.fl. Það er heldur ekkert sem segir að búseta sé nauðsynleg til að land teljist eignarland. Sá sem heldur því fram að svæðið sé ekki eignarland hlýtur að bera sönnunarbyrðina fyrir því, ekki síst í ljósi þeirra afsalsgeringa sem umbjóðendur mínir hafa fyrir landinu. Afsalsröð fyrir Vaskárdal er óslitin frá 1841 og einnig liggja fyrir heimildarbréf vegna Almennings og Bakkasels svo sem rakið er í úrskurði Óbyggðanefndar nr. 3/2008.

Með því að ríkið krafðist þess ekki að landsvæðið yrði talið þjóðlenda í fyrra máli og ætlar sér fyrst nú að taka það til sín sem þjóðlendu felur í sér tómlæti af hálfu ríkisins. Hafi ríkið talið þetta vera þjóðlendu hefði ríkið átt að gera þá kröfu í fyrra máli en þegar ljóst var að landsvæðið félli ekki innan kröfugerðar ríkisins hefði ríkið átt að hefjast handa þegar í kjölfar fyrri úrskurða Óbyggðanefndar hafi ríkið talið landsvæðið vera þjóðlendu. Tómlæti ríkisins verkar sterkar í þessu samhengi þar sem verið er að skerða eignarrétt og kröfur ríkisins eru í andstöðu við röð afsala fyrir landsvæði milli aðila sem stóðu í þeirri trú að það væri eignarland.

*c) Málskostnaður:*

Krafa um að málskostnaður umbjóðenda minna verði greiddur úr ríkissjóði styðst við 17. gr. laga um þjóðlendur nr. 58/1998.

**6) Framlögð skjöl:**

-Umboð frá Hörgársveit, dags. 26. maí 2021.

-Umboð frá Einari Steindóri Valbergssyni, dags. 26. maí 2021.

**7) Áskilnaður:**

Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum, athugasemdum og gögnum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

  
Ólafur Rúnar Ólafsson, hrl.



**Kröfulýsing**  
til  
**sérstakrar Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, þ.m.t. svæði 7A, er hér með lýst neðangreindri eignarréttarkröfu vegna neðangreindrar jarðar.

**JÖRD:** Eyvindarstaðaheiði, Húnabyggð, lnr. 145404.

**EIGANDI/EIGENDUR:** Eigandi jarðarinnar er:

**Sjálfs eignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði** kt. 410307-1540

**Sveitarfélagið Skagafjörður** kt. 550698-2349

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland **Eyvindarstaðaheiði**, verði vísað frá sérstakri óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Eyvindarstaðaheiði**, þ.m.t. **svokallaðra Hrauna**, og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, þar sem landamerki þjóðlendunnar voru afmörkuð sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Eyvindarstaðaheiði**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

**Til þrautavara** er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eiganda **Eyvindarstaðaheiði** að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**

Snemma árs 2007 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 7A, Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinnu um þjóðlendu á svæði 7A sem barst óbyggðanefnd þann 14. mars 2008, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli*.“ Afmörkun þjóðlendukröfunar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá



þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni) (16) sem er lokapunktur.

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, dags. 19. júní 2009, komst nefndin að þeirri niðurstöðu umþrættur landsvæði væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmenn, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmenn f.h. landeiganda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu vikja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnarsýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Landeigendur **Eyvindarstaðaheiði** telja að með þjóðlendukröfu sinni á umrætt svæði *austan og sunnan Drangajökuls* sé farið inná eignarland jarðarinnar, og telja sig því tilneydda til að gæta hagsmuna sinna í þessu máli.

#### Saga jarðar:

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 þar sem saga jarðarinnar er rakin.<sup>1</sup> Landeigendur telja þó engu að síður rétt að benda hér eftirfarandi heimildir m.a. um landamerki og eignarrétt jarðarinnar:

Nú er talað um að Eyvindarstaðaheiði liggja á milli Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Blöndu. Upphaflega mun heitið Eyvindarstaðaheiði hafa verið takmarkað við vesturhluta þess svæðis. Þá mun Eyvindarstaðaheiði hafa verið eign Eyvindarstaða í Blöndudal en hún var seld undan jörðinni 1859. Þetta landsvæði mun hafa verið notað frá alda öðli til afréttar fyrir sveitirnar á milli Blöndu og Héraðsvatna. Sagnir herma að upprekstur þangað hafi verið heimill öllum sem bjuggu innan takmarka Gönguskarðsár að austan en Laxá að vestan svo sem Blanda og Vestari-Jökulsá ráða.<sup>2</sup>

Áður fyrr þegar byggð var meiri voru Staðarfjöll, sem nú er sameiginlegt afréttarland sveitanna á milli Blöndu og Héraðsvatna og allt fram að Stóra-Vatnsskarði, talin heimalönd enda nytjuð sem slík og m.a. nýtt til selfara. Þá var því svæði sem nú er kallað Eyvindarstaðaheiði skipt í tvö megin svæði. Annars

<sup>1</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 10-37.

<sup>2</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir III*. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri, 1985, bls. 297; Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“ *Húnaþing III*, bls. 31-33.





vegar Stafnsafrétt sem mun hafa náð yfir Háutungur, milli Fossár og Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli. Hins vegar svæðið þar vestan af eða Eyvindarstaðaheiði sem lá lengi vel undir Eyvindarstaði í Blöndudal.<sup>3</sup>

Lýsingar á afréttum sem tengjast Eyvindarstaðaheiði eru víða í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bæði í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu. Þetta eru svæðin: Rugludalur, Seljabrekkur/Selland, Skeggstaðir, Fossar, Kongsgarður, Stafn, Bergsstaðir, Mjódalur, Móberg, Krithóll og Mælifell.

Þann 14. júní 1773 lögfesti Sveinn Pétursson umboðshaldari í Svínadalsumboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni stendur:

Lögfesti nu i dag alla Eivindastadar Heide millum þeirra umm merkia sem effter filger. First ad Nordann verdu i Sydre Endann á Rugludals búngu þadann Hanska fell. Þadan i þann Hlöda Stein sem stendur a Fossa dals brún. Beinleides þadann i Hoolma myrar votn, og þadan til Austurs i Adalsmanns vatna Lækjaros, Rædur so Lækurenn til Svartár og so framh Svartä i Svörtu Tiörn, þadann beinleides stefnu til Jökuls, rædur so Jökull til Blöndu upptaka. Rædur So Blanda til FirrGreindrar Ruglu dals bungu. Fyrer byd eg hvorium manni so vel innan Syslu sem utann bruka edur beita, Hrys rif ad vinna edur nockurt hagrædi sier ad nyta innan nefndra landamerkia þad Logum er a moti nema mitt edur a buandans á Eivindarstodum sie skriflegt leifi til. Biggest þesse Lögfesta a Gömlum dom og Documenter sem eg i Hondum hefe hvor Frammvysast skulu a sinne Tyd ef nockrer hier a moti gióra. Hier med til bijdst ecke einasta Hældur tilseigest ollum sem Fiar rekstur lamba bruka effter Lógum, ad reka syn lömb á Eivindarstada Heidi effter [gamalli] veniu og giordum dómum þar um til forna, giore nockur hier ä möti giefe bondenn nu verandi a Eivindarstödum velforsoktur Jon Thumasson mier þad til kinna.<sup>4</sup>

Þann 11. maí 1776 lögfesti Jón Árnason umboðshaldari í Svínadalsumboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni, sem er keimlík þeirri frá 1773, stendur:

Lögfeste hier med alla Eivindarstadarheide, innann þeirra Takmarka sem hier effter greiner. Ad Nordannverdu i Sydre Endann á Rugludalsbungu, þadann Rettsýne til austurs i Handska fell, þadann i þann Hlödastein sem Stendur á Fossadalsbrún, beinleides þadann i Hólmamýrar Vatn, og þadann Rettsynes i Adalsmannvatna Lækjar Ós. Rædur so lækurenn til Svartár, enn áenn rædur allt framh i Svörtu Tiörn, þadann beinleides Stefnu til Jökuls, Rædur so Jökullenn til Blöndu upptaka, Enn Blanda rædur ad Sunnann og Vestann allt gegnt fyrstskrifudu ör nefne. Fyrerbýd eg hvöriumm manne sovel innann Sýsslu sem utann ad bruka edur beita, edur nockurt hagræde sier ad nýta innann Nefndra Landa Merkia, Sierdeiles Fyrer býd Eg Hrisrif, Kolagiörd, og Hrossa upprekstur, samt Sierhvöria adra lögum gagnstæda brukun a nefndre Heide, nema Mitt edur ábuandans á Eivindarstödum, sie skriflegt leife til. Byggest þesse lögfesta á gömlum dómum og Documenter sem Eg i Höndum hefe, hvör frammvysast skulu a sinne Týd, ef Nockrer hier i móte giöra. Hier med tilbýdst ei alleinasta, heldur alvarlega tilseigest, öllum sem Upprekestur Lamba brúka effter Lögum, ad Reka sín Lömb á Eivindarstada Heide, effter gammallre Veniu og giördumm Dómum til forna, er til skyllda alla ábuendur i Millum, Blöndu og Heradsvatna frá Laxaa á Skagatrönd ad Vestann, enn Gaunguskardsá ad austann, sin Lömb á Eivindarstadarheide ad reka, samt Veniulegum Fiallskilum uppe ad hallda.<sup>5</sup>

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði var útbúið þann 28. september 1886 og því var þinglýst 20. maí 1889:

Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni; þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal; þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst; þaðan í Hlódarstein, þann er stendur á Fossadalsbrún að vestan; þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn; þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós; ræður svo lækurinn til Svartár; ræður svo áin frá í Svörtutjörn; þaðan beina

<sup>3</sup> Bragi Sigurjónsson, Göngur og réttir III, bls. 297.

<sup>4</sup> Skjal nr. 2 (21) a-b.

<sup>5</sup> Skjal nr. 2 (22).



stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli; ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifðu syðra Kolluhvammsgreni.<sup>6</sup>

Þann 6. ágúst 1898 samþykktu fulltrúar Bólstaðarhlíðarhrepps og Lýtingsstaðahrepps, ásamt Seyluhreppi meðlimir Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar, að kaupa Stafnsréttarstæði af Stafnslandi, sem kaupsamningar milli Lýtingsstaðahrepps og Stafnsbónda frá 26. janúar 1897, hljóðaði upp á til félagseignar og notkunar og einnig samþykktu þeir að kaupa Eyvindarstaðaheiði. Þessa ákvörðun tóku þeir í trausti þess að Seyluhreppur myndi standa að kaupunum með þeim og út frá sömu ályktun skiptu þeir til bráðabirgða réttindum og kvöðum þessara þriggja aðila vegna sameignarinnar. Skyldi Bólstaðarhlíðarhreppur bera 5/17, Seyluhreppur 4/17 og Lýtingsstaðahreppur 8/17.<sup>7</sup>

Ár 1899 hinn 1. dag júlímánaðar var fundur haldinn að Valadal í Seyluhreppi og mættu þar fulltrúar frá Bólstaðarhlíðarhreppi, Lýtingsstaðahreppi og Seyluhreppi, og var ætlunarverk fundarins, að koma sér saman um notkun á Stafns- og Eyvindarstaðaafréttum og gera þær ályktanir, sem þörf gerðist viðvíkjandi afréttarlandi þessu. Voru því næst gerðar eftirfarandi ályktanir:

1. Afréttin skal heita „Stafns- og Eyvindarstaða-afrétt“, eins og hún hefir verið nefnd til þessa, og telst til hennar allt landið milli Blöndu og Jökulsár vestan fram til öræfa og að heimalöndum ásamt með tungunni milli Svartár í Svartárdal og Fossár, réttarstæðið, réttareyrinni og Vökuhvamminum og yfir höfuð þeim ítökum í Stafnslandi, sem kaupsamningur milli eigenda Stafns og hreppsnefndar í Lýtingsstaðahreppi getur um. Land þetta er allt að dýrleika 26,4 [hndr.].<sup>8</sup>

Í reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar sem er ódagsett en er líklega frá 1916 stendur eftirfarandi um eignarrétt, umráðarétt og upprekstrarrétt. Í öðru skjali, sem birt er hér aftar er hluti af sömu reglugerð birtur, en báðar útgáfunar hafðar með samhengis vegna innan hvernar um sig.

1. gr. Eignarréttur Afréttin, að dýrleika 26,4 hundruð eftir jarðabókinni 1861, er sameign þriggja hreppa í Húnavatns og Skagafjarðar sýslum:

1. Bólstaðarhlíðarhrepps 5/17 eða 7, 8 hundruð
2. Lýtingsstaðahrepps 8/17 eða 12, 4 hundruð
3. Seyluhrepps 4/17 eða 6,2 hundruð

Til afréttarins telst allt land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum fram til öræfa, ennfremur Kóngsgarðsland og Háutungur, Vökuhvammur og Réttareyri í Stafnslandi. Réttinni til viðhalds er afréttarfélaginu heimil grjótuþptekt í Stafnsland án endurgjalds. Fyrir ágang af afréttarpeningi og átroðning við réttina ber Stafnsbónda ókeypiss upprekstur á afréttina [...]<sup>9</sup>

Árið 1973 var komið upp afréttargirðingu frá Kóngsgarði og þvert austur yfir Háutungur í Svartá. Þá voru gerð landskipti á milli eigenda Fossa og upprekstrarfélagsins. Fossar fengu land norðan girðingar á Háutungum en upprekstrarfélagið það land Fossa sem var framan girðingar. Haldið var áfram með afréttargirðinguna austan Svartár á árunum 1976–1978. Þar sem girðingin liggur yfir Svartá á Stafnsgil:

[...] heitir Sveigur. Hún liggur upp sunnan Einarsdal og upp á höggið sunnan við Mælifellsdal, þaðan til suðausturs ofan við Þrælaki á ofanverðri Haukagilsheiði og fram fyrir veg á Litlasandi og endar á Brunnabrekku. Allmikið land frá kirkjujörðinni Mælifelli lagðist til afréttarins með þessari girðingarlegu. Greiðir upprekstrarfélagið árlega leigu til Mælifellskirkju fyrir landið. Mælifell á Mælifellsdal allan að austanverðu og Haukagilsheiði fram að Brunnabrekkulæk. Enn er ógirt fyrir öræfin suður af Skagafjarðardölum.<sup>10</sup>

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu frá 1985 stendur m.a.:

6 Skjal nr. 2 (14).

7 Skjal nr. 4 (4).

8 Skjal nr. 4 (65).

9 Skjal nr. 4 (66).

10 Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“, bls. 33.



Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps

Eyvindarstaðaheiði

Samkvæmt jarðaregstri Húnavatnssýslu kaupir Hannes Pétursson bóndi á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi Eyvindarstaðaheiði, af Kristjáni Gíslasyni kau[p]manni á Sauðárkróki, en hann var sonur Gísla Ólafssonar er lengi bjó á Eyvindarstöðum og átti bæði Eyvindarstaði og Eyvindarstaðaheiði. Þessi kaup voru gerð 15. maí 1898 og kaupverð 2100 kr. Skömmu síðar mun Hannes hafa selt Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðahreppi og Seyluhreppi, en af þessu hafa ekki fundist kaupsamningar eða afsöl varðandi þau eignaskipti.

Árið 1897 keypti Lýtingsstaðahreppur með kaupsamningi 26. janúar það ár, jörðina Kongsgarð á Fossadal 9. hundruð að dýrleika og Háutungur [milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsgarðslands að vestan] og Stafnseyri með réttarstæði [og Vökuhvammi austan Svartár] alls metið 1/3 úr Stafni eða 9.4 hundruð að dýrleika. Seljandi þessara eigna var Eyjólfur Hansson bóndi í Stafni [er hefur gjaldfríjan upprekstur á Eyvindarstaðaheiði]. Þessum eignum afsalaði Eyjólfur með bréfi 13. október 1897.<sup>11</sup>

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var til Tryggva Gunnarssonar lögfræðings í nafni sýslumannsembættisins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki árið 1985 segir: „Frá landamerkjum Eyvindarstaðaheiðar að austan og austur að Jökulsá vestari, austustu kvíslar hennar, þar sem Hofsafrétt tekur við, er mikið landssvæði sem ekki er vitað um eignarrétt á. Þetta landsvæði, er í daglegu tali kallað Hraunin, er gróðurlaust með öllu, nema mosar með kvíslum í Jökultungu og vestar nálægt Hofsjökli.“ Síðar segir: „Líklegt má telja að landnámsjarðirnar Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land allt til jökuls“.

Landamerkjaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði er dagsett 20. ágúst 1985:

Að norðan: Frá syðra Kolluhvammsgreni við Blöndu ræður bein lína austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal. Úr syðri Austurdal ræður bein lína austur í Hanskafell þar sem það er hæst. Þaðan ræður sjónhending í Hlóðarstein sem stendur á Fossárdalsbrún að vestan. Ráða svo hæstu brúnir Fossárdals að vestan fram í efri enda Smjörmgilsgils (Smjörmoksgils). Síðan ræður Smjörmgil í Fossá. Fossá ræður svo fram í Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur meðan hann endist.

Að austan: Úr enda Þingmannaháls ræður svo sjónhending suður á Hraungarð og eftir honum suður á Hraungarðshaus. Þaðan ræður sjónhending sem framhald af Hraungarðinum í suður að Ströngukvísl. Síðan ræður austasta kvísl Ströngukvíslar að upptökum.

Að sunnan: Frá upptökum austustu kvíslar Ströngukvíslar ræður Hofsjökull að syðstu kvísl Blöndu við upptök.

Að vestan: Frá upptökum syðstu kvíslar Blöndu ræður Blanda alla leið að áðurnefndu syðra Kolluhvammsgreni.<sup>12</sup>

Fyrir neðan landamerkjalyðinguna stendur að eigendur Eyvindarstaðaheiðar séu samþykkir henni en engar undirskriftir fylgja.

Í svari Lýtingsstaðahrepps frá 6. nóvember 1989 við fyrirspurn Félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 segir:

Eyvindarstaðaheiði er heiðaland er liggur upp af Blöndudal í Austur Húnavatnssýslu. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði nr. 81 frá 1889 eru merki heiðarinnar þessi:

<sup>11</sup> Skjal nr. 4 (11).

<sup>12</sup> Skjal nr. 4 (58).



„Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni, þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal, þaðan réttisýnis austur í Hanzkafell, þaðan sem það er hæst, þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrúnum að vestan, þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn, þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnslækjarós, ræður svo lækurinn til Svartár, ræður svo áin fram í Svörtutjörn, þaðan beina stefnu sauðastur upp að Hofsjökli, ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.“

3 hreppar eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppur í Skagafjarðarsýslu. Fram að 1897 var heiðin eign Eyvindarstaða í Blöndudal og guldu þeir er reka skyldu 10 lömb eða fleiri Eyvindarstaðabónda 1 lamb í toll sbr. dóm um lambarekstur á Eyvindarstöðum gjörðum að Svínavatni á Ásum 1460, upprituðum á Hólum 24. apríl 1792 og upplesnum á manntalsþingi í Bólstaðarhlíð 22. maí 1792.

6. ágúst 1898 keyptu síðan þessir 3 hreppar heiðina af Hannesi Péturssyni, auk þess sem þeir höfðu keypt jörðina Kóngsgarð, Háutungur og Stafnseyri og lagt til heiðarinnar sbr. kaupsamning frá 26. jan. 1897.

Eignarhlutföll þessara þriggja hreppa eru: Lýtingsstaðahreppur 8/17 Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17 Seyluhreppur 4/17.<sup>13</sup>

Í skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar frá 8. desember 2005 kemur fram að hún er stofnuð af Bólstaðarhlíðarhreppi og að hann leggi fram 5/17 hlut sinn í Eyvindarstaðaheiði, Rugludal og Selhaga.

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í Byggðasögu Skagafjarðar III stendur:

**Afréttir** þær sem bændur í Lýtingsstaðahreppi hafa nytjað, og hafa enn aðgang að, eru tvær: Eyvindarstaðaheiði og Hofsafrétt. Afréttina sem nefnd er Eyvindarstaðaheiði eiga jarðir í Lýtingsstaðahreppi í sameign með framhluta Seyluhrepps og mestum hluta Bólstaðarhlíðarhrepps. Reyndar hæfir ekki lengur að segja að afréttarlandið sé eign þessara sveita eða jarða því í kjölfar samnings um Blönduvirkjum hefur eignarrétturinn verið dæmdur af sveitunum. [...]

Svonefnd Haukagilsheiði er hluti af landi Mælifells en leigð Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar fyrir ákveðið gjald á hverju ári enda er mestur hluti hennar afréttarmegin við afréttargirðinguna. Haukagilsheiði er þó jafnan smöluð til Mælifellsréttar.<sup>14</sup>

Í örnefnaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði eftir Rósmund G. Ingvarsson, dags. 2. sept. 2001, kemur fram að heiðin sé að mestu leyti afgirt. Hafi hún verið girt í áföngum frá árinu 1971, fyrst milli Blöndu og Fossadals og síðan haldið til austurs og árið 1978 hafi girðingin verið komin fram á Brunnabrekkubrún. Síðan segir: „Varð þá nokkurt hlé á framkvæmdum, en næsti áfangi var nokkuð fram á Hraun, austan við Fram-Bugana. Síðasti áfanginn (sem kominn er) var svo frá þeim girðingarenda og fram að Ströngukvísl nokkuð neðan við Sátu.“ Síðan er staðsetningu girðingarinnar lýst nánar og greint frá því að hún fari í suður ofarlega á Haukagilsheiði „og áfram til suðurs fram Hraunin, eigi langt frá landamörkum Eyvindarstaðaheiðar, allt að Ströngukvísl skammt neðan við fjallið Sátu.“

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

## MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

### I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Eyvindarstaðaheiði, þ.m.t. svokölluð Hraun**, er ein þeirra jarða sem á land sem liggur að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *norðurmörk Þjóðlendunnar Hraunanna*. Þjóðlendukröfu ríkisins á

<sup>13</sup> Skjal nr. 4 (13).

<sup>14</sup> Hjalti Pálsson. Byggðasaga Skagafjarðar III – Lýtingsstaðahreppur. Sauðárkrókur. 2004, bls. 23



svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 5/2008, hafi Óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landsvæðis. Nánar tiltekið segir:

Eftir stendur landsvæði sem ekki er innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mælifells og Stafns og íslenska ríkið hefur ekki gert þjóðlendukröfu til. Svæðið afmarkast af Brunnabrekkuá milli norðaustan, Svartá að vestan og kröfulínu ríkisins að sunnan. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið tilheyri, Gilhaga, Mælifelli eða öðrum jörðum annað en sú yfirlýsing gagnaðila íslenska ríkisins við aðalmeðferð máls þessa að land jarða á svæðinu nái allt suður að kröfulínu ríkisins að þessu leyti.

Þar sem áður nefnt svæði fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins. Telja verður þá tilhögun kröfugerðar ríkisins aðfinnsluverða. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi til þess að svæðið sé utan eignarlanda.

#### **Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 7A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 5/2008, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008 var hins vegar kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>15</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

<sup>15</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.



Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddum jarðeignum.

Í ljósi ofan ritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKISINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignarréttur landeigenda til umþrætta landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Eyvindarstaðaheiði**, sem vísað er hér til.

Landeigendur byggja á því að svæðið, **p.e. Hraunin**, sé hluti þess svæðis sem Bólstaðarhlíðarhreppur og Lýtingsstaðahreppur, ásamt Seyluhreppi, meðlimir Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar keyptu 1897, en landsvæðinu er m.a. lýst á fundi dags. 1. júlí 1899, þar sem segir:

Afréttin skal heita „Stafns- og Eyvindarstaða-afrétt,“ eins og hún hefir verið nefnd til þessa, og telst til hennar allt landið milli Blöndu og Jökulsár vestan fram til öræfa og að heimalöndum ásamt með tungunni milli Svartár í Svartárdal og Fossár, réttarstæðið, réttareyrinni og Vökuhvamminum og yfir höfuð þeim ítökum í Stafnslandi, sem kaupsamningur milli eigenda Stafns og hreppsnefndar í Lýtingsstaðahreppi getur um. Land þetta er allt að dýrleika 26,4 [hndr.].

Einnig í reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar sem er ódagsett en er líklega frá 1916:

Til afréttarins telst allt land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum fram til öræfa, ennfremur Kóngsgarðsland og Háutungur, Vökuhvammur og Réttareyri í Stafnslandi. Réttinni til viðhalds er afréttarfélaginu heimil grjóttupptekt í Stafnsland án endurgjalds. Fyrir ágang af afréttarpeningi og átroðning við réttina ber Stafnsbónda ókeypis upprekstur á afréttina [...]

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land Eyvindarstaðaheiðar, **sem telst til heimalanda**, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti.

Á þetta féllst íslenska ríkið að hluta, með því að gera ekki þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd, og er ríkið bundið við þá málflutningsyfirlýsingu sína. Hún er enda fullkomlega málefnaleg, enda er það land sem hér er deilt um fremur hluti af jörðum á svæðunum heldur en afréttinum. Er vísað til þeirrar meginreglu eignarréttarins um að inntak eignarréttar breytist ekki þó land jarða sé lagt til afréttar ( Sjá hér til hliðsjónar Gullberastaðatungur í Borgarfirði og jörðin Hólar í Biskupstungum)

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þess eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur benda landeigendur á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar er komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi



við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og marg dæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 og Hrd. 536/2006. Afréttarland var sú náttúruauðlind sem var skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða er því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Vísu áfrýjendur í þessu samhengi meðal annars til svars Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dags. 29. desember 1919, **þar sem segir að ekki séu aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni** „af þeim sem um var spurt, en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli“.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísuð er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísuð er til jafnræðisreglu stjórnarfararéttar og stjórnsýsluréttar. Vísuð er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísuð er til laga nr. 58/1998 þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísuð er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendlaga

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

Ólafs Björnssonar hrl.



**Kröfulýsing  
til  
Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, þ.m.t. svæði 7A, er hér með lýst neðan greindri eignarréttarkröfu vegna neðan greindrar jarðar.

**JÖRÐ:** Mælifell, Sveitarfélaginu Skagafirði, lnr.146209, fnr. 214-1325.

**EIGANDI/EIGENDUR:** Eigandi jarðarinnar er:

**Þjóðkirkjan kt. 460169-6909**

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeiganda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland **Mælifells**, verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindur þinglýstur eigendur **Mælifells** hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Mælifells í Skagafirði**, og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008, þar sem landamerki þjóðlendunnar voru afmörkuð sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Mælifells**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna samkvæmt landamerkjabréfi Mælifells, dagsett 4. apríl 1890, og var þinglýst 23. maí sama ár, og er merkjum lýst svo:

*[...] Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar en hann ræður merkjum ofan í Svartá á Stafngili, en síðan ræður Svartá út að Einarsdalslæk.*

**Til þrautavara** er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eiganda **Mælifells** að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**

Snemma árs 2007 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 7A, Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinnu um þjóðlendu á svæði 7A sem barst óbyggðanefnd þann 14. mars 2008, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafförður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli*.“ Afmörkun þjóðlendukröfunar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúin (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á mótis við Hanskafell (13). Frá





þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni) (16) sem er lokapunktur.

Eigendur **Mælifells** lýstu ekki kröfum fyrir nefndinni, enda náði þjóðlendukrafa ríkisins í máli 5/2008 ekki að landamerkjum jarðarinnar, sbr. landamerkjabréf jarðarinnar.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna* sé þjóðlenda. Hin nýja þjóðlendukrafa markast nú af landamerkjum **Mælifells**, en krafan er nánar tiltekið afmörkuð með eftirfarandi hætti:

Upphafspunktur er í upptökum Brunnabrekkuhlækjar við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna (1) og er læknum fylgt til norðurs þar til hann rennur í Svartá (2). Svartá er þá fylgt til suðvesturs að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna (3) og er þjóðlendumörkum svo fylgt til austurs í upphafspunkt.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmenn, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmenn f.h. landeiganda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar viku sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu vika sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnarsýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Landeigendur **Drangavíkur í Árneshrepp** telja að með þjóðlendukröfu sinni á umrætt svæði *austan og sunnan Drangajökuls* sé farið inná eignarland jarðarinnar, og telja sig því tilneydda til að gæta hagsmuna sinna í þessu máli.

#### Saga jarðar:

Í Landnámu segir að í Skagafirði hafi verið eitt stærsta landnám á Íslandi. Er það eignað Eiríki Hróaldssyni en hann nam land frá Gilá [Gljúfurá] um Goðdali alla og ofan til Norðurár.<sup>1</sup> Bjó hann að Hofi í Goðdölum. Í Skagafirði nam einnig Álfgeir land. Hann nam um Álfgeirsvöllu og upp til Mælifellsár. Settist Álfgeir að á Álfgeirsvöllum. Einnig nam land í firðinum Þorviðr og lá hans landnám upp frá Mælifellsá til Giljár. Annar landnámsmaður í Skagafirði var Hrosskell, er bjó á Ýrafelli, en hann nam allan Svartárdal og Ýrarfellslönd með ráði Eiríks. Hrosskell átti þræl er hét Roðrekur og sendi Hrosskell hann eitt sinn upp eftir Mælifellsdal í landaleit suður á fjöll. Um þessa ferð stendur í Landnámu:

<sup>1</sup> Íslenskur söguatlas I. Reykjavík. 1989, bls. 43.



Hann kom til gils þess, er verður suður frá Mælifelli ok nú heitir Rodreksgil; þar setti hann niðr staf nýbirkðan er (þeir) kölluðu Landkönnuð, ok eptir þat snýr hann aptr.<sup>2</sup>

Landnám Þorviðar sem nefnt hefur verið er einnig eignað Vékeli en hann nam land ofan frá Gilá til Mælifellsár og bjó að Mælifelli. Vékell frétti af ferð Rodreks og ákvað að fara suður á fjöll í landaleit. Hann kom til hauga þeirra er nú heita Vékelsaugar. Skaut hann milli hauganna en hvarf síðan þaðan aftur. Þegar Eiríkur frétti af þessu sendi hann þræl sinn Rönguð suður á fjöll í landaleit. Ferð þessari eru gerð skil í Landnámu:

Hann kom suður til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skildi, að þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga.<sup>3</sup>

Fram kemur í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar að Mælifellskirkja eigi m.a. allt heimaland, land á Starrastöðum, sjöttung í Vikarlöndum og hálf land á Brúnastöðum.<sup>4</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldagabók Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá 1360-1389, máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.<sup>5</sup>

Tómas Eiríksson prestur á Mælifelli lögfesti staðinn með óársettri lögfestu sem árfærð hefur verið til um 1530. Lögfestan er svohljóðandi:

Eg Tumas prestur Eireksson lögfeste hier i dag first stadenn Mælefell ut ad Mælefellsa og riettsynes ofann med Mælefellsa. so med Svartaa sudur i markgard og riettsyne upp ur markgarde og upp i urdardal framm med Mælefellsa þessu meigenn og allann Mælefellsdal fra læk þeim sem næst er Reikia Reit fyrer framann hniukamyrrar. hlaupkinn og Einarsdal. halft Tiarnargil þessu megin og sudur i hæringsgil. og riettsyne ur hæringsgile og austur i heidar i mots vid Gilhagamenn. þar med akra og Todur eingiar og skoga. haga og allar landsnitiar er því lande eiga ad filgia ad fornu nyu til utmerkia þeirra er adrer menn eiga i mote bæde ad ordfullu og logmale Riettu. Firerbyg og hvorium manne hiedann af ad nyta sier edur ad vinna nema mitt sie lof edur leife til ...<sup>6</sup>

Í nokkrum vitnisburðum um landeign Mælifellskirkju á Tjarnargili og Haukadalsheiði segir:

Vitnisburður frömrá manna vmm Landeign Mælifellskirkju a Tiarnagijle og Haukadalz heijde. Sem þeir heijrt hafa af sier firre og elldri monnum, og vitad halldid Sialfer.

Suarinz lógrettumannz vitnisBurdur

Suo latande witniburd ber eg Jön Olafson og Giore ollum monnum kunnugt: Sem hann sia og heijra ad eg hef alldrei annad vitad nie heijrt enn Mælefellz kirkia ætte allt Tiarnagijl fijrer austann framm; framan fra Hærings Gijli og so vt J Einarzdal. Þessu adurgreindu Lande hafa þesser prestar halldid: Sem var Sijra Þorsteirn Hallzson, hanz sonu epter hann, Sijra Thomas þa Sijra Arngrijmur Jonsson: til allrar nijtkunar eirninn lied til Hrijsifz ódrum monnum: og alldrei hef eg vitad það land atalid af neinum menne sijd nie fyrr sijdann eg vissi til: J næstu Lxx ar: og Til meire stadfestu og sanninda hier vmm: skrifa eg mitt nafn nedan a þetta vitnisburdar Brief: hourt vt var Giefid og skrofad J Hieradzal J Tungu Sveit þann attunda dag Apriliz anno 1635 Jon Olafson mEh

Suo latande medkenning og vinisburd auglyse eg Sigurdur Markusson fijrer ollum og sier huorum er þessi Brefud ord lesa eda hijra lesinn ad eg hefi eijgi annad heijrt nie vitad: edur fronomid J þau sextju ar sem eg hefi Til munad: og eg hefi J Tungusveit verid: Enn Mælifellz kirkia ætti allt Tiarnagijl fijrir austann framm Jtölulaust fra Hæringsz gile og so vt J Eijnarsdal: og alla Haukadalz heide og cppa fiall mötz vid Gilhaga

<sup>2</sup> Íslensk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 230-231. (Sturlubók).

<sup>3</sup> Íslensk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 232. (Sturlubók).

<sup>4</sup> DI II, bls. 465.

<sup>5</sup> DI III, bls. 176 og 531; DI V, bls. 327.

<sup>6</sup> DI IX, bls. 565.



Eijgendur þetta adurgreint land hafa þeir Mælifellz prestar (sem eg hefi til vitad) Sijra Thömas Þorsteinsson, Sijra Arngrímur Jonsson og nu Sijra Magnus Jonsson atólulaust hafft og halldid niptakað og Brwkad J mijna Tijd. Sómuleidiz heijrdda eg Sijra Arngrím S. Jonsson þetta land asamt óðru þuij Mælifellz kirkiu tilheijrði lógfesta J tuær reijsur ad Lijtingstade þijnge: epter þeirra gómlu lógfestu Sijra Thumasar heitinz Eirijkssonar sem Jnnskriðud finnst J kirkiustólnum a Mælifelli og til meire sanninda og stadfesti hier vmm: Set eg mitt nafn hier fyrer nedann: Skrifad og vtgiefid J Hieradzal þann 6 Apriliz Anno 1650 Sugurdur Markusson med e. hende

Þad sem hier fjirer ofann skrifad stendur medkienne eg mig hjrt hafa af mijnum forfedrum Sijra Thömase Þorsteinssijne og fodurs mijns heitens Sijra Eiolfs 00000000 hafa Mælifellz prestar halldid þessu lande atólulaust ad mijnu vite og Til Sanninda hier vmm : Skrifad eg mitt nafn hier under med eiginn hende: skrifad þann 2 dag Junij anno 1651

Sigurdur Eiolffsson med Eiginn hendi

Þad medkienne eg Þorsteim Thumasson og giore liost fjirer einum og Sierhuorium sem þessi Brefzord lesa edur hejra lesinn: ad eg er nu nær sextugur madur og hef eg a minne æfi vngur og gamall eckj heijrt af neinum og eckj mijnum saluga fódur sem hieilt Mælifellz stad Lii næckur Twijmæli þar a leika ad Mælifellz kirkia ætti eckj med riettu allt Tiarnargil fjirer autann framm og allann Einarzdal halfann: og alla Haukadalz heijdi framm J Hæringz gil: Þetta hefur alldrej huorki J minna forfedra tijd nie mijna óðrum eignad verid: Þessa mijnz vintisburdar vil eg Bijkenndur verda fjirer ollum monnum: Tueggia manna sem sijn nófn hier vnder skrifa. Þennan vitnisburd heijrdum vier og Saum vnder skrifader Þorstein Thumasson vtgiefa og handsala Sijra Magnuse Jonssijne J Sama stad ar og degi sem firr Segir: og til merkiz skrifum vid ockar nófn hier firer nedann.

Jon Arnason med e.h. Gudmundur Stephanz son m.e.h.

Þad medkienne eg Olafur Jonsson: og Giore Gödum monnum vitanligt Sem þessi vintisburdar ord lesa hijra lesinn ad eg er Riett Siótugur madur: og hefi fra Barnæsku vppalist og verid J Mælifellz kirkiu sokn: og allann þennann greijndan tijma Til vitad: Sijdann eg skjinn a hafði vmm landejgn Mælifellz kirkiu: og lijka vel heijrt af mijnum forfedrum skjilddum og vandalausum: huad mælifellz prestar ad fórnú og niju hafi J allann mata atólulaust haft og halldid: Sem er allan Mælifellz dal fjirer austann framm og alla Haukadalz hijdi ct J þann læk sem Rennur ofan epter Einardal: Vestur J Suart a: og so Tiarnagil allt Jtólulaust Sudur J Hæringz Gil: fyrer austann Suarta: og vpp fiall Mötz vid Gilhaga menn, So Sem eg hefi J Landsinz Landnamabök lesid og lijka vel hef eg heijrt ad wækill hafe Sijdar land numid vnder Mælifell: Sudur J væklilz hauga Sem sijdann hafa So kallader verid. Og þetta adurgreint land Haukadalz heijdi og Tiarnagil: nytkadi minn Salugi fader J lejfi Sijra Thömasar a Mælifelli bædi til færleika góngu og kolagiordar: og heijrda eg þad onguann atelia: huorke firr nie Sijdar: Somuleidiz heijrda eg minn fódur Segia ad Sinn fader hefði verid vistarmadur a Mælifelli J fjirre tijd: og hafði Jrkt þessa heidi J lejfe Sinna hvsbænda: fjirer Sijna færleika: Sem hann nefndi 30: ad Tólu. Jtem hef eg heijrt ad tveir prestar a Mælifelli hafi selstódu haft a adugreindu Tiarna Gijli: Sijra Stulle Einarson og annar fjirer hann: Sem Gamlar selstódu töptar munu: þar liosast vmm bera: Jtem hef eg af morgum heirt ad Sa hejdarlige kenne mann: Saluge Sijra Arngrímur Jönsson hafi lógfest vnder Mælifellz kirkiu og stod þad allt Sem Su lógfesta Jnneheldur er Sijra Thumas Eirijkzson hefur Jnnskriðad J Mælifellz kirkiu maldaga Bök Sem Sugurdur Markússon vmm vitnar: þessum mijnum sanninda vitnisburde vil eg til sterkare Bevjisingar eijd vinn ef þorf giorist: huor vt var gefinn a Mælifelli J Tungusveit þann 25 dag Martti 1650: og til Sanninda skrifa eg mitt nafn hier vnder med Eginn hendj Olafur Jonsson m.e. hendj

So latande vitnizburd Ber eg Thömas Arason, og giore ollum Gödum monnum kunnugt Sem þessi mijn ord lesa edur heijra ad eg hefi auppalist J Tungusveit og er nu Lx ara gamall: og þö einu are elldre, og Sijdan eg kunne ad skjinnia og eg var til athuga alldurz kominn: hef eg alldrei heijrt nie vitad ad nockur Tvijmæli hafi aleikid ad Mælifellz kirkia ætti eckj Tiarna gil Jtólulaust allt fjirer austannframm: j milli Einarsdalz og Hæringz Gilz med Haukadalz heijdi austur a fiall mötz vid Gilhaga eigendur og þetta land millum greindra landamerkia vestur J Suarta hef eg heijrt af mijnum forfedrum og þö fleijrum frömum mónnum mier elldri: ad prestar a Mælifelli hafi adur nefnt land niptt og Brwkad Til hrossa beitar og Gielldfiar Gongu: eiminn Gielldneita a sumar þeir sem þess hafa med þurft. Enn nu J mijnu minne liet Sijra Thumas Þorsteinsson þa hann hieilt adurnefnt Mælifell: optliga Sækia a Tiarnagil hirjs a haust til elldi vidar: enn arlega til kola: So og vissi eg hann lejfa adurgreint land til gagnseme þeim Sem honum þötti þad ad Sier eijga. Sómuleidiz heijrde



eg Sijra Thomas eitt Sinn So ad Ordi komast ad hann var bedinn leijfiz ad Sækia þangad hrijs a eirn hest ad meira gagn hafdi mælifellz prestar adur haft a tiarna gjili: þa þeir hefði þar J Seli haft: Og nu eptir Sijra Thömas settist Sa eruverduge Heidurz mann Sijra Arngrjmur Jonsson ad Mælifellz stad: og hieilt fjirnefndum Mælifellz kirkiu Landi med fullmegtugu euignar halldi til allrar medhöndlunar an allrar akiæru: edur atalna: af jnockrum manne: A þennann vitnisburd ma eg mijn Sannindi leggja: ef það dæma riettvijser domendur huor vtgefinn var a Mælifelli 23 Martij Anno 1650 Thomas Arason med Eiginn hendi

Medkienne eg Jön Hallzson og giore Godum monnum kunnugt ad eg er vel siótugur madur og hefi verid ad vistum og vitad til J Tungusweit nær Lx ar og hef eg alldrei heijrt Tvijmæli aleika vmm tiarnagil allt fijrer austan fram, vt J Einarsdal og fram J Hærijngz Gil ad það ætti nockur annar enn Mælifellz kirkia og alldre heijrði eg J greindum tijma það nockurn ateila og opt för eg þangad til kola J leijfi Sijra Thumasar heitin: hier ma eg meiri Sannindi aleggja ef þurfa þiker. Vtgiefid a Mælifelli J Tungu Sveit Anno 1636 21 maj. Þennann vitnisburd hijrdum vid Bessi Hrolfzson og Sigurdur Biörnsson Jon Hallzson vtgiefa vid Mælifellz kirkiu a sama are og degi Sem firr Seigir: og til Sanninda skrifum vid ockar nófn hier vnder Besse Hrolfzson med eiginn hendi Sigurdur Biörnsson med Eiginn hendi

Þad medkienne Eg Þordur Biarnarson: ad eg kom J þessa Tungusueit 16 vetra gamall og hef nu 14 vmm 60 hef J þessare Sueit ad vistum verid og alldrej annad heijrt enn Tiarnagil fijrer austann fram v Einarzdal og J Hærijngz Gil; og austur a fiall heijrði Mælifelli til: og til allrar nojtkunar Brwkad af Sijra Thomasi Þorsteinssyne Sem honum Bijhagade Bædi til kolagrórdar hijrsrifz og Beitar fyrer fie og færleika: huad eg vissi alldrej atalid af neinum manne: og eckj helldur Sijra Thömas saluga giallda lambatoll. Nie hanz kotunga: Sómuleidiz heijrði eg firr meir ad ellstu monnum ad Mælifellz prestar hafdi J Seli haft a Einarzkoti a Tiarnagile: Sierdeiliz Sijra Stulle Einar Son: og so þar fyrer hefði það verid Bijgt af Mælifellz prestum J gamla daga: og til Sanninda þessum mijnum vintisburdi vil eg eijd vinna ef þorf giorist: vtgiefinn a Mælifelli þanni 20 Aprilis 1650: þennan Sama fijrer ofannskrifadann vitnisburd heijrdum og saum vid vndersriffader Þörd Biarnason handala Sijra Magnúse Jonssijne, Til merkiz hier vmm skrifum vid ockar nófn hier fijrer nedann: a sama ari Sijdar enn firr Seiger  
Paall Sigurdsson e.h. Jön Arnason med e.h.

So latande vitnisburdurd Ber eg Ragnhilldur Thomassdóttur: ad eg wppölst a Mælifelli hia mijnum Saluga fodur Sijra Thömase Þorsteinssyne þar til eg hafdi fimm vmm Tuitugt: og heijrði eg fódur minn saluga logfesta og visse eg hann hafa og hallda J Greindum tijma allt Mælifells kirkiu land med þessum vmm merkium allann Mælifellz dal fram fra Hniuk aa fremre Hlaupakinn og Einarzdal ad Sunnann allt til tiarnagil fyrer austann Suarta: fram J Hæringz Gil, og Haukadalz heijde alla eptir þuj Sem Su gamla lógfesta hliodar sem Skrifud stendur J kirkiunnar maldaga bok a Mælifelli. Þetta adurgreint Mælifellz kirkiu land vissi eg onguann mann atelia. Edur nunna sier ad eigna J nockurn mata so lengi eg til visse og til Sanninda merkiz hier vmm: ad eg þetta Satt Seige leife eg mitt nafn med fullnadar handsólum hier vnder ad skrifa, J efra ase J Hialltadal þann 16 Januaruj Anno 1655

Ragnhilldur Thomassdóttur:

Þennann sama vitnisburd med geng eg Ragnhilldur Thömasdóttur Sem hier fyrrskrifadur stendur ad þessum vottum vidverande

Jön Jsleijfsson med Eiginn h. Jon Gunnarson

Þad giori eg Helga Sigurdardóttur Gödum monnum kunnugt þeim Sem þessi mijn ord Sia edur heijra ad eg er nu ad alldre Sexstiju og tölf ara: og hefe eg 60 ar mijnz alldurz J Mælifellz kirkiu sökkn verid og hef eg alldre annadheijrt þa taldad hefur verid vmm landaeijgn kirkiunnar a Mælifelle enn ad hun ætte Tiarnagil gyrer austann fram vt J Einars dals læk og fram ad Hæringz Gjili med Haukadals heidi austur a fiall mötz vid Gjilhaga menn: og herum hef eg alldre heijrt nein Tvijmæli aleika: Suo hafa prestar a Mælifelli þetta firrnefnt Land Brukad [0000000000000000] kola: og so lijka ódrum vmmgagnast og hef eg alldre heijrt ad nockur madur hafi það atalid. Er þetta minn Sanninda vitnisburdur: og ma meire sannindi aleggja ef þorf krefur: huor vt var giefinn Starasódum J Tungusveit þann 21. Aprilis Anno 1650: og til merkiz a mijnum vitnisburde leijfe eg þessum monnum erhier eru nu vidstadder Sijn nofn hier fyrer nedann Setia samstundiz Jon Arnason med e.h. Thömas Arason med e.h.



Það meðkienne Eg Gudrun Pietursdóttur: að eg er nær sextug: og hef vppalíst a Hamarsgerði J Tungusveit og optast að vistum verid Sógdum tíjma J kringjum Mælifell og hefe eg alldre heijrt að nockur eijgandi Sier vndann Mælifelli Tiarnagil fíjrer austann fram: frá einarzdal og fram J Hærjngz Gil hafði Sijra Thömas Þorsteinsson Sem mijnum Saluga fódur bijgdi J [000]ar Stadarinnz kot: alla Sijna hóndlun atólulaust a sógdu Tiarnagile: Bæði til kolagiordar: Hrijsrifz og lambagóngu: So hann presturinn var frij fyrer Lambatolle: og þeir Sem hann bigde: Somuleidiz heyrði eg af mijnum Saluga fódur að Mælifellz prestar hefði J Seli haft J Einarz kote a Tiarnagile og hann hefði Talad við þann mann Sem fienad hafde geijmt J Greindu Seli: hia Sijra Stulla Einarssijne: Sem J þa daga hieilt Mælifellz stad: Eirijk að nafne; og opt visse eg Sijra Thömas Þorsteinzson Saluga leijfa þeim sem hann badu að Sækia sier kuista korn (huad einginn atalde) a greint Tiarnagil: Þessum mijnum vitnisburde vil eg með eijdi fullnægia ef þurfa þiker: huor vtgiefinn var a Mælifelle þann 20 dag Apríjliz 1650. Þesse fyrer framansrifuz með kienningar ord heijrdum við vundersrifader Gidrun Pietursdóttur meðkienna og handsala Sijra Magnuse Jónssijne og Til merkiz skrifum við ockar nófn hier vnder: J Sama stad: Deijge Sijdar enn fyrr Seiger  
Páll Sigurdarsson Eh Jon Arnason með e.h.  
Medkiennem Vier Vnder skrifader menn<sup>7</sup>

Í vísitasíu Mælifellskirkju frá 1686 kemur eftirfarandi fram:

Hun a allt heima land, til þessara Vmm merkia, að sunnan rædur markgarður og riettsyne Vpp ur markgardinum og Vppi Vrdardal og sydann til fialls effter sem votn að draga, enn að nordan rædur mælefells a riett Synis ofann a hvytu eyrar j Svarta og fram með mælefells a þessu megin, Jtem effter gömlum og nyum Logfestum, gamallra manna vitnisburdum og langvarannlegu halldi, er kirkjunne eignadur allur mælefellzdalur frá læk þeim sem næstur er reikia reit, fyrer framann hnyuka myrar, hlaupakinn og einarsdalur og halft tiarna gil þessu megin og Sudur J hæringsdal og austur J heidar J mots við gilhaga. [...]<sup>8</sup>

Hið sama stendur í vísitasíu kirkjunnar frá 11. júlí 1719.<sup>9</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Skagafjarðarsýslu frá 1713 segir eftirfarandi um Mælifell:

**Mælifell.**

Kirkjustaður og beneficium.

[...].

Dýrleikinn óviss, því jörðin tíundast öngvum, og hefur aldrei í manna minni heldur en önnur beneficia, [...].

Lambaupprekstur á Tjarnargil, sem menn segja öðru nafni kallist Háutúngur, brúkar staðurinn, og hafa prestarnir ekki goldið afrjettartoll í því skyni að afrjettarþje gáangi og á land staðarins.

[...].

**Hamarsgerde.** Heimaland staðarins, byggt að vísu um hundrað ár eður lengur.

Dýrleikinn óviss, því kotið tíundast öngvum og er talið í heimastaðarins, Mælifells, dýrleika.

[...].

Úthagar eru óskiftir með heimastaðnum og eru aðrir kostir og ókostir sameiginlegir [...].

*Einarsdalskot* heitir hjer í staðarins landi uppá fjöllum á Tjarnargili, og sjást þar ljósar fornar byggða leifar. Um lánagan aldur hefur þar aldrei byggð verið, og örvænt að byggjast megi fyrir vetrarríki.<sup>10</sup>

<sup>7</sup> A.7.23 a-c.

<sup>8</sup> A.8.4. a-b.

<sup>9</sup> A.8.8. a-c.

<sup>10</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 118-119.



Í vísitasíu Mælifells frá 31. ágúst 1732 stendur:

[...] Kirkiann a allt það land og Eigner ötaled sem firnefnd visitatia og Hooladömkirkju Registor henne eigna og Effter kaupbreffe fyrir Gilhaga a Pergament med 2 öskoddudum hangande Jnnsiglumm, ónnur tvo Synast affallenn daterudu 1588, a kirkiann allð sudur i brunna mötz við Gilhagamenn tiaest og, ad enn i dag eigne sier engenn so menn vite annar enn Mælefells kirkia landzplatz a millum hærjngsgils og brunna.<sup>11</sup>

Vísitasía Mælifells frá 13. október 1749 á ýmislegt sameiginlegt með þeim sem samdar voru 1686 og 1719:

Kyrkiann a effter þeim Authorizerudu maldogum Audunnar Jons Peturs og Olafs item biskupsenz Sal Magister Steins 1719. Kyrkian a alt Heimaland til þessara ummmerkia, ad Sunann Rædur Markgardur, og Riettsynes upp ur Markgadenum og uppi Urdardal, og sidann til fiallz effter sem Votn ad draga, en ad Nordann Rædur Mælefellz a Riettsynes ofann a HvituEirar i Svarta a og framm med Mæiefellz a þessu megigenn, item allann Mæefellsdal fra Læk þeim, sem Næstur er Reikia Reit fyrer framann Hniuka Myrar, Hlaupa Kinn, og Einars dal, Halft tiarna gil þessu megin og Sudur i Hæringzgil og austur i Heidar og Motz vid Gilhaga, hier ad auk sinde Presturinn 1 Kalfskinz bref med 2 hangande innsiglum og 2 aflitnum Dat 1588 fyrer Gilhaga lande umm Hvort vitnad hafa Simon Hallzson Oddur Broddason þorarin Ottarson, og Þorbiorn Oddsson sem gjorer enn þa frekare upplysing um Mælefells landamerki framm i Brunna, Mot gilhaga Mönnum.<sup>12</sup>

Þann 8. maí 1754 var útbúin lögfesta fyrir Mælifell, hún er svohljóðandi:

Eg Jon Magnusson pr: Logfeste hier i dag allt heimaland Mælefells stadar, a samt Jardar kyrkiunnar Starastada. Sem er i Firstu ut ad Mælefellsa, og sem Hvitueirar halda i Svartaa, og sydann med hennj og epter hennar fornum farveg sudur hia Hafgryms stada Laugar hol, allt í Torfhol, rædur þaðann gardur upp epter flöanum, og so til fialls epter fornum landamerkjum millum Starrstada og Hamrá; Sydann framm med Mælefells aa þessu megin, og allann Mælefellsdal beggia vegna fra læk þeim er næstur er ReikiaReit og kallast fremre Hniuka lækur, fyrer framan Hniukamyrrar, Hlaupakinn og Einarsdal halft tiarnagil þessu megin fram med Svarta so langt sem bótn ad draga mots vid adra menn. Lögfeste eg akra og tódur, eingiar og Sköga, holtt og haga, votn veidestade og allar landsnitjar, er því lande filgia filgt hafa og filgia ber ad fornu og nyu til allra þeirra utmerkia er adrer menn eiga i möte, bæde ad ordullu og lögmale Riettu Firer byd eg hvorium manne, hiedann af, ad nyta sier, bæla bruka yrkia edur i vinna nema mitt sie lof edur leifi til, ad vine allra erlegra manna er ord myn heira. Til stadfestu er under skrifad nafn ad Litingsstóðum settu manntals þingi d. 8 Majj 1754 Jon Magnusson<sup>13</sup>

Landamerkjalyting Mælifells í lögfestu frá 26. apríl 1764 er nánast samhljóða þeirri frá 1754 ef frá er skilinn endirinn sem hljóðar svo:

[...] framm med Svarta, ad læk þeim sem rennur ur brunnum, og med hönun til Fialls austur, möts vid Gilhaga Menn, og adra þa, sem þar ega land i möte. [...]<sup>14</sup>

Fram kemur í vísitasíu Mælifells frá 28. maí 1781:

[...] Hun á allt Heimaland, og Jórdena Starastade med 1 hndr. 30 al. Landskuld og 5 Kugylldum og hálfu Brunastade 90 al Landskulld og 3ur kugylldum, so nu Eiga Stadnum ad fylgia 12 kugylde. Landamerki Stadarins halldast Enn eftir Biskups Haldors Visitatiu 1749 Jafvel þott mörg sieu daud i pestenne, því þau eru under sama Skilordi hier sem á öðrum Beneficiis. Jtók hennar eru og til nefnd Visitatia ummetur. [...]<sup>15</sup>

<sup>11</sup> A.8.9. a-c

<sup>12</sup> A.8.11. a-c.

<sup>13</sup> A.9.10. a-c.

<sup>14</sup> A.9.10. a-c.

<sup>15</sup> A.8.13. a-d.



Á manntalsþingi á Lýtingsstöðum, 9. maí 1796 var upplesin lögfesta fyrir Mælifell<sup>16</sup> og aftur á manntalsþingi 26. maí árið 1804 að Lýtingsstöðum.<sup>17</sup> Enn á ný var lesin upp lögfesta fyrir Mælifelli á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 25. maí árið 1809<sup>18</sup> og loks lét Jón Konráðsson á Mælifelli upplesa lögfestu fyrir Mælifelli, á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 7. júní árið 1828.<sup>19</sup>

Vísitása Mælifells frá 22. ágúst 1826 er svipuð þeirri frá 1749. Þrír hlutar hennar eru þó það ólíkir að þá er rétt að skrá:

[...] Hún á, eptir authoriserudu máldögum biskupanna, Audunar, Jóns, Péturs og Ólafs, item visitatium biskupanna Jóns Wigfússonar, Steins Jónssonar, Haldórs Brinjúlfssonar, og Jóns Teitssonar, Heimaland alt [...] allann Mælifellsdal, frá Reit þeim sem næstur er ReykjaReit [...] austur í heidar á móts við Gilhaga; Kálfskins bréf [...] <sup>20</sup>

Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Mælifell beneficium og metin 40 hundruð að dýrleika. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1802 er hjáleigan talin 10 h. að dýrleika sér. A. M. telur með staðnum gamla eyðijörð, Einarsdalskot.<sup>21</sup>

Eggert Briem sýslumaður í Skagafjarðarsýslu samdi lýsingu á sýslunni á s.hl. 19. aldar. Þar kemur fram að suðurmörk sýslunnar séu fram á öræfi. Í lýsingunni segir enn fremur:

Mælifell á og allmikið land til fjalla. Fram og upp undan staðnum stendur Mælifellshnjúkur, er hæst fjall er í þessum fjallgarði. Þar fyrir framan liggur Hofsafrétt. Fjallendi það, er liggur fyrir framan byggð í Skagafirði, og takmarkar sýsluna að sunnan, er Hofsjökull, er öðru nafni heitir Arnarfellsjökull.

Að austan liggur Eyjafjarðarsýsla, og myndar takmörkin fjallgarður, er gengur norður eftir nesi því, er liggur milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, og endar við Almenningsnöf. Einn hluti þessa fjallgarðs er Myrkárlökull, og nokkru norðar Unadalsjökull; liggja sýsluskilin fyrir austan hann.<sup>22</sup>

Landamerkjabréf fyrir Mælifell er dagsett 4. apríl 1890 og var þinglýst 23. maí sama ár, og er merkjum lýst svo:

[...] í Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar, en hann ræður merkjum ofan í Svartá á Stafngili, en síðan ræður Svartá út að Einarsdalslæk.<sup>23</sup>

Þ. Magnússon prestur á Mælifelli skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af; Bjarna Ólafssyni – eiganda Stafns, Jóh. P. Pjeturssyni – eiganda Reykja og Hamra og vegna Hofgrímsstaða -, Eiríki Guðmundssyni – eiganda Sölvanes -, Pálma Pjeturssyni – vegna eiganda Nautabáss – og Magnúsi Jónssyni – eiganda Gilhaga -.

Í kaflanum um Mælifell í fasteignamati 1916 stendur að jörðin eigi upprekstur á Eyvindarstaðaheiði.<sup>24</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almeningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almeningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>25</sup> Kristján Linnet sýslumaður í Skagafjarðarsýslu

<sup>16</sup> A.6.15a. Skag.V.9. Dóma- og þingbók 1783-1799. bls. 167v-168.

<sup>17</sup> A.6.16a. Skag.V.10. Dóma- og þingbók 1799-1811. bls. 176.

<sup>18</sup> A.6.17a. Skag.V.10. Dóma- og þingbók 1799-1811. bls. 462.

<sup>19</sup> A.6.18a. Skag.V.16. Dóma- og þingbók 1826-1832. bls. 55v.

<sup>20</sup> A.8.16. a-c.

<sup>21</sup> Jarðatal J. Johnsen 1847, bls. 260.

<sup>22</sup> Eggert Briem, „Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72“, Skagfirðingabók XI (1982), bls. 10.

<sup>23</sup> A.1.134. a-b.

<sup>24</sup> A.5þ12 a-b.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2 (19).



svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 14. febrúar 1920. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem hann hafði aflað sér væru:

[...] ekki aðrir almenningar hjer eða afrijetarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI austan undir Hofsjökli.<sup>26</sup>

Árið 1973 var komið upp afréttargirðingu frá Kóngsgarði og þvert austur yfir Háutungur í Svartá. Þá voru gerð landskipti á milli eigenda Fossa og upprekstrarfélagsins. Fossar fengu land norðan girðingar á Háutungum en upprekstrarfélagið það land Fossa sem var framan girðingar. Haldið var áfram með afréttargirðinguna austan Svartár á árunum 1976–1978. Þar sem girðingin liggur yfir Svartá á Stafngil:

[...] heitir Sveigur. Hún liggur upp sunnan Einarsdal og upp á höggið sunnan við Mælifellsdal, þaðan til suðausturs ofan við Þrilæki á ofanverðri Haukagilsheiði og fram fyrir veg á Litlasandi og endar á Brunnabrekku. Allmikið land frá kirkjújörðinni Mælifelli lagðist til afréttarins með þessari girðingarlegu. Greiðir upprekstrarfélagið árlega leigu til Mælifellskirkju fyrir landið. Mælifell á Mælifellsdal allan að austanverðu og Haukagilsheiði fram að Brunnabrekkulæk. Enn er ógirt fyrir örfæin suður af Skagafjarðardöllum.<sup>27</sup>

Eftirfarandi bréf frá Birni Egilssyni til sýslumanns Skagafjarðarsýslu er frá 17. ágúst 1984, og eru landamerki Stafns og Mælifells rædd.

Ég hef lesið og borið saman landamerkjabréf Mælifells og Stafns og ber þeim saman í öllum atirðum, sem snerta lanamerki þessara jarða og þá um leið sýslumerki.

Stafns landamerkjabréf er undirritað 1883 en Mælifells 1890. Bjarni Ólafsson bóndi í Stafnsi skrifar undir bæði bréfin, en séra Jón Sveinsson skrifar undir Stafnsbréf, en séra Jón Magnússon undir Mælifellsbréf, þá er hann kominn í Mælifell 1890.

Sýslumerki eru þessi, svo ekki þarf um að deila: Frá Krikjubust í Kiðaskarði að sunnan suður yfir Reykjafjall þar sem það er hæst í Hlaupakinnarhögg á suðurbrún Reykjafjalls, þaðan niður að Einarsdalslæk og með honum ofan í Svartá í Stafngili og síðan ræður Stafngil fram að Brunnabrekkulæk, sem fellur í Svartá að austan og afmarkar Mælifellsland sunnan Haukagilsheiðar.<sup>28</sup>

Í skrá yfir afréttir, eignahæimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu frá 1985 stendur m.a.:

Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps

Eyvindarstaðaheiði

[...]

Reglugerð

[...]

Samkvæmt þessu bréfi eru austurmörk Eyvindarstaðaheiðar við Bugakvísl og úr Svörtutjörn við upptök hennar og þaðan beina stefnu í suðaustur að Hofsjökli. Þá eru merkin að líkindum um Bláfell eða Hraunhaus og Sátu.

Frá landamerkjum Eyvindarstaðarheiðar að austan og austur að Jökulsá – vestri, austustu kvílar hennar, þar sem Hofsafrétt tekur við, er mikið landssvæði sem ekki er vitað um eignarrétt á. Þetta landssvæði er í daglegu tali kallað Hraunin, er gróðurlaust með öllu, nema mostar með kvílum í Jökultungu og vestar nálægt Hofsjökli. Takmörk þessa svæðis eru við heimalönd að norðan, land Mælifells á Litlasandi, þar sem vegur af Gilhagadal liggur nú vestur í Bugá, land Írafells við Sandhóla, Selárdrög og Búrfell, lan[d] Ölduhryggis á Gulreitsbrúnum, land Svar[t]árdal við Ruukvíls og land Goðdala við Hraunlæk fræst á Goðdaladal.

<sup>26</sup> Skjal nr. 2 (19).

<sup>27</sup> Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“, bls. 33.

<sup>28</sup> Skjöl nr. 4 (38) A-B og nr. 5 (57)A.





Líklegt má telja að landnámsjarðirnar, Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land allt til jökuls.

Landamerkjabréf Goðdala er No 4 í Landamerkjabók og þinglesið 12. júní 1883. Séra Zophonías Halldórsson var þá presetur í Goðdölum og skrifaði undir bréfið. Í bréfinu stendur: „En eg skrifa hér merkin eins og þau voru sett nú, með hliðsjón af máldögum, þar sem þeir voru svo glöggir, að haft yrði gagn af þeim. Að framan er Hraunlækur talinn merkjalækur. Að austan og sunnan ræður Jökulsá allt fram til jökla. Þetta orðalag bendir á bitund um að land Goðdala hafi náð til jökla.

Í reglugerð Eyvindarstaðaafreittar stendur skrifað: „Til afreittarinnar telst allt land milli Blöndu og Jökulsár-Vestar[i] frá heimalöndum fram til öræfa“.

„Til afreittarinnar telst allt land“, er orðað þannig vegna þess að landssvæðið varð að smala all í einu, en eingarrétturinn ekki nefndur.

[...].<sup>29</sup>

Í kaflanum um Mælifells- og Reykjaprestakall í Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu stendur:

Afreittir. Bændur í þessum sóknum reka mest á Eyvinda[r]staðaheiði eða Stafnstungur, öðru nafni Háutungur. Þessi afreittarlönd liggja undir Eyvinda[r]staði í Blöndudal og Stafn, framsta bæ í Svartárdal innan Húnavatnssýslu. Fáeinir bæir héðan reka stundum á svokallaða Hofsafrétt, tilheyrandi Hofi í Skagafjarðardölum. Á fyrrnefndum afreittarlöndum eru lamba- og geldfjargöngur vanalega byrjaðar á mánudag í 21. viku sumars fram undir Hofsjökli og haldið síðan norður heiðar og fjöll frá byggð og vestur til Blöndu í þrjá næstu daga, dag eftir dag, allt til Stafnsréttar, sem er aðalrétt, og þar réttað á fimmtudag, hvar mikil mergð fólks og fjár oft er saman komin, og er vanalega goldið eitt lamb í toll af hverjum húsbónda. Á næstu helgi þar eftir eru seinni göngur byrjaðar og haldnar líkt sem hinar yrri, þó er ekki ætíð farið fram undir jökul, ef vel hafa fyrri göngur lukkatz, og standa þá þessar síðari degi skemur.<sup>30</sup>

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í Byggðasögu Skagafjarðar III stendur:

**Afreittir** þær sem bændur í Lýtingsstaðahreppi hafa nytjað, og hafa enn aðgang að, eru tvær: Eyvindarstaðaheiði og Hofsafrétt. Afréttina sem nefnd er Eyvindarstaðaheiði eiga jarðir í Lýtingsstaðahreppi í sameign með framhluta Seyluhrepps og mestum hluta Bólstaðarhlíðahrepps. Reyndar hæfir ekki lengur að segja að afreittarlandið sé eign þessara sveita eða jarða því í kjölfar samnings um Blönduvirkjum hefur eignarrétturinn verið dæmdur af sveitunum. [...]

Svonefnd Haukagilsheiði er hluti af landi Mælifells en leigð Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar fyrir ákveðið gjald á hverju ári enda er mestur hluti hennar afreittarmegin við afreittargirðinguna. Haukagilsheiði er þó jafnan smöluð til Mælifellsréttar.<sup>31</sup>

Í örnefnaskrá fyrir Mælifell sem Margeir Jónsson skrifaði eftir sögn Óskars Þorsteinssonar segir m.a.:

[...]

[...]. Suður með hnjúknum að vestan liggur Mælifellsdalur (38); eftir honum rennur Mælifellsá, og er allur dalurinn austan árinna í Mælifellslandi.

[...]

Króksfell (54) er uppundan Króknu. Sunnan við Mælifellshnjúk er Tröllaskarð (55), og þar fyrir sunnan er Járnhryggur (56)<sup>10</sup>.

[...]

2) Mælifell er, eins og kunngt er, landnámsjörð Vékels hins hamramma (Ldn., 104).

<sup>29</sup> Skjöl nr. 4 (11) a-b, 4 (3) og 4 (6).

<sup>30</sup> Jón Konráðsson. „Lýsing Mælifells- og Reykjaprestakalls“. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags II – Skagafjarðarsýsla. Akureyri. 1954, bls. 75.

<sup>31</sup> Hjalti Pálsson. Byggðasaga Skagafjarðar III – Lýtingsstaðahreppur. Sauðárkrókur. 2004, bls. 23.



[...]

10) Um 1530 var prestur sá á Mælifelli er Tómas hét og var Eiríksson. Lét hann lögfesta landamerki Mælifells, og eru þau miðuð við þessi árheiti og örnefni: Mælifellsá, Svartá (57), Markgarð (58), Urðardal, Tjarnardalur (59), Hæringsgil (60) – „og réttisýni úr Hæringsgli og austur í Heiðar í móts við Gilhagamenn“ (DI IX, 565). Ætti það að vera um Járnhrygg, sbr. Gilhagalýsingu. Af áðurgreindri lögfestu má sjá, að klerjur þessi hefur verið landsnyttjasárEspólín segir í Árbókum sínum (III.D., 23), að á dögum síra Tómasar þessa hafi orðið bardagi „þar nærri garði.“ Hvaðan Espólín hefur þetta, get ég eigi fundið og enga aðra heimild um þennan atburð. – Hæringsgil, sem nefnt er í lögfestunni, þekktist enn með þessu nafni, en það er landnámsfornt örnefni og hét eftir þræli Hrosskelst á Ýrarfelli. Sturlubók nefnir þrælinn Roðrek – og Roðreksgil – en Hauksbók og Melabók hafa Hrærek – Hræreksgil (61), og virðist það réttara (Ldn. Khöfn 1925, 104), sbr. núlifandi nafn, Hærings-

Í örnefnaskrá fyrir Mælifell sem Margeir Jónsson skrifaði eftir sögn síra Tryggva Kvaran á Mælifelli; lýsingin er skrifuð orðrétt eftir handriti hans, rituð með blýanti og fengið frá honum í júlí 1939, segir m.a.:

[...]

Hlaupakinn (106) hlíðin frá Svaragili vestur að Hlaupakinnargili (107), sem er gildrag vestur við Hlaupakinn. Er merkjagil milli Mælifells og Stafns, og ræður síðan Einarsdalslækur (108) niður í Svartá í Svartárdal.

Einarsdalur (109), dalurinn, sem lækurinn úr Hlaupakinnargili fellur um vestur í Svartá

[...]

#### Örnefni á Haukagilsheiði

Haukagilsheiði (112), landssvæðið takmarkað af Stafngili að vestan, Einarsdal, Dalskjafti og Sauðadal að norðan og norðaustan, af Brunabrekku að austan og Brunabrekkuþæk að sunnan. Landið er heimaland frá Mælifelli, en notað sem afrétt og smalað af almenningi.

[...]

Stafngil (116), gilið, sem Svartá fellur um, vestan við Haukagilsheiði; skilur Mælifellsland frá Háutungum (117), sem er afrétt

[...]

Brunabrekka (123), knöpp og slétt og jöfn brún austan við Haukagilsheiði.

[...]

Brunabrekkuþækur (125), fellur fram af Brunabrekku og skilur Mælifellsland frá afrétt<sup>3</sup>.

[...]

3) Um 1712 og áður áttu þessar jarðir selstöðu á Mælifellsdal og í Kiðaskarði. Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Reykir og Vindheimar. Jb. Á.M. Árni Magnússon segir, að annað nafn á Háutungum sé Tjarnargil (126) og það sé lambareksstarland frá ýmsum bæjum vestan Svartár, þ.á.m. Mælifelli. Einarsdalskot (127) nefnir Á.M. “Í Hamarsgerðislandi á Tjarnargili“, sjást þar “Fornar byggðarleifar“. Uraðrdalur, Hlaupkinn, Einarsdalur og Hæringsgil eru nefnd í l.m.br. um 1530. (DI IX, 565). [...]

Í örnefnaskrá fyrir Mælifell sem Ingibjörg Jóhannsdóttir ritaði eftir sögn Hjörleifs Sigfússonar (Marka-Leifa) seigir m.a.:

[...]

Fyrir framan dalskjaftinn er Haukagilsheiði (17) víðáttumikil. [...]

Einarsdalur (20) liggur í útvestur frá Mælifellsárkjafti. Sýslumörkin eru ofar en í miðjum dal.



[...].

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

#### I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Mælifell** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna*. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfur ríkisins á framangreint landsvæði virðast þó ekki skarast við kröfulínur landeiganda. Í kröfugerð ríkisins er miðað við upptök Brunnabrekkulækjar og læknum svo fylgt til norðurs þar til hann rennur í Svartá. Kröfugerð ríkisins er því í samræmi við landamerkjabréf Mælifells. Landeigandi Mælifells telur þó rétt að upptök Brunnabrekkulækjar verði nánar staðfest og að farvegur lækjarins að fornu fari ráði merkjum.

#### Hvað varðar hins vegar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 7A vilja landeigendur Mælifells koma eftirfarandi á framfæri:

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnarsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðarnefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 5/2008, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veitir ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008 var hins vegar kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>32</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddum jörðum.

<sup>32</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.



Í ljósi ofan ritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKISINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrætta landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Mælifell**, sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerki fyrir jörðina Mælifell, dags. 4. apríl 1890 og þinglesið 23. maí 1890.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlið) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Mælifell** stendur í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að dýrleiki jarðarinnar sé óviss og að hún sé kirkjustaðir og beneficium. Í *Jarðabókinni* er hjáleigan Hamarsgarður nefnd sem og eyðibýlið Einarsdalskot. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er jörðin í beneficium og metin 40 hundruð að dýrleika. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1802 er hjáleigan talin 10 h. að dýrleika sér.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Mælifelli**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, allt frá fjöru til fjalls/jökuls allt á vatnaskil. Engir almenningar eða afréttir eru á svæðinu, heldur er allt kröfusvæðið háð beinum eignarrétti jarðeigenda og hefur svo verið frá alda öðli.

Eignarrétturinn hefur verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, og ríki og aldrei verið dreginn í efa fyrr. Eigendur hafa getað bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta og erfðafjáarskatt. Nú þegar hefur Óbyggðarnefnd fjallað um þjóðlendu á þessu svæði og úrskurðað um að suðaustur hluti Drangajökuls sé þjóðlenda, jarðirnar þar neðan jökuls eignarland, þ.m.t. **Mælifell**, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum **Mælifells**, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdaleust.



Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

**LAGATILVÍSANIR:**

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendlaga

**FRAMLÖGÐ GÖGN:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð

**ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:**

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbygðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbygðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

Ólafs Björnssonar hrl.

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar

vegna svæðis við norðurmörk Þjóðlendunnar Eyvindastaðaheiðar.

Með vísan til tilkynningar um meðferð óbyggðanefndar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, þ.m.t. svæði 7A, er lýst beinum eignarrétti á svæði við norðurmörk Eyvindastaðaheiðar sem tilheyrir jörðunum **Steiná, Steiná I og Steiná 2**. Eigandur að jörðinni Steiná F2138179 eru Jóna Anna Stefánsdóttir, kt. 130335-4899 og Sigurjón Stefánsson kt. 191038-7469, eigandi að jörðinni Steiná II F2138185 er Óskar Eyvindur Ólafsson kt. 251059-3739 og eigandi að jörðinni Steiná III F2138191 er Sigurjón Stefánsson, kt. 191038-7469.

**Málflutningsumboð:** Undirritaður, Stefán Þórarinn Ólafsson hrl. fer með mál þetta f.h. landeiganda.

### Kröfugerð:

Þess er **aðallega** krafist að fyrirliggjandi kröfu ríkisins inná sameiginlegt eignarland Steinárjarðanna verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess krafist að viðurkennt verði að ofangreindir eigendur Steinárjarðanna hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir jörðinni, sem verndaður er með 72. gr. Stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (STS), sbr. 10. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994 (MSE), og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi Eyvindastaðaheiðar og með þeim sama hætti og gert var í úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 5/2008 með eftirfarandi hætti:

**„Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er haldið til vesturs í Hanskafell (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (16) sem er lokapunktur“.**

Gerð er krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði norðan ofangreindra punkta sé háð beinum eignarrétti í samræmi við fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 þar sem landamerki jarðarinnar voru afmörkuð með bindandi hætti hvað varðar merki eignarlands og Þjóðlendu á svæðinu.

**Til þrautavara** er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi umbj. mínum að skaðlausu.

**Málavextir:**

Snemma árs 2007 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 7A, Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu um þjóðlendu á svæði 7A sem barst óbyggðanefnd þann 14. mars 2008, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli.*“ Afmörkun þjóðlendukröfunnar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). **Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekklækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10).** Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gílinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni ) (16) sem er lokapunktur.

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, dags. 19. júní 2009, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að umþrætt landsvæði væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *norðurmök Eyvindastaðaheiðar* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmenn, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmenn f.h. landeiganda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu vikja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3.

tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnssýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er í óskiptri sameign Steinárjarðanna en allt land ofan túngirðingar er óskipt sameign allra jarðanna.

#### Lýsing svæðisins og saga:

Nánar verður gerð grein fyrir lýsingu svæðisins og sögu í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar. Þá er vísað til þess sem fram kemur um Eyvindastaðaheiði í kröfulýsingu Ólafs Björnssonar til óbyggðanefndar vegna Hraunanna.

#### Málsástæður:

##### I. Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins-frávísunarkrafa.

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

**Steinárjarðirnar eiga** land sem liggur að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *nordurmörk Eyvindastaðaheiðar*. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 5/2008, hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landssvæðis. Nánar tiltekið segir:

*Milli punkta nr. 14 og 15 er kröfulína íslenska ríkisins dregin frá Hanskafelli í 541 m hæð (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri-Austurdal (15). Í landamerkjabréfi Eyvindastaðaheiðar er merkjunum lýst frá Syðri-Austurdal réttisynis austur í Hanskafell, þar sem það er hæst. Bréfið er ekki áritað vegna Steinár. Kröfulýsing ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti. Í landamerkjabréfi Steinár sem dagsett er 15. maí 1886 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar er merkjum Steinár lýst svo: sjónhending í há Hólsbungu og úr henni í Hanskafell. Þá tekur við að framan Eyvindastaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr*



*Hanskafelli til norðvesturs í tvíhóla, þá beygjast merki til norðurs í vestari Leirtjörn. Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyvindastaðaheiðar. Ósamræmi er að þessu leyti milli landamerkjabréfs Steinár annars vegar og bréfs Eyvindastaðaheiðar og kröfulínu ríkisins hins vegar. Ístað þess að línan sé dregin til suðvesturs úr Hanskafelli í Syðri Austurdal eins og gert er samkvæmt bréfi Eyvindastaðaheiðar liggur línan í bréfi Steinár frá Hanskafelli til norðvesturs í Tvíhóla og þaðan til norðurs í vestari Leirtjörn. Af þessum sökum er landsvæði norðvestan við kröfulínu ríkisins þar sem hún er dregin milli punkta nr. 14 og 15 sem ekki fellur innan landamerkja Eyvindastaðaheiðar, Rugludals né Steinár. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið kunni að tilheyra öðrum jörðum. Orðalag landamerkjabréfs Steinár þar sem segir: Þá tekur við að framan Eyvindastaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending.. mælir ennfrekar eindregið gegn því að svo sé.*

*Þar sem áður nefnt svæði norðvestan línu sem dregin er milli Hanskafells og Syðri-Austurdals fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess tekur einungis mið af landamerkjabréfi Eyvindastaðaheiðar að þessu leyti en ekki hefur farið fram sjálfstæð könnun á landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða til samanburðar. Við fyrirtökur í máli þessu var ítrekað brýnt fyrir málsaðilum að samræma kröfulínur ríkisins og gagnaðila þess í þeim tilvikum þar sem þær miðuðust við ætluð merki jarða. Þrátt fyrir það hefur íslenska ríkið engan reka gert að því að færa kröfulínur sínar til samræmis við merki Steinár að því leyti sem hér um ræðir. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða og ekki verði séð að nokkur geri tilkall til þess sem eignarlands síns.*

**Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 7A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnisýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 5/2008, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 var hins vegar kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>1</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðanefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðanefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrð þeim umræddu jarðeignum sérstaklega þar sem landið hefur einnig verið afgirt í ríflega 50 ár.

Í ljósi ofanritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. Krafa um höfnun á þjóðlendukröfu ríkisins-sýknukrafa.

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Krafa umbjóðenda minna byggir á hefð, venju, réttmætum væntingum og skráðum eignarheimildum svo sem síðari afsölum sem þeir hafa fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða. Land Steinárjarðanna hefur verið afgirt frá því árið 1971 eða í yfir 50 ár og hefur sú girðing verið nokkurn veginn á þeim stað þar sem þjóðlendumörk voru ákveðin í úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 5/2008. Sú afmörkun er einnig í samræmi við landamerkjabréf fyrir Eyvindastadarheiði sem útbúið var þann 28. september 1886 sem þinglýst var þann 20. maí 1889. Það bréf er yngra en landamerkjabréf fyrir

<sup>1</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

Steiná sem er frá 15. maí 1886 og gengur því framur eldra landamerkjabréfi sérstaklega þar sem síðar var komið upp varanlegum mannvirkjum (girðingu) án athugasemda frá eiganda aðliggjandi lands.

Fullur hefðartími er liðinn frá því að landið var afgirt með fullu samkomulagi gagnvart forsvarsmönnum aðliggjandi landsvæðis sem þá töldu sig í það minnsta eigendur þess landsvæðis. Öll afnot og nýttjar landsins eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hefur öll nýting verið háð leyfi landeigenda. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Vísað er til þess að í ljósi eignarheimilda umbjóðenda minna og þess að jarðirnar hafa athugasemdalaust gengið kaupum og sölum sem sérstök jörð hafi þeir réttmæta væntingu til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti þeirra, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Eignarhaldið er því m.a. byggt á viðskiptavenju. Í þessu sambandi er einnig ítrekað að gengið er út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulega nr. 58/1998.

Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að umbjóðandi minn hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það er því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu umbjóðanda míns að landið sé háð fullkomnum eignarrétti.

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verður ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum **Steínárjarðanna**, en til annarra landeigenda í landinu. Eigendur jarðarinnar hafa í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þessi eignarréttur verður ekki af þeim tekinn bótalaust enda hann varinn í stjórnarskrá Íslands og af mannréttindaákvæðum sem hafa lagagildi hér á landi.

Um kröfugerð ríkisins gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Skv. meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hefur verið í 12. gr. ssl., ber ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls. Það á ekki við hér ef ríkið gerir þá kröfu að landeigendur leggi fram önnur og meiri gögn en þau hefðbundnu eignaskjöl sem þeir hafa þegar lagt fram. Það verður ekki lögð óhófleg sönnunarbyrði á landeigendur. Krafa um sönnun á landnámi og framsali eignarréttar til vorra daga er sönnunarkrafa sem enginn landeigandi getur risið undir, og leiðir því til bótalausrar eignaupptöku ef á hana er fallist.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkrum sinnum getað haft uppi vefingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinnu á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Ljóst sé því að hún

er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild er talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkomin eign þeirra.

#### **Mótmæli við kröfufylsingu ríkisins:**

Kröfugerð ríkisins inn á eignarland ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni. Nánar verður gerð grein fyrir þeim rökstuðningi í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar.

#### **Lagarök**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár einkum 72. gr.

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919. Vísað er til laga um hefð.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr.94/1976.

Vísað er til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Vísað er til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25. gr.-27. gr.

Vísað er til laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986.

Vísað er til Þjóðlendulaga nr. 58/1998 einkum 1.gr., 5.gr., 15 .gr. og 17.gr. Einnig er vísað til 11. gr.

Vísað er til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1.gr. 1.samningsviðauka.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. sbr 17. gr. Þjóðlendulaga.

#### **Skjalaskrá:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Fasteignaryfirlit.
3. Þinglýsingavottorð.

#### **Áskilnaður og fyrirvari:**

Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa að öllu leyti.

Kröfufylsingin er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna nýrra upplýsinga svo og um framlagningu frekari gagna og rökstuðnings í greinargerð. Uppdrætti af landamerkjum verður skilað með greinargerð landeiganda.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

f.h. landeiganda.

Blönduósi 27.03.2023



Stefán Ólafsson, hrl.

**Kröfulýsing til Óbyggðanefndar**

vegna svæðis við norðurmörk Þjóðlendunnar Eyvindastaðaheiðar.

Með vísan til tilkynningar um meðferð óbyggðanefndar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, þ.m.t. svæði 7A, er lýst beinum eignarrétti á svæði við norðurmörk Eyvindastaðaheiðar sem tilheyrir jörðinni **Rugludal F2138147**. Eigandi jarðarinnar er Sjálfseignarstofnun Eyvindarstaðaheiðar kt. 410307-1540.

**Málflutningsumboð:** Undirritaður, Stefán Þórarinn Ólafsson hrl. fer með mál þetta f.h. landeiganda.

**Kröfugerð:**

Þess er **aðallega** krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland Rugludals verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess krafist að viðurkennt verði að ofangreindur eigandi jarðarinnar Rugludals hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir jörðinni, sem verndaður er með 72. gr. Stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (STS), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994 (MSE), og að viðurkennt verði að landamerki **Rugludals** séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 12. apríl 1883 sem var þinglýst þann 20. maí 1886 og er svohljóðandi:

**Að austan ræður alfaravegur sá er liggur fyrir austan Rugludal, norðan við Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan alls suður í Rugludalsmynnið, eða gil það, sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri Austurdalur, þaðan sunnanvert við Rugludalsbungu beint vestur til Kolluhvammsgrenis, þaðan í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður á móts við fyrrnefnda Háuskriðu.**

Gerð er krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Rugludals verði viðurkennt sem fullkomið eignarland jarðarinnar.

**Til þrautavara** er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi umbj. mínum að skaðlausu.

**Málavextir:**

Snemma árs 2007 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 7A, Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu um þjóðlendu á svæði 7A sem barst óbyggðanefnd þann 14. mars 2008, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli.*“ Afmörkun þjóðlendukröfunnar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni ) (16) sem er lokapunktur.

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, dags. 19. júní 2009, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að umþrætt landsvæði væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *norðurmök Eyvindastaðaheiðar* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmenn, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmenn f.h. landeiganda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar víkju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3.

tölul., sbr. 2. tölul. sömu málgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnssýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er að hluta til innan landamerkjja jarðarinnar Rugludals og má gera ráð fyrir að um mistök sé að ræða af hálfu íslenska ríkisins.

#### **Lýsing svæðisins og saga:**

Nánar verður gerð grein fyrir lýsingu svæðisins og sögu í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar. Þá er vísað til þess sem fram kemur um Eyvindastaðaheiði í kröfulýsingu Ólafs Björnssonar til óbyggðanefndar vegna Hraunanna.

#### **Málsástæður:**

##### **I. Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins-frávísunarkrafa.**

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

**Jörðin Rugludalur á land sem liggur að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *norðurmörk Eyvindastaðaheiðar*.** Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 5/2008, hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landssvæðis. Nánar tiltekið segir:

*Milli punkta nr. 14 og 15 er kröfulína íslenska ríkisins dregin frá Hanskafelli í 541 m hæð (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri-Austurdal (15). Í landamerkjabréfi Eyvindastaðaheiðar er merkjunum lýst frá Syðri-Austurdal réttýnis austur í Hanskafell, þar sem það er hæst. Bréfið er ekki áritað vegna Steinár. Kröfulýsing ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti. Í landamerkjabréfi Steinár sem dagsett er 15. maí 1886 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar er merkjum Steinár lýst svo: sjónhending í há Hólsbungu og úr henni í Hanskafell. Þá*

tekur við að framan Eyvindastaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanskafelli til norðvesturs í tvíhóla, þá beygjast merki til norðurs í vestari Leirtjörn. Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyvindastaðaheiðar. Ósamræmi er að þessu leyti milli landamerkjabréfs Steinár annars vegar og bréfs Eyvindastaðaheiðar og kröfulínu ríkisins hins vegar. Ístað þess að línan sé dregin til suðvesturs úr Hanskafelli í Syðri Austurdal eins og gert er samkvæmt bréfi Eyvindastaðaheiðar liggur línan í bréfi Steinár frá Hanskafelli til norðvesturs í Tvíhóla og þaðan til norðurs í vestari Leirtjörn. Af þessum sökum er landsvæði norðvestan við kröfulínu ríkisins þar sem hún er dregin milli punkta nr. 14 og 15 sem ekki fellur innan landamerkja Eyvindastaðaheiðar, Rugludals né Steinár. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið kunní að tilheyra öðrum jörðum. Orðalag landamerkjabréfs Steinár þar sem segir: Þá tekur við að framan Eyvindastaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending. mælir ennfrekar eindregið gegn því að svo sé.

Þar sem áður nefnt svæði norðvestan línu sem dregin er milli Hanskafells og Syðri-Austurdals fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess tekur einungis mið af landamerkjabréfi Eyvindastaðaheiðar að þessu leyti en ekki hefur farið fram sjálfstæð könnun á landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða til samamburðar. Við fyrirtökur í máli þessu var útrekað brýnt fyrir málsaðilum að samræma kröfulínur ríkisins og gagnaðila þess í þeim tilvikum þar sem þær miðuðust við ætluð merki jarða. Þrátt fyrir það hefur íslenska ríkið engan reka gert að því að færa kröfulínur sínar til samræmis við merki Steinár að því leyti sem hér um ræðir. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða og ekki verði séð að nokkur geri tilkall til þess sem eignarlands síns.

**Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 7A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata*



sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 5/2008, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendar og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008 var hins vegar kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>1</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddu jarðeignum sérstaklega þar sem landið hefur einnig verið afgirt í ríflega 50 ár.

Í ljósi ofanritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. Krafa um höfnun á þjóðlendukröfu ríkisins-sýknukrafa.

Landeigandi Rugludals krefst þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu. Eignarheimild landeiganda fyrir fullkomnum eignarrétti er afsalsbréf frá 30. maí 1914 frá Ráðherra Íslands til Bólstaðarhlíðarhrepps sem þinglýst var þann 28. júní 1916 og eftir það óslitin röð afsala til núverandi landeiganda.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Krafa umbjóðenda minna byggir á hefð, venju, réttmætum væntingum og skráðum eignarheimildum svo sem síðari afsölum sem þeir hafa fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða. Land Rugludals hefur verið afgirt frá því árið 1971 eða í yfir 50 ár og hefur sú girðing verið nokkurn veginn á merkjum jarðarinnar.

<sup>1</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

Fullur hefðartími er liðinn frá því að landið var afgirt með fullu samkomulagi gagnvart forsvarsmönnum aðliggjandi landsvæðis sem þá töldu sig í það minnsta eigendur þess landsvæðis. Öll afnot og nýttjar landsins eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hefur öll nýting verið háð leyfi landeigenda. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Vísað er til þess að í ljósi eignarheimilda umbjóðenda minna og þess að jörðin hefur athugasemdalaust gengið kaupum og sölum sem sérstök jörð hafi þeir réttmæta væntingu til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti þeirra, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Eignarhaldið er því m.a. byggt á viðskiptavenju. Í þessu sambandi er einnig ítrekað að gengið er út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulega nr. 58/1998.

Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að umbjóðandi minn hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það er því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu umbjóðanda míns að landið sé háð fullkomnum eignarrétti.

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verður ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum **Rugludals**, en til annarra landeigenda í landinu. Eigendur jarðarinnar hafa í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þessi eignarréttur verður ekki af þeim tekinn bótalaust enda hann varinn í stjórnarskrá Íslands og af mannréttindaákvæðum sem hafa lagagildi hér á landi.

Um kröfugerð ríkisins gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Skv. meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hefur verið í 12. gr. ssl., ber ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls. Það á ekki við hér ef ríkið gerir þá kröfu að landeigendur leggi fram önnur og meiri gögn en þau hefðbundnu eignaskjöl sem þeir hafa þegar lagt fram. Það verður ekki lögð óhófleg sönnunarbyrði á landeigendur. Krafa um sönnun á landnámi og framsali eignarréttar til vorra daga er sönnunarkrafa sem enginn landeigandi getur risið undir, og leiðir því til bótalausrar eignaupptöku ef á hana er fallist.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkrum sinnum getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinnu á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild er talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

**Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins:**

Kröfugerð ríkisins inn á eignarland ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni. Nánar verður gerð grein fyrir þeim rökstuðningi í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar.

**Lagarök**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár einkum 72. gr.

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919. Vísað er til laga um hefð.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr.94/1976.

Vísað er til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Vísað er til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25. gr.-27. gr.

Vísað er til laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986.

Vísað er til Þjóðlendulaga nr. 58/1998 einkum 1.gr., 5.gr., 15 .gr. og 17.gr. Einnig er vísað til 11. gr.

Vísað er til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1.gr. 1.samningsviðauka.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. sbr 17. gr. þjóðlendulaga.

**Skjalaskrá:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Fasteignaryfirlit.
3. Þinglýsingavottorð.
4. Afsalsbréf frá Ráðherra Íslands dags. 30. maí 1914.
5. Landamerkjabréf frá 12. apríl 1883, þinglýst 20. maí 1886.

**Áskilnaður og fyrirvari:**


Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa að öllu leyti.

Kröfulýsingin er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna nýrra upplýsinga svo og um framlagningu frekari gagna og rökstuðnings í greinargerð. Uppdrætti af landamerkjum verður skilað með greinargerð landeiganda.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

f.h. landeiganda.

Blönduósi 27.03.2023

  
Stefán Ólafsson, hrl.

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Hvammshlíðar

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022, þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

### I. Aðild og fyrirvar.

Jörðin Hvammshlíð landnr. L145460, eru þinglýst eign Karólínu Elísabetardóttur, kt. 140570-2739, með lögheimili að Hvammshlíð. (Vísad verður til Karólínu sem landeiganda),

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnda hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 19. desember 2022.

### II. Kröfugerð.

Vegna téðrar jarðar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka er eignarland, samanber merkjalýsingu fyrir jörðina og tilgreinda merkjapunkta.

*Að vestan milli hennar og þverár í Norðurárdal ræður merkjum skurður milli nesja tveggja er nefnast Stóranes og Litlanes (1). Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefnu á austanvert Pokafell (2). Að norðan og norðaustan eru þessi merki. Af há Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, nánar tiltekið í í vörðu sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar (3), þaðan í lækinn sem er upptök Ambáttarár sem rennur í Laxá, þar sem hann rennur til móts við sérstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á og sem er hornmerki að suðaustan (4). Þaðan í upptök lækjarins (5). Þaðan í Fífugilshól (vestari Sjónarhól, norðan Fífugilseyrar)(6), í Upptök Ambáttarlækjar (7), eftir læknum í Bárðardalsá (8), þaðan í ármót Mjóadalsár (sem rennur þar um Gálgagil) og Hvammshlíðarár (Norðurár) (9). Þaðan ræður Hvammshlíðará (Norðurá) merkjum allt til móts við skurð þann (millum Stóranes og Litlanes) er áður var umgetið (1).*

Til vara er krafist viðurkenningu á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins yrði talin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður.

Undirkaflar munu skiptast með eftirfarandi hætti.

- Umfjöllun um forsendur afmörkunar lands samkvæmt kröfulýsingu.

- Umfjöllun um málsatvik og málsástæður sem leiða til þess að hafna beri kröfugerð ríkisins í ljósi fyrri málsmeðferðar, yfirlýsinga íslenska ríkisins og stjórnskipulegra anmarka löggjafar sem yfirstandandi málsmeðferð hvílir á.
- Umfjöllun um síðari viðurkenningu íslenska ríkisins á eignarréttarlegri stöðu lands Hvammshlíðar.
- Umfjöllun um efnisleg atriði um land Hvammshlíðar og ástæður þess að hafna beri kröfugerð ríkisins vegna þeirra.

### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu.

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landamerkjalyýsingu í afsalsbréfi Jóns Pálssonar prests að Höskuldsstöðum sem dagsett er þann 15. júní 1897 og landamerkjabréfi dags. 22. júní 1923, sem Vindhælishreppur og Engihlíðarhreppur gerðu, sem þá voru eigendur, Hvammshlíðar og Illugastaðaparts.

Jafnframt hvílir afmörkunin á landamerkjalyýsingum aðliggjandi jarða.

#### Landamerki jarðarinnar Þverár á Norðurárdal,

Ekki liggur fyrir þinglýst landamerkjabréf fyrir Þverá. Um heimildir fyrir mörk Þverár við land Hvammshlíðar má vísa til sóknarlýsingar Höskuldsstaðasóknar frá 1873, þar sem fram kemur. *Takmörk Þverár lands og afréttarlandsins eða sellandsins, sem og er kallað, eru eigi ljóslega ákveðin, en skurður milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá milli Þverár og Hvammshlíðar og heita Stóranes vestar og Litlanes austar, er talinn engjarnark. Grundvöllur óskýrleika vegna merkjanna og þess að vísað er til engjarnarks, verður skýrður síðar.*

#### Landamerki jarðarinnar Illugastaða í Laxárdal, sbr. nú Illugastaðapart, þ.e. hluta lands jarðarinnar sem seldur var 22. október 1921.

Landamerkjabréf Illugastaða er dagsett 31. Janúar 1890. Um merki jarðarinnar er snýr að Norðurárdal, þ.e. eftir að merkjum gagnvart Þverá í Hallardal hefur verið lýst, segir: *Þaðan ræður merkjum bein lína í Klöpp, sem grjóttvarða er hlaðin á, á miðju há-Pokafelli. Þaðan ræður merkjum á milli Höskuldsstaða kirkjujarða landa Þverár og Hvammshlíðar og Illugastaða frá nefndri klapparvörðu bein lína í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður á Ambáttardal á hól þann er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki, þaðan austur í garð sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Árbæli (Fannlaugarstöðum)*

Með afsalsbréfi dags. 22. október 1921 var hluti lands Illugastaða seldur til Engihlíðarhrepps. Nefnist landspildan Illugastaðapartur og náði yfir land sunnan Engilækjar svo sem vötn draga vestan í sýslumerki. Með því er vísað til alls lands Illugastaða sem liggur að Norðurárdal og allt suður til Sjónarhóls.

#### Landamerki Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða við Hvammshlíðarland

Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli 1/2013 var þjóðlendulínu á þessu svæði ákveðin svo; *Upphafspunktur er í Fífugili og úr því er farið í Mjóadalsá við Gálgagil og upp eftir ánni í Mjóadalsbotn. Línan liggur um sama svæði en með ónákvæmari hætti.*

Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli 1/2013 er merkjum þjóðlendunnar Fannlaugarstaða lýst upp með Ambáttará að Fífugili.

Fulltrúar hreppanna Vindhælishrepps og Engihlíðarhrepps settu niður landamerki milli afréttalanda hreppanna, sbr. landamerkjabréf dags. 22. júní 1923. Á þessum tíma var Engihlíðarhreppur eigandi Skrapatunguafréttar og Illugastaða, en Vindhælishreppur var eigandi Hvammshlíðar. Lýsing merkjanna er þessi:

*Frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í í Norðurá) ræður Norðurá merkjum til Ambáttarár, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil) þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er norðan við Fífugilseyrar) þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austan úr Ambáttardal til Laxár. Ræður sá lækur svo merkjum til móts við sjerstakan melhól sunnan lækjarins (nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á og sem er hornmerki að suðaustan. Frá vörðu á nefndum hól eru merkin sjónhending í vörðu sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar. Þaðan í sjónhending í Engjalæk miðað við vörðu sem stendur í grjótlögu á há Pokafelli.*

Lýsingin merkja í afsali fyrir Hvammshlíð, dags. 15. júní 1897 er þessi:

*Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurárdal, ræður merkjum skurður millum nesja tveggja, er nefnast Stóranes og Litlanes. Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell. Að norðan og norðaustan eru þessi merki: Af há-Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður í Ambáttardal í hól þann, er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna í garð þann, sem liggur fram eptir múrunum norður frá Ásseli (Fannlaugarstöðum); ræður svo garðurinn merkjum, allt suður í móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstöðsfjallbrúninni, sín hvoru megin Fífugils, síðan rjett sjónhending til suðvesturs í steininn, sem stendur austan til í Hlíðarhorninu og frá sama steini bein stefna ofan í Bárðardalsá; þá ræður hún til þess hún kemur í Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel, þar sem það hefir að fornu staðið og enn sjást merki til. Úr því ræður Norðurá merkjum, allt til móts við skurð þann (millum Stóraness og Litlaness), er áður er umgetið.*

Lýsingarnar frá 1923 og 1897 falla saman, nema á kafla þar sem merkjum er lýst nokkuð sunnar gagnvart Fannlaugarstöðum. Nöfn kennileita eru ekki alltaf þau sömu og rétt að skýra samræmi og misræmi frekar, einnig gagnvart úrskurði Óbyggðanefndar.

- Í lýsingunni frá 1923 er vísað til vörðu á þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar, í stað Járnhryggjarhöfuðs. Hrossaskálarbrún er í raun hluti Járnhryggjarhöfuðs og því um sömu merki að ræða, en síðari lýsingin fyllri.
- Við samanburð lýsinganna er ljóst að Sjónarhólarnir eru tveir, en vestari Sjónarhóll er einnig nefndur Fífugilshóll. Hóllinn liggur rétt neðan Fífugils og í ljósi niðurstöðukafla úrskurðar Óbyggðanefndar um þýðingu lýsingarinnar frá 1923, felst vísun til þessa í úrskurðarorði.
  - Mikilvægt er að hafa í huga að Fífugilshóllinn (Vestari Sjónarhóllinn) er ekki hornmarkið sem lýsingarnar vísa til, heldur er það í raun svæðið við Austari Sjónarhóllinn sem liggur aðeins niður með upptökum Ambáttarár sem rennur að Laxá. Í lýsingunni frá 1897 er beinlínis vísað til þess Sjónarhóls, en í lýsingunni frá 1923 er í raun vísað lækjarins sem merkja á móts við sérstakan melhól nokkuð austar en austari Sjónarhóll.
  - Það athugast að hluti skjals 11-25 fyrir Óbyggðanefnd er hnitsetning á lýsingunni frá 1923. Þar eru hnit 1-6, samsvarandi hnitum 9-4 í kröfulýsingu þessar. Þetta eru sömu merki en þó nákvæmari en samkvæmt úrskurðarorði Óbyggðanefndar. Úrskurðarorð Fannlaugarstaða og Skrapatunguafréttar vísar til þjóðlendumarka um Ambáttarrá (frá Laxá) að Fífugili og þaðan að farið í Mjóadalsá við Gálgagil (þ.e. þar sem áin rennur í Hvammshlíðará/Norðurá).

- Heitið Norðurá í lýsingunum á við upp að því þar sem Bárðardalsá og Mjóadalsá koma saman og e.t.v. alla leið að því sem Bárðardals á og Ambáttarlækur koma saman. Nú er talað um Norðurá sem Hvammshlíðará, ofan við það þar sem Þverá rennur í Norðurá, en þó ekki lengra en að þangað sem Mjóadalsá rennur í ána. Þangað rennur Bárðardalsá, en heitið breytist ekki eftir að Ambáttarlækurinn rennur í hana.
- Vatnsfallið sem rennur austur úr Ambáttardal og niður í Laxá, er nú nefnt Ambáttará, en áður fyrr Ambáttarlækur. Núverandi Ambáttarlækur, sem rennur í Bárðardalsá hét áður fyrr Ambáttará.
- Misræmi í lýsingunum felst í því að afsalið frá 1897 vísar til þess að í framhaldi af línu í Sjónarhól eru mörk dregin í garð sem liggur fram eftir mýrum norður frá Fannlaugarstöðum. Garðurinn ræður svo allt suður til móts við þúfur þær sem eru á Fannstóðsfjallbrúninni sín hvoru megin Fífugils. Svo í stein austan til í Hlíðarhorni og í Bárðardalsá. Lega umrædds garðs er ekki þekkt og heldur ekki umrædds steins.

### Landamerki Kirkjubæjar

Ekki liggur fyrir þinglýst landamerkjabréf vegna Kirkjubæjar. Bærinn stendur á landi norðan Norðurár, en stærstur hluti lands jarðarinnar liggur sunnan árinna, þar sem hluti lands jarðarinnar tilheyrði eyðibýlinu Barði. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er landi Kirkjubæjar sunnan Norðurár lýst allt að Moldgili, er aðgreinir Sauðahnjúk og Svínahnjúk. (Ath. eftir að Þverá rennur í Norðurá er framhald Norðurár nefnt Hvammshlíðará).

Afmörkun lands í kröfulýsingu landeiganda og samkvæmt korti er háð fyrirvörum um nákvæmni þar sem hnitsetning og greining staðhátta hefur ekki farið fram og að sakarefni þjóðlendumála varðar stöðu lands sem eignarlands eða þjóðlendu. Þessi fyrirvari varðar einnig þá stöðu að kort sem gera grein fyrir kröfulýsingu ríkisins eru ónákvæm.

## **2. Fyrri málsmeðferð Óbyggðanefndar og önnur tengd atriði.**

### **2.1. Helstu atvik varðandi málsmeðferð.**

Þann 21. febrúar 2008 tilkynnti Óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar, dags. 2. júlí 2012 um þjóðlendu á svæðinu í nokkrum hlutum þ.m.t. á Skaga. Á því svæði sem hér skiptir máli, þá bárust kröfulýsingar frá Blönduósbæ vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða. Þá var sett fram kröfulýsing vegna Hvammshlíðar, sem þá var eign Landsbankans, sbr. skjal nr. 11, sem er kröfulýsing Ólafs Björnssonar lögmanns vegna Staðarafréttar og aðliggjandi svæða.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk Reynistaðaafréttar, Skrapatunguafréttar og Höskuldsstaðaafréttar, dags. 2. júlí 2012, bls. 104, kemur fram rökstuðningur um kröfulínu. Þar er byggt á því að krafan nái til samnotaafréttar.

Í kröfulýsingunni var gerð krafa um að þjóðlendu lína lagi eftir Mjóadalsá norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (punktur 25). Þaðan var svo dregin lína sjónhending í norður í upphafspunktinn, Járnhryggjarhöfuð í Austur-Húnavatnssýslu (punktur 1). Það lá línan beint suður í Sjónarhól í Ambáttardal (punktur 2)

Í þessu fólst að hluti þjóðlendukröfulínu lá inn í land Hvammshlíðar, en afstaða ríkisins var að óumdeilt væri að það land væri eignarland.

Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 156, kemur m.a. fram eftir umfjöllun um Skrapatunguafrétt:

*Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, þ.e. jörðin Hvammshlíð til norðurs og jarðirnar Mánaskál, Núpur og Kirkjuskarð að vestan og suðvestan.*

Á bls. 158 kemur fram eftirfarandi umfjöllun:

*Upphaflegar kröfulínur aðila voru ekki samhljóða um norðurmörk Skrapatunguafréttar. Við aðra fyrirtöku í máli þessu, dags. 21. mars 2013, samræmdu aðilar málsins kröfulínur sínar um norðurmörk Skrapatunguafréttar og urðu aðilar ásáttir um að miða bæri afmörkun Skrapatunguafréttar til norðurs við suðurmerki Hvammshlíðar eins og þeim er lýst í framangreindu samkomulagi milli Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps árið 1923.*

Með þessu féll ríkið frá því að gera þjóðlendukröfur í land Hvammshlíðar samkvæmt kröfulýsingu eigenda jarðarinnar. Bókun ríkisins, dags. 21. mars 2013, þar sem fallið var frá kröfu í land Hvammshlíðar er skjal nr. 1 (13). Staðfesting á þeirri afstöðu kemur jafnframt í greinargerð ríkisins, dags. 29. apríl 2013, sbr. bls. 7)

Þrátt fyrir þetta kemur fram í úrskurði á bls. 168 eftirfarandi umfjöllun:

*Þar sem landsvæði Hvammshlíðar, norðan við línu sem dregin er frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár<sup>1</sup> (Gálgagili) um línu austur Ambáttará eftir Ambáttardal í Sjónarhól, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um norðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Hvammshlíð tekur að þessu leyti mið af samkomulagi því sem gert var milli hreppanna fyrst árið 1923 og staðfest með hnitsetningu árið 2012. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða*

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, var í úrskurðarorði skorið úr um mörk þjóðlendu vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða, sbr. bls. 189:

Af hálfu rétthafa Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða var úrskurði Óbyggðanefndar vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða skotið til dómstóla. Íslenska ríkið var sýknað í báðum dómsmálum, af kröfum um að hnekkja úrskurði Óbyggðanefndar.

Af hálfu ríkisins var ekki byggt á því að hnekkja ætti niðurstöðu Óbyggðanefndar þar sem þjóðlendukrafa gengi of skammt. Þvert á móti var byggt á sjónarmiðum um að úrskurður Óbyggðanefndar væri réttur.

<sup>1</sup> Réttara hefði verið að segja Hvammshlíðará. Það athugast að Hvammshlíðará var nefnd Norðurá, jafnvel allt upp að því að Bárðardalsá og Ambáttarlækur koma saman.



Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Í kjölfar gildistöku lagasetningarinnar tilkynnti Óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Hvammshlíðar. Í kjölfar bréfaskipta lögmannna jarða sem hagsmuna áttu að gæta vegna endurtekinnar málsmeðferðar var með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 6. október 2021, tilkynnt að hluti fulltrúa í Óbyggðanefnd viki sæti vegna vanhæfis.

Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í Óbyggðanefnd, hefur nefndin vísað til stjórnvaldsins sem „sérstakrar Óbyggðanefndar“. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingar í Lögbirtingarblaði útgefna sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar Óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.

Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt af lögmonnum eigenda jarða sem hagsmuna áttu að gæta. Með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða Óbyggðanefndar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna svæðis norðan Skrapatunguafréttar. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til „efnisatriða málsins“ og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæðis norðan Skrapatunguafréttar.

Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

## **2.2. Málsástæður tengdar fyrri málsmeðferð.**

### **2.2.1. Skilyrði til málsmeðferðar – sérstakur áskilnaður – krafa um afturköllun.**

Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að ákvörðun Óbyggðanefndar að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land norðan Skrapatunguafréttar á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögumæt.

Í bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir lögmannna landeigenda um forsendur málsmeðferðar Óbyggðanefndar væru *efnisleg atriði* sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta sjónarmiða lögmannanna sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni hafi verið heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Lagaákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat Óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti aftur málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði um eignarréttarlega stöðu lands.

Það er afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2013, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem heimilar endurtekna málsmeðferð. Í úrskurði nefndarinnar er tekið djúpt í árina um að land Hvammshlíðar geti talist þjóðlenda. Engu að síður hafði Óbyggðanefnd í úrskurði sínum vísað til þess fyrr að óumdeilt væri að land Hvammshlíðar væri eignarland.

Forsendur fyrir umfjöllun Óbyggðanefndar um að Hvammshlíð geti talist þjóðlenda eru rangar og byggja á ófullkominni rannsókn og greiningu málsins. Þá er umfjöllunin í ósamræmi við það valdsvið sem Óbyggðanefnd hefur að lögum.

- Það er eru verulegur ágalli á rannsókn Óbyggðanefndar að þar er lítil sem engin umfjöllun um jörðina þverá í Norðurárdal. Gagnaöflun um jörðina er óveruleg. Í ljósi tengsla Hvammshlíðar við þverá voru engar forsendur fyrir umfjölluninni.
- Þá var umfjöllun Óbyggðanefndar í ósamræmi við valdsvið nefndarinnar, enda hafði íslenska ríkið beinlínis fallið frá þjóðlendukröfu í land Hvammshlíðar og byggt á því að Hvammshlíð væri óumdeilanlega eignarland. Engar lagalegar forsendur voru fyrir Óbyggðanefnd að setja athugasemdina fram og virða að vettugi forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og málsforræði fyrir Óbyggðanefnd. Slík lögleysa gat ekki haft réttáhrif, þrátt fyrir gildistöku laga 34/2020.

Í ljósi þessa er gerð krafa um að Óbyggðanefnd nýti valdheimildir sýnar til að afturkalla ákvörðun um að heimila endurtekna málsmeðferð á svæði sem tekur til svæðis norðan Skrapatunguafréttar. Vísað er til almennra meginreglna stjórnvalda til að afturkalla ákvarðanir og 25. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

### **2.2.2. Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar Óbyggðanefndar.**

#### **2.2.2.A. Grundvallaratriði þjóðlendulaga, hlutverk Óbyggðanefndar og breytingarlög 34/2020**

Tilfni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.

Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk Óbyggðanefndar;

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna*

*um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að Óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar Óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

Vakin er athygli á því að ákvörðun um að Óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu viðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal Óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og rétthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem Óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr. Sjá t.d. kort vegna svæðis 8A, Norðvesturland; [https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/08A\\_2013-1\\_urskurdarkort-b.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/08A_2013-1_urskurdarkort-b.pdf)

Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.

Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að sætta mál.

Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.

Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á Þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem Óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun Óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr mörk eignarlanda og þjóðlenda!

Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að Óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar Óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.

Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að Óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar næsta kafla. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi Óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað.

### **2.2.2.B. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og forræði á ágreiningi um þjóðlendumörk.**

Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.

Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendum.

Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendulaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar.

Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu af forsætisráðuneytinu, dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem Óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005 varðandi Valþjófsstað o.fl.

Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefnd kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirsvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar er gert ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir Óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.

Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyking nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.

Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að Óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms **Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005** og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmannna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir Óbyggðanefnis.

Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuni á að gæta. Þannig getur raunveruleg endurupptaka þjóðlendumála aðeins verið framkvæmanleg, þar sem hvorki ríkið né tiltekinn landeigandi hafa gert kröfur til lands við almenna málsmeðferð þjóðlendumála. Það á alls ekki við vegna Hvammshlíðar, enda landeigandi aðili úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.

**2.2.2.C. Bein ráðstöfun íslenska ríkisins á sakarefni með fyrri kröfulýsingu.**

Með því að Óbyggðanefnd ákvað að taka fyrir Norðvesturland og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð Óbyggðanefndar varðaði því Norðvesturland, en ekki afmarkaðra svæði.

Kröfulýsing ríkisins, og síðari breytingar á þjóðlendu-kröfulínu milli Hvammshlíðar og Skrapatunguafréttar, fólu í sér beina viðurkenningu um að land Hvammshlíðar væri eignarland. Kröfulýsingar landeigenda sem bárust í kjölfar kröfulýsingar ríkisins hvíldu svo bæði á 2. mgr. 10. gr. og 9. gr. þjóðlendulaga, enda hafði Óbyggðanefnd til umfjöllunar kröfulýsingar á Norðvesturlandi, með víðtækari hætti en einungis það svæði sem ríkið gerði þjóðlendu-kröfu í.

Þessu til stuðnings er bent á;

- orðalag 9. gr. og lögskýringargögn fela í sér að landeigendur fengu með starfi Óbyggðanefndar aðgang að sérstakri málsmeðferð til að fá viðurkenningu á að land væri undirorpið einkaeignarrétti,
- kröfulýsingarkortið í máli nr. 1/2013. Það kort sýnir heildarkröfulýsingar, en ekki einungis þær kröfulýsingar sem féllu innan þjóðlendu-kröfulýsingar ríkisins. Kröfulýsingum þessum hefur ekki verið vísað frá nefndinni og voru til umfjöllunar þegar málsmeðferð Norðvesturlands fór fram,
- þar sem kröfulýsingar ríkisins um þjóðlendu mæta kröfulýsingum landeigenda um einkaeignarréttarlega stöðu lands, hefur Óbyggðanefnd skorið úr um „mörk þjóðlendu og eignarlanda“, sbr. a. lið 7. gr. þjóðlendulaga um hlutverk nefndarinnar.

Það fæst með engu móti staðist að líta svo á að ekki hafi verið fjallað um kröfulýsingar landeigenda í heild, með úrskurði Óbyggðanefndar. Í því fælist að litið væri fram hjá ákvæðum þjóðlendulaga og að starf Óbyggðanefndar væri einstefna um að brigða landi í þágu ríkisins án tillits til skyldu ríkisins að gæta að friðhelgi eignarréttar. Fyrri málsmeðferð og viðurkenning íslenska ríkisins um ágreiningsefnið verður ekki ógilt, svo samræmst geti 72. gr. stjórnarskrárinnar.

**2.2.2.D. Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.**

Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2013, fól í sér línu sem lá inn í land Hvammshlíðar. Af hálfu eiganda Hvammshlíðar var gerð krafa um að land jarðarinnar væri allt háð einkaeignarrétti, bæði innan og utan þjóðlendu-kröfulínu ríkisins. Ríkið féll svo frá því að gera þjóðlendu-kröfu í hluta lands Hvammshlíðar.

Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar nr. 1/2013, en þar var fallist á þjóðlendu-kröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. að kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.

Þar sem kröfulýsing Hvammshlíðar kom fram voru þjóðlendumörk staðfest miðað við endanlega þjóðlendu-kröfu ríkisins.

Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekktt með dómi.

**2.2.3. Res judicata áhrif**

Úrskurður Óbyggðanefndar vegna bæði Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða voru bornir undir dómstóla, sbr. **LRD 63/2019 og Héraðsdóm Norðurlands vestra í máli nr. E-24/2015**. Kröfur íslenska ríkisins fyrir dómi fólu í sér að staðfesta ætti úrskurð Óbyggðanefndar. Ef íslenska ríkið hefði talið að ekki hafi verið fjallað um þjóðlendumörk með réttum hætti, hefði ríkið þurft að krefjast ógildingar úrskurðarins og endurupptöku málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefnd.

Res judicata áhrif og sú réttarstaða að úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, fól í sér niðurstöðu um mörk þjóðlendu og eignarlands, leiðir til þess að ekki verður gerð krafa um þjóðlenduvæði norðan þjóðlendulínunnar og inn í land Hvammshlíðar.

Þótt eigandi Hvammshlíðar hafi ekki verið aðili ofangreindra dómsmála þá er íslenska ríkið bundið af framangreindum dómum, enda til umfjöllunar úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 þar ríkið hafði byggt á því að mörk Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða væru jafnframt mörk eignarlands Hvammshlíðar.

#### **2.2.4. Þýðing meginreglna um þrískiptingu ríkisvalds.**

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendulaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir Óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendulaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.

Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð Óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum.

#### **2.2.5. Þýðing meginreglna um friðhelgi eignarréttar.**

Með þjóðlendulögum var stofnað til Óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Valþjófsstaðar byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.

Þjóðlendulög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.

Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kærenda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærundur bentu á, að lögín frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.

Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Hvammshlíðar. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti Hvammshlíðar í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2012 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir Óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendulaga. Með þessu verður í raun brugðið útfrá þeirri almennu reglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.

### **3. Viðurkenning íslenska ríkisins á eignarréttarlegri stöðu lands Hvammshlíðar.**

Landeigandi byggir á því að vegna fyrri málsmeðferðar Óbyggðanefndar og þess að íslenska ríkið féll þá beinlínis frá gerð þjóðlendukröfu í land sem var hluti Hvammshlíðar beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins, því slík krafa sé ósamræmanleg afstöðu ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar, einkum HRD 617/2012, og HRD 94/2017

Jafnframt byggir landeigandi á því að staðfesting sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 5. janúar 2021, um leyfi landeigenda til að stofna lögbýli á 630 hektara landi á jörðinni Hvammshlíð, feli í sér að þjóðlendukrafa ríkisins nú, er með öll ósamræmanleg þeirri viðurkenningu á stöðu landsins sem eignarlands sem felst í ákvörðuninni. Lögbýli hefði ekki verið stofnað á landinu nema á grundvelli þess að umsókn um lögbýlisstofnun vísað til eignarlands, sbr. skilgreiningu 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 á hugtakinu lögbýli. Lögbýlisstofnunin vísað til stærðar Hvammshlíðar og ljóst að uppdráttur á af Hvammshlíð var dregin að mörkum þjóðlendu á svæðinu. Vísað er til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er hliðsett stjórnvald gagnvart fjármálaráðuneytinu, sbr. umfjöllun í dómi HRD 94/2017.

Jafnframt er vísað til þess að staðfesting atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. júlí 2018, þegar stofnað var til fasteignarinnar Pokafells úr landi Hvammshlíðar, hafi falið í sér viðurkenningu á því að því að land Hvammshlíðar, sem Pokafell var stofnað úr, sé háð beinum eignarrétti.

Í ljósi þessa beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

### **4. Um eignarréttarlega stöðu lands Hvammshlíðar og málsástæður.**

#### **4.1. Þættir úr sögu jarðarinnar.**



Vísað er til umfjöllunar í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, varðandi Hvammshlíð, bls. 66-67 og Höskuldsstaði, bls. 60-66. Á rannsókn Óbyggðanefndar í málinu var sá ljóður að saga jarðarinnar Þverár í Norðurárdal var í engu rakin. Jafnframt var forsaga eignarhalds Höskuldsstaða á jörðum ekki rakinn auk fleiri atriða sem afla hefði mátt frekari upplýsinga um.<sup>2</sup>

Í máldaga Höskuldsstaðakirkju frá árinu 1318 kemur fram að kirkjan hafi þá átt Þverá hálfá, en í máldaga frá 1360 er jörðin öll sögð í eigu kirkjunnar og sömuleiðis í máldögum frá 1394, 1395, 1461.

Frá sama tíma, þ.e. 1471, er vitnisburður séra Bersa Svartssonar um vottorð tveggja manna um eignarhald Skrapatungu á svæði sem fékk síðar heitið Skrapatunguafrétt. Í vitnisburðinum segir m.a. að Skrapatunga eigi Ambáttardal á móts við Þverá í Norðurárdal.

Í máldaga Höskuldsstaðakirkju 1461, eða fyrri máldögum, er ekkert minnst á Hvammshlíðarland eða selstöðu kirkjunnar. Það er eins augljóst og verið getur að land Hvammshlíðar hefur upphaflega verið hluti jarðarinnar Þverár í Norðurárdal. Áður en Hvammshlíðarhluti Þverár hafði verið tekin til sérstaks brúks fyrir presta Höskuldsstaða féll svæðið undir upptalningu kirkjueigna þegar Þverá var nefnd.

Prestar á Höskuldsstöðum hafa líklega þegar leið á 16. eða 17 öld, einfaldlega ákveðið að taka hluta lands kirkjujarðarinnar Þverár undir frekari nytjar prestsetursins á Höskuldsstöðum, með því að áskilja kirkjunni þar selstöðu og síðar með því að byggja hluta landsins, sbr. heimildir um ábúendur í Hvammshlíð. Þá fór það eftir hentugleik hvort hluti svæðisins væri nýttu<sup>3</sup> sem afrétt fyrir fé Höskuldsstaðapresta.

Ef lega lands Þverár og Hvammshlíðar er skoðuð á loftmynd er greinilegt hvernig land Hvammshlíðar liggur í beinu framhaldi af núverandi landi Þverár upp með Hvammshlíðará (Norðurá). Landamerki milli Þverár og Hvammshlíðar hafa verið ákveðin með línu úr stað við Hvammshlíðará í Pokafell, án þess að skýr náttúruleg kennileiti mæli með slíkri afmörkun.

Samkvæmt jarðabók 1708 var rekið stórbú á Höskuldsstöðum, sem liggur mun neðar í sveitinni. Þar er getið um selstöðu Höskuldsstaða í Hvammshlíð, sem sagt er um „áfast við Þverárland á fjallinu til marks við Skrapatungu“. Í þessu felst bein vísun í að sellandið er ekki sérstök eign heldur sá hluti Þverár sem liggur að Skrapatungulandi. Það eru fjölmörg dæmi um að prestar hafi bæði áskilið prestsetri selstöðu í landi kirkjujarðar sem heyrði undir prestsetur eða gert byggingarbréf úr hluta kirkjujarðar en hvorutveggja gat leitt til þess að þar stofnuðust sjálfstæðar jarðir síðar meir.

Í jarðabókinni 1708 kemur fram að Hvammshlíð hafi verið byggð í fyrstu í sellandi Höskuldsstaða fyrir um 38 árum. Neðanmáls kemur fram að séra Bjarni<sup>4</sup> hafi byggt Hvammshlíð. Þannig hafi Hvammshlíð byggt um 1670 en svæðið verið nýtt til selstöðu fyrr. Byggð stóð í 20 ár og lagðist af um 1690.

Forræði presta á Höskuldsstöðum yfir Þverá og landi Hvammshlíðar, kemur t.d. einnig fram í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873, þar sem segir: *Takmörk Þverár lands og afréttarlandsins eða sellandsins,*

<sup>2</sup> T.d. er bent á að saga jarðanna Kirkjubæjar og Skrapatungu hefði mátt gera betri skil. Varðandi jörðina Kirkjubæ kemur t.d. ekki fram að hún hafi verið í eigu Þingeyrarklausturs. Fróðlegt væri að greina hvenær land austan Norðurárdals verður hluti Kirkjubæjar, sbr. eyðibýlið Barð. Þá hefði skjalaöflun úr eldri jarðabókum mátt vera meiri vegna Vindhælishrepps. Varðandi Skrapatungu þá var hún eign Hólastaðar, rétt eins og jarðirnar Balaskarð og Mánaskál og þá Skrapatunguafrétt hluti af því samfellda landi. (Sigurðarregistur 1525) Arið 1449 á Hólastaður Skrapatungu, en Balaskarð er ekki nefnt.

<sup>3</sup> Samkvæmt ábúendatal unnu úr manntalsbókum (Guðmundur Sigurður Jóhannsson fræðimaður á Sauðárkróki) voru ábúendur til 1699 Bárður Björnsson og Vigdís Erlendsdóttir, síðar á Vindhæli. Í eyði 1700-1709

<sup>4</sup> Þetta mun vera Séra Bjarni Arngrímsson ( f. um 1638 d. 28. sept. 1690 ) prestur á Höskuldsstöðum.

sem og er kallað, eru eigi ljóslega ákveðin, en skurður milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá milli Þverár og Hvammshlíðar og heita Stóranes vestar og Litlanes austar, er talinn engjamark. Textinn vísar í raun til þess óskýrleika sem verið hefur varðandi skipti á landi Þverár sem var á forræði prestsins. Þá er athyglisvert að orðalagið *engjamark* er notað, sem vísar til þess að ekki hafi verið lögformleg landamerki að ræða heldur engjaskipti.

Þá er í sóknarlýsingunni frá 1873 einnig nefnt að til séu ýmsar lögfestur fyrir Höskuldsstaðaafrétt og kirkjujörðunum Þverá og Hvammshlíð í sameining<sup>5</sup> og hinar elstu frá árunum 1713, 1762 og 1788. Lýsingin er þessi og byggir á elstu lögfestunni;

*Að vestan úr Norðrá, þar sem lítill lækur að fornu haldinn og enn nefndur Landamerkjælækur rennur í hana, réttsýnis í mitt Nautaskarð (sem svo er almennilega kallað) og svo hátt á fjall upp sem vötn draga allt í Söndugahól, þaðan í Hamarshlíð. Að norðan og austan: norðari leirdrög, sem eru austan við Hamarshlíð, og réttsýnis eftir þúfum þeim, er ástandast hvor við aðra, og mannaverk sýnast á vera, á svokölluðum Vaglabungum, upp á mitt Pokafell. Af miðju Pokafelli ræður sjónhending á Járnhrygg, þaðan á Ambáttardal, svokallaðan Sjónarhól, og svo í Fannstöðsöxlina, eftir því sem gömul skjöl segja í garðinn, er liggur fram eftir mýrunum norður frá Ásseli. Ræður svo garðurinn merkjum suður á móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstöðsfjalls-brúninni, sín hvorum megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvesturs í steininum austan til, á hliðarhorninu, síðan rétt eftir garðspartinum niður frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræður hún, til þess hún kemur í Norðrá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel, þar sem það hefur að fornu staðið og enn sér ljós merki til. Úr því er Norðrá landamerki ofan eftir dalnum allt til móts við mitt Nautaskarð og lækjarósinn, sem áður er um getið.*

Undir lýsinguna fellur allt land Hvammshlíðar og allt land Þverár. Lýsingin sem vísar til Söndugahóls, Hamarshlíðar, og að Vaglabungum um leirdrög til Pokafells, er vísun í landamerki Þverár gagnvart öðru jörðum. Land Þverár hefur einnig verið nýtt til afréttarnota eftir þörfum, rétt eins og afréttarnýting Hvammshlíðarhlutans fyrir Höskuldsstaði hefur farið fram allt eftir því hvort seljabúskapur Höskuldsstaðapresta eða byggingarbréf Höskuldsstaðasels/Hvammshlíðar hafa takmarkað slík not um tíma. Þegar Hvammshlíðarland er selt 1897, er tiltekið að Höskuldsstaðir haldi eftir rétti til að nýta landið til upprekstrar.

Jarðabókin 1708 tiltekur um Höskuldsstaði að hún eigi ekki afrétt. Það endurspeglar í raun að það orðlag að vísa til hluta lands Þverár og Hvammshlíðar sem Höskuldsstaðaafréttar, er fyrst notað á 19. öld.

Gögn um Hvammshlíð frá því landinu var afsalað af Höskuldsstaðapresti 1897 bera um óslitna framsalsröð landsins og hvíla á því að um eignarland sé að ræða. Fyrir þann tíma voru eignarráð landsins hjá Höskuldsstaðaprestum um aldir.

Tekið er fram að landspildan Pokafell var skilin frá jörðinni Hvammshlíð á árinu 2018 með samþykki ráðuneytisins. Sérstök kröfulýsing er sett fram vegna þeirrar landspildu, þótt í umfjöllun kröfulýsingar þessarar sé land Pokafells einnig meðtalið.

#### 4.2. Málsástæður.

<sup>5</sup> Í úrskurði er misritað „sameign“.

Byggt er á því að land Hvammshlíðar eins og kröfulýsing greinir og gögn bera með sér hafi verið hluti af jörðinni Þverá. Með vísan til almennra niðurstaða Óbyggðanefndar leiðir slíkt til þeirra ályktana að landið teljist eignarland.

Tengsl lands við Höskuldsstaði verður að skoða í ljósi eignarhalds Höskuldsstaða á Þverá allt frá 14. öld. Land Þverár hefur verið í umráðum presta á Höskuldsstöðum og hluti þess tekinn til afnota í þágu búskapar á Höskuldsstöðum og síðar fært í varanlegan og lögformlegan búning. Þannig hafi verið stofnað til réttar Höskuldsstaða til selstöðu í hluta lands Þverár og vísað til þess svæðis sem Hvammshlíðar. Þessa réttar er fyrst getið í jarðabók 1708. Ekki var unnt að stofna til réttar til selstöðu nema með heimild þess sem fór með eignarráð á landi, enda óheimilt að nýta almenninga til selstöðu.

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði.

Lýsingar allra skjala sem fyrir liggja bera að sama brunnri að um eignarland sé að ræða. Heimildirnar eru til þar sem svæðið var hluti kirkjujarðar sem Höskuldsstaðaprestar hófu nýtingu á og stofnuðu svo til lögformlegrar nýtingar, í formi selstöðu eða með byggingarbréfum, þar til eignin varð sjálfstæð fasteign. Í þessari sögu endurspeglast í raun heildstætt skipulag jarða frá fornu fari, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil eða glögg kennileiti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem hefur verið nefnt Höskuldsstaðaafrétt, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land, enda virðist það orðlag hafa verið notað fyrst á 19. öld. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi haft lögformlega stöðu sem afrétt. Réttarreglur Grágásar um afréttir áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>6</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afrétt vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit á nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitarréttar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Heitið Höskuldsstaðaafrétt vísar til slíkra nota og aðstæðna.

Augljóslega eru heimildir um víðtækari not á svæðinu en venjuleg beitarnot í ljósi byggðasögu svæðisins. Allt land Hvammshlíðar er nú hluti lögbýlisins Hvammshlíð, en þjóðlendukröfan nær m.a. til svæðis þar sem íbúðarhús jarðarinnar stendur.

Landamerkjalyýsingar fyrir Hvammshlíð falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl og upplýsingar um landamerki á svæðinu.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið.

<sup>6</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

Staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um víðtækari nýtingu af svæðinu en beitarafnot.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan merkja jarðar. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsgæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjálaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrir en í kjölfar landamerkjálaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjälögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjálýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála

Landamerkjälög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.

#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Egilsstöðum, 22. febrúar 2023.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda



Jón Jónsson hrl.

#### Fylgiskjöl:

1. Kort af kröfusvæði landeigenda
2. Fasteignavottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Staðfesting sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á lögbýlisstofnun Hvammshlíðar, dags. 5. janúar 2021.

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar vegna Pokafells

Kröfulýsingin er gerð með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, dags. 21. nóvember 2022, þar sem kallað var eftir kröfulýsingum þeirra sem öndverðra hagsmuna eiga að gæta gagnvart kröfulýsingu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

### I. Aðild og fyrirvar.

Fasteignin Pokafell, landnr. L228086, er þinglýst eign Petru Jebenstreit, kt. 240951-2079, búsett í Þýskalandi. (Vísað verður til hennar sem landeigenda)

Fyrirvar fyrir Óbyggðanefnda hefur Jón Jónsson hrl., sbr. umboð dags. 3. janúar 2023.

### II. Kröfugerð.

Vegna téðrar fasteignar er krafist höfnunar þjóðlendukröfu íslenska ríkisins og staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka er eignarland, samanber merkjalýsingu fyrir jörðina og tilgreinda merkjapunkta.

*Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurdal frá hnitinu LM06, samkvæmt landskiptagerð staðfestri 6. júlí 2018, sem er þar sem Þverárfjallsvegur sker landamerkjalinu Hvammshlíðar frá Norðurá (Hvammshlíðará) í Pokafell, þaðan eftir umræddri línu í hnitid LM16, sem er varða á Pokafelli. Þaðan í hnitid LM01 sem liggur við Þverárfjallsveg. Þaðan ræður Þverárfjallsvegur um hnitin LM02, LM03, LM04, LM04 og í áðurnefnt hnit LM06.*

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### III. Málavextir og helstu málsástæður.

Undirkaflar munu skiptast með eftirfarandi hætti.

- Umfjöllun um forsendur afmörkunar lands samkvæmt kröfulýsingu.
- Umfjöllun um málsatvik og málsástæður sem leiða til þess að hafna beri kröfugerð ríkisins í ljósi fyrri málsmeðferðar, yfirlýsinga íslenska ríkisins og stjórnskipulegra annmarka löggjafar sem yfirstandandi málsmeðferð hvílir á.
- Umfjöllun um síðari viðurkenningu íslenska ríkisins á eignarréttarlegri stöðu lands Pokafells.

- Umfjöllun um efnisleg atriði um land Pokafells og ástæður þess að hafna beri kröfugerð ríkisins vegna þeirra.

### 1. Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu.

Afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvílir á landskiptagerð sem staðfest var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 6. júlí 2018, og hvíldi á uppdrætti, dags. 8. ágúst 2017 sem unnin var af Stoð Verkfræðipjónustu. Á uppdrættinum kemur fram hnitsett staðsetning merkja Pokafells og hnitaskrá.

Með landskiptagerðinni stofnaði þáverandi og núverandi eigandi Hvammshlíðar sérstaka fasteign úr landi jarðarinnar Hvammshlíðar. Fasteigninni var síðar afsalað til núverandi eiganda Pokafells.

Land Pokafells er hluti lands Hvammshlíðar sem liggur norðan Þverárfjallsvegur og fylgir landamerkjalinu Hvammshlíðar og Þverár að vestan upp á há Pokafell. Að austan var Pokafell afmarkað með línu að Þverárfjallsvegi. Land Pokafells liggur þannig innan lands sem tilheyrði Hvammshlíð.

Um nánari forsendur fyrir afmörkuninni og stöðu landsins sem eignarlands er því vísað til kröfulýsingar fyrir jörðina Hvammshlíð. Efnislega eru kaflar kröfulýsingar þessar samhljóða kröfulýsingu um Hvammshlíð, ef frá er skilin kafli 3 um Viðurkenningu íslenska ríkisins á eignarréttarlegri stöðu lands Hvammshlíðar. Þar sem land Pokafells var hluti af landi Hvammshlíðar til ársins 2018 eiga öll sjónarmið um eignarréttarlega stöðu lands Hvammshlíðar við um Pokafell. Vegna allra atvika fyrir landskiptin 2018 er því vísað til landsins sem Hvammshlíðar í umfjöllun hér á eftir.

### 2. Fyrri málsmeðferð Óbyggðanefndar og önnur tengd atriði.

#### 2.1. Helstu atvik varðandi málsmeðferð.

Þann 21. febrúar 2008 tilkynnti Óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar, dags. 2. júlí 2012 um þjóðlendur á svæðinu í nokkrum hlutum þ.m.t. á Skaga. Á því svæði sem hér skiptir máli, þá bárust kröfulýsingar frá Blönduósbae vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða. Þá var sett fram kröfulýsing vegna Hvammshlíðar, sem þá var eign Landsbankans, sbr. skjal nr. 11, sem er kröfulýsing Ólafs Björnssonar lögmanns vegna Staðarafréttar og aðliggjandi svæða.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk Reynistaðaafréttar, Skrapatunguafréttar og Höskuldsstaðaafréttar, dags. 2. júlí 2012, bls. 104, kemur fram rökstuðningur um kröfulínu. Þar er byggt á því að krafan nái til samnotaafréttar.

Í kröfulýsingunni var gerð krafa um að þjóðlendulína lagi eftir Mjóadalsá norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (punktur 25). Þaðan var svo dregin lína sjónhending í norður í upphafspunktinn, Járnhryggjarhöfuð í Austur-Húnavatnssýslu (punktur 1). Það lá línan beint suður í Sjónarhól í Ambáttardal (punktur 2)

Í þessu fólst að hluti þjóðlendukröfulínu lá inn í land Hvammshlíðar, en afstaða ríkisins var að óumdeilt væri að það land væri eignarland.

Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 156, kemur m.a. fram eftir umfjöllun um Skrapatunguafrétt:

*Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, þ.e. jörðin Hvammshlíð til norðurs og jarðirnar Mánaskál, Núpur og Kirkjuskarð að vestan og suðvestan.*

Á bls. 158 kemur fram eftirfarandi umfjöllun:

*Upphaflegar kröfulínur aðila voru ekki samhljóða um norðurmörk Skrapatunguafréttar. Við aðra fyrirtöku í máli þessu, dags. 21. mars 2013, samræmdu aðilar málsins kröfulínur sínar um norðurmörk Skrapatunguafréttar og urðu aðilar ásáttir um að miða bæri afmörkun Skrapatunguafréttar til norðurs við suðurmerki Hvammshlíðar eins og þeim er lýst í framangreindu samkomulagi milli Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps árið 1923.*

Með þessu féll ríkið frá því að gera þjóðlendukröfur í land Hvammshlíðar samkvæmt kröfulýsingu eigenda jarðarinnar. Bókun ríkisins, dags. 21. mars 2013, þar sem fallið var frá kröfu í land Hvammshlíðar er skjal nr. 1 (13). Staðfesting á þeirri afstöðu kemur jafnframt í greinargerð ríkisins, dags. 29. apríl 2013, sbr. bls. 7)

Þrátt fyrir þetta kemur fram í úrskurði á bls. 168 eftirfarandi umfjöllun:

*Þar sem landsvæði Hvammshlíðar, norðan við línu sem dregin er frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár<sup>1</sup> (Gálgagili) um línu austur Ambáttará eftir Ambáttardal í Sjónarhól, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um norðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Hvammshlíð tekur að þessu leyti mið af samkomulagi því sem gert var milli hreppanna fyrst árið 1923 og staðfest með hnitsetningu árið 2012. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða*

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, var í úrskurðarorði skorið úr um mörk þjóðlendu vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða, sbr. bls. 189:

Af hálfu rétthafa Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða var úrskurði Óbyggðanefndar vegna Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða skotið til dómstóla. Íslenska ríkið var sýknað í báðum dómsmálum, af kröfum um að hnekkja úrskurði Óbyggðanefndar.

Af hálfu ríkisins var ekki byggt á því að hnekkja ætti niðurstöðu Óbyggðanefndar þar sem þjóðlendukrafa gengi of skammt. Þvert á móti var byggt á sjónarmiðum um að úrskurður Óbyggðanefndar væri réttur.

Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

<sup>1</sup> Réttara hefði verið að segja Hvammshlíðará. Það athugast að Hvammshlíðará var nefnd Norðurá, jafnvel allt upp að því að Bárðardalsá og Ambáttarlækur koma saman.



Tilfni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Í kjölfar gildistöku lagasetningarinnar tilkynnti Óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Hvammshlíðar. Í kjölfar bréfaskipta lögmannna jarða sem hagsmuna áttu að gæta vegna endurtekinnar málsmeðferðar var með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 6. október 2021, tilkynnt að hluti fulltrúa í Óbyggðanefnd viki sæti vegna vanhæfis.

Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í Óbyggðanefnd, hefur nefndin vísað til stjórnvaldsins sem „sérstakrar Óbyggðanefndar“. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingar í Lögbirtingarblaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar Óbyggðanefndar, skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.

Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt af lögmonnum eigenda jarða sem hagsmuna áttu að gæta. Með bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða Óbyggðanefndar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna svæðis norðan Skrapatunguafréttar. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til „efnisatriða málsins“ og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskuði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæðis norðan Skrapatunguafréttar.

Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, dags. 14. nóvember 2022.

## 2.2. Málsástæður tengdar fyrri málsmeðferð.

### 2.2.1. Skilyrði til málsmeðferðar – sérstakur áskilnaður – krafa um afturköllun.

Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að ákvörðun Óbyggðanefndar að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land norðan Skrapatunguafréttar á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmaet.

Í bréfi Óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir lögmannna landeigenda um forsendur málsmeðferðar Óbyggðanefndar væru *efnisleg atriði* sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta sjónarmiða lögmannanna sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni hafi verið heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Lagaákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat

Óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti aftur málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði um eignarréttarlega stöðu lands.

Það er afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2013, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem heimilar endurtekna málsmeðferð. Í úrskurði nefndarinnar er tekið djúpt í árina um að land Hvammshlíðar geti talist þjóðlenda. Engu að síður hafði Óbyggðanefnd í úrskurði sínum vísað til þess fyrr að óumdeilt væri að land Hvammshlíðar væri eignarland.

Forsendur fyrir umfjöllun Óbyggðanefndar um að Hvammshlíð geti talist þjóðlenda eru rangar og byggja á ófullkominni rannsókn og greiningu málsins. Þá er umfjöllunin í ósamræmi við það valdsvið sem Óbyggðanefnd hefur að lögum.

- Það er eru verulegur ágalli á rannsókn Óbyggðanefndar að þar er lítil sem engin umfjöllun um jörðina þverá í Norðurárdal. Gagnaöflun um jörðina er óveruleg. Í ljósi tengsla Hvammshlíðar við þverá voru engar forsendur fyrir umfjölluninni.
- Þá var umfjöllun Óbyggðanefndar í ósamræmi við valdsvið nefndarinnar, enda hafði íslenska ríkið beinlínis fallið frá þjóðlendukröfu í land Hvammshlíðar og byggt á því að Hvammshlíð væri óumdeilanlega eignarland. Engar lagalegar forsendur voru fyrir Óbyggðanefnd að setja athugasemdina fram og virða að vettugi forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og málsforræði fyrir Óbyggðanefnd. Slík lögleysa gat ekki haft réttáhrif, þrátt fyrir gildistöku laga 34/2020.

Í ljósi þessa er gerð krafa um að Óbyggðanefnd nýti valdheimildir sýnar til að afturkalla ákvörðun um að heimila endurtekna málsmeðferð á svæði sem tekur til svæðis norðan Skrapatunguafréttar. Vísað er til almennra meginreglna stjórnvalda til að afturkalla ákvarðanir og 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

## 2.2.2. Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrir úrskurðar Óbyggðanefndar.

### 2.2.2.A. Grundvallaratriði þjóðlendulaga, hlutverk Óbyggðanefndar og breytingarlög 34/2020

Tilfni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.

Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk Óbyggðanefndar;

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlenda og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að Óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar Óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

Vakin er athygli á því að ákvörðun um að Óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu viðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal Óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og rétthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem Óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr. Sjá t.d. kort vegna svæðis 8A, Norðvesturland; [https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/08A\\_2013-1\\_urskurdarkort-b.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/08A_2013-1_urskurdarkort-b.pdf)

Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.

Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að sætta mál.

Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.

Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á Þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.

Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem Óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið

fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun Óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr mörk eignarlanda og þjóðlenda!

Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að Óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar Óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.

Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að Óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar næsta kafla. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi Óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað.

### **2.2.2.B. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og forræði á ágreiningi um þjóðlendumörk.**

Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.

Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendum.

Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendulaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar.

Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleysis, útgefnu af forsætisráðuneytinu, dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem Óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005 varðandi Valþjófsstað o.fl.

Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefnd kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15.

gr., en þar er gert ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir Óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.

Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyking nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.

Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð Óbyggðanefndar í HRD 367/2005 og HRD 571/2006. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að Óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmannna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir Óbyggðanefnis.

Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuni á að gæta. Þannig getur raunveruleg endurupptaka þjóðlendumála aðeins verið framkvæmanleg, þar sem hvorki ríkið né tiltekinn landeigandi hafa gert kröfur til lands við almenna málsmeðferð þjóðlendumála. Það á alls ekki við vegna Hvammshlíðar, enda landeigandi aðili úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.

### 2.2.2.C. Bein ráðstöfun íslenska ríkisins á sakarefni með fyrri kröfulýsingu.

Með því að Óbyggðanefnd ákvað að taka fyrir Norðvesturland og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendlaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð Óbyggðanefndar varðaði því Norðvesturland, en ekki afmarkaðra svæði.

Kröfulýsing ríkisins, og síðari breytingar á þjóðlendukröfulínu milli Hvammshlíðar og Skrapatunguafréttar, fólu í sér beina viðurkenningu um að land Hvammshlíðar væri eignarland. Kröfulýsingar landeigenda sem bárust í kjölfar kröfulýsingar ríkisins hvíldu svo bæði á 2. mgr. 10. gr. og 9. gr. þjóðlendlaga, enda hafði Óbyggðanefnd til umfjöllunar kröfulýsingar á Norðvesturlandi, með víðtækari hætti en einungis það svæði sem ríkið gerði þjóðlendukröfu í.

Þessu til stuðnings er bent á;

- orðalag 9. gr. og lögskýringargögn fela í sér að landeigendur fengu með starfi Óbyggðanefndar aðgang að sérstakri málsmeðferð til að fá viðurkenningu á að land væri undirorpið einkaeignarrétti,
- kröfulýsingarkortið í máli nr. 1/2013. Það kort sýnir heildarkröfulýsingar, en ekki einungis þær kröfulýsingar sem féllu innan þjóðlendukröfulýsingar ríkisins. Kröfulýsingum þessum hefur ekki verið vísað frá nefndinni og voru til umfjöllunar þegar málsmeðferð Norðvesturlands fór fram,
- þar sem kröfulýsingar ríkisins um þjóðlendu mæta kröfulýsingum landeigenda um einkaeignarréttarlega stöðu lands, hefur Óbyggðanefnd skorið úr um „mörk þjóðlendu og eignarlanda“, sbr. a. lið 7. gr. þjóðlendlaga um hlutverk nefndarinnar.

Það fæst með engu móti staðist að líta svo á að ekki hafi verið fjallað um kröfulýsingar landeigenda í heild, með úrskurði Óbyggðanefndar. Í því fælist að litið væri fram hjá ákvæðum þjóðlendlaga og að starf Óbyggðanefndar væri einstefna um að brigða landi í þágu ríkisins án tillits til skyldu ríkisins að gæta að friðhelgi eignarréttar. Fyrri málsmeðferð og viðurkenning íslenska ríkisins um ágreiningsefnið verður ekki ógilt, svo samræmst geti 72. gr. stjórnarskrárinnar.

#### **2.2.2.D. Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.**

Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2013, fól í sér línu sem lá inn í land Hvammshlíðar. Af hálfu eiganda Hvammshlíðar var gerð krafa um að land jarðarinnar væri allt háð einkaeignarrétti, bæði innan og utan þjóðlendukröfulínu ríkisins. Ríkið féll svo frá því að gera þjóðlendukröfu í hluta lands Hvammshlíðar.

Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar nr. 1/2013, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. að kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.

Þar sem kröfulýsing Hvammshlíðar kom fram voru þjóðlendumörk staðfest miðað við endanlega þjóðlendukröfu ríkisins.

Réttaráhrif úrskurðar Óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekk't með dómi.

#### **2.2.3. Res judicata áhrif**

Úrskurður Óbyggðanefndar vegna bæði Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða voru bornir undir dómstóla, sbr. **LRD 63/2019 og Héraðsdóm Norðurlands vestra í máli nr. E-24/2015**. Kröfur íslenska ríkisins fyrir dómi fólu í sér að staðfesta ætti úrskurð Óbyggðanefndar. Ef íslenska ríkið hefði talið að ekki

hafi verið fjallað um þjóðlendumörk með réttum hætti, hefði ríkið þurft að krefjast ógildingar úrskurðarins og endurupptöku málsmeðferðar fyrir Óbyggðanefnd.

Res judicata áhrif og sú réttarstaða að úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, fól í sér niðurstöðu um mörk þjóðlendu og eignarlands, leiðir til þess að ekki verður gerð krafa um þjóðlendusvæði norðan þjóðlendulínunnar og inn í land Hvammshlíðar.

Þótt eigandi Hvammshlíðar hafi ekki verið aðili ofangreindra dómsmála þá er íslenska ríkið bundið af framangreindum dómum, enda til umfjöllunar úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 þar ríkið hafði byggt á því að mörk Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða væru jafnframt mörk eignarlands Hvammshlíðar.

#### 2.2.4. Þýðing meginreglna um þrískiptingu ríkisvalds.

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendulaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir Óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendulaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.

Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð Óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum.

#### 2.2.5. Þýðing meginreglna um friðhelgi eignarréttar.

Með þjóðlendulögum var stofnað til Óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Valþjófsstaðar byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.

Þjóðlendulög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.

Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var*

*Því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.

Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Hvammshlíðar. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti Hvammshlíðar í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2012 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir Óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku Þjóðlendulaga. Með þessu verður í raun brugðið útfrá þeirri almennu reglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.

### 3. Viðurkenning íslenska ríkisins á eignarréttarlegri stöðu lands Hvammshlíðar.

Landeigandi byggir á því að vegna fyrri málsmeðferðar Óbyggðanefndar og þess að íslenska ríkið féll þá beinlínis frá gerð þjóðlendukröfu í land sem var hluti Hvammshlíðar beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins, því slík krafa sé ósamræmanleg afstöðu ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins, sbr. dómafóðæmi Hæstaréttar, einkum HRD 617/2012, og HRD 94/2017

Jafnframt byggir landeigandi á því að staðfesting atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á landskiptum, dags. 6. júlí 2018, feli í sér að þjóðlendukrafa ríkisins nú, er með öll ósamræmanleg þeirri viðurkenningu á stöðu landsins sem eignarlands sem felst í ákvörðuninni. Landskipti hefðu ekki verið staðfest nema á þeim grundvelli að verið væri að fjalla um stöðu landsins sem eignarlands. Vísað er til þess að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er hliðsett stjórnvald gagnvart fjármálaráðuneytinu, sbr. umfjöllun í dómi HRD 94/2017. Sá dómur hefur fullt fordæmisgildi um stöðu landsins sem eignarlands.

Í ljósi þessa beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

### 4. Um eignarréttarlega stöðu lands Hvammshlíðar og málsástæður.

#### 4.1. Þættir úr sögu jarðarinnar.

Vísað er til umfjöllunar í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, varðandi Hvammshlíð, bls. 66-67 og Höskuldsstaði, bls. 60-66. Á rannsókn Óbyggðanefndar í málinu var sá ljóður að saga jarðarinnar þverár í Norðurárdal var í engu rakin. Jafnframt var forsaga eignarhalds Höskuldsstaða á jörðum ekki rakin auk fleiri atriða sem aflu hefði mátt frekari upplýsinga um.<sup>2</sup>

<sup>2</sup> T.d. er bent á að saga jarðanna Kirkjubæjar og Skrapatungu hefði mátt gera betri skil. Varðandi jörðina Kirkjubæ kemur t.d. ekki fram að hún hafi verið í eigu Þingeyrarklausturs. Fróðlegt væri að greina hvenær land austan Norðurárdals verður hluti Kirkjubæjar, sbr. eyðibýlið Barð. Þá hefði skjalaöflun úr eldri jarðabókum mátt vera meiri vegna Vindhælishrepps. Varðandi Skrapatungu þá var hún eign Hólastaðar, rétt eins og jarðirnar Balaskarð og Mánaskál og þá Skrapatunguafrétt hluti af því samfellda landi. (Sigurðarregistur 1525) Árið 1449 á Hólastaður Skrapatungu, en Balaskarð er ekki nefnt.



Í máldaga Höskuldsstaðakirkju frá árinu 1318 kemur fram að kirkjan hafi þá átt þverá hálf, en í máldaga frá 1360 er jörðin öll sögð í eigu kirkjunnar og sömuleiðis í máldögum frá 1394, 1395, 1461.

Frá sama tíma, þ.e. 1471, er vitnisburður séra Bersa Svartssonar um vottorð tveggja manna um eignarhald Skrapatungu á svæði sem fékk síðar heitið Skrapatunguafrétt. Í vitnisburðinum segir m.a. að Skrapatunga eigi Ambáttardal á móts við þverá í Norðurárdal.

Í máldaga Höskuldsstaðakirkju 1461, eða fyrri máldögum, er ekkert minnst á Hvammshlíðarland eða selstöðu kirkjunnar. Það er eins augljóst og verið getur að land Hvammshlíðar hefur upphaflega verið hluti jarðarinnar þverár í Norðurárdal. Áður en Hvammshlíðarhluti þverár hafði verið tekin til sérstaks brúks fyrir presta Höskuldsstaða féll svæðið undir upptalningu kirkjueigna þegar þverá var nefnd.

Prestar á Höskuldsstöðum hafa líklega þegar leið á 16. eða 17 öld, einfaldlega ákveðið að taka hluta lands kirkjujarðarinnar þverár undir frekari nytjar prestsetursins á Höskuldsstöðum, með því að áskilja kirkjunni þar selstöðu og síðar með því að byggja hluta landsins, sbr. heimildir um ábúendur í Hvammshlíð. Þá fór það eftir hentugleik hvort hluti svæðisins væri nýttu<sup>3</sup> sem afrétt fyrir fé Höskuldsstaðapresta.

Ef lega lands þverár og Hvammshlíðar er skoðuð á loftmynd er greinilegt hvernig land Hvammshlíðar liggur í beinu framhaldi af núverandi landi þverár upp með Hvammshlíðará (Norðurá). Landamerki milli þverár og Hvammshlíðar hafa verið ákveðin með línu úr stað við Hvammshlíðará í Pokafell, án þess að skýr náttúruleg kennileiti mæli með slíkri afmörkun.

Samkvæmt jarðabók 1708 var rekið stórbú á Höskuldsstöðum, sem liggur mun neðar í sveitinni. Þar er getið um selstöðu Höskuldsstaða í Hvammshlíð, sem sagt er um „áfast við þverárland á fjallinu til marks við Skrapatungu“. Í þessu felst bein vísun í að sellandið er ekki sérstök eign heldur sá hluti þverár sem liggur að Skrapatungulandi. Það eru fjölmörg dæmi um að prestar hafi bæði áskilið prestsetri selstöðu í landi kirkjujarðar sem heyrði undir prestsetur eða gert byggingarbréf úr hluta kirkjujarðar en hvorutveggja gat leitt til þess að þar stofnuðust sjálfstæðar jarðir síðar meir.

Í jarðabókinni 1708 kemur fram að Hvammshlíð hafi verið byggð í fyrstu í sellandi Höskuldsstaða fyrir um 38 árum. Neðanmáls kemur fram að séra Bjarni<sup>4</sup> hafi byggt Hvammshlíð. Þannig hafi Hvammshlíð byggst um 1670 en svæðið verið nýtt til selstöðu fyrr. Byggð stóð í 20 ár og lagðist af um 1690.

Forræði presta á Höskuldsstöðum yfir þverá og landi Hvammshlíðar, kemur t.d. einnig fram í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873, þar sem segir: *Takmörk þverár lands og afréttarlandsins eða sellandsins, sem og er kallað, eru eigi ljóslega ákveðin, en skurður milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá milli þverár og Hvammshlíðar og heita Stóranes vestar og Litlanes austar, er talinn engjarmark*. Textinn vísar í raun til þess óskýrleika sem verið hefur varðandi skipti á landi þverár sem var á forræði prestsins. Þá er athyglisvert að orðalagið *engjarmark* er notað, sem vísar til þess að ekki hafi verið lögformleg landamerki að ræða heldur engjaskipti.

Þá er í sóknarlýsingunni frá 1873 einnig nefnt að til séu ýmsar lögfestur fyrir Höskuldsstaðaafrétt og kirkjujörðunum þverá og Hvammshlíð í sameining<sup>5</sup> og hinar elstu frá árunum 1713, 1762 og 1788. Lýsingin er þessi og byggir á elstu lögfestunni;

<sup>3</sup> Samkvæmt ábúendatal unnu úr manntalsbókum (Guðmundur Sigurður Jóhannsson fræðimaður á Sauðárkróki) voru ábúendur til 1699 Bárður Björnsson og Vigdís Erlendsdóttir, síðar á Vindhæli. Í eyði 1700-1709

<sup>4</sup> Þetta mun vera Séra Bjarni Arngrímsson ( f. um 1638 d. 28. sept. 1690 ) prestur á Höskuldsstöðum.

<sup>5</sup> Í úrskurði er misritað „sameign“.

*Að vestan úr Norðrá, þar sem lítill lækur að fornu haldinn og enn nefndur Landamerkjælækur rennur í hana, réttisýnis í mitt Nautaskarð (sem svo er almennilega kallað) og svo hátt á fjall upp sem vötn draga allt í Söndugahól, þaðan í Hamarshlíð. Að norðan og austan: norðari leirdrög, sem eru austan við Hamarshlíð, og réttisýnis eftir þúfum þeim, er ástandast hvor við aðra, og mannaverk sýnast á vera, á svokölluðum Vaglabungum, upp á mitt Pokafell. Af miðju Pokafelli ræður sjónhending á Járnhrygg, þaðan á Ambáttardal, svokallaðan Sjónarhól, og svo í Fannstöðsöxlina, eftir því sem gömul skjöl segja í garðinn, er liggur fram eftir múrunum norður frá Ásseli. Ræður svo garðurinn merkjum suður á móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstöðsfjalls-brúninni, sín hvorum megin Fifugils, og svo rétt sjónhending til suðvesturs í steininn austan til, á hliðarhorninu, síðan rétt eftir garðspartinum niður frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræður hún, til þess hún kemur í Norðrá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel, þar sem það hefur að fornu staðið og enn sér ljós merki til. Úr því er Norðrá landamerki ofan eftir dalnum allt til móts við mitt Nautaskarð og lækjarósinn, sem áður er um getið.*

Undir lýsinguna fellur allt land Hvammshlíðar og allt land Þverár. Lýsingin sem vísar til Söndugahóls, Hamarshlíðar, og að Vaglabungum um leirdrög til Pokafells, er vísun í landamerki Þverár gagnvart öðru jörðum. Land Þverár hefur einnig verið nýtt til afréttarnota eftir þörfum, rétt eins og afréttarnýting Hvammshlíðarhlutans fyrir Höskuldsstaði hefur farið fram allt eftir því hvort seljabúskapur Höskuldsstaðapresta eða byggingarbréf Höskuldsstaðasels/Hvammshlíðar hafa takmarkað slík not um tíma. Þegar Hvammshlíðarland er selt 1897, er tiltekið að Höskuldsstaðir haldi eftir rétti til að nýta landið til upprekstrar.

Jarðabókin 1708 tiltekur um Höskuldsstaði að hún eigi ekki afrétt. Það endurspeglar í raun að það orðlag að vísa til hluta lands Þverár og Hvammshlíðar sem Höskuldsstaðaafréttar, er fyrst notað á 19. öld.

Gögn um Hvammshlíð frá því landinu var afsalað af Höskuldsstaðapresti 1897 bera um óslitna framsalsröð landsins og hvíla á því að um eignarland sé að ræða. Fyrir þann tíma voru eignarráð landsins hjá Höskuldsstaðaprestum um aldir.

#### **4.2. Málsástæður.**

Byggt er á því að land Hvammshlíðar eins og kröfulýsing greinir og gögn bera með sér hafi verið hluti af jörðinni Þverá. Með vísan til almennra niðurstaða Óbyggðanefndar leiðir slíkt til þeirra ályktana að landið teljist eignarland.

Tengsl lands við Höskuldsstaði verður að skoða í ljósi eignarhalds Höskuldsstaða á Þverá allt frá 14. öld. Land Þverár hefur verið í umráðum presta á Höskuldsstöðum og hluti þess tekinn til afnota í þágu búskapar á Höskuldsstöðum og síðar fært í varanlegan og lögformlegan búning. Þannig hafi verið stofnað til réttar Höskuldsstaða til selstöðu í hluta lands Þverár og vísað til þess svæðis sem Hvammshlíðar. Þessa réttar er fyrst getið í jarðabók 1708. Ekki var unnt að stofna til réttar til selstöðu nema með heimild þess sem fór með eignarráð á landi, enda óheimilt að nýta almenninga til selstöðu.

Landeigandi telur einsýnt að land sem kröfulýsing þessi tekur til er eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um.

Í kröfulýsingu ríkisins koma fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind eru þjóðlendusvæði.

Lýsingar allra skjala sem fyrir liggja bera að sama brunni að um eignarland sé að ræða. Heimildirnar eru til þar sem svæðið var hluti kirkjujarðar sem Höskuldsstaðaprestar hófu nýtingu á og stofnuðu svo til lögformlegrar nýtingar, í formi selstöðu eða með byggingarbréfum, þar til eignin varð sjálfstæð fasteign. Í þessari sögu endurspeglast í raun heildstætt skipulag jarða frá fornu fari, þar sem merki miðast jafnan við vatnaskil eða glögg kennileiti.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar hefur komið fram að nefndin telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekkert bendir til að landsvæði sem hefur verið nefnt Höskuldsstaðaafrétt, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land, enda virðist það orðlag hafa verið notað fyrst á 19. öld. Þá liggur ekki fyrir að svæðið hafi haft lögformlega stöðu sem afrétt. Réttarreglur Grágásar um afréttir áttu við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt er að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu gerir í ritgerðinni Almenningar og afréttir,<sup>6</sup> að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hefur Óbyggðanefnd hafnað.

Afrétt vísar fyrst og fremst til þeirra nota að unnt var að halda fé frá byggðasvæði. Það var sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka þurfti lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkast því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Heitið Höskuldsstaðaafrétt vísar til slíkra nota og aðstæðna.

Augljóslega eru heimildir um víðtækari not á svæðinu en venjuleg beitarnot í ljósi byggðasögu svæðisins. Allt land Hvammshlíðar er nú hluti lögbýlisins Hvammshlíð, en þjóðlendukrafan nær m.a. til svæðis þar sem íbúðarhús jarðarinnar stendur.

Landamerkjalykingar fyrir Hvammshlíð falla í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl og upplýsingar um landamerki á svæðinu.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendir allt til þess að landið hafi verið numið.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verða talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir eru um víðtækari nýtingu af svæðinu en beitarafnot.

Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan merkja jarðar. Undir þetta álit hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kapítula landsbrigðabátar Grágásar og 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja. Þá hafi verið undanþágur frá merkjagöngu þar sem eru fjöll þau er vatnföll deilast á millum héraða. Sýnir það vel hugmyndir og endurspeglar stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

<sup>6</sup> Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar. 1919, bls. 31-37.

Fyrst við setningu landamerkjálaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, var kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjálaga. Kröfur landeigenda eru byggðar eignarheimildum sem grundvallast á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins koma landeigendum því á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Samkvæmt landamerkjälögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjálýsingu jarðar verður ekki hnekkkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir því á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda nýtur verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafa í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram að umþrætti kröfulýsingu ríkisins, aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væru að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjállegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

#### IV. Helstu lagarök

Þjóðlendulög nr. 58/1998

Meginreglur eignarréttar og eignarnámsákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar

Jafnræðisregla stjórnarskrár

Meginreglur um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum 91/1991 um meðferð einkamála

Landamerkjälög nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Lög um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlög nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar.

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglan, jafnræðisreglan og rannsóknarreglur.

Lög um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.-131. gr. eml.


#### V. Áskilnaður og gagnaframlagning

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og lagarök og leggja fram gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, sérstaklega með vísan til þess að gagnaöflun er ólokið við framsetningu kröfugerðar og með tilliti til fáorðs rökstuðnings að baki kröfulýsingu ríkisins.

Gert er ráð fyrir að Óbyggðanefnd afli þeirra gagna sem vísað er til í kröfulýsingu þessari og ekki liggja fyrir þegar.

Egilsstöðum, 22. febrúar 2023.

Virðingarfyllst, f.h. landeiganda



---

Jón Jónsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort af kröfusvæði landeiganda
2. Fasteignavottorð
3. Umboð frá landeiganda
4. Staðfesting landskipta, dags. 6. júlí 2018.

# VALGEIR KRISTINSSON

## LÖGMAÐUR

Með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti og Hæstarétti Íslands.  
Álfabakka 14, 3.h. 109 Reykjavík, SÍMI 564 2080 og 696 1123 netfang: valgeir.kristinsson@simnet.is

## KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

### Jörð/landsvæði:

Mánaskál á Laxárdal, 541 Blönduós.

### Kröfuna gera:

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir kt. 070481-4809

Atli Þór Gunnarsson kt. 030682-5489

Mánaskál, 541 Blönduós.

### Fyrirsvar:

Valgeir Kristinsson lögmaður.

Álfabakka 14, 109 Reykjavík.

valgeir.kristinsson@simnet.is.

### Kröfugerð:

- Kröfu íslenska ríkisins er hafnað.
- Jafnframt gerð er krafa um að viðurkennt verði að ofangreindir eigendur jarðarinnar Mánaskál hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyri jörðinni, sem verndaður er með 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (STS), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE), og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eins og þau afmarkast skv. landamerkjabréfi hennar á því svæði sem ágreiningur aðila varðar, nánar tiltekið:  
*„ Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál.“*
- Íslenska ríkið greiði lögmannskostnað jarðareigenda samkvæmt málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts eða samkvæmt mati óbyggðanefndar.

### Málavextir og málsástæður:

Ég leyfi mér að nefna þolendur krafna ríkisins jarðareigendur hér á eftir.

Málið sem hér er rekið er endurupptökusvæði, efnislega endurupptekið þjóðlendumál nr. 1/2013 sem fjallaði um Skagann (Skrapatunguafrétt). Í því máli miðar ríkið kröfugerð sína við vesturmörk Skrapatunguafréttar og eru kröfulínur dregnar frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) til suðurs eftir Mjóadalsá í Mjóadalsbotn. Viðurkennt er að landamerkjabréf Mánaskálar

lýsir merkjum jarðarinnar að austan, gagnvart Skrapatunguafrétt, eftir Mjóadalsá og að merki jarðarinnar að norðan til austurs, liggja þaðan sem lækur fellur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi, svo þaðan suður eftir Mjóadalsá eins og áður segir.

Óbyggðanefnd gerði fyrirvara um kröfugerð ríkisins og telur að landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, sé ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum en benda jafnframt á að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt mun þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni og er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst hafi verið í kröfugerð aðila (Úrskurður Óbyggðanefndar nr. 1/2013, bls. 159).

### **Athugasemd jarðareiganda vegna svæðis sem er utan jarðarinnar Mánaskál**

Það landsvæði sem óbyggðanefnd telur ekki innan merkja jarða, og telur að teljast mætti þjóðlenda, fellur algjörlega utan merkja jarðarinnar Mánaskál. Nánar tiltekið er um að ræða svæði sem liggur frá Gálgagili, sem er sunnan við ármót Hvammshlíðardalsár og Mjóadalsár, að læk þeim sem dregur landamerki jarðarinnar Mánaskál frá Þröskuldi í Balaskarði austur í Mjóadalsá. Lækur þessi fellur í Mjóadalsá sunnan við Gálgagil og er umrætt svæði því ekki hluti af jörðinni Mánaskál.

Þrátt fyrir að landsvæði það sem óbyggðanefnd telur að falli utan merkja jarða, sé alfarið utan við landamerki jarðarinnar Mánaskál, er kröfulína dregin frá upphafspunkti í Gálgagili og farið langt inn í land jarðarinnar Mánaskál þvert og endilangt. Auk þess er staðsetning kröfulínu á korti ekki í samræmi við kröfulýsingu óbyggðanefndar og verður sýnt fram á það í kröfulýsingu jarðareigenda sem og með fylgigögnum.

### **Eignarheimildir jarðarinnar Mánaskál og afmörkun jarðarinnar eins og hún kemur fram í landamerkjabréfi**

Jörðin Mánaskál er eignarland sem á einföldu máli liggur á milli Laxár í Laxárdal að vestan og Mjóadalsár í Mjóadal að austan. Norðurmerki jarðarinnar liggja eftir Balaskarði sem liggur þvert á milli Laxárdals og Mjóadals og liggja landamerki jarðarinnar að sunnan, milli Laxár í Laxárdal að Mjóadalsá í Mjóadal, um Tröllaskarð Laxárdalsmegin og Smjörskál Mjóadalsmegin. Landamerki fyrir jörðina Mánaskál, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi skráðu 1887 og eldri heimildum, eru almennt byggð á skýrum og trúverðugum landfræðilegum kennileitum. Engin ágreiningur er um landamerki milli jarðarinnar Mánaskál og aðliggjandi jarða, né hafa skráð landamerki jarðarinnar yfirhöfuð verið dregin í efa.

Sá hluti afmörkunarinnar sem óbyggðanefnd véfengir eru norðaustur- og austur mörk jarðarinnar. Varðan sem landamerkjabréf lýsir stendur á Þröskuldi í Balaskarði sem er jafnframt hæsti punktur Balaskarðs. Til austurs frá Þröskuldi lækkar land og landamerkin fara eftir læk sem rennur undan Þröskuldi ofan í Mjóadalsá, sunnan við Gálgagil. Landamerkin liggja svo eftir Mjóadalsá suður að lækjargili sem liggur ofan úr Smjörskál og samræmast þar með afmörkun Skrapatunguafréttar til vesturs og aðliggjandi jarðar, Núps, til suðurs.

Vísað er til úrskurðar Óbyggðarnefndar í máli nr. 1/2013 þar sem segir að jarðirnar Hvammshlíð, Mánaskál og Núpur séu óumdeild eignarlönd (Úrskurður Óbyggðanefndar nr. 1/2013, bls. 156). Jafnframt benda engar heimildir til þess að svæðið vestan við Mjóadalsá hafi nokkurn tímann tilheyrt Skrapatunguafrétt, né öðrum en jörðinni Mánaskál.

Landamerki jarðarinnar Mánaskál eru skv. landamerkjabréfi;

*Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál. Að sunnan eru merki úr Smjörskál beina línu vestur yfir fjall í Tröllaskarð, vestan í fjallinu, þaðan ræður lækur, sem fellur úr því í Laxá. Að vestan ræður Laxá þangað til áðurnefnd Balaskarðsá fellur í hana.*

(Landamerkjabréf fyrir jörðina Mánaskál, dags. 6. júní 1887, þinglesið 1890).

Kröfulína jarðareigenda (fylgiskjal 3) hafa verið teiknuð inn á kröfulínukort (fylgiskjal 2) til samræmis við landamerkjabréf jarðarinnar Mánaskál.

Eins og mál þetta liggur fyrir miðað við kröfugerð ríkisins er kjarninn í málatilbúnaði ríkisins að afneita skýrum landamerkjum og afmörkun jarðarinnar Mánaskál sem byggð er á skráðum heimildum og skerða land hennar að miklu leyti. Ný markalína sem dregin er fram sem á sér engar heimildir eða gögn en virðist eiga sér rætur í misskilningi um þýðingu landamerksinsin Þröskuldar í Balaskarði og lækjar sem rennur þaðan í norðaustur í Mjóadalsá, sem eru eins og áður sagði afmörkun Mánaskálar að norðaustan verðu. Þetta verður nánar reifað hér að eftir í kaflanum um söguleg atriði.

### Heimildargögn:

Margvíslegar skráðar heimildir eru til um landamerki jarðarinnar Mánaskál og Skrapatunguafréttar.

A Vísað er **til landamerkjabréfs** fyrir jörðina Mánaskál útbúið 6. júní 1887 og þinglesið árið 1890;

Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál. Að sunnan eru merki úr Smjörskál beina línu vestur yfir fjall í Tröllaskarð, vestan í fjallinu, þaðan ræður lækur, sem fellur úr því í Laxá. Að vestan ræður Laxá þangað til áðurnefnd Balaskarðsá fellur í hana.

Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Mánaskálar og það undirritað um samþykki vegna ábúenda Núps og Balaskarðs. (Jörðin Núpur liggur að jörðinni Mánaskál að sunnanverðu og jörðin Balaskarð er norðan megin við Mánaskál, og á land að Balaskarðsá).

B Landamerki jarðarinnar Mánaskál eru tilgreind í **kaupbréfi frá 12. maí 1835:**

(...) að vestanverðu ræður Laxá allt út að Balaskarðsá, að norðan Balaskarðsá og lækur eða lækjarfarvegur sem kemur að norðaustan úr svokölluðum Þröskuldi í Balaskarði, svo beinlínis frá þess lækjar upptökum í læk þann er fellur norðaustur í Mjóadalsá skammt fyrir utan Mánaskálarsel. Þaðan ræður Mjóadalsá allt fram í Smjörlækjarlæk, svo beinlínis yfir fjallið, á Tröllaskarðslæk, enn síðan ræður bein stefna til Laxár.

C Í **sóknarlýsingu Höskuldsstaðarsóknar** frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt. Þar er vesturmerkjum afréttarinnar lýst svo að þau fylgi Mjóadalsá „suður á Kirkjuskarðspröskuld“.

D Í **Húnabingi III** er að finna ítarlega lýsingu Bjarna Ó. Frímanssonar á Skrapatunguafrétt og þar er vesturmerkjum hennar lýst svo; „Að vestan takmarkast hún af Mjóadalsá, sem hefur upptök í Þröskuldi milli Kirkjuskarðs og Mjóadalsbotns.“ (Upptök Mjóadalsár sem hér er lýst eru langt fyrir sunnan landamerki Mánaskálar, VK).

E **12 presta dómur, svokallað Mjóvadalsmál frá árinu 1472;**



Um skil milli Skrapatunguafréttar og Mánaskálar má vísa til þess að þann 4 september 1472 útnefndi Ólafur biskup á Hólum 12 presta til þess að dæma um eignarrétt í Mjóadal. Málsatvik eru þau að Ólafur biskup kærði Þorsein Ormsson bónda að Mánaskál fyrir að gera sel og beita Mjóadal tvö sumur en hann taldi dalinn vera eign Skrapatungu. Prestarnir dæmdu sem svo að landareign í Mjóadal austan við ána væri Skrapatungu til ævinlegrar eignar. Væri dómurinn í samræmi við eiða sem svarnir höfðu verið um að dalurinn hefðir verið talinn eign Skrapatungu í yfir 3 tugi vetra ásamt Gulltungum, Bárðardal og Ambáttardal. Þá dæmdu þeir einnig að bóndinn að Mánaskál skyldi greiða fyrir selstöðu sem hann hefði nýtt sér tvö sumur á svæðinu. Ólafur biskup á Hólum staðfesti dóminn 5 dögum síðar þann 9. september 1472 (Íslenskt fornbréfasafn, V bindi, bls 676-677).

- F Í athugasemdum neðst á bls. 159 í úrskurði um Skrapatunguafrétt kemur þetta fram. „Hins vegar fellur landsvæði þar sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum og þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar. Svo segir í næstu línu þar á eftir „Hins vegar liggur fyrir að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt mun þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni“.
- Þessi umfjöllun verður ekki skilin öðruvísi en að hún eigi við land norðan við nefndan læk frá Þröskuldi í Balaskarði í Mjóadalsá, og er jörðinni Mánaskál með öllu óviðkomandi.
- G Einnig liggur fyrir samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins (mál nr. 1/2013) að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt muni þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni.

### Söguleg atriði:

Landamerki Mánaskálar eru skýr og ekki hægt að misskilja þau eða rangtúlka. Landamerkjabréf fyrir jörðina er skráð með lögmatum hætti og er opinber skráning þess tíma.

Sá sem fyrstur byggði jörðina Mánaskál var landnámsmaðurinn Máni og er hann talinn hafa numið landið eða keypt það. Máni bjó á Mánaskál þar til hann var veginn þar af bóndanum á Höfnum á Skaga (Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar).

Fornar heimildir eru fyrir selstöðu frá Mánaskál á Mjóadal, þar á meðal fjallar svokallað Mjóvadalsmál um deilu Mánaskálabónda og Hólabiskups um selstöðu bóndans á Mjóadal árið 1472. Í þessu máli útnefndi Ólafur biskup á Hólum 12 presta til þess að dæma um eignarrétt í Mjóadal. Niðurstaða presta biskups voru að dalurinn austan við ána væri Skrapatungu til ævinlegrar eignar (Íslenskt fornbréfasafn, V bindi, bls 676-677). Ekki þurfti að undra að dómurinn félli biskupi í vild enda reyndust prestar honum þægðarblóð og hafði hann presta sína í vasanum á þessum tíma. Biskupsvaldið var í algleymingi og næstum útilokað fyrir mótaðila biskups að fá réttláta málsmeðferð (Margeir Jónsson, 1936). Í sóknarlýsingu segir jafnframt að Mánaskálarsel hafi verið gengt Skrapatunguseli sem á að hafa verið að austanverðu (Sýslu- og sóknarlýsingar. I bindi. Bls. 135-137). Ummerki um selstöðu frá Mánaskál vestan megin við Mjóadals á eru enn sýnileg. Vísað er til Mánaskálarsels í kaupbréfi jarðarinnar Mánaskál árið 1835 en þar segir að landamerkin fari í læk þann sem fellur norðaustur í Mjóadalsá skammt fyrir utan Mánaskálarsel. Fer þessi lýsing heim og saman við sjáanleg ummerki.

Land Mánaskálar á Mjóadal hefur aldrei verið aðskilið jörðinni og er því bundið beinum eignarrétti eins og annað land hennar. Mánaskál tilheyrði áður Vindhælishreppi sem heitir í dag Skagabyggð en í svari hreppsstjóra Vindhælishrepps, dagsettu 1. apríl 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur fram að hreppurinn eigi ekki annað afréttarland

en jörðina Hvammshlíð (Úrskurður Óbyggðanefndar nr. 1/2013, bls. 53). Mánaskál hefur ekki átt afreitarland utan eignarlands eins og fram kemur í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. Einnig segir í frumvarpi frá 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu segir „Í innparti hreppsins [Vindhælisheppi] skulu eftirfarandi jarðir nota heimalönd sín til uppreksturs: Núpur, Mánaskál, Balaskarð og Hafurstaðir með Hafurstaðakoti“ (Frumvarp til reglugjörðara um notkun afrétta í Húnavatnssýslu, 1894).

Auk þessa eru til öllu nýlegri heimildir sem staðfesta eign jarðarinnar á umræddu landi á Mjóadal. Torfi Sigurðsson bóndi frá Mánaskál átti í samskiptum við Örnefnastofnun á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og staðfesta gögn frá stofnuninni jafnframt eign Mánaskálar á landi austur að Mjóadalsá en þar segir „Eiga jarðir þessar land austur að Mjóadalsá“ (Örnefnastofnun, 1979 og 1988). Torfi fluttist barnungur að Mánaskál árið 1918 þegar foreldrar hans keyptu jörðin og bjó þar til dánardags árið 1993. Núverandi jarðareigandi er afkomandi Torfa og hefur jörðin því verið í eigu fjölskyldunnar óslitið í rúma öld.

### Um málatilbúnað íslenska ríkisins og andmæli jarðareigenda

Í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur skv. skv. 1.másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 14. nóvember 2022 segir:

*„Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess er litið til lýsinga í landamerkjabréfum Mánaskálar og Núps, þar sem merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt:“ [hér virðist vanta eitthvað inn í textann].*

Svo heldur kröfulýsingin áfram en vitnað er í lýsingu landamerkja fyrir jörðina Mánaskál úr kaupbréfi vegna jarðarinnar síðan 1835, en ekki í Landamerkjabréf jarðarinnar síðan 1887, eins og haldið er fram.

*„að norðan Balaskardsá, og lækur sá eda lækjarfarvegur sem kémur að nordaustan ur svokölluðum Þröskuldi í Balaskardi, svo beinlinis frá þess lækjar upptökum í læk þann er fellur nordaustur í Mjóadalsá skamt fyrir utann Mánaskálar sel.“*

Því næst er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar Núps:

*„þaðan til austurs um miðja Smjörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerkin hið svo nefndar Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá, til austurs úr Illagilsbotninum rjettlínis í Mjóadalsá.“*

Kröfulýsingin endar með eftirfarandi athugasemd;

*„Það athugast að ekki liggur fyrir við hvaða læk er átt eða hvort hann hefur nafn. Þessar lýsingar benda að mati íslenska ríkisins til þess að landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk falli utan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum.“*

Það liggur heldur ekki fyrir við hvaða læk óbyggðanefnd á við, er það lækur sá eda lækjarfarvegur sem kémur að nordaustan ur svokölluðum Þröskuldi í Balaskarði eða læk þann sem fellur nordaustur í Mjóadalsá skamt fyrir utan Mánaskálar sel? Eða vísar nefndin til þess lækjar sem tilgreindur er í landamerkjabréfi jarðarinnar Mánaskál sem til stóð að vitna í, þ.e. „þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá“?

Það er enn undarlegra að óbyggðanefnd viti ekki við hvaða læk þeir sjálfir eiga, þegar umræddur lækur er notaður sem 2. punktur í kröfulýsingu ríkisins er varðar svæði við vesturmörk Skrapatunguafréttar.

Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins er eftirfarandi:

*Upphafspunktur er í Gálgagili á vesturmörkum Þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (1). Frá Gálgagili er farið til suðurs að læk, sem fellur austur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi (2) og svo suður á Mánaskálarfjall, og er hæstu hæðum fylgt að hreppamörkum (3). Þaðan austur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn (4). Þaðan er vesturmörkum Þjóðlendunnar fylgt aftur til norðurs í upphafspunkt.*

Reyndar er punktur (2) á kröfulýsingarkorti ríkisins ekki staðsettur á Þröskuldi, þaðan sem lækur fellur austur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi, heldur er punktur (2) á kröfulýsingarkorti við rætur Balaskarðsár í Balaskarði, vestan megin við Þröskuld, um 700 m vestar en varðan á Þröskuldi. Balaskarðsá rennur í vestur undan Þröskuldi en lækur sá er hér um ræðir rennur í austur undan Þröskuldi, og ofan í Mjóadalsá. Þarna er mikið ósamræmi á milli kröfulýsingar og kröfulýsingarkorts. Þessi röksemd ein og sér nægir til að kollvarpa kröfugerðinni. Þessu er lýst nánar í uppdraetti í fylgiskjali nr. 6, þar sem sést hvernig kröfulína ríkisins fer ekki til samræmis við kröfulýsingu og fer m.a. inn á land jarðarinnar Balaskarðs.

Auk þess dregur kröfulýsing ríkisins línu í punkt (3) „suður á Mánaskálarfjall, og er hæstu hæðum fylgt að hreppamörkum“ en hæstu hæðum fjallsins er í raun ekki fylgt þar sem kröfulína er dregin úr Balaskarði, til suðurs eftir botni Grákollugils upp á Mánaskálarfjall, þar svo eftir lækjargili sem liggur til suðurs ofan á fjallinu.

Það er ekkert sem réttlætir kröfulínu ríkisins alla leið upp á Mánaskálarfjall. Það svæði, sem ríkið gerir athugasemd við, og telur að geti verið Þjóðlenda liggur utan við landamerki jarðarinnar Mánaskál og því er kröfulína ríkisins með öllu óskiljanleg. Við afmörkun Þjóðlendukröfulínu styðst ríkið fyrst og fremst við athugasemdir óbyggðanefndar í málin nr. 1/2013, sem urðu tilefni endurskoðunar á svæðinu.

*„Þar sem framangreint landsvæði, sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast Þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á.“*

Engin rök eru færð fyrir því hvers vegna draga ætti kröfulínu ríkisins þar sem hún er dregin, grundvöllur að kröfugerð ríkisins styðst ekki við neinar skriflegar eða munnlegra heimildir og á sér hreinlega enga stoð. Hér er slegið fram kröfugerð sem er hreinir loftkastalar. Ríkinu hefur ekki tekist að hnekkja landamerkjabréfi jarðarinnar Mánaskál og landsvæði það sem óbyggðanefnd gerir athugasemd við, snýr eins og áður segir, að landssvæði sem er utan við landamerki jarðarinnar Mánaskál. Þessi kröfugerð á sér enga stoð í gögnum málsins, sem ríkið vísar til þ.e. landamerkjabréfa Mánaskálar og Núps máli sínu til stuðnings.

Hvað varðar það land sem óbyggðanefnd lýsir nú kröfu í fyrir hönd ríkisins, það sem stendur utan við landamerki jarðarinnar Mánaskál, má leyfa sér að undrast að óbyggðanefnd telji það land frekar Þjóðlendu en eignarland. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 segir að talið sé að Balaskarð hafi að fornu átt land yfir fjall ofan í Mjóadal að suðaustan og ofan í Norðurárdal um Barð að norðvestan, en á þeim tíma væri Kirkjubæ í Norðurárdal eignað það land (Fornleifaskráning Skagabyggðar, Balaskarð og Skrapatunga. Bryndís Zoega).

Samkvæmt úrskurði nr. 1/2013 hefur landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ ekki fundist en í áður tilvísaðri lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur síðan 17. júní 1817 um eignarjörð hennar Skrapatungu segir m.a. að afréttin liggi eftir Mjóadalsá til Gálgagils, til móts við Kirkjubæjarland (Úrskurður Óbyggðanefndar nr. 1/2013, bls. 57-58).

Tilfni til kröfulínu inn á land Mánaskálar er ekkert. Illa ígrunduð og óvönduð þjóðlendukrafa er verulega íþyngjandi fyrir jarðareigendur og veldur hlutaðeigandi miklu hugarangri sem er að engan hátt bætt að hálfur ríkisins. Slík aðför á sér engar málsbætur þó að ríkið greiði málsvarnarlaun til lögmanna jarðareigenda því sá tími sem ríkið tekur ófrjálsri hendi frá jarðareigendum, til að verjast slíkri kröfu, fæst ekki bættur. Tími er mjög verðmætur í nútíma samfélagi.

## **Niðurstöður og ályktarorð**

Afmörkun milli Mánaskálar og Skrapatunguafréttar eru mjög skýr og liggja skilin alfarið eftir Mjóadalsá. Allt land Mánaskálar innan skráðra landamerkja er eignarland jarðarinnar.

Vísað er til ofangreindra heimilda undir stafliðum A G sem sönnunargagna um rétt landamerki jarðarinnar Mánaskál sem öll hníga að sömu og einu niðurstöðunni og staðfesta landamerkjalýsingu jarðarinnar í landamerkjabók.

Landsvæði það sem íslenska ríkið gerir kröfu í, er innan viðurkenndara landamerkja Mánaskálar, er eignarland og er hluti jarðarinnar. Landsvæði Mánaskálar í Mjóadal hefur ekki verið aðskilið og hefur Mánaskál ekki átt afréttarland utan eignarlands. sbr. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708.

Ríkinu hefur ekki tekist að hnekkja landamerkjabréfi jarðarinnar Mánaskál og landsvæði það sem óbyggðanefnd gerir athugasemd við, eingöngu að landsvæði sem er utan við landamerki jarðarinnar Mánaskál.

Því beri að hafna dómkröfum ríkisins í þessu máli og viðurkenna kröfur jarðareigenda.

## Heimildir:

Úrskurður Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.

72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (STS)

10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995

1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu

lög nr. 62/1994 (MSE)

Frumvarp frá 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu.

Landamerkjabréf Mánaskálar sem var útbúið 6. júní 1887 og þinglesið 22. maí 1890. (sjá gr. 5.4.1.7 í nefndum úrskurði).

Landamerkjabréf Núps, dags. apríl 1891.

Kaupbréf fyrir jörðinni Mánaskál í Vindhælishreppi, landamerki tilgreind, dags. 12. maí 1835

Íslenzkt Fornbréfasafn V 1330-1476. Bls. 676-677. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1926

Bjarna Ó. Frímansson. Húnaþing III.

Fornleifaskráning Skagabyggðar, Balaskarð og Skrapatunga. Bryndís Zoega.

Margeir Jónsson. 1936. *Miklabæjarrán. Brot úr sögu Skagfirðinga*. Blanda. Sögufélagið. Reykjavík. Sótt af Blanda - 19-22. Hefti (01.01.1936) - Tímarit.is (timarit.is).

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla. Hið íslenska bókmenntafélag. Akureyri, 1950. Bls. 135-137.

Örnefnastofnun – bréf til Torfa Sigurðssonar bónda á Mánaskál. 1979.

Örnefnastofnun – bréf til Torfa Sigurðssonar bónda á Mánaskál. 1988.

Ólafur Davíðsson. Þjóðsögur.

## Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1. Landamerkjabréf fyrir jörðina Mánaskál

Fylgiskjal 2. Kröfulínukort – Mánaskál

Fylgiskjal 3. Kröfulýsing – sbr. kröfulínukort

Fylgiskjal 4. Örnefnastofnun. Bréf til Torfa Sigurðssonar, Mánaskál. 1979.

Fylgiskjal 5. Örnefnastofnun. Bréf til Torfa Sigurðssonar, Mánaskál. 1988.

Fylgiskjal 6. Mynd - [Staðsetningar á kröfulínum ríkisins - Balaskarð](#)

Fylgiskjal 7. Mynd - afstaða – Gálgagil, Mjóidalur og Balaskarð

Fylgiskjal 8. Mynd – afstaða – Gálgagil, Mjóidalur og Balaskarð með athugasemdum

Fylgiskjal 9. Mynd – afstaða – Gálgagil og merkjalækur sem rennur í Mjóadalsá.

Fylgiskjal 10. Myndband - Balaskarð-Þröskuldur -Varða -Lækur-Mjóadalsá.mov

Fylgiskjal 11. Myndband - Mjóadalsá-Lækjargil-Smjörskál.mov

Fylgiskjal 12. Myndband. Smjörskál-Tröllaskarð.mov

Fylgiskjal 13. Myndband. Tröllaskarð-Laxá.mov

Fylgiskjal 14. Myndband. Laxá-Balaskarðsá.mov

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari fylgiskjöl.

Reykjavík, 23. mars, 2023

---

Valgeir Kristinsson hrl.

## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar

vegna svæðis við vesturmörk Þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar.

Með vísan til tilkynningar um meðferð óbyggðanefndar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 er lýst beinum eignarrétti á svæði við vesturmörk Þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar sem tilheyrir jörðinni **Núpi, Skagabyggð F2138685**. Eigandi jarðarinnar er Valgerður Kristjánsdóttir, kt. 190631-4519.

**Málflutningsumboð:** Undirritaður, Stefán Þórarinn Ólafsson hrl. fer með mál þetta f.h. landeiganda.

### Kröfugerð:

Þess er **aðallega** krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland Núps verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess krafist að viðurkennt verði að ofangreindur eigandi jarðarinnar Núps hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir jörðinni, sem verndaður er með 72. gr. Stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (STS), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994 (MSE), og að viðurkennt verði að landamerki **Núps** séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá apríl 1891 sem var þinglýst þann 23. maí 1891 og er svohljóðandi:

**Að vestan ræður Laxá landamerkjum. Að norðan ræður bein lína úr vörðu, sem hlaðin er austan megin Laxár neðst á skriðu þeirri, sem fallið hefur úr svo nefndu Tröllaskarði, frá vörðu þessari réttisýnis til austurs í Tröllaskarði, og þaðan til austurs um miðja Snjóskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerki hið svo nefnda Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá, til austurs úr Illagilsbotninum réttisýnis í Mjóadalsá.**

Gerð er krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Núps verði viðurkennt sem fullkomið eignarland jarðarinnar.

**Til þrautavara** er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi umbj. mínum að skaðlausu.

**Málavextir:**

Snemma árs 2008 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 8A, Norðvesturland. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu um þjóðlendu á svæði 8A sem barst óbyggðanefnd þann 2. júlí 2012, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Samliggjandi svæði Reynistaðarafréttar, Skrapatunguafréttar og Höskuldsstaðafréttar*“. Afmörkun þjóðlendukröfunnar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Upphafspunktur er Sjónarhóll í Ambáttardal (2). Þaðan er fylgt Ambáttaránni og þanað er farið sjónhending í Laxá (4), og henni fylgt í suður (5) þar til hún verður Tröllá sem er áfram fylgt alveg að Tröllafossi (6). Þaðan er farin sjónhending suður í Þverárgil (7), og Þverá fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá (8). Ræður svo Víðidalsá þar til hún rennur í Rangalaá (9), og Rangalaá í suður þar til Miðdalsá rennur í hana (10). Miðdalsá er svo fylgt til upptaka hennar (11). Þaðan er farin sjónhending suður yfir vatnsvíkið í læk er rennur úr Vestara-Hólsvatni (12), og er honum fylgt suður í miðja Urriðatjörn (Auriðjatjörn) (13). Ræður svo Vatnadalsá úr tjörninni suður að svæðamörkum (nyrðri mörkum Bólstaðarhlíðarhrepps) (14), þar sem Vatnadalsá mætir öðrum læk er rennur í Þröngadal (15). Ræður nefndur lækur í norður þar til er farin sjónhending í norður yfir Víðidalsflóa í upptök Víðidalsár (16). Er Víðidalsá svo fylgt í norður þar til Grjótá fellur í hana (17), og er Grjótá fylgt í ytri Grjótárbotn (18). Þaðan er farin sjónhending upp á eggjar Laxárdalsfjalls (19), og er þeim fylgt í norðvestur að Digrubungu (20). Þaðan er farin sjónhending yfir Vesturárskarð í vörður í svokölluðum Kambi (21). Þaðan er farið áfram í norður í svokölluð Stimpulækjardrög (22) og er þaðan farið vestur fjallið, þar til komið er í Kirkjuskarðsbotninn (23). Þaðan er farið beint í norður í Mjódalsbotn (24). Mjódalsá er svo fylgt í norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (Hvammshlíðardalsá) (25). Þaðan er svo farið austur í Ambáttará í upphafspunktinn í Sjónarhól í Ambáttardal (2).

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, dags. 19. desember 2014, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Skrapatunguafréttur væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *vesturmörk Skrapatunguafréttar* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmennt, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmennt f.h. landeiganda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.



Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er að hluta til innan landamerkjja jarðarinnar Núps og má gera ráð fyrir að um mistök sé að ræða af hálfu íslenska ríkisins.

#### Lýsing svæðisins og saga:

Nánar verður gerð grein fyrir lýsingu svæðisins og sögu í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar.

#### Málsástæður:

##### I. Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins-frávísunarkrafa.

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

**Jörðin Núpur á land sem liggur að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttur*.** Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 1/2013, hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landssvæðis. Nánar tiltekið segir sbr. bls. 159-160 í úrskurðinum:

*Aðilar að máli þessu miða kröfugerðir sínar við vesturmörk afréttarinnar við Mjóadalsá, en kröfulínur eru dregnar frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) til suðurs eftir ánni í Mjóadalsbotn og þaðan í Kirkjuskröðasbotn. Svo sem hér að framan er rakið lýsa landamerkjabréf Mánaskálar og Núps merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt þaðan sem*

*lækur fellur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi og suður eftir Mjóadalsá þar til kemur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn. Hins vegar fellur landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs frá fyrrnefndum læk, ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum og þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar, auk sérstakrar leitar heima í héraði, hafa ekki fundist neinar eldri heimildir sem lýsa merkjum svæðisins. Hins vegar liggur fyrir að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt mun þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni. Að þessu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila. Þar sem framangreint landsvæði, sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um mörk Skrapatunguafréttar gagnvart þessu landsvæði tekur að þessu leyti eingöngu mið af heimildum sem lýsa afmörkun Skrapatunguafréttar. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skafafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.*

**Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 8A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 5/2008, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 5/2008 var hins vegar kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni**

**laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>1</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2013 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddu jarðeignum.

Í ljósi ofanritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. Krafa um höfnun á þjóðlendukröfu ríkisins-sýknukrafa.

Landeigandi Núps krefst þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu. Eignarheimild landeiganda fyrir fullkomnum eignarrétti er afsalsbréf frá 28. ágúst 1915 frá Guðjóni J. Jónssyni til Jóns Guðmundssonar sem þinglýst var þann 15. desember 1915 og eftir það óslitin röð afsala til núverandi landeiganda.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Krafa umbjóðenda minna byggir á hefð, venju, réttmætum væntingum og skráðum eignarheimildum svo sem síðari afsölum sem þeir hafa fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða.

Öll afnot og nytjar landsins eru háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hefur öll nýting verið háð leyfi landeigenda. Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Vísað er til þess að í ljósi eignarheimilda umbjóðenda minna og þess að jörðin hefur athugasemdalaust gengið kaupum og sölum sem sérstök jörð hafi þeir réttmæta væntingu til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti þeirra, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Eignarhaldið er því m.a. byggt á viðskiptavenju. Í þessu sambandi er einnig ítrekað að gengið er

<sup>1</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulega nr. 58/1998.

Í ljósi þeirra gjörninga sem liggja fyrir um ráðstöfun landsins er því haldið fram að umbjóðandi minn hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það er því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu umbjóðanda míns að landið sé háð fullkomnum eignarrétti.

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verður ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum **Núps**, en til annarra landeigenda í landinu. Eigendur jarðarinnar hafa í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þessi eignarréttur verður ekki af þeim tekinn bótalaust enda hann varinn í stjórnarskrá Íslands og af mannréttindaákvæðum sem hafa lagagildi hér á landi.

Um kröfugerð ríkisins gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Skv. meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hefur verið í 12. gr. ssl., ber ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls. Það á ekki við hér ef ríkið gerir þá kröfu að landeigendur leggi fram önnur og meiri gögn en þau hefðbundnu eignaskjöl sem þeir hafa þegar lagt fram. Það verður ekki lögð óhófleg sönnunarbyrði á landeigendur. Krafa um sönnun á landnámi og framsali eignarréttar til vorra daga er sönnunarkrafa sem enginn landeigandi getur risið undir, og leiðir því til bótalausrar eignaupptöku ef á hana er fallist.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkrum sinnum getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinnu á svæði 8A, dags. 2. júní 2012. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild er talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns sé ekki fullkomið eignarland hennar.

#### **Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins:**

Kröfugerð ríkisins inn á eignarland ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni. Nánar verður gerð grein fyrir þeim rökstuðningi í greinargerð umbjóðenda minna til óbyggðanefndar.

#### **Lagarök**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár einkum 72. gr.

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919. Vísað er til laga um hefð.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976.

Vísað er til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Vísað er til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25. gr.-27. gr.

Vísað er til laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986.

Vísað er til Þjóðlendulaga nr. 58/1998 einkum 1.gr., 5.gr., 15 .gr. og 17.gr. Einnig er vísað til 11. gr.

Vísað er til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1.gr. 1.samningsviðauka.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. sbr 17. gr. þjóðlendulaga.

**Skjalaskrá:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Fasteignaryfirlit.
3. Þinglýsingavottorð.
4. Afsalsbréf frá 28. ágúst 1915.
5. Landamerkjabréf frá apríl 1891.

**Áskilnaður og fyrirvari:**

Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum vegna máls þessa að öllu leyti.

Kröfúlýsingin er sett fram með fyrirvara um breytingar vegna nýrra upplýsinga svo og um framlagningu frekari gagna og rökstuðnings í greinargerð. Uppdrætti af landamerkjum verður skilað með greinargerð landeiganda.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

f.h. landeiganda.

Blönduósi 27.03.2023



Stefán Ólafsson, hrl.

**Kröfulýsing**  
til  
**sérstakrar Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, þ.m.t. svæði 7A, er hér með lýst neðangreindri eignarréttarkröfu vegna neðangreindrar jarðar.

**JÖRÐ: Auðkúluheiði 145332 nyrsti hluti, Húnavatnshreppi**

**EIGANDI/EIGENDUR:** Eigandi jarðarinnar er:

Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði, kt. 480607-2010, 100%

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Sigurður Jónsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarlandið nyrst á Auðkúluheiði, verði vísað frá sérstakri óbyggðanefnd.

Til vara er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Auðkúluheiði, þe nyrsta hluta hennar og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar í máli nr. 3/2013, þar sem landamerki þjóðlendunnar voru afmörkuð sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar Auðkúluheiði, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Til þrautavara er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eiganda Auðkúluheiðar að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**

Um mitt ár 2011 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 8A, Norðvesturland: Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinnu um þjóðlendu á svæði 8A sem barst óbyggðanefnd þann 2. júlí 2012, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „Auðkúluheiði, Forsæludalskvíslar, Grímstunguheiði og Haukagilsheiði.“ Afmörkun þjóðlendukröfunar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Byrjað er á punkti í Blöndu við Vallgil (1), þaðan er haldið beint vestur í Fiskilæk (2), og þaðan áfram vestur að Karyðlingatjörn (3). Úr þeim punkti er haldið suður um Skammbeinstjörn (4), og áfram eftir þeirri línu suður í Friðmundarhöfða (5). Þaðan er haldið í suður að norðanverðu Eyjavatni (6), en þaðan beygt í vestur að vörðu sem er á há Bótarfjalli (Bótarfelli) (7) og svo áfram vestur að Vatnsdalsá móti Svínalækjarás (8). Úr ásnum er Vatnsdalsá fylgt norður þar til Sjónarhóslækur fellur í hana (9), og er Sjónarhóslæk fylgt að upptökum (10) en þaðan er bein lína norður að Sýrvatni (Sílvatni) (11). Sýrvatnslæk (Sílvatnslæk) er svo fylgt að Selkvísl (12) og þaðan áfram til Álku (Álkugils) (13). Úr Álkugili er Álftaskálará fylgt um Fremstasel (14) að YtriSkútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri (15), þaðan frá vestur í Kleppukvísl (16). Kvíslinni er fylgt þar sem hún rennur úr Kleppavatni (17), úr vatninu er svo dregin lína norðvestur um Heiðamótaás að Kornsarvatni (18). Frá vatninu er farið í vestur að Bergárvatni (19) og þaðan í suður að sýslumörkum Austurog Vestur-Húnavatnssýslu.

Lýsingar á afréttum sem tengjast Auðkúluheiði eru víða í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bæði í Húnavatnssýslu.

Landamerkjabréf fyrir Auðkúluheiði var útbúið þann 4. september 1886 og því var þinglýst 20. maí 1889. Sátt um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar var gerð þann 7. september 1985 og stofnskjál vegna framhluta Hrafnabjargalands er dags. 28. október 2008.

Landamerkjabréfið: *“Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul; þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul; þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur; þar tekur við Dalskvíslalund.”*

Sáttin: *Afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar í Ártnessýslu liggja í grundvallaratriðum um vatnaskil og eru sem hér segir: Frá Strýtum eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli. Þaðan bein lína að Hringssjá við Fjórðungsöldu. Frá hringssjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringssjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal. Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.*

Stofnskjalið vegna Hrafnabjargalands (suðurmerkin) : *„Að sunnan eru merkin úr Helluvörðuás í Karyrðlingatjörn. Að vestan ræður lækur úr Karyrðlingatjörn út í Selkvísl sem ræður merkjum að Snaga“.*

Með bréfi dagsettu 19. mars 1918 fóru þeir Jón Jónsson, oddviti Svínavatnshrepps, Þórarinn Jónsson, oddviti Torfalækjarhrepps, og F.J. Jónsson, oddviti Blönduóshrepps, fram á það við Stjórnarráð Íslands að fá keypt upprekstrarlandið Auðkúluheiði. Þeir sögðust vera tilbúnir að greiða það ákvæðisverð sem umráðamaður heiðarinnar ákveði og mæli með eða það verð sem virðingarmenn ákveði telji sýslunefndin ástæðu til þess að láta virðingu fara fram. Oddvitarnir létu fylgja með bréfi sínu umsögn og meðmæli umráðamanns Auðkúluheiðar séra Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu.

Í framhaldi af þessu voru matsmenn fengnir til að virða afréttarlandið Auðkúluheiði og er virðingargerð þeirra dagsett 6. maí 1918. Þar segir:

Heiðarland þetta er mjó landspilda, er liggur frá heimalöndum Svínavatnshrepps, suður á há-Kjalhraun; eða eptir því sem vötn að draga. Á allöngu svæði um miðbik þess, mun það vera nálægt hálfri mílu á breidd, en fer svo smábreykkandi til fremstu grasa. Norðasti hluti heiðarinnar er allgott beutiland fyrir fé, en lítið um hrossahaga. Miðbik hennar er gróðurlítið hálendi, og sandauðnir sem altaf eru að færast út. En mikið af syðsta hlutanum, er allgott haglendi fyrir hross og fé. – Viðvíkjandi notagildi heiðarinnar skal þess getið, að hún er mjög ervið til afnota þar besta land hennar liggur um dagleið frá byggð. Til samanburðar um verðmæti Auðkúluheiðar skal það tekið fram, að hliðstæð afréttarlönd sem nylega hafa verið seld t.d. Forsæludalskvíslar seldar á kr 1200,00 – að okkar álti sem 2/3 af Auðkúluheiði. Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum seld: kr. 1700,00 – að okkar álti jafngild Auðkúluheiði. Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum seld: kr. 500,00 að okkar álti sem [strikað yfir, einn þ] 1/3 af Auðkúluheiði. Með tilliti til þess, að þessi afréttarlönd voru seld

áður en fasteignir stigu verulega í verði, ályktum við sannvirði nú á Auðkúluheiði: kr. 2600,00 (tvö þúsund og sex hundruð kr.).

Stjórnarráðið seldi Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppi afréttarlandið Auðkúluheiði fyrir 3,500 kr. og er afsalið dagsett 5. júlí 1918.

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 28. maí 1919, var þinglýst afsali fyrir afréttarlandinu Auðkúluheiði, dags. 5. júlí 1918, þar sem Ráðherra Íslands selur Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum heiðina. Eftirfarandi var innfært í dómabók sýslunnar: Skjal nr. 2(229). 305 Skjal nr. 2(229). 306 Skjal nr. 2(228). 142 II. Þinglesin þessi skjöl 1. Afsal, dags. 5/7 1918. Ráðherra Íslands selur Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum afréttarlandið Auðkúluheiði. Verð 3500 kr

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.<sup>308</sup> Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði. Svar hreppstjóra Svínavatnshrepps, dagsett 22. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu hljóðar svo:

Hreppsstjóri Svínavatnshrepps. Litladal, 22. febr. 1920 Með brjefi dags. 30. f. m., hafið þjer, háttvirtu sýslumaður spurst fyrir um hvort innan Svínavatnshrepps sjeu nokkur svæði, „sem eru almenningar, svo og um afréttarlönd, sem ekki sannanlega hafi tilheyrt, eða nú tilheyra nokkru lögbýli. Fyrirspurn þessari svarast ákveðið neitandi. Afréttarland það – Auðkúluheiði – sem liggur hjer að byggð, nær alla leið að fjórðungsmótum á há Kili og hefir Auðkúluheiði tilheyrt prestsetrinu Auðkúlu hjer í hreppi frá ómuna tíð þangað til 1918, að hún var seld Upprekstrarfjelagi Auðkúluheiðar. Bjarni Jónasson.<sup>310</sup>Síðar segir: „Líklegt má telja að landnámsjarðirnar Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land allt til jökuls“.

Að öðru leyti vísast til umfjölunar um Auðkúluheiði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr 3/2013 og til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.



**MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:****I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:**

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Núverandi kröfusvæði ríkisins í norðurhluta Auðkúluheiðar er liggur að Þjóðlendunni Auðkúluheiði eins og henni er lýst í ofangreindum úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr 2/2013. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja þessa landsvæðis sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar frá 19. desember 2014, í úrskurði nr. 3/2013, hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landssvæðis. Nánar tiltekið segir: (á blaðsíðu 432)

Heimildum ber saman um að norðurmörk Auðkúluheiðar að austan fari um línu frá Blöndu um Vallgil í Fiskilæk og að vestan fari þau úr Karyrölingatjörn í Helluvörðuás. Kröfum aðila máls þessa ber saman við þessar lýsingar. Hvað varðar hins vegar norðurmerki heiðarinnar að því leyti sem þau liggja að Auðkúlu þá er suðurmerkjum Auðkúlu lýst í landamerkjabréfi Auðkúlu þar sem segir annars vegar að framan við Hvannalækjarbungu taki við Auðkúluheiði og hins vegar segir að merki Auðkúlu að austan liggi suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil og í Blöndu. Kröfur aðila miða hins vegar við beina línu úr Fiskilæk í Helluvörðuás en sú lína liggur sunnar en Hvannalækjarbunga. Ber því kröfum aðila og lýsingu landamerkjabréfs Auðkúlu ekki saman, nánar tiltekið þannig að um er að ræða svæði milli lýstra merkja Auðkúlu samkvæmt landamerkjabréfinu og Auðkúluheiðar eins og hún er afmörkuð í kröfugerð íslenska ríkisins. Nánar tiltekið er um að ræða svæði sem afmarkast af línu sem dregin er frá Helluvörðuás í Hvannalækjarbungu, þaðan í Ásendatjörn og þaðan með Ásendalæk í Fiskilæk og svo upp með Fiskilæk þar til komið er að punkti 2 á kröfulínu íslenska ríkisins. Kröfulínunni er svo fylgt í upphafspunkti á Helluvörðuási. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Mun óbyggðanefnd því ekki taka afstöðu til umrædds svæðis sem liggur sunnan marka jarðarinnar Auðkúlu, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfinu, en fellur utan kröfugerðar íslenska ríkisins í málinu.

**Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 8A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 3/2013, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afreтта veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 3/2013

var hins vegar kveðinn upp 19. desember 2014. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>1</sup>, er ljóst að um var að ræða einskiptingsaðgerð og ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddum jarðeignum.

Í ljósi ofanritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKSINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Auðkúluheiði**, sem vísað er hér til.

Landeigendur byggja á því að svæðið, þ.e. **norðurhluti Auðkúluheiðar**, sé hluti þess svæðis sem meðlimir Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar keyptu 1918, en landsvæðinu er m.a. lýst í virðingargerð matsmanna á heiðini sem er dagsett 6. maí 2018, sem getið er um hér að faman. Í kaflanum um málavexti

Einnig í ritinu göngur og réttir frá árinu 1949 er neðangreindur texti um norðurmörk Auðkúluheiðar;

Samkvæmt Auðkúluskjölum voru merki að norðan ekki fastákveðin á milli heiðar og heimalands Auðkúlu. En þegar heiðin var seld frá heimajörðinni, munu merkin hafa verið talin frá Vallgili til vesturs um há-Helluvörðuháls í Karyrðlingatjörn. 312

Árið 1950 skrifar Páll Kolka m.a. eftirfarandi um Auðkúluheiði:

Norðurmörk Auðkúluheiðar eru talin frá Vallgili, sem gengur þvert í Blöndugil nyrzt, og beint í Eystra-Friðmundarvatn, sem er í hásuður frá Sléttárdal. Úr því rennur, sem fyrr er sagt, Fiskilækur í Gilsvatn, en Gilsá úr því milli Heygarðsáss og Eldjárnsstaðabungu norður og austur í Blöndu.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land nyrsta hluta Auðkúluheiðar, **sem telst til heimalanda**, samkvæmt landamerkjum þeim sem lýsingin hér að ofan greinir, er háð beinum eignarétti.

<sup>1</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

Á þetta féllst íslenska ríkið að hluta, með því að gera ekki þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd, og er ríkið bundið við þá málflutingsyfirlýsingu sína. Hún er enda fullkomlega málefnaleg, enda er það land sem hér er deilt um fremur huti af jörðum á svæðunum heldur en afréttinum. Er vísað til þeirrar meginreglu eignarréttarins um að inntak eignarréttar breytist ekki þó land jarða sé lagt til afréttar ( Sjá hér til hliðsjónar Gullberastaðatungur í Borgfirði og jörðin Hólar í Biskupstungum)

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þess eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur benda landeigendur á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar er komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og marg dæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 og Hrd. 536/2006. Afréttarland var sú náttúruauðlind sem var skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða er því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Vísað er til þess að Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þeir voru þeir beðnir um að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.424 Bogi Brynjólfsson sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Hann segist hafa aflað sér upplýsinga um málið með því að óska eftir umsögnum hreppstjóra og geti sagt að í sýslunni sé ekkert slíkt svæði að finna nema Almennigur í Skagaheiði. Sýslumaður segir ennfremur: „Umsagnir 10 hreppstjóra um nefnt málefni fylgja hjer með og skal tekið fram að umsagnir hreppstjóra Blönduóss-, Torfalækjar-, Ás- og Fr. Torfustaðahrepps um málið fylgja ekki, en að ekki er, hvað hreppa þessa snertir, um neitt af hinum umspurðu svæðum að ræða

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinnu á svæði 8 A, dags. 2. júlí 2012. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfararéttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendulaga

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.


2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatvottor

**ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:**

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

  
Sigurður Jónsson hrl.

**Óbyggðanefnd**Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2022

E-2021-384 / 00.03

**Efni: Svæði við norðurmörk Þjóðlendunnar Auðkúluheiði – Svæði 8A****Kröfulýsing Landsvirkjunar fyrir óbyggðanefnd vegna  
krafna fjármálaráðherra f.h. ríkisins á svæðum sem sæta meðferð  
skv. 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998.****Málsaðili:**

Landsvirkjun kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík

**Fyrirsvar:**

Geir Arnar Marelsson lögm., kt. 230575-4529 og Steinunn Pálmadóttir lögm, kt. 100289-2619 fara með mál þetta fyrir hönd Landsvirkjunar.

**Kröfur:**

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði, sem einkum eru staðsett innan Auðkúluheiði:

1. Vatnsréttindi, (orkunýtingar-/fallvatnsréttindi) áður í Blöndu sem nýtt eru vegna Blönduvirkjunar.
2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi til þess að hagnýta vatnsafl Blöndu, þ. á m. stíflur, vatnsvegi, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spennu- og rofavirki, vegi og vegslóða, girðingar og hvers kyns önnur mannvirki eða framkvæmdir vegna starfsemi Landsvirkjunar. Er þá átt við fasteignirnar, mannvirkin eða framkvæmdirnar sem slíkar auk eðlilegra lóðarréttinda þeim tengdum. Gerir Landsvirkjun jafnframt kröfu til þess að auk viðurkenningar á eignarrétti fyrirtækisins á mannvirkjunum sem slíkum verði viðurkennd bein eignarréttindi fyrirtækisins á eðlilegum lóðarréttindum þeim tengdum eða ótakmarkaður afnotaréttur þegar það á við.
3. Réttur til nýtingar vatnsréttinda til virkjunar á veituleið Blöndu á milli núverandi miðlunarólóns Blönduvirkjunar (Blöndulón) og núverandi inntakslóns Blönduvirkjunar (Gilsárlón).
4. Réttur til jarðvinnslu og nýtingar jarðefna, nýtingar vatns og hita á umráðasvæði Landsvirkjunar, beitar búfænaðar og annarrar hagnýtingar gróðurs.
5. Trjágróður og önnur uppgræðsla á svæðinu, sem Landsvirkjun hefur staðið að.



6. Sem eigandi jarðarinnar Eiðsstaða gerir Landsvirkjun kröfu sem landeigandi um afnotarétt af afrétti fyrir búfénað, veiði, malarnám og nýtingu annarra réttinda sem fylgt hefur jörðinni og fylgja ber.

Þess er krafist að öllum kröfum ríkisins til réttinda Landsvirkjunar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins verði alfarið hafnað og viðurkennt verði að Landsvirkjun eigi beinan eða óbeinan eignarrétt. Verði hins vegar talið að réttindin teljist hvorki til beinna né óbeinna eignarréttinda er þess krafist að viðurkenndur verði lögbundinn fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Landsvirkjunar að þeim réttindum svo sem verið hefur og kann að verða.

Til vara gerir Landsvirkjun kröfu um að halda öllum þeim rétti sem fyrirtækið á og hefur átt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins skv. lögum, samningum, venju og hefð til náttúrlegra auðlinda og nýtingu þeirra, innan landsvæðisins.

Jafnframt er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða Landsvirkjun að skaðlausu allan málskostnað af rekstri málsins samkvæmt mati óbyggðanefndar eða framlögðu málskostnaðaryfirliti, og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum.

### Málavextir

Með tilkynningu, sem birtist í tölvupósti þann 15. nóvember 2022, auglýsti óbyggðanefnd kröfur fjármálaráðherra um þjóðlendur á svæðum sem eru til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Í tilkynningunni var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landi sem fellur innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, í síðasta lagi 28. febrúar 2023.

### Málsástæður og röksemdir

Landsvirkjun byggir kröfur sínar aðallega á því að umræddum réttindum var með formlegum og bindandi hætti ráðstafað til Landsvirkjunar með samningum. Krafa Landsvirkjunar vegna jarðarinnar Eiðsstaða byggir hins vegar á fornri venju.

Var sú niðurstaða staðfest í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 Húnavatnshreppur, en þar komst óbyggðanefnd að eftirfarandi niðurstöðu:

*„Niðurstaða óbyggðanefndar um kröfur Landsvirkjunar er því eftirfarandi: Landsvirkjun er eigandi þeirra vatnsréttinda (fallréttinda) sem nauðsynleg eru til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd en fyrirtækið greiddi íslenska ríkinu fyrir þessi réttindi 31. desember árið 2002 í samræmi við úrskurð hinnar sérstöku matsnefndar frá 10. ágúst 1992, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.*

*Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun njóti lögvarins réttar til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd. Landsvirkjun er ekki eigandi annarra landsréttinda, þ.m.t. vatns- og veiðiréttinda á svæðinu, í skilningi 1. gr. 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.*

*Á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignar- og/eða umráðarétt að eftirtöldum mannvirkjum og framkvæmdum, svo sem réttindunum er lýst af hálfu Landsvirkjunar, og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd:*



*Flugvelli við Blöndulón; Blöndustíflu; Blöndulóni; hjólalokuhúsi í Blöndustíflu; geiralokuhúsi í Blöndustíflu; yfirfalli Blöndustíflu; malarnámu neðan Blöndustíflu; Kolkustíflu; lokuhúsi Kolkustíflu, malarnámu við Kolkustíflu; veituskurði frá Kolkustíflu að Þrístiklu; veituskurði frá Þrístiklu að Smalatjörn, malarnámu við Fannlæk; stíflu við Smalatjörn í Fannlækjardragi; brú og þröskuldi við Smalatjarnarskurð; veituskurði frá Smalatjörn að Austara Friðmundarvatni, Smalatjarnarskurði; brú og þröskuldi við Austara Friðmundarvatn; veituskurði frá Austara-Friðmundarvatni í Gilsvatn; vegi að Flugvelli (L764); slóð að Blöndulóni (L763); vegi að lokuhúsinu í Kolku (L761); vegi frá Kolkustíflu að mælalayfirfalli neðan stíflunnar (L761); þremur vegslóðum af Kolkustíflu að malarnámi beggja vegna Kolkuskurðar (L761); vegi austur að Blöndustíflu og yfirfalli (L762); vegi að þröskuldi og stíflu við Smalatjörn; vegi að malarnámi í Fannlækjardragi; vegi að þröskuldi og stíflu neðan við Austara Friðmundarvatn (L756); slóð að malarnámi neðan stíflunnar (L76) og borholum sem útbúnar hafa verið á svæðinu vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd.“*

Kröfur Landsvirkjunar byggja á einkaréttarlegum samningum, lögum, úrskurðum og dómum sem staðfesta að Landsvirkjun er eigandi vatnsréttinda, landsréttinda og annarra réttinda sem til hefur stofnast vegna Blönduvirkjunar og eru innan hins kröfulýsta svæðis. Ljóst er að umrædd réttindi voru framseld til Landsvirkjunar með bindandi hætti og eru þau varin af 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Málsástæður Landsvirkjunar eru ekki tæmandi taldar hér að ofan. Að svo komnu máli þykir ekki ástæða til að gera nánar grein fyrir málsástæðum og rökstuðningi Landsvirkjunar, en þeim verður gerð frekari skil í skriflegri greinargerð. Auk þess er vísað til málsástæðna Landsvirkjunar í máli nr. 2/2013 og röksemda óbyggðanefndar, að því marki sem kröfur Landsvirkjunar voru teknar til greina, í úrskurði óbyggðanefndar í umræddu máli.

### Lagarök

Vísað er m.a. til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og meginreglna eignarréttarins, grunnreglna eignarréttar Jónsbókar, landamerkjalaga nr. 5/1882, laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl., laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., ábúðarlaga nr. 80/2004, jarðarlaga nr. 81/2004, laga nr. 46/1905 um hefð, þinglýsingarlaga nr. 39/1978, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslaga nr. 123/2010, mannvirkjalaga nr. 160/2010, laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, laga nr. 60/1981 um raforkuver, vatnalaga nr. 15/1923 og laga um Landsvirkjun nr. 59/1965 og 42/1983.

### Fylgiskjöl/gögn

Landsvirkjun telur ekki ástæðu til þess að leggja fram skjöl samhliða kröfugerð þessari en vísað er til þeirra skjala sem lögð voru fram í máli nr. 2/2013. Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins eftir því sem tilefni gefst til.

### Uppdráttur

Gerður er sérstakur fyrirvari um áreiðanleika fyrirliggjandi kröfukorta, þar sem ljóst er að ónákvæmi gæti í þeim. Unnið er að kortlagningu mannvirkja og framkvæmda í eigu Landsvirkjunar innan kröfusvæðis ríkisins og nánari upplýsingum þar að lútandi verður komið til nefndarinnar þegar þeirri vinnu er lokið.



### Fyrirvarar og áskilnaður

Landsvirkjun áskilur sér rétt til að koma fram með frekari kröfur, ný gögn, bera fram nýjar málsástæður og koma fram með ný lagarök, allt eftir því sem tilefni gefst til, sem og til að leiða aðila og vitni, gerist þess þörf.

Þá áskilur Landsvirkjun sér sama rétt ef til dómsmála kynni að koma vegna úrlausnar óbyggðanefndar.

Reykjavík, 18. nóvember 2022

Virðingarfyllst,  
f.h. Landsvirkjunar

**Geir A. Marelsson, lögm.**

Forstöðumaður lögræðimáta

**Steinunn Pálmadóttir, lögm.**

**Til óbyggðanefndar**



**Kröfulýsing**  
**til**  
**sérstakrar Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, þ.m.t. svæði 7A, er hér með lýst neðangreindri eignarréttarkröfu vegna neðangreindrar jarðar.

**Jarðir :** Hálfar Kornsártungur þ.e svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar Húnavatnshreppi

**Eigendur:** Sjálfseignastofnunin Grímstungu og Haukagilsheiði, kt. 420106-1300

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Sigurður Jónsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland **Kornsártungna þ.e inn á svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar**, verði vísað frá sérstakri óbyggðanefnd.

Til vara er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrs svæðis hafi beinan eignarrétt að öllu landi svæðisins á milli Kornsár og Kleppukvíslar og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar í máli nr. 3/2013, þar sem landamerki þjóðlendunnar voru afmörkuð sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Kornsártungna**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Til þrautavara er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eiganda **Kornsártungna** að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:** HEIMILD :úrskurður Óbyggðarnefndar í máli nr. 3/2013,

Um mitt ár 2011 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 8A, Norðvesturland: Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga. Innan þess svæðis er m.a. að finna landsvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinnu um þjóðlendu á svæði 8A sem barst óbyggðanefnd þann 2. júlí 2012, gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu m.a. í nánar afmarkað svæði nefnt „*Auðkúluheiði, Forsæludalskvíslar, Grímstunguheiði og Haukagilsheiði.*“ Afmörkun þjóðlendukröfunar var nánar tiltekið eftirfarandi:

Byrjað er á punkti í Blöndu við Vallgil (1), þaðan er haldið beint vestur í Fiskilæk (2), og þaðan áfram vestur að Karyðlingatjörn (3). Úr þeim punkti er haldið suður um Skammbeinstjörn (4), og áfram eftir þeirri línu suður í Friðmundarhöfða (5). Þaðan er haldið í suður að norðanverðu Eyjavatni (6), en þaðan beygt í vestur að vörðu sem er á há Bótarfjalli (Bótarfelli) (7) og svo áfram vestur að Vatnsdalsá móti Svínalækjarás (8). Úr ásnnum er Vatnsdalsá fylgt norður þar til Sjónarhólslækur fellur í hana (9), og er Sjónarhólslæk fylgt að upptökum (10) en þaðan er bein lína norður að Sýrvatni (Sílvatni) (11). Sýrvatnslæk (Sílvatnslæk) er svo fylgt að Selkvísl (12) og þaðan áfram til Álku (Álkugils) (13). Úr Álkugili er Álftaskálará fylgt um Fremstasel (14) að YtriSkútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri (15), þaðan frá vestur í Kleppukvísl (16). Kvíslinni er fylgt þar sem hún rennur úr Kleppavatni (17), úr vatninu er svo dregin lína norðvestur um Heiðamótaás að Kornsárvatni (18). Frá vatninu er farið í vestur að Bergárvatni (19) og þaðan í suður að sýslumörkum Austurog Vestur-Húnavatnssýslu.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Haukagil var útbúið þann 29. Júlí 1890 en þar segir:

Að norðan ræður: bein lína vestan frá svokölluðum Saurbæjarsteini, sem er kippkorn fyrir sunnan og vestan vestari Ástjörmina vestur við “Kvísilina,, þaðan austur í merkjavörðu austur undir brún og þaðan beina leið í merkjaskurð, sem gjörður er í flóann milli Haukagils og Saurbæjar, og frá austurenda skurðarins beint austur á línu þá er ákveður merki milli Þormóðstungu og Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhellu beint suður um farveg Vatnsdalsár í fornar réttartóptir norðast í svokölluðum Réttarhólma (Haukagilshólma) í hólmanum fyrir sunnan og neðan Haukagil. Að austan verðu: áður nefnd lína suður á móts við landamerkin og úr því Vatnsdalsá. Að suðaustan og sunnan ræður: bein sjónleið frá Pallshamri austan Vatnsdalsár, fyrir norðan svonefnd Sauðaskjól, kippkorn fyrir utan Tunguklif í Álftarskálará, þar sem hún fellur úr gilinu, þaðan ræður Álftarskálará fram til fremri Skútalækjar og frá Skútalæk beint vestur á há Kleppuhól vestar við Kleppukvísl. Að vestan ræður: Kleppukvísl 667 DI VII, nr. 618, bls. 656-662, 816. 668 Skjal nr. 2(88). 669 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII. Húnavatnssýsla, bls. 282-283. 670 Skjal nr. 2(65) a-b. 332 og Kornsó (Kvísilinni) til Saurbæjarsteins. **Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsó, hálf það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar.**

Landamerkjabréf fyrir Kornsó var útbúið 25. maí 1891 og því var þinglýst þremur dögum síðar:

Að austan ræður Vatnsdalsá. Að norðan, milli Gilsstaða og Kornsár, eru merki frá snidduvörðu við ána í Oddanesinu, beint í gamalt garðlag neðan til við Stekkjargil, og þaðan sömu stefnulínu yfir gilið og hálsinn vestur að Gljúfurá. Að sunnan, milli Kornsár og Undirfells, frá neðanverðu Kornsár-gili eptir því sem hinn forni farvegur Kornsár liggur niður til Vatnsdalsár, þó telst svo nefnd Þórdísareyri sem er fyrir neðan nefndan farveg, til Undirfells. Frá Kornsárvatni ræður Kornsó merkjum, eins og hún fellur niður fyrir neðsta fossinn í henni, rjett fyrir ofan hinn forna farveg. Frá upptökum Kornsár eru merki yfir Kornsárvatn í Bergárvatn, þá að vestan, frá því til upptaka Gljúfurár, og sem hún fellur norður á móts við fyr greind merki milli Kornsár og Gilsstaða. **Auk þessa á Kornsó, móts við Haukagil, hálf það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu- kvíslar.**

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 1883 seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umrædds landsvæðis voru svohljóðandi:

[...] að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálf land móts við Kornsó vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. okt. 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125

Stjórnarráðið skrifaði hreppsnefnd Áshrepps, 29. desember 1916, og spurðist fyrir um hvort hún hefði áhuga að kaupa heiðarland það sem fyrrum hafði tilheyrt Kornsó fyrir 500 kr.708 Svárið við þeirri fyrirspurn hefur verið neitandi því Stjórnarráðið seldi Jóni S. Pálmasyni á

Þingeyrum heiðarland það úr landareign Kornsár í Áshreppi sem undanskilið var við sölu jarðarinnar 11. febrúar 1909. Kaupverðið var 500 kr. og er afsalið dagsett 8. maí 1917. Þar er getið eftirfarandi upplýsinga varðandi landamerki:

Mörkin milli heiðarlands þessa og heimalands jarðarinnar Kornsár er [strikað yfir, og; er, ofan línu] bein lína í hávestur úr syðstu klettaborg í Undirfellsfelli í Gljúfurá.709 Stjórnarráðið skrifaði umboðsmanni Þingeyraklaustursumboðs sama dag, 8. maí 1917, og tilkynnti honum um söluna á heiðarlandinu sem áður hafði tilheyrt Kornsá en var undanskilið jörðinni samkvæmt afsalsbréfi ráðherra frá 11. febrúar 1909.710

Eftirfarandi samningur var útbúinn 16. júní 1928:

Merki milli Undirfells og Kornsár, skulu vera fullnaðarlandamerki yfir svonefnda „Þórdísareyri“ eins og áður nefnd girðing liggur og svo áfram upp í Kornsárgil. Svo og áfram eins og áin Kornsá liggur neðan lönd Undirfells og Kornsár liggja að henni, eins og verið hefur.

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.<sup>308</sup> Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.

Að öðru leyti vísast til umfjölunar um Kornsártungur í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr 3/2013 og til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

**MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:****I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:**

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Núverandi kröfusvæði ríkisins í svæðið á milli Kornsár og Kreppukvíslar er liggur að Þjóðlendunni Kornsártungur eins og henni er lýst í ofangreindum úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr 2/2013. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja þessa landsvæðis sé engi Þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins til sérstakrar óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé Þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar frá 19. desember 2014, í úrskurði nr. 3/2013, hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert Þjóðlendu til hins umþrætta landsvæðis. Nánar tiltekið segir:(á blaðsíðu 432)

Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar Þjóðlendukröfur til annars lands Kornsártungna en þess sem hér hefur verið úrskurðað um, þ.e. svæðisins milli Kornsár og Kleppukvíslar en austan línunnar sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns. Verður þó ekki annað séð en að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við um það svæði eins og þann hluta Kornsártungna sem hér hefur verið úrskurðaður Þjóðlenda, enda liggja ekki fyrir í málinu aðrar heimildir um þann hluta Kornsártungna heldur en þær heimildir sem raktar hafa verið hér að framan. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um Þjóðlendu að ræða.

**Hvað varðar beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og endurupptöku málsins á svæði 8A vilja landeigendur koma eftirfarandi á framfæri:**

Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað Þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna Þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við.

Íslenska ríkið hefur þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist Þjóðlenda. Annað fer gegn meginreglum stjórnáhrifsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnáhrifslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hefur áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk Þjóðlendunnar enda.

Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd óbyggðanefndar í úrskurði sínum, í máli nr. 3/2013, um umþrætt landsvæði, sem virðist jafnframt vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um Þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 3/2013 var hins vegar kveðinn upp 19. desember 2014. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. **Bann við afturvirkni laga** er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>1</sup>, er ljóst að um var að ræða einskíptingsaðgerð og ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Eignarrétturinn á landsvæði umbjóðenda minna hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddum jarðeignum.

Í ljósi ofanritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKSINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Kornsártungur**, sem vísað er hér til.

Landeigendur byggja á því að svæðið, þ.e. svæðið á milli **Kornsár og Kleppukvíslar**, sé hluti þess svæðis sem áður tilheyrði jörðunum Haukagili og Kornsa og er norðan við þjóðlendlu Kornsártungna.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað var til hér að ofan og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að svæðið á milli **Kornsár og Kleppukvíslar** á að teljast t til heimalanda, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um og er þannig háð beinum eignarrétti.

Á þetta féllst íslenska ríkið að hluta, með því að gera ekki þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd, og er ríkið bundið við þá málflutingsyfirlýsingu sína. Hún er enda fullkomlega málefnaleg, enda er það land sem hér er deilt um fremur huti af jörðum á svæðunum heldur en afréttinum. Er vísað til þeirrar meginreglu eignarréttarins um að inntak eignarréttar breytist ekki þó land jarða sé lagt til afréttar ( Sjá hér til hliðsjónar Gullberastaðatungur í Borgfirði og jörðin Hólar í Biskupstungum)

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarétt fyrir þess eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur benda landeigendur á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar er komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og marg dæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd.

<sup>1</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarfnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efnis til.

448/2006 og Hrd. 536/2006. Afréttarland var sú náttúruauðlind sem var skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða er því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Vísað er til þess að Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þeir voru þeir beðnir um að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.424 Bogi Brynjólfsson sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Hann segist hafa aflað sér upplýsinga um málið með því að óska eftir umsögnum hreppstjóra og geti sagt að í sýslunni sé ekkert slíkt svæði að finna nema Almennigur í Skagaheiði. Sýslumaður segir ennfreður: „Umsagnir 10 hreppstjóra um nefnt málefni fylgja hjer með og skal tekið fram að umsagnir hreppstjóra Blönduóss-, Torfalækjar-, Ás- og Fr. Torfustaðahrepps um málið fylgja ekki, en að ekki er, hvað hreppa þessa snertir, um neitt af hinum umspurðu svæðum að ræða

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kaus að gera það ekki í kröfulýsingu sinnu á svæði 8 A, dags. 2. júlí 2012. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendulaga

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

  
Sigurður Jónsson, hrl.  
Löggiltur fasteignasali  
130256-2449

---

Sigurður Jónsson hrl.

**Mál nr. 3/2023**

— *Vesturland* —



Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Kópavogi, 28. mars 2023

### KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Hítardals í Borgarbyggð, L136003

#### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

#### **Aðild og fyrirsvar:**

Landeigandi:

Finnbogi Leifsson, kt. 310355-2089

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeiganda á hinu umdeilda landi sem fellur innan merkjalýsingar landamerkjabréfs jarðarinnar, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti:

*Upphafspunktur er í hæsta hnúki norðvestur af Háleiksvatni (1). Þaðan er kröfulínu íslenska ríkisins fylgt til vesturs (2). Þaðan eru kröfulínu áfram fylgt til suðurs að mörkum Þjóðlendunnar suðausturhluta Fjalllendis Hraunhrepps (3) og þaðan að upphafspunkti.*

Til þrautavara krefst landeigandi þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

## Málavextir og helstu málsástæður:

### Um landnám og landamerki:

1. Hítardalur er innan landnáms Þórhadds, sonar Steins mjökisiglanda, sem nam Hítardal til Grjótár et syðra, en et ytra til Kaldár ok á milli Hítár og Kaldár til sjóvar.
2. Landamerkjabréf Hítardals í Hraunhreppi var ritað í júní 1923 og því var þinglýst 21. júní 1924, en þar segir:

*1. Móti afrijettarlandi Hraunhrepps: Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda og úr henni sama lína í hæstu bingu suðvestan Þorsteinstungudal (733m); þaðan ráða hæstu brúnir dalsins (Þorst.t.dals) að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu. 2. Móti Helgastöðum: Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í stein á vestri brún Sljettaskarðs, þaðan beint í ytri vörðuna á Skútás, þaðan bein lína í lítinn klettstapa norðan Stekkjargil, þaðan beint vestur yfir tunguna þar sem Sandalækur kemur í Fljótalækinn, þaðan beint yfir hraunið í miðjan Stórhól þaðan í miðjan Grjóthól við Stígaveg. 3. Móti Staðarhrauni (=Haga): Úr miðjum Grjóthól bein lína í vörðu við Hítará, norðan Kattarfoss. 4. Móti Völlum og Hróbjargarstöðum (Eyðijarðir) Þar ræður Hítará merkjum frá síðastnefndri vörðu alt inn á móts við miðju Valfells, sem er fast við ána að norðvestan.*

3. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og er óefað eignarland. Um það voru íslenska ríkið og landeigandi sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

4. Þann 21. febrúar 2008 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði 8B, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.
5. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingu, þann 10. desember 2013, þar sem gerðar voru umfangsmiklar þjóðlendukröfur á svæðinu. Engar þjóðlendukröfur voru þó gerðar í Hítardal, jörð landeiganda, og lét hann því málið ekki til sín taka fyrir óbyggðanefnd, enda taldi hann landamerkjum jarðar sinnar rétt lýst og rétt dregin á kort.
6. Í kröfulýsingu ríkisins er engum vafa undirorpið hvaða röksemdir liggja að baki kröfulínu, en í kröfulýsingunni segir á bls. 243:

*Hér er miðað við lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Hítardals, auk lýsingar í landamerkjabréfi Hraunhreppsafreittar.*

7. Eftir að kröfulýsingar lágu fyrir frá þeim sem töldu til eignarréttinda innan kröfusvæðisins (landeigandi lét málið ekki til sína taka eins og vísað er til hér að framan) skilaði íslenska ríkið greinargerð, dags. 5. júní 2014, þar sem ítrekuð er afstaða ríkisins til umfangs jarðar landeiganda, en þar segir á bls. 3-4:

*Kröfulínur íslenska ríkisins og landeigenda hafa verið samræmdar að öllu leyti. Enginn ágreiningur er því um afmörkun kröfusvæðisins. ... Við afmörkun þessa kröfusvæðis hefur íslenska ríkið fyrst og fremst litið til landamerkjabréfs Hraunhreppsafréttar, sem og landamerkjalyásinga Hítardals og annarra aðliggjandi jarða.*

8. Telja verður að íslenska ríkið sé bundið við fyrr raktar yfirlýsingar sínar, enda leiddu þær til þess að landeigandi lét málið ekki til sín taka og átti enga aðild að rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd.
9. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu s.s. landamerkjabréfum, að engar þjóðlendur væru á svæðinu norðan kröfulínu. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.
10. Athygli nefndarinnar er vakin á því, að engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeiganda um hið umdeilda land, enda hann ekki aðili málsins þar sem að eignarréttarleg staða Hítardals var óumdeild.
11. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

12. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing sem m.a. tók til hins umdeilda landsvæðis.
13. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu m.a. vegna Hítardals um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu vikja sæti vegna vanhæfis.
14. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
15. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
16. Afstaða landeiganda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna Hítardals.
17. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. málsl. 7.

mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Hítardals. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið, sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda, teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi Hítardal.

18. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

Krafa um frávísun og sérstakur áskilnaður:

19. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda á það ekki undir nefndina.
20. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

21. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megji beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunnir að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

22. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
23. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2014, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðlagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem var til staðar og úrskurður beindist að.
24. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2014 var talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins.

25. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar frá 6. september 2005, í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímapunkti ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/20, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
26. Landeigandi heldur því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvísunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megj umþrætt svæði til meðferðar.
27. Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Hítardals á grundvelli endurtekinna málsmeðferðar, sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmæt.
28. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

*Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar auk niðurstöðu héraðsdóms og Landsréttar leiðir hvert um sig til þess að fallast ber á kröfu landeiganda:*

29. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.
30. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
31. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar:

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

32. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

33. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

34. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

35. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.
36. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.
37. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess, hefur verið óbreytt frá upphafi.
38. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.
39. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
40. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

41. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020, umræðulítið.
42. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun

óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.

43. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
44. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlægum.
45. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
46. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendlaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur.
47. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
48. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017**, þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
49. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendlaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendlaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
50. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendlögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleysis, útgefna þann 30. júlí 2002,

og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.

51. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirsvær ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins á að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
52. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyking nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
53. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
54. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

55. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárfings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

56. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem



teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.

57. Með því að óbyggðanefnd ákvað, þann 21. febrúar 2008, að taka fyrir fyrrgreint landsvæði og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls svæðisins.
58. Kröfúlýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land Hítardals væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfúlýsingu ríkisins hér að framan.
59. Kröfúlýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2014 fól í sér að viðurkennt var að land Hítardals væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í málinu nr. 1/2014, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfúlýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
60. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2014 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
61. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkkt með dómi.
62. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagnar sem lágu fyrir í málinu.
63. Máli varðandi þjóðlendu á suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps var skotið til héraðsdóms og áfrýjað til Landsréttar. Úrskurður óbyggðanefndar var staðfestur á báðum dómstigum.
64. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög. Þá liggja fyrir dómur bæði héraðsdóms og Landsréttar sama efnis.
65. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendulaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

66. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
67. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist, enda færri slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
68. Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilvikum Hítardals byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
69. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
70. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kærenda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

71. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið, einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
72. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Hítardals. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda

í kröfulýsingu ríkisins í máli nr. 1/2014 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku Þjóðlendulaga.

73. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeiganda.
74. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða óbyggðanefndar sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
75. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi Þjóðlendulaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú, að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
76. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
77. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2014 hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að land Hítardals sem ekki var úrskurðuð Þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Um fjöllum óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2014, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fordæmi sem fyrir liggja.

78. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 313-314 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags 1. júlí 2020:

*Eins og áður segir miðast mörk Hítardals að austanverðu við vatnaskil samkvæmt þeim eldri heimildum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Að fengnum þeim gögnum sem hér var lýst um legu vatnaskilanna er ljóst að eldri heimildir mæla því í mót að suðaustasti hluti ágreiningssvæðisins hafi verið innan merkja Hítardals, nánar tiltekið sá hluti þess sem er suðaustan við vatnaskilin en þó norðvestan við kröfulinu gagnaðila íslenska ríkisins, eins og henni er lýst hér að framan. Samanburður á umræddum gögnum um legu vatnaskilanna og hinum eldri heimildum bendir jafnframt til þess að austasti hluti hins óumdeilda eignarlands Hítardals, þ.e. sá hluti þess sem liggur næst punkti 3 á kröfulinu íslenska ríkisins, hafi verið utan merkja Hítardals og kunni þar með að hafa verið utan merkja jarða. Ekki verður þó fjallað um eignarréttarlega stöðu umrædds hluta hins*

*óumdeilda eignarlands Hítardals í málinu, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.*

79. Landeigandi telur tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlega stöðu lands austan kröfulínu. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en afar takmörkuð sönnunarfærsla fór fram, eðli máls samkvæmt.
80. Ljóst er að land Hítardals náði frá öndverðu að Grjótá og jafnvel þótt niðurstaða óbyggðanefndar hafi verið önnur breytir það ekki því að land Hítardals hefur verið viðurkennt sem eignarland frá því að kröfulýsing og greinargerð íslenska ríkisins voru lagðar fram í málinu nr. 1/2014.
81. Þá er fjöldinn allur annar af rangfærslum og rangtúlkunum í tilvitnuðum hluta úrskurðarins í máli 1/2014, sem ekki er ástæða til að rekja hér, en farið verður yfir í málflytningi um efnishlið málsins, ef til kemur.
82. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.
83. Landeigandi leggur áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eiganda og forvera, sem styðja tilkall til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.
84. Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsgæða og mótmælir því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.
85. Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

86. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast*

*á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

87. Sambærilegt ákvæði er í 6. kaþítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjugangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
88. Það var fyrst við setningu landamerkjálaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrir en í kjölfar landamerkjálaga. Landeigandi byggir kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.
89. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjälögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjälýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
90. Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Landeigandi álitur að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.
91. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeiganda að honum sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
92. Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Landeigandi telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeiganda, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigandi minnir á að heimildarskjölum hans og forvera hans fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

93. Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.
94. Þá byggir landeigandi þrautavarakröfu sína einnig á því að hann og forvera hans hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

**Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar  
Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar  
Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991  
Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki  
Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978  
Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969  
Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni  
Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu  
Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986  
Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim  
Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998  
Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.  
Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna  
Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991

**Áskilnaður:**

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. landeiganda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Sérstök óbyggðanefnd  
Borgartúni 29,  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2023

## KRÖFULÝSING

Vísað er til tilkynningar sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022 um meðferð óbyggðanefndar á landsvæðum á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Meðal umræddra landsvæða er svæði (nr. 16 í tilkynningu) við norðausturmörk Svarfhóls og vísað til athugasemdar í úrskurði óbyggðarnefndar í máli nr. 1/2014. Í umfjöllun í kafla II í kröfulýsingu verður vísað til skjala sem lögð voru fram í tilgreindu máli eins og þau voru númeruð þar.

### I. Fyrirsvor og kröfugerð:

Umbjóðendur mínir, Þórólfur Árnason, kt. 240357-5269 og Margrét Baldursdóttir, kt. 280359-3519, til heimilis að Bergstaðastræti 80, Reykjavík, hafa falið undirrituðum lögmanni Kristni Bjarnasyni hrl., kt. 240364-2209, Lág múla 7, Reykjavík að fara með mál þetta fyrir þeirra hönd.

Umbjóðendur mínir, sem telja til beins eignarréttar að jörðinni Svarfhóli, Borgarbyggð, gera eftirfarandi kröfur:

#### 1. Aðalkrafa.

Aðallega að vísað verði frá óbyggðanefnd kröfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins samkvæmt 4.14 tölulið kröfulýsingar þess dags. 14. nóvember 2022 hvað varðar ágreiningssvæði Svarfhóls eins og það er skilgreint í varakröfu.

#### 2. Varakrafa.

Til vara er þess krafist að hafnað verði kröfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins samkvæmt 4.14 tölulið kröfulýsingar þess dags. 14. nóvember 2022 um að landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta samkvæmt uppdrætti í fylgiskjali nr. 1, hér eftir nefnt ágreiningssvæði Svarfhóls, verði úrskurðað þjóðlenda:

*Upphafspunktur er við Múlabrún (4) á mörkum þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps, frá þeim stað eftir brúnum Mýrdalsmúla í Tindaborg (2), þaðan áfram eftir brún Mýrdalsmúla í suðvestur í Mýrhjúki (3), frá þeim stað í Grjótá (4). Grjótá fylgt þaðan þangað sem hún á upptök, í Grjótárvatni (5) og þaðan er þjóðlendumörkum fylgt aftur að upphafspunkti á Múlabrún (4).*

Þess er jafnframt krafist að úrskurðað verði að tilgreint landsvæði sé undirorpið beinum eignarrétti umbjóðenda minna sem þinglýstra eigenda jarðarinnar Svarfhóls í Borgarbyggð.

### 3. Málskostnaðarkrafa.

Þess er krafist að íslenska ríkið verði úrskurðað til greiðslu alls málskostnaðar umbjóðenda minna að skaðlausu í samræmi við málskostnaðarreikninga sem lagðir verða fram fyrir óbyggðanefnd.

## II. Helstu rök og heimildir:

### A. Aðild og fyrri málsmeðferð.

1. Umbjóðendur mínir eru þinglýstir eigendur jarðarinnar Svarfhóls með fastanúmer 211-2610 og landnúmer 136034 samkvæmt skiptayfirlýsingu dags. 7. mars 2016 við skipti á dánarbúi Bjarna Valtýs Guðjónssonar, kt. 170229-4879, sem lést þann 28. júní 2015, (fylgiskjal nr. 2 ). Í kröfulýsingu þessari verða umbjóðendur mínir hér eftir nefndir „eigendur Svarfhóls“.
2. Almennri málsmeðferð óbyggðanefndar um það landsvæði, sem mál þetta varðar, lauk með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2014 sem kveðinn var upp þann 11. október 2016. Sá hluti þess úrskurðar sem mestu máli skiptir fyrir jörðina Svarfhól í fyrrum Hraunhreppi og nú Borgarbyggð var landsvæði sem afmarkað er sem „Land suðaustan vatnaskila suðaustan Hítardals“ sbr. kafli 6.3.3.2 í niðurstöðukafla úrskurðarins.
3. Á kröfulýsingarfresti í málinu nr. 1/2014 var lýst kröfum fyrir eigendur Svarfhóls, Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals með kröfulýsingu dags. 31. mars 2014 (skjal nr. 10) svohljóðandi kröfugerð:

*„Í kröfugerð ríkisins á svæði 8 vestur virðast gerðar þjóðlendukröfur í ofangreind lönd að svo óverulegu leyti að eigendur framangreindra landsvæða ganga út frá því að mistök sé að ræða sem leiðrétt verði.*

*Fari svo að íslenska ríkið leiðrétti ekki kröfur þ.a. samræmist þinglýstum og samþykktum landamerkjabréfum fyrrgreindra landsvæða áskilja eigendur þeirra sér rétt til þess að koma að kröfulýsingum til óbyggðanefndar þar sem landamerkjum er nákvæmlega lýst og vísa til eignarheimilda og annarra skjala sem styðja kröfur um beinan eignarrétt eigenda tittnefndra landsvæða.“*

4. Í fundargerð óbyggðanefndar frá 5. maí 2014 (skjal nr. 12.1) var bókað:

*„1. Frágangur kröfulína lögmanns/aðila og skortur á kröfum.*

*Þann 2. maí sendi skrifstofa óbyggðanefndar, lögmonnum tölvupóst þar sem þeim var bent á fláka á kröfulínukortunum sem ekki eru gerðar kröfur í. Einnig var bent*



*á að á tilteknum svæðum þyrftu aðilar að samræma línur. Óskað er eftir því að lögmennt gangi frá samræmingarvinnu sem fyrst svo unnt sé að leggja kröfulínukortin fullunnin inn í málin.*“

5. Í fundargerð óbyggðanefndar frá 7. nóvember 2014 segir:

*„Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins tilkynnir að vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á kröfulínum sé aðild eigenda, Helgastaða, Svarfhóls og fjallendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals að málinu lokið.*“

6. Í fundargerð óbyggðanefndar 10. nóvember 2014 (skjal nr. 12.8) um aðalmeðferð máls nr. 1/2014 var eftirfarandi bókað eftir lögmanni fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins:

*„Lögmaðurinn lýsir því yfir að kröfulínur íslenska ríkisins og gagnaðila þess hafi verið samræmdar að öllu leyti. Því sé ekki lengur ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins. Kröfulína ríkisins náði inn fyrir landamerki Svarfhóls og Ytri- og Syðri Hraundals hafi verið leiðrétt. Línan hafi farið inn á þær jarðir fyrir mistök og því hafi verið fallið frá þeim kröfum af hálfu íslenska ríkisins.*“

7. Samkvæmt framangreindu var það samdóma niðurstaða allra sem hagsmuna höfðu að gæta að mörk ágreiningslandsins þ.e. suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps við jarðirnar Svarfhól, Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal væru þar sem kröfulínur málsaðilanna, íslenska ríkisins og Borgarbyggðar voru endanlega og samhljóða dregnar.
8. Af framangreindu má jafnframt draga þá ályktun að upphafleg þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli nr. 1/2014 hafi að einhverju leyti náð inn á það svæði sem ríkið gerir nú að nýju kröfu til að verði úrskurðuð þjóðlenda.
9. Þar með var ekki og er ekki ágreiningur um landamerki þess svæðis sem tilgreint er sem „suðausturhluti Fjallendis Hraunhrepps“ við jarðirnar Helgastaði, Svarfhól, Fjallendi Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundal. Fjármálaráðherra samþykkti þau merki fyrir hönd íslenska ríkisins vegna þjóðlendu á umræddu svæði, svo og eigendur umræddra jarða en eigandi Fjallendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals var og er sveitarfélagið Borgarbyggð. Tekið skal fram að þegar Álfþaneshreppur (nú hluti Borgarbyggðar) seldi jörðina Ytri-Hraundal árið 1929 hélt sveitarfélagið eftir í sinni eigu Fjallendi Ytri-Hraundals sjá kaupsamning dags. 23. nóvember 1929 á fylgiskjali nr. 7 og umfjöllun um Ytri-Hraundal í Byggðum Borgarfjarðar III, útgáfuár 1993, bls. 323 á fylgiskjali nr. 5.
10. Umrædd landamerkjalinna milli suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps og tilgreindra jarða var því niðurstaða sáttar milli allra aðila sem áttu hagsmuni af staðsetningu landamerkjanna sem gerð var undir rekstri máls fyrir óbyggðanefnd og þar með endanleg og bindandi niðurstaða.

11. Í samræmi við það sem að framan er rakið byggja eigendur Svarfhóls á því að bindandi niðurstaða hafi náðst um afmörkun ágreiningssvæðisins í máli nr. 1/2014 og þar með landamerki þess gagnvart jörðum sem áttu land að því þ.m.t. Svarfhóli og Fjalllendi Ytri-Hraundals auk innbyrðis landamerkja umræddra jarða. Eigendur Svarfhóls una þeirri niðurstöðu og gera ekki nú frekar en áður kröfur til þess lands sem afmarkast frá **Múlabrún (4)** í **Álftaskörð (1)** og þaðan í **Tindaborg (2)** í uppdrætti á fylgiskjali nr. 1 sem samkvæmt framangreindri niðurstöðu tilheyrir Fjalllendi Ytri-Hraundals.

12. Í niðurstöðukafla úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 segir á bls. 320:

*„Að öllu því virtu sem að hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á suðaustanverðu ágreiningssvæðinu gagnvart Svarfhól og Fjalllendi Ytri-Hraundal sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923. Þá fá landamerkjabréf Svarfhóls, frá árinu 1883, og Ytri- Hraundals, einnig frá árinu 1883, ekki breytt þeirri niðurstöðu að afréttarland Hraunhrepps hafi náð a.m.k. svo langt til suðurs. Það hvort land Svarfhóls nái eftir atvikum skemur til norðausturs en að mörkum ágreiningssvæðisins kemur aftur á móti ekki til frekari skoðunar, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr., 571/2016 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkið eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.“*

13. Um eignarréttarlega stöðu á ágreiningssvæðinu sem var afmarkað með þeim hætti sem að framan greinir varð niðurstaða sú að Borgarbyggð hefði ekki tekist að sýna fram á fullkominn eignarrétt og svæðið því úrskurðað þjóðlenda með afréttarrétti jarða í fyrrum Hraunhreppi, nú Borgarbyggð svo sem nánar greinir á bls. 340 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.

14. Borgarbyggð höfðaði mál til ógildingar úrskurði óbyggðanefndar um umrætt svæði og lauk þeim málarekstri með dómi Landsréttar í máli nr. 515/2021 sem kveðinn var upp þann 4. nóvember 2022. Í dóminum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins sem afmarkað er sem suðausturhluti Fjalllendis Hraunhrepps. Í forsendum Landsréttar var sérstaklega tekið fram að ekki væri deilt um landfræðilega afmörkun þess svæðis.

15. Samkvæmt framangreindu er ljóst að ágreiningssvæði Svarfhóls getur ekki verið eða orðið hluti af þjóðlendunni sem kennd er við suðausturhluta Fjalllendis Hraunhrepps.

#### **B. Tilgangur og grundvöllur laga nr. 34/2020 – Krafa um frávísun.**

16. Með lögum nr. 34/2020 sem tóku gildi 19. maí 2020 var bætt við 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 svohljóðandi ákvæði sem 7. mgr.:

*„Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Jafnframt er nefndinni heimilt að taka til meðferðar almenninga stöðuvatna á landinu öllu. Um málsmeðferð fer eftir lögum þessum.“*

17. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að breytingalögum var heimild þessi tengd þeim tilgangi þjóðlendulaganna að eyða óvissu um eignarréttarlega stöðu lands. Í greinargerðinni voru jafnframt uppi þau sjónarmið að beita skyldi hóflega heimildum til að auka við kröfur og gera nýjar kröfur í landshlutum þar sem málsmeðferð væri lokið enda hafi slíkt ætíð verið ætlunin þó ekki væri hvikað frá því meginmarkmiði að útrýma eigendalausum svæðum.
18. Í upphafi málsmeðferðar sérstakrar óbyggðanefndar kom til skoðunar hvort uppfyllt væru lagaskilyrði til að taka að nýju fyrir landsvæði sem þegar hafði verið úrskurðað um hvað varðar hvort umrædd lagaheimild stangaðist á við æðri réttarheimildir, ekki væru uppfyllt skilyrði ákvæðisins um athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð íslenska ríkisins og ekki væru fyrir hendi skilyrði stjórnarsýsluréttar að ákvæðinu sem er heimildarákvæði.
19. Afstaða sérstakrar óbyggðanefndar til þessara álitafna kom fram í tilkynningu dags. 11. ágúst 2022 en þar sagði:  
  
*„Að mati nefndarinnar er fullnægt skilyrðum 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að taka umrædd sautján landsvæði til meðferðar, enda skýrt af athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020 að löggjafinn telji enn geta leikið vafa á um hvort landsvæðin séu eignarlönd.  
Athugasemdir sem nefndinni hafa borist, m.a. um réttmætar væntingar og að þegar hafi verið ráðið til lykta í einstaka tilvikum hvar mörk þjóðlendna og eignarlanda liggja, teljast á hinn bóginn til efnisatriða málsins og verður afstaða tekin til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð skv. III. kafla laga nr. 58/1998.“*
20. Eins og áður greinir laut athugasemd óbyggðanefndar að því hvort land Svarfhóls næði „eftir atvikum“ skemur til norðausturs en að mörkum ágreiningssvæðisins eins og það var afmarkað af málsaðilum þ.e. íslenska ríkinu og Borgarbyggð. Í athugasemdinni er vísað til landamerkjabréfa Svarfhóls og Ytri-Hraundals.
21. Athugasemdin varðaði hins vegar ekki landamerki Svarfhóls að öðru leyti og þar á meðal ekki við Helgastaði (Múlasel) í Grjótá frá Brúarklettum upp í Grjótárvatn enda þau skýr og lýst á sama veg í öllum gögnum málsins.
22. Á því er byggt af hálfu eigenda Svarfhóls að kröfugerð fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í þessu máli sé ekki í neinu samræmi við efni athugasemdarinnar sem málsmeðferðin er reist á.
23. Af hálfu eigenda Svarfhóls er á því byggt í fyrsta lagi að ekki sé um að ræða athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins heldur sé einungis verið að benda á að

Það atriði sem vísað var til kæmi ekki til frekari skoðunar af hálfu óbyggðanefndar. Eðli máls samkvæmt og með vísan til lögskýringargagna verði að skýra heimildarákvæðið þröngri orðskýringu þ.e. að efni þess geti ekki orðið víðtækara en orðalag þess gefur beinlínis til kynna. Þannig verði heimild óbyggðanefndar einungis bundin við „athugasemd við kröfugerð ráðherra“ en ekki almennar bollalengingar um að „eftir atvikum“ séu landamerki önnur en málsaðilar miðuðu kröfugerð sína við. Á því er byggt að tilgreining norðausturmerkja Svarfhóls í umfjöllun um frumvarp til laga nr. 34/2020 geti ekki léð ákvæðinu víðtækari merkingu en orð ákvæðisins leyfa.

24. Verði ekki fallist á framangreint er á því byggt að við mat á beitingu heimildar 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga sé óbyggðanefnd bundin af almennum stjórnsýslureglum og þannig þurfi ákvörðun meðal annars að byggja á málefnalegum ástæðum og að gætt sé meðalhófs.
25. Af hálfu eigenda Svarfhóls er á því byggt að ekki séu fyrir hendi málefnalegar ástæður til að taka að nýju til meðferðar landsvæði sem lagt var til grundvallar að væri innan landamerkja jarðarinnar við meðferð máls nr. 1/2014 sbr. umfjöllun hér að framan enda engin óvissa um eignarréttarlega stöðu þess. Landsvæði þetta er og landfræðilega í eðlilegum tengslum við aðra hluta jarðarinnar og hefur verið í umráðum og notum eigenda Svarfhóls sbr. umfjöllun hér á eftir.
26. Um íþyngjandi ákvörðun er ræða gagnvart eigendum Svarfhóls og ekki liggur fyrir að þörf hafi verið að taka umrætt landsvæði til meðferðar að nýju fyrir óbyggðanefnd til þess að framangreindum tilgangi og markmiði þjóðlendulaga yrði náð.
27. Þegar af framangreindum ástæðum er á því byggt að vísa beri frá óbyggðanefnd kröfum fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins til þess landsvæðis sem er innan landamerkja Svarfhóls. Tekið skal fram að verði ekki fallist á frávísun er jafnframt byggt á framangreindum málsástæðum til stuðnings varakröfu eigenda Svarfhóls.

### **C. Umfjöllun um varakröfu – Landamerki og eignarréttarleg staða ágreiningssvæðis Svarfhóls.**

28. Verður nú fjallað nánar um gögn um landamerki Svarfhóls og eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðis Svarfhóls.
29. Í landamerkjabréfi Svarfhóls frá 8. desember 1883, þinglýst 3. júlí 1889, segir (skjal nr. 2(20):

*„1. Milli Svarfhóls og Ytrihaundals: Í fyrstu ræður stór þúfa, sem á framanverðum Svarfhólsmúla eða á bjarginu stendur og á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli, en þaðan að neðra undir fjallinu, sjónhending úr Mýrinni í læk þann, sem kallaður er Landamerkjælækur, þar sem hann sig saman tekur úr Mýrinni austan til við Svarfhólsmúla, síðan ræður sá lækur fram í Melsá.*

2. *Milli Svarfhóls og Múlasels. Grjótá skiftir löndum frá Grjótárvatni og niður að svonefndum Brúarklettum.*

3. *Milli Svarfhóls og Staðarhrauns ræður sjónhending í vörðu fyrir sunnan Staðarhraunsstekk;úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Hnjúkana, því næst í Hnúkalæk, þá ræður Hnúkalækur allt ofaní Melsá.*

4. *Milli Svarfhóls og Mels ræður Melsá þar til fyrnefndur landamerkjalækur kemur fram í hana.“*

30. Fyrir liggur að framangreind lýsing í landamerkjabréfi Svarfhóls á landamerkjum við aðrar jarðir, en Ytri-Hraundal, voru í fullu samræmi við landamerkjalyýsingar þeirra jarða.

31. Í landamerkjalyýsingu Ytri-Hraundals frá september 1883 sem þinglýst var 3. júlí 1889 (skjal nr. 2(27)) sagði um mörk við Svarfhól:

*„Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan miðjum mýrhnjúk af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni. Síðan sjónhending í læk þann sem rennur gegnum melana, vestur undan gömlu fjárhústóftunum svo ræður sá lækur ofan í Melsá.“*

32. Í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Hraunhrepps (Fjalllendi Hraunhrepps) frá í júlí 1923 segir um mörk á móti Hítardal, Helgastöðum, Múlaseli (nú Helgastaðir) og Svarfhóli:

*„Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína í austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudal (733 m) þaðan ráða hæðstu brúnir sunnan dalsins í hæðsta hnjúkinn í norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu. Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll, þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert, um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin, þaðan ráða hæstu brúnir inn í Álftaskörð.“*

33. Af framangreindum landamerkjalyýsingum Ytri-Hraundals og afréttarlands Hraunhrepps virðist mega ráða að lítið hafi verið svo á að Svarfhóll hafi átt landamerki að Fjalllendi Hraunhrepps alveg frá Grjótárvatni að Álftaskörðum. Eins og áður greinir varð það niðurstaða eigenda Svarfhóls og Ytri-Hraundals undir rekstri máls nr. 1/2014 að miða merki milli jarðanna á norðausturmörkum við ágreiningssvæðið við punkt 8 „múlabrún hinumegin“ sem var lýsing íslenska ríkisins eða í punkt 18 „vatnaskil norðaustan Tindaborgar“ sem var lýsing Borgarbyggðar. Þessi punktur er merktur 4 uppdrætti eigenda Svarfhóls á fylgiskjali nr. 1.

34. Þó hægt hefði verið að lýsa landamerkjum Svarfhóls á norðausturmörkum við Ytri-Hraundal með nákvæmari hætti í landamerkjabréfi Svarfhóls er til þess að líta að sama ár var merkjum milli jarðanna lýst nánar í landamerkjabréfi Ytri-Hraundals.

35. Í úrskurði óbyggðanefndar nr. 1/2014 segir á bls. 319:

*„Kröfulínurnar eru í samræmi við landamerkjabréf Svarfhóls að því leyti að miðað er við Grjótárós. Nyrsti punkturinn sem nefndur er í lýsingu á austurmerkjum Svarfhóls, gagnvart Ytri-Hraundal, í landamerkjabréfinu er aftur á móti Mýrdalsmúli en hann er nokkru sunnar en suðurmerki ágreiningssvæðisins samkvæmt kröfulýsingum málsaðila. Mýrdalsmúli er jafnframt nyrsti punkturinn sem getið er um í lýsingu á merkjum milli Svarfhóls og Ytri-Hraundals í lögfestu Hítardals, frá árinu 1699.“*

36. Án þess þó að það sé fyllilega skýrt virðist mega draga þá ályktun af umfjöllun og athugasemd óbyggðanefndar að nefndin hafi talið að Mýrdalsmúli næði ekki í framangreinda punkta 8 og 18 („múlabrún hinumegin“ – „vatnaskil norðaustan Tindaborgar“).

37. Eigendur Svarfhóls telja að tilgreind athugasemd óbyggðanefndar þannig skilin eigi ekki rétt á sér svo hér nánar greinir.

38. Mýrdalsmúli er fjall eða fjallgarður sem liggur í suðvestur norðaustur stefnu. Fremstu (syðstu) eggjar hans eru þar sem fjármálaráðherra staðsetur punkt nr. 3 í kröfugerð sinni ( Mýrhjúkur í uppdrætti eigenda Svarfhóls á fylgiskjali nr. 1) en frá þeim stað liggur hann til norðausturs í Tindaborg í punkt nr. 2 sem er á Mýrdalsmúla og þaðan í „múlabrún hinumegin“ þ.e. í punkt nr. 8 og 18 í úrskurði óbyggðanefndar nr. 1/2014. Sú múlabrún sem þarna er vísað til getur ekki verið annað en norðausturendi eða brún Mýrdalsmúla enda ekki öðrum múla eða örnefnum með því heiti til að dreifa á þessum stað. Ljósmyndir af ágreiningssvæði á fylgiskjali nr. 11 sýna vel legu Mýrdalsmúla og kennileitin Mýrhjúk, Tindaborg og Múlabrún.

39. Þetta rímar við landamerkjalyýsingu Svarfhóls þar sem segir að frá stórri þúfu á Svarfhólsmúla eða bjarginu og „á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli“. Sjónhending merkir í þessu samhengi bein lína en þarf ekki að vera sjónlína.

40. Í þessu sambandi má benda á umfjöllun í örnefnaskrá Ytri-Hraundals sbr. fylgiskjal nr. 4 en þar segir meðal annars:

*„Upp af bænum, upp með Borgardalsgili, er dalur, bæði djúpur og nokkuð breiður, er heitir Borgardalur (41). Vestan hans er svo Svarfhólsmúlinn og lægð, sem merkin liggja yfir og heitir Mýrdalur (42). Hann er grunnur, og meiri hluti hans mun vera í Svarfhólslandi. En Mýrdalsmúlinn hækkar, og upp á honum er borgarmyndaður klettur vestan við fremstu drög Borgardals, er heitir Tindaborg (43).“*

41. Í bókinni Byggðir Borgarfjarðar III, útgáfuár 1993 er umfjöllun um Svarfhól, Ytri-Hraundal og aðliggjandi afréttarlönd sbr. fylgiskjal nr. 5. Þar er meðal annars að finna uppdrátt sem sýnir hvernig landamerki Svarfhóls liggja til norðausturs eftir Svarfhólsmúla, í Mýrhjúk, þaðan eftir Mýrdalsmúla í Tindaborg og á múlabrún

suðaustan við Rauðhálsa. Áréttað skal að þessi mörk eru í samræmi við það sem aðilar urðu sammála um við meðferð óbyggðamáls nr. 1/2014 og í samræmi við kröfugerð eigenda Svarfhóls í þessu máli og uppdrátt þeirra á fylgiskjali nr. 1.

42. Í kröfulýsingu fjármálaráðherra kemur fram að hann byggi kröfulínur fyrst og fremst á títtnefndri athugasemd óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014. Á þeim grundvelli hefur fjármálaráðherra sett fram kröfur um þjóðlendu vegna alls lands Svarfhóls sem liggur norðan við punkt nr. 3 í Mýrhjúk. Í kröfulýsingu ríkisins er dregin lína beint í vestur frá punkti 3 á Mýrhjúk í punkt 4 í Grjótá sem staðsettur er í ánni án nokkurra tenginga við náttúrufyrirbæri eða örnefni í eða við ána. Íslenska ríkið krefst svo alls lands austurhluta Grjótárdals upp með Grjótá frá þessum punkti 4 upp að Grjótárvatni.
43. Kröfugerð íslenska ríkisins byggir á þeirri forsendu að að Grjótárdalur austan Grjótár, frá punkti 4 í Grjótá upp að Grjótárvatni hafi aldrei verið hluti jarðarinnar Svarfhóls og sé þar af leiðandi þjóðlenda.
44. Af hálfu eigenda Svarfhóls er á því byggt að kröfugerð þessi eigi sér enga stoð hvort heldur er í gögnum eða sjónarmiðum sem hafa ráðið lyktum í þjóðlendumálum á undanförunum árum.
45. Jörðin Svarfhóll með þeim landamerkjum sem eigendur jarðarinnar telja bindandi er flatarmáli 1.646 hektarar og þar af 428 hektarar innan kröfulínu íslenska ríkisins.
46. Saga jarðarinnar Svarfhóls nær allt aftur til Sturlungaaldar en hennar er getið í Sturlungu þar sem greinir frá sáttagerð Snorra Sturlusonar og Þórðar bróður hans sbr. fylgiskjöl nr. 5 og 6.
47. Elstu umfjöllun í fyrirliggjandi gögnum um mörk Svarfhóls er að finna í vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Staðarhraunskirkju, frá 1. september 1658 (skjal nr. 2 (133) a-b.) þar segir:

*„Sidan rædur að Sunnann millum Stadarhrauns og Svarfhöls griötöa framan undan Raudhalsum og heim i Bruarkletta..“*

48. Af þessari lýsingu má glögg ráða að jörðin Svarfhóll átti á þessum tíma land austan Grjótár allt upp að Rauðháls sum sem eru gígar austan megin Grjótár við suðurenda Grjótárvatns sem óhjákvæmilega felur í sér að austanverður Grjótárdalur niður að Brúarklettum tilheyrði jörðinni.
49. Grjótárdalur og inndalir hans s.s. Hrossadalur eru eins og nöfnin gefa til kynna dalir sem afmarkast af fjalllendi sem að þeim liggja. Eins og títt er afmörkuðust landamerki Svarfhóls á ágreiningssvæðinu af náttúrulegum aðstæðum þ.e. að vestanverðu af Grjótá frá Brúarklettum upp að Grjótárvatni og að austan af brúnum Svarfhólsmúla og Mýrdalsmúla.
50. Í ritinu Byggðir Borgarfjarðar III (fylgiskjal nr. 5) segir í umfjöllun um Svarfhól:

*„Land Svarfhóls er að hluta fjalllendi, en jörðin á Grjótárdal austanverðan inn að Grjótárvatni .. „*

51. Í gegnum tíðina hafa eigendur Svarfhóls haft eignarráð og öll venjuleg not af ágreiningssvæði Svarfhóls s.s. beitarafnot og hafa þeir smalað austanverðan Grjótárdal upp að Grjótárvatni og Rauðhálsunum sem heimaland. Þá hafa eigendur Svarfhóls veiðirétt í Grjótá innan marka ágreiningssvæðis Svarfhóls og hafa haft af þeim rétti allan arð. Á ágreiningssvæði Svarfhóls eru um 10 merktir veiðistaðir í Grjótá sjá veiðikort Hítarár II og Grjótár á fylgiskjali nr. 10.
52. Meginhluti ágreiningssvæðis Svarfhóls er velgróið land á láglandi og fær ekki staðist að slíkt land hafi ekki fylgt jörðinni, sem eins og áður segir, var þegar orðin til sem sérgreind jörð á Sturlungaöld.
53. Í örnefnalýsingu Svarfhóls er fjöldi örnefna, tilgreind eru innan jarðarinnar, sem eru á ágreiningssvæði Svarfhóls s.s. Þverbrekkur, Hrossadalur, Sel, Hrossadalskúla, Mjódalur, Móbergfell og Skarpahlíð. Nánar um þetta má vísa til örnefnaskrár Svarfhóls á fylgiskjali nr. 3 og uppdráttar eigenda Svarfhóls á fylgiskjali nr. 1.
54. Að mati eigenda Svarfhóls sýnir það að kröfulína ríkisins kemur í Grjótá (punktur 4) nokkru fyrir neðan fyrrum bæjarstæði Múlasels á vesturbakka Grjótár hversu langsótt og raunar fráleit kröfugerðin er.
55. Í fyrsta lagi er ekkert í gögnum sem styður að land Svarfhóls hafi ekki náð lengra til norðurs en í punkt nr. 4 í Grjótá og á sá punktur sér raunar enga stoð.
56. Í öðru lagi var landamerkjum almennt ekki lýst eftir áttum á þeim tíma sem hinar umþrættu landamerkjalyýsingar voru gerðar heldur vísað til náttúruyfyrirbæra, kennileita og örnefna í landslagi og eftir atvikum sjónhending (bein lína) látin ráða á milli slíkra kennileita.
57. Eigendur Svarfhóls byggja á því að það styðji kröfur þeirra um að ágreiningssvæði Svarfhóls sé fullkomið eignarland að sambærileg land vestan við og austan sem liggur að ágreiningslandinu er fullkomið eignarland Helgastaða og Ytri-Hraundals sbr. hliðsjónar hrd. í máli nr. 41/2020.
58. Að öllu framangreindu telja eigendur Svarfhóls ljóst að kröfugerð fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að ágreiningssvæði Svarfhóls sé þjóðlenda eigi sér enga stoð og jafnframt liggja fyrir að umrætt svæði sé að innan landamerkja Svarfhóls og hluti þeirrar jarðar og undirorpið fullkomnum eignarétti með sama hætti og aðrir hlutar hennar.

#### **D. Krafa um málskostnað.**

59. Af hálfu eigenda Svarfhóls er þess krafist að þeim verði bættur allur áfallinn og útlagður kostnaður sem hlýst af málsmeðferð þessari, hvort sem er vegna aðstoðar



lögmanns og annarra sérfræðinga og þeirra eigin vinnu í samræmi við reikninga sem lagðir verða fram undir rekstri málsins.


60. Um grundvöll málskostnaðarkröfu er vísað til 17. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998.

**E. Áskorun og almennur fyrirvari.**

61. Með þeim rökum sem að framan greinir um grundvöll lagaákvæðis sem málarekstur þessi er reistur á, greindra sjónarmiða stjórnsluréttarins og um efnisleg atriði skora eigendur Svarfhól á íslenska ríkið að falla frá þjóðlendlukröfum um ágreiningssvæði Svarfhóls.

62. Áskilinn er réttur til að koma að frekari málsástæðum, lagarökum og gögnum á síðari stigum meðferðar máls þessa eftir því sem tilefni verða til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Þórólfs Árnasonar og Margrétar Baldursdóttur



Kristinn Bjarnason hrl.

Fylgiskjöl:

- Nr. 1. Uppdráttur eigenda Svarfhóls með innfærðum kröfulinum og punktum.
- Nr. 2. Veðbandayfirlit ásamt skiptayfirlýsingu.
- Nr. 3. Örnefnaskrá – Svarfhóll.
- Nr. 4. Örnefnaskrá – Ytri-Hraundalur.
- Nr. 5. Ljósrit úr ritinu: Byggðir Borgarfjarðar III Mýrasýsla og Borgarnes útgáfuár 1993.
- Nr. 6. Útprintun af vef Stofnunar Árna Magnússonar um bæjarnafnið Svarfhóll.
- Nr. 7. Kaupsamningur dags. 23.11.1929.
- Nr. 8. Útprintun úr fasteignaskrá um Fjalllendi Ytri-Hraundals.
- Nr. 9. Herforingjakort, 1910.
- Nr. 10. Veiðikort Hítará II og Grjótá.
- Nr. 11. Ljósmyndir af ágreiningssvæði Svarfhóls.

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Kópavogi, 28. mars 2023

### KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Fjallendis Ytri Hraundals í Borgarbyggð, L219481

#### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

#### **Aðild og fyrirvar:**

Landeigandi:

Sveitarfélagið Borgarbyggð, kt. 510694-2289, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeiganda á hinu umdeilda landi sem fellur innan merkjalýsingar landamerkjabréfs jarðarinnar, þ.e. allt land innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi upprætti:

*Upphafspunktur er við mörk þjóðlendunnar suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps á vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (1). Þaðan er farið suðaustur í Tindaborg (2) og þaðan á móti landamerkjum Svarfhóls norður að s.k. Múlabrún á hornmarki fyrrnefndrar þjóðlendu, Svarfhóls og Fjallendis Ytri-Hraundals (3).*

Til þrautavara krefst landeigandi þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

## Málavextir og helstu málsástæður:

### Um landnám og landamerki:

1. Hraundalirnir báðir eru upphaflega í landnámi Skallagríms, en síðan fékk Steinólfur nokkur land frá honum eins og nánar er lýst í Landnámu: *Steinólfur hét maður, er nam Hraundal hvorntveggja allt millum Álftár og Hitár og upp til Grjótár og bjó í hinum syðra Hraundal.*
2. Landamerkjabréf Ytri-Hraundals var útbúið í september 1883 og því var þinglýst 3. júlí 1889, en þar segir:

1. Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan á miðjum mýrhnik af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni. Síðan sjónhending í læk þann sem rennur gegnum melana, vestur undan gömlu fjárhústóftunum svo ræður sá lækur ofan í Melsá. –

2. Millum Hraundals og Mels – frá Melsá þar sem lækur í hana rennur, neðanvert við miðjan bóndahvamm sjónhending suður í klett á hraunbarðinu, með klöppuðum + á, þaðan sjónhendingu í vörðu, hjá stíg sem liggur ofan hraunið, svo ofan í stígamótin.

3. Millum Hraundals og Álftá, sjónhending úr stígamótum í Arnarklett.

4. Millum Haundalanna úr fyrrnefndum Álftaskörðum (skarðið), sjónhending í landamerkjaskriðu norðanvert við Þrætuflóa, á neðri Slídal úr skriðunni, sjónhending yfir Þrætuflóa ... í hraunsnef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídalsá ofan að fossinum fyrir sunnan rauðhálsa. Svo úr fossinum sjónhending í lítið hraunbarð innarlega á innri völlum. Þar er klappaður + í klett. Svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á neðan-vert við vellina. Þaðan beint í vörðu í miðju hrauninu útnorður undan Seltóftunum, þaðan beint í Kjaraklett, svo ofan hraunið til hádegishóls, austan til við alfaraveginum millum bæjanna, úr þessum hól sjónhending í Grjóthól, eftir sömu línu í Arnarklett.

3. Jörðin Ytri-Hraundalur komst í eigu Álftaneshrepps í lok 19. aldar eða upphafi 20. aldar. Hreppurinn seldi jörðina með kaupsamningi, dags. 23. nóvember 1929, að undanskildu fjallendinu sem svo er lýst í kaupsamningnum: *Að undanteknu fjallandi á Svarfhólsmúla og Selfjalli, á fremstu brúnir og dalnum Hraundal, fyrir innan beina línu úr svonefndum Klauðhamri í Kjaraklett...* Landið komst í eigu landeiganda við sameiningu sveitarfélaga.
4. Lýsing landamerkjabréfsins og kaupsamningsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan nær yfir og er óefað eignarland. Um það voru íslenska ríkið og landeigandi sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

5. Þann 21. febrúar 2008 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar tiltekið svæði 8B, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.
6. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingu, þann 10. desember 2013, þar sem gerðar voru umfangsmiklar þjóðlendukröfur á svæðinu.

7. Á kröfulýsingarfresti í málinu nr. 1/2014 var lýst kröfum fyrir eigendur Svarfhóls, Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals með kröfulýsingu, dags. 31. mars 2014, með svohljóðandi kröfugerð:

*Í kröfugerð ríkisins á svæði 8 vestur virðast gerðar þjóðlendukröfur í ofangreind lönd að svo óverulegu leyti að eigendur framangreindra landsvæða ganga út frá því að mistök sé að ræða sem leiðrétt verði. ... Fari svo að íslenska ríkið leiðrétti ekki kröfur þ.a. samræmist þinglýstum og samþykktum landamerkjabréfum fyrrgreindra landsvæða áskilja eigendur þeirra sér rétt til þess að koma að kröfulýsingum til óbyggðanefndar þar sem landamerkjum er nákvæmlega lýst og vísa til eignarheimilda og annarra skjala sem styðja kröfur um beinan eignarrétt eigenda títtnefndra landsvæða.*

8. Í fundargerð óbyggðanefndar frá 5. maí 2014 (skjal nr. 12.1) var bókað:

1. *Frágangur kröfulína lögmanns/aðila og skortur á kröfum.*

*Þann 2. maí sendi skrifstofa óbyggðanefndar, lögmonnum tölvupóst þar sem þeim var bent á fláka á kröfulínukortunum sem ekki eru gerðar kröfur í. Einnig var bent á að á tilteknum svæðum þyrftu aðilar að samræma línur. Óskað er eftir því að lögmenngangi frá samræmingarvinnu sem fyrst svo unnt sé að leggja kröfulínukortin fullunnin inn í málin.*

9. Í fundargerð óbyggðanefndar frá 7. nóvember 2014 segir:

*Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins tilkynnir að vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á kröfulínum sé aðild eigenda, Helgastaða, Svarfhóls og fjallendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals að málinu lokið.*

10. Í fundargerð óbyggðanefndar 10. nóvember 2014 (skjal nr. 12.8) um aðalmeðferð máls nr. 1/2014 var eftirfarandi bókað eftir lögmanni fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins:

*Lögmaðurinn lýsir því yfir að kröfulínur íslenska ríkisins og gagnaðila þess hafi verið samræmdar að öllu leyti. Því sé ekki lengur ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins. Kröfulína ríkisins náði inn fyrir landamerki Svarfhóls og Ytri- og Syðri Hraundals hafi verið leiðrétt. Línan hafi farið inn á þær jarðir fyrir mistök og því hafi verið fallið frá þeim kröfum af hálfu íslenska ríkisins.*

11. Samkvæmt framangreindu var það samdóma niðurstaða allra sem hagsmuna höfðu að gæta, að mörk ágreiningslandsins, þ.e. suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps við jarðirnar Svarfhól, Ytri-Hraundal, Fjallendi Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundal, væru þar sem kröfulínur málsaðilanna, íslenska ríkisins og Borgarbyggðar voru endanlega og samhljóða dregnar.

12. Þar með var ekki og er ekki ágreiningur um landamerki þess svæðis sem tilgreint er sem „suðausturhluti Fjallendis Hraunhrepps“ við jarðirnar Helgastaði, Svarfhól, Fjallendi Ytri-Hraundals, Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal. Fjármálaráðherra samþykkti þau merki fyrir hönd íslenska ríkisins vegna þjóðlendu á umræddu svæði, svo og eigendur umræddra jarða, en eigandi Fjallendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals var og er sveitarfélagið Borgarbyggð. Tekið skal fram að þegar Álfthaneshreppur (nú hluti Borgarbyggðar) seldi jörðina Ytri-Hraundal árið 1929 hélt sveitarfélagið eftir í sinni eigu Fjallendi Ytri-Hraundals, sjá kaupsamning

dags. 23. nóvember 1929 og umfjöllun um Ytri-Hraundal í Byggðum Borgarfjarðar III, útgáfuár 1993, bls. 323.

13. Umrædd landamerkjalin milli suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps og tilgreindra jarða var því niðurstaða sáttar milli allra aðila sem áttu hagsmuni af staðsetningu landamerkjanna og þar með skuldbindandi sem samningur um þau.
14. Landeigandi byggir á því að bindandi niðurstaða hafi náðst um afmörkun ágreiningssvæðisins í máli nr. 1/2014 og þar með landamerki þess gagnvart jörðum sem áttu land að því, þ.m.t. Fjallendi Ytri-Hraundals.
15. Í niðurstöðukafla úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 segir á bls. 320:

*Að öllu því virtu sem að hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á suðaustanverðu ágreiningssvæðinu gagnvart Svarfhól og Fjallendi Ytri-Hraundal sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923. Þá fá landamerkjabréf Svarfhóls, frá árinu 1883, og Ytri-Hraundals, einnig frá árinu 1883, ekki breytt þeirri niðurstöðu að afréttarland Hraunhrepps hafi náð a.m.k. svo langt til suðurs. Það hvort land Svarfhóls nái eftir atvikum skemur til norðausturs en að mörkum ágreiningssvæðisins kemur aftur á móti ekki til frekari skoðunar, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr., 571/2016 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkið eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.*

16. Um eignarréttarlega stöðu á ágreiningssvæðinu, sem var afmarkað með þeim hætti sem að framan greinir, varð niðurstaða sú að Borgarbyggð hefði ekki tekist að sýna fram á fullkominn eignarrétt og svæðið því úrskurðað þjóðlenda í afréttareign jarða í fyrrum Hraunhreppi, nú Borgarbyggð svo sem nánar greinir á bls. 340 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.
17. Borgarbyggð höfðaði mál til ógildingar úrskurði óbyggðanefndar um umrætt svæði og lauk þeim málarekstri með dómi Landsréttar í máli nr. 515/2021 sem kveðinn var upp þann 4. nóvember 2022. Í dóminum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins sem afmarkað er sem suðausturhluti Fjallendis Hraunhrepps. Í forsendum Landsréttar var sérstaklega tekið fram að ekki væri deilt um landfræðilega afmörkun þess svæðis.
18. Samkvæmt framangreindu er ljóst að ágreiningssvæðið nú getur ekki verið eða orðið hluti af þjóðlendunni sem kennd er við suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps.
19. Telja verður að íslenska ríkið sé bundið við fyrr raktar yfirlýsingar sínar, enda leiddu þær til þess að landeigandi lét málið ekki til sín taka sunnan kröfulínunnar, eðli málsins samkvæmt.
20. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

21. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing sem m.a. tók til hins umdeilda landsvæðis.
22. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu víkja sæti vegna vanhæfis.
23. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar, dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
24. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
25. Afstaða landeiganda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar.
26. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið, sem hefðu komið fram í athugasemdum landeiganda, teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar að nýju.
27. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávisun og sérstakur áskilnaður:*

28. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda á það ekki undir nefndina.
29. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða, að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Akvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

30. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunni að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

31. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
32. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2014, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem var til staðar og úrskurður beindist að.
33. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2014 var talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins.
34. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar frá 6. september 2005, í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímamarki ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2014, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
35. Landeigandi heldur því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvöldunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megi umþrætt svæði til meðferðar.
36. Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í landið á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar, sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmat.
37. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar auk niðurstöðu héraðsdóms og Landsréttar leiðir hvert um sig til þess að fallast ber á kröfu landeiganda:

38. Tilfni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.
39. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
40. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar:

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

41. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

42. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr., kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

43. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

44. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

45. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og rétthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.



46. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess, hefur verið óbreytt frá upphafi.
47. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.
48. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
49. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

50. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020, umræðulítið.
51. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum, um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.
52. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
53. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlögum.
54. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
55. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur.

56. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
57. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017**, þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dómnum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
58. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendulaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
59. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til Þjóðlenduleyfis, útgefna þann 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.
60. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirsvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins á að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
61. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyásing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
62. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
63. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna*

*um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

64. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendluga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendlögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

65. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
66. Með því að óbyggðanefnd ákvað, þann 21. febrúar 2008, að taka fyrir fyrrgreint landsvæði og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendluga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls svæðisins.
67. Kröfulýsing ríkisins, eins og henni var sérstaklega breytt eftir athugasemdir landeiganda, fól í sér beina viðurkenningu um að landsvæðið væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í fundargerðir og yfirlýsingar íslenska ríkisins hér að framan.
68. Breyttar kröfur ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2014 fól í sér að viðurkennt var að landið væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í málinu nr. 1/2014, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga og athugasemda sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendluga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
69. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2014 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
70. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekktt með dómi.

71. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnáskýringar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnáskýringarlaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.
72. Máli varðandi suðausturhluta Fjallendis Hraunhrepps var skotið til héraðsdóms og áfrýjað til Landsréttar. Úrskurður óbyggðanefndar var staðfestur á báðum dómstigum.
73. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög. Þá liggja fyrir dómur bæði héraðsdóms og Landsréttar sama efnis.
74. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
75. Dómur Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
76. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist, enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
77. Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Fjallendis Ytri-Hraundals byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
78. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi

eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.

79. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísu má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögín frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

80. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið, einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
81. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda landsins. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda í kröfufylsingu ríkisins í máli nr. 1/2014 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendlaga.
82. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeiganda.
83. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða óbyggðanefndar sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
84. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendlaga, sbr. m.a. áður nefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú, að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.

85. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
86. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2014 hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að land sem ekki var úrskurðuð þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

*Umfjöllun óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2014, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fordæmi sem fyrir liggja.*

87. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. bls. 320 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags 1. júlí 2020. Athugasemdin var orðrétt tekin upp í 15. mgr. hér að framan.
88. Landeigandi telur tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlega stöðu lands norðan kröfulínu. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en afar takmörkuð sönnunarfærsla fór fram, eðli máls samkvæmt.
89. Ljóst er að land Ytri-Hraundals náði frá öndverðu norður í Álftaskörð og jafnvel þótt niðurstaða óbyggðanefndar hafi verið önnur breytir það ekki því að landið hefur verið viðurkennt sem eignarland frá því að kröfum íslenska ríkisins var breytt í málinu nr. 1/2014 og nánar var lýst hér að framan.
90. Þá er fjöldinn allur annar af rangfærslum og rangtúlkunum í tilvitnuðum hluta úrskurðarins í máli 1/2014, sem ekki er ástæða til að rekja hér, en farið verður yfir í málflutningi um efnishlið málsins, ef til kemur.
91. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.
92. Landeigandi leggur áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eiganda og forvera, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan ummerkja jarðarinnar.
93. Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnáms svæða og mótmælir því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.
94. Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

95. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

96. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
97. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigandi byggir kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.
98. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
99. Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Landeigandi álitur að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.
100. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeiganda að honum sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru

landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

101. Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Landeigandi telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeiganda, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigandi minnir á að heimildarskjölum hans og forvera hans fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.
102. Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.
103. Þá byggir landeigandi þrautavarakröfu sína einnig á því að hann og forverar hans hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.


#### **Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar  
Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar  
Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991  
Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki  
Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978  
Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969  
Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni  
Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu  
Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986  
Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stofð í þeim  
Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998  
Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu  
Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.  
Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991

#### **Áskilnaður:**

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stígunum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. landeiganda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Fylgiskjöl:**

1. Kort með kröfulínum
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



**Mál nr. 4/2023**

— *Strandir* —

**Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík**

Baierbrunn, 27. mars 2023

## **KRÖFULÝSING**

F.h. 37,5% eiganda Skjaldabjarnarvíkur, Árneshreppi, Strandasýslu L 141714

### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember sl., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember sl. Landeigendum var veittur frestur til 28. febrúar 2023 og síðar framlengdur til 28. mars 2023.

### **Aðild og fyrirvar:**

Kröfulýsendur 37,5 jarðarinnar eru:

Sigríður Erla Gunnarsdóttir, Kt. 101145-2129, Noedre Hallsetvei 44, Þrándheimi, Noregi,

Ásdís Gunnarsdóttir, kt. 260348-3379, Klareborgsgatan 3, Gautaborg, Svíþjóð og

Guðrún Anna Gunnarsdóttir, kt. 020749-4159, Sundabakka 10A, Stykkishólmi.

Eignarhlutfall hvers um sig er 12,5 %.

Fyrirsvarsmaður eigenda er Guðmundur K. Sigurjónsson hdl.

### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem mál þetta á ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýst landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja

*Að norðan frá Biskupi (1) norðan undir Geirhólmagnúpi. Með vatnaskilum um Fossaheiði í Miðmundarhorn og í Hrollleifsborg (2). Þaðan er jökuljaðri eins og hann var 1. júlí 1998 fylgt og eftir þeim til suðurs á móts við upptök Bjarnarfjarðar (3) eins og hún rennur þaðan í farvegi til sjávar og að ósi Bjarnarfjarðar (4).*

Að norðanverðu afmarkast jörðin af mörkum Reykjajarðar og Sæbóls sem jafnframt eru Sýslumörk Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu og að sunnanverðu að mörkum jarðarinnar Dranga.

Til þrautavara er krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að vera úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju þ.ám. upprekstrar-, beitar-, námuréttur ásamt veiði í vötnum og nýting heilsugrasa.

Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

### Málavextir og helstu málsástæður:

#### Um landnám og landamerki:

1. Skjalda-Björn Herfinnsson nam land frá Straumnesi til Dranga og bjó í Skjalda-Bjarnarvík. Bræðurnir Eyvindur, Ófeigur og Ingólfur Herröðarsynir námu þá firði er við þá hafa verið kenndir síðan og bjuggu þar. Landnámsmörk milli Skjalda-Bjarnar og Eyvindar hafa verið á vatnaskilum þar sem vötnum hallar til Eyvindarfjarðar.
2. Þorvaldur Ásvaldsson nam Drangaland og Drangavík til Enginess og bjó á Dröngum. Þorvaldur virðist hafa komið út síðar en Skjalda-Björn og Eyvindur og numið land innan landnáms Bjarnar, þ.e. Drangaland, en einnig Drangavík sem virðist hafa legið ónumin milli landnáma Bjarnar og Eyvindar. Um þetta segir Haraldur Matthíasson í riti sínu Landið og Landnáma:

*Líklegt virðist, að Eyvindur hafi numið land á undan Þorvaldi á Dröngum, má búast við, að Þorvaldur hefði fremur kosið Eyvindará að landamerkjum hefði hann komið fyrir.*

3. Jörðin Skjaldabjarnarvík var því innan landnáms Skjalda-Bjarnar eins og nafn hennar ber með sér.
4. Landamerki Skjaladabjarnarvíkur eru nr. 97 í landamerkjabók Strandasýslu. Landamerkjalyking þessi er skráð í Árnasi 2. júlí 1890 og undirrituð af Bjarna Bjarnasyni og J.J. Thorarensen sem jarðeigendum og Guðmundi Pjeturssyni bónda á Dröngum og hljóðar svo:

*Jörðin á land og reka norður í klett þann sem er nordan við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnanverdu á jörðin land og reka að Bjarnarfjardará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvík og Dranga. Sker þau sem liggja fram undan landinu liggja undir jörðina ásamt veiði við þau.“*

5. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og um það voru íslenska ríkið og landeigendur sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

#### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

6. Þann 16. mars 2018 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.
7. Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingu, þann 5. október 2018, þar sem einungis var gerð krafa um þjóðlendu á Drangajökli innan þess svæðis sem tekið hafði verið til meðferðar. Á móti barst sameiginleg krafa landeigenda og eigenda Ófeigsfjarðar um eignarland á Drangajökli, krafa frá hluta af eigendum Drangavíkur um eignarland á Drangajökli, krafa frá eiganda Dranga um eignarland á Drangajökli og að síðustu krafa frá eigendum Skjaldabjarnarvíkur um eignarland á Drangajökli. Deilan snerist því einungis um land á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar. Málið fékk númerið 1/2019.
8. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu á bls. 8 undir liðnum 5.1.2.2, sem ber heitið *Afmörkun þjóðlendukröfulínu*:

*Að þeim hluta Drangajökuls, sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð.*

9. Síðan segir áfram í kröfulýsingu íslenska ríkisins á bls. 8-9, undir liðnum 5.1.2.3, sem ber heitið *Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu*:

*Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.*

*Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið [Drangajökull] liggji utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða.*

10. Eftir að kröfulýsingar landeigenda lágu fyrir skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019. Í greinargerðinni er ítrekað mat íslenska ríkisins á mörkum þjóðlendu og eignarlanda en þar segir m.a. á bls. 4 og á bls. 5:

*Að þjóðlendukröfusvæðinu í Strandasýslu liggja jarðirnar Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, samkvæmt fyrirbyggjandi landamerkjabréfum jarðanna, eins og nánar er lýst í kröfulýsingu íslenska ríkisins.*

*Við afmörkun þjóðlendukröfulínu á hluta Drangajökuls hefur íslenska ríkið fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf og landamerkjalyýsingar aðliggjandi jarða ...*

11. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu s.s. landamerkjabréfum með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum, að engar þjóðlendu væru á svæðinu utan Drangajökuls. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.

12. Athygli nefndarinnar er vakin á því nær engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeiganda um landið utan jökulsins, enda var það óumdeilt eignarland eins og kröfu ríkisins var hátað og lýst var hér að framan.
13. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

14. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Skjaldabjarnarvíkur.
15. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu m.a. vegna Skjaldabjarnarvíkur um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu víkja sæti vegna vanhæfis.
16. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingar í Lögbirtingarblaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
17. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 17. maí 2022.
18. Afstaða landeigenda var að ekki væru skilyrði til málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna lands Skjaldabjarnarvíkur.
19. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Skjaldabjarnarvíkur. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til Skjaldabjarnarvíkur.
20. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávisun og sérstakur áskilnaður:*

21. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda á það ekki undir nefndina.
22. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra sjónarmiða sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt væri að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

23. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunnir að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

24. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
25. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2019, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem væri til staðar og úrskurður beindist að.
26. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2019 var ekki talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins. Það var hins vegar mat óbyggðanefndar eftir að lögin höfðu verið samþykkt að úrskurðurinn hefði að geyma slíka athugasemd og á grundvelli þess mats taldi nefndin heimild til endurtekinnar málsmeðferðar væri til staðar.
27. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins

stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímum ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2019, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.

28. Landeigendur halda því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnsýslunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megj umþrætt svæði til meðferðar.
29. Landeigendur setja fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Skjaldabjarnarvíkur á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmæt.
30. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd

Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar leiða til þess að fallast ber á kröfu landeiganda:

31. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.
32. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
33. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar; *Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlenda.*
34. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrir en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

35. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.
36. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

37. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að Óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.
38. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og rétthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.
39. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.
40. Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að sætta mál.
41. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
42. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

43. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.
44. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir



umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr mörk eignarlanda og þjóðlenda.

45. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
46. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarögum.
47. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
48. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendlaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendir.
49. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
50. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamrýmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
51. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendlaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendlaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
52. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði.

Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu af forsætisráðuneytinu dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005.

53. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefndar kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
54. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjálýsing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
55. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
56. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa fram hjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

57. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda*

*landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmannna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

58. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
59. Með því að óbyggðanefnd ákvað þann 16. mars 2018 að taka fyrir Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendlaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls hins framangreinda svæðis.
60. Kröfúlýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land Skjaldabjarnarvíkur utan Drangajökuls væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfúlýsingu ríkisins hér að framan.
61. Kröfúlýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2019 fól í sér að viðurkennt var að land nafngreindra jarða þ.m.t. Skjaldabjarnarvíkur lægju að Drangajökli. Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar í málinu nr. 1/2019, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfúlýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendlaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
62. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2019 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
63. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkkt með dómi.
64. Það er þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.
65. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög.

66. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. Þjóðlendulaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
67. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í Þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku Þjóðlendulaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um Þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
68. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhögg við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
69. Með Þjóðlendulögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og Þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Skjaldabjarnarvíkur byggði íslenska ríkið á því að land utan Þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
70. Þjóðlendulög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
71. Dómar Hæstaréttar í Þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn*

*Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að löggin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

72. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
73. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Skjaldabjarnarvíkur. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2019 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku Þjóðlendlaga.
74. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.
75. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Sé litið fram hjá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan í dag sú að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
76. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi Þjóðlendlaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa þeirra til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
77. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
78. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2019 (óumdeild að enginn aðila skaut þeim úrskurði til úrlausnar dómstóla) hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð Þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Umfiöllun óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2019, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar og má því telja augljóst að ef sönnunarfærsla hefði farið fram hefðu engin ummæli ratað í úrskurðinn sem túlka mætti sem athugasemd.

79. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 112-113 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra dags 1. júlí 2020:

*Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar. Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stöð að merki þeirra nái að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggi að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áður nefndra þriggja jarða vestan jökulsins.*

*Þær heimildir sem liggja fyrir um umræddar jarðir í Strandasýslu og réttindi innan þeirra og raktar eru í köflum 5.3.1–5.3.6 hér að framan benda til þess að landsnytjar þeirra og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla má að verðmæti jarðanna, sem víða er tilgreint í heimildum, hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 var verðmæti Skjaldabjarnarvíkur þá 6 hundruð, Dranga 12 hundruð, Drangavíkur 6 hundruð, Engjaness 4 hundruð og Ófeigsfjarðar 24 hundruð. Verðmæti Ófeigsfjarðar var þannig mun meira en hinna jarðanna en um Ófeigsfjörð segir í Jarðabókinni að reki hafi þar „áður verið óþverrandi, en nú í mörg ár hefur þar ekki rekið nema lítilsháttar“. Fram kemur að nokkrum kirkjum og einu klaustri séu þar eignuð ítök sem fólust í hlutdeild í hvalreka og öðrum reka, sem kann að vera til marks um verðmæti þessara réttinda. Heimildir greina aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli. Þá er land þar mjög lítið gróið eins og glöggt mátti sjá í vettvangsferð óbyggðanefndar vegna málsins og ítarlega er gerð grein fyrir því í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu sem aflað var vegna meðferðar málsins. Af greinargerðinni verður ráðið að líklega hafi ekki orðið verulegar breytingar á gróðurfari á umræddum hluta heiðarinnar frá landnámi. Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyðingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalyðinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.*

*Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir óljósar merkjalýsingar í fyrrnefndum landamerkjabréfum tekur krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins og er miðuð við ætlaða legu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998. Samkvæmt framansögðu kemur því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunnan jökulsins, sem ekki var hulið jökli á því tímamarki.*

80. Landeigendur telja tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlegastöðu jökulsins. Sé frá því litið er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en utan jökulsins átti sér ekki stað nema afar takmörkuð sönnunarfærsla eðli máls samkvæmt. Verða nú helstu rangfærslur nefndarinnar raktar og hraktar:

81. Óbyggðanefnd heldur því fram að lýsing landamerkjabréfs Skjaldabjarnarvíkur sé óljós þar sem ekki sé tekið fram að jörðin liggja að jöklinum og rökstyður það einkum með eftirfarandi staðhæfingum:

Sú fyrsta kemur fram á bls. 99-101 í úrskurðinum en þar fjallar óbyggðanefnd um það að landamerkjabréf séu að nokkru leyti óljós gagnvart jöklinum og telur það sérstaklega eiga við merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar en í úrskurðinum segir orðrétt.

*Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra nái að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggja að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áðurnefndra þriggja jarða vestan jökulsins.*

82. Landamerkjalyfing af Skjaldabjarnarvík er skýr. Að norðan Biskup á sýslumörkum sem liggja á vatnaskilum á Geirólfsgrúpi yfir í Hrolleifssborg og hins vegar Bjarnarfjarðará. Í greinargerð ríkisvaldsins er það talið óskýrt að ekki skuli vera rakið í landamerkjalyfingu hve langt upp eftir Bjarnarfjarðará landamerki skuli ná en segir jafnframt

*Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra nái að jöklinum*

83. Hér er mótmælir óbyggðanefnd að hluta eigin staðhæfingum enda er það alkunna á Íslandi að ef vatnsföll eru sögð ráða merkjum þá er þar átt við frá upphafi til ósa nema annað sé skýrt tekið fram, þetta er einnig ítrekað með orðalagi landamerkjalyfingarinnar:

*..að sunnanverðu á jörðin land og reka að Bjarnarfjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga.*

84. Í upphafi landamerkjabréfs Dranga frá 24. maí 1890 er merkjum jarðarinnar lýst svo:

*Land jarðarinnar að norðanverðu við er norðurað Bjarnarfjarðará og eru það skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga*

85. Í báðum landamerkjalýsingum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur og Dranga er skírskotað til þess að landamerki séu skýr við Bjarnarfjarðará. Landamerkin fylgja farvegi hennar til upptaka. Hér má vísa í **HRD 222/2014**. Þar er talið að tilvísun til lækjar sem landamerki eigi við farveg hans frá ósi til upptaka.
86. Landeigendur telja að aðstæður allar í málinu **Hrd. 222/2014** séu sambærilegar í því máli sem hér er til úrlausnar og er erfitt að skilja athugasemd óbyggðanefndar með tillit til þessa dóms og málvenju á Íslandi.
87. Auk þess getur óbyggðanefnd þess að áin renni um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Bjarnarfjarðará er 9,65 km. frá upptökum til sjávar og þar af eru 2,35 km. frá sjó að kröfulínu íslenska ríkisins og ef miðað er við kröfulínur ríkisins er 7,3 km. utan landamarka jarðarinnar þ.e.  $\frac{3}{4}$  hlutar árinna. Athugasemd óbyggðanefndar sem vitnað er í hér að framan er því algjörlega í ósamræmi við skýrt orðalag landamerkjalysinga jarðanna Skjaldabjarnarvíkur og Dranga.
88. Önnur er sú að landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur nefni ekki Drangajökul á nafn ólíkt landamerkjum þriggja jarða vestan jökulsins. Því skal haldið til haga að þessar þrjár jarðir sem minnst er á eru þær einu sem land eiga að jökli sem minnast á hann berum orðum, en hinar 12 (að Drangajökli liggja a.m.k. 15 jarðir) gera það ekki.
89. Auk þessa má vísa í það að hinn 10. ágúst 1828 seldi Jón Einarsson jörðina Skjaldabjarnarvík Grími Alexíussyni. Í afsals- og veðmálabók Strandasýslu segir að Jón afhendi Grími elsta kaupbréf Skjaldabjarnarvíkur vegna landamerkja jarðarinnar. Í afsals- og veðmálabók segir m.a. orðrétt

*..hvar hann hefur að rétta sig eptir uppá Landamerki til Fjalls of Fjöru...*

90. Hér er staðfestur sá almenni skilningur að Skjaldabjarnarvík ná frá sjó upp til fjalla.
91. Landeiganda þykir undarlegt að annað mat sé lagt á texta landamerkjabréfs í Strandasýslu en á öðrum stöðum á landinu þar sem land liggur að jökli. Sem dæmi má nefna að jarðir í sveitarfélaginu Hornafirði sem liggja sunnan Vatnajökuls nefna fæstar jökulinn á nafn. Engu að síður komst óbyggðanefnd að því í nær öllum tilvikum að jarðirnar ættu land að jökli. Orðrétt segir í úrskurði nefndarinnar t.a.m. á svæði 2 í máli nr. 1/2001 er varðaði jörðina Fagurhólsmýri (bls. 139):

*Norðurmörk jarðarinnar koma þannig ekki skýrt fram í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum*



*að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Því til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti með svo augljóssum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.*

92. Landeigandur telja að það nákvæmlega sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar.

93. Með bréfi lögmannna íslenska ríkisins dags. 24. janúar 2023 til óbyggðanefndar varðandi breytingu á kröfugerð ríkisins í málum 1-8/2021 á svæði.10B segir á bls. 1 orðrétt:

*Íslenska ríkið leggur landamerkjabréf jarða almennt til grundvallar, enda séu viðkomandi landamerki skýr með tilvísun til örnefna eða staðhátta á landi viðkomandi jarða, s.s. lækja, kletta eða gilja, og ekki í andstöðu við aðrar skriflegar heimildir.*

94. Landamerkjabréf jarðarinnar Skjaladabjarnarvíkur eru skýr og því verður ekki séð af hverju aðrar reglur eigi að gilda um jörðina Skjaladabjarnarvík en aðrar jarðir innan lögsögu íslenska ríkisins.

95. Upplýsingar um not og nyt jarða fyrir utan skráðar heimildir er helst að fá skv. munnlegum upplýsingum sem berast frá kynslóð til kynslóðar. Afí og amma landeigenda Pétur Friðriksson og Sigríður Elín Jónsdóttir voru ábúendur í Skjaladabjarnarvík á árunum.1922 til 1935

96. Gagnstætt því sem haldið hefur verið fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að öll jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vegna legu jarðarinnar var hún alla tíð einungis nýtt af ábúendum eða eigendum og engum öðrum. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafa alla tíð verið undirorpið beinum eignarétti.

97. Óumdeilt er að verðmæti Skjaladabjarnarvíkur fólust einkum í hlunnindum við ströndina fjörubeit, reki, veiði, en jörðin var öll nýtt til jökuls. Sauðfé nýtti hvert strá á sumrin og þó að í greinargerð Náttúrufræðistofnunar sé talað um gróðurlítið land þá var það nýtt til fullnustu. Ríkisvaldið túlkar í kröfum sínum greinargerð Náttúrufræðistofnunarinnar svo ef land sé gróðurlítið þá sé það ekki nýtt og því ekki eignarétti háð.

98. Gróður er á þessu svæði kröftugur þar sem hann er að finna og lítil hluti lands gefur hlutfallslega mikil verðmæti. Einkum var gróður fyrir sauðfé að finna við ár, læk og vötn og alls staðar sem skjól var að finna. Fyrir þá sem aldir eru upp á gróðursælum lendum annars staðar á Íslandi kann þetta vera ómerkilegt gróðurfur, en það var nýtt til fullnustu. Meðaltal gróins lands á jörðinni gefur því enga mynd af notkun hennar.

99. Má hér vísa til skýrslutöku fyrir óbyggðanefnd frá 10. desember 2019 þar sem kemur fram að land var nýtt til jökuls og smalað frá jökulrönd. Heilsugrös voru nýtt og einnig var áltaveiði stunduð a.m.k. meðan leyft var.
100. Gróðurlaus urðin var nýtt sem uppeldisstöðvar fyri ref, það var ekki legið á greni heldur voru refir látnir vaxa upp og síðan felldir á vetri þegar skinnið var verðmikið. Fallegur feldur gat verið nærri kýrverði að verðmæti, en refur lagðist ekki á fé ef nægt æti var að hafa.
101. Upp með Bjarnarfjarðará var land sérstaklega mikilvægt ábúendum og var fé beitt þar einnig að vetri. Því var það fyrir landeigendur sérstaklega mikilvægt að hún væri skráð sem skýr landamerki
102. Þegar meta á hvort um fullkomin eignarrétt sé að ræða þá ber óbyggðanefnd að líta til þeirra þess hvernig jörðin var nýtt hvað varðar núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan skráðra marka jarðarinnar.
103. Í kröfugerð íslenska ríkisins nú er dregin lína úr Hrolleifsborg á vatnaskilum, sem jafnframt eru mörk Árneshrepps og Strandasýslu annars vegar og hins vegar Reykjafjarðar/Sæbóls í Grunnavíkurbreppi hinum forna og N-Ísafjarðarsýslu, niður í punkt á Fossaheiði og síðan nánast beint út í miðja Bjarnarfjarðará.
104. Þessi kröfulína ríkisins styðst ekki við kennileiti og er dregin þvert á allar hæðarlínur og gróðurfur og nýtingu jarðarinnar.
105. Skjaldabjarnarvík var talin 4550 hektarar utan jökuls. Vestan kröfulínu ríkisins eru 2.250 hektarar. Eftir stæðu því 2.300 hektarar þ.e. um það bil helmingur jarðarinnar. Þetta er í algjöru andstæðu við stærð jarðarinnar eins og hún hefur verið talin af eigendum, ábúendum og utanaðkomandi frá ómunatíð.
106. Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

107. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

108. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
109. Í Grágás og Jónsbók er kveðið á um að menn skuli kveða á um merki og auðæfi þau er landi skuli fylgja og merkjagöngu sjá 6. kapítula Jónsbókar. Merkjalýsingar er sjaldan að finna í kaupbréfum sem varðveist hafa. Merkjagangan sem fór fram eftir kaup hélt þó gildi sínu um merki jarða og varðveittist í munnlegri geymd.
110. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.
111. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyðingu jarðar verður ekki hnekkkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
112. Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.
113. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallestum sönnunargögnum. Eins og að

framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

114. Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

115. Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

116. Þá byggja landeigendur varakröfu sína einnig á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

#### **Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.


Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

#### **Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. 37,5% landeiganda

  
Guðmundur K. Sigurjónsson hdl..

**Fylgiskjöl:**

- 1-3. Umboð
4. Kort unnið af Ásgeiri Gunnari Jónssyni frá 10.10.2014 með breytingum.
5. Fasteignayfirlit.



## Kröfulýsing til Óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, þ.m.t. landssvæði 10A, þ.e. Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi, er hér með lýst neðan greindri eignarréttarkröfu vegna neðan greindrar jarðar.

**JÖRÐ:** Skjaldabjarnarvík í Árneshreppi, lnr. 141714, fnr. 2128057

**EIGANDI/EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðan greindra aðila:

Guðrún Anna Gunnarsdóttir	kt. 020749-4159
Karl Sigtryggson	kt. 030884-2729
Sigríður Gunnarsdóttir	kt. 101145-2129
Ásdís Virk Sigtryggsdóttir	kt. 181187-2639
<b>Guðjón Egill Ingólfsson</b>	<b>kt. 240256-2239</b>
Ásdís Gunnarsdóttir	kt. 260348-3379

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda samkvæmt umboði frá Guðjóni E. Ingólfssyni kt. 240256-2239, eiganda 50% eignarhluta í jörðinni.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er **aðallega** krafist að fyrirliggjandi kröfu ríkisins inná eignarland Skjaldabjarnarvíkur, verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Skjaldabjarnarvíkur í Árneshrepp**, og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar, þar sem landamerki jarðarinnar voru afmörkuð frá austurhluta Drangajökuls þar sem jökuljaðri er fylgt suður uns komið er að jörðinni Drangavík og norður uns komið er að jörðinni Reykjafjörð sbr. úrskurð óbyggðarnefndar nr. 1/2019 sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar Skjaldabjarnarvíkur, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar Skjaldabjarnarvíkur, dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Árnasi í Trékyllisvík, og hljóðar svo:

Jörðin á land og reka norður í klett þann, sem er nordan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnanverðu á jörðin land og reka að Bjarnarjardará og eru þar skír landamerki milli Skjaldarbjarnarvík og Dranga. Sker þau, er liggja fram undan landinu liggja undir jörðina ásamt veiði við þau.

**Til þrautavara** er krafist þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eigenda Skjaldabjarnarvíkur að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

### MÁLAVEXTIR:

Snemma árs 2018 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Innan þess svæðis er m.a. að finna landssvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018, gerði íslenska ríkið þjóðlendu kröfu til þess hluta Drangajökuls sem er innan þess svæðis. Eigendur **Skjaldabjarnarvíkur** lýstu kröfum sínum fyrir nefndinni með



kröfulýsingu sinni í september 2019, og kröfðust beins eignarréttar á landi jarðarinnar sem af þeirra hálfu var afmarkað svo:

Rekamörk Skjaldabjarnarvíkur eru milli Biskups undir Geirhólmi og Bjarnarfjarðarár. Milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga ræður Bjarnarfjarðará frá ósi til Jökullóns. Þar frá jökulrönd í suður og vestur sem hæst ber ræður há Jökullinn á mótí Dröngum og Skjaldfönn til norðurs, sem fönnum hallar að hrygg þeim sem gengur austur í Hrolleifsborg. Frá Hrolleifsborg ráða vatnaskil um Miðmundarhorn, Fossaheiði, Geirhólm og til sjávar í fyrrnefndan Biskup norðan til undir Hólmi. Fyrrnefndur hryggur og vatnaskil að Biskup eru mörk milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjafjarðar. Jarðamörk Skjaldabjarnarvíkur á Jökli til vesturs, norðurs og að Biskup eru að auki sýslumörk milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, dags. 21. febrúar 2020, komst nefndin að þeirri niðurstöðu umþrættur hluti Drangajökuls væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmenn lögmanna, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmenn f.h. landeigenda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu vikja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnarsýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Landeigendur **Skjaldabjarnarvíkur** telja að með þjóðlendukröfu sinni á umrætt *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé farið inná eignarland jarðarinnar, og telja sig því tilneydda til að taka til varna í málinu að nýju.

#### SAGA JARÐAR:

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 þar sem saga jarðarinnar er rakin.<sup>1</sup> Landeigendur telja þó engu að síður rétt að benda hér eftirfarandi heimildir m.a. um landamerki og eignarrétt jarðarinnar:

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Trékyllisvíkurhrepp frá 1706 segir eftirfarandi um Skjaldabjarnarvík.

<sup>1</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, bls. 17-19.



Skjallarbiarnavíkj.

[...]

Reki er þar sæmilegur, en hefur áður verið yfirfljótanlegur. Ítök í hann vita nálægir engin, nema hvað Árnescirkju er eftir máldögum eignaður tíundi hlutur úr öllum hvölum, sem á land koma millum Geirhólms og Kaldbaksleifar. [...]

[...] Engjar slæmar, snöggvar og á dreif og sumar langt í burt. [...]

[...]

Í landinu í einum stað stað hefur fyrir minna en x1 árum verið brúkuð selstaða kölluð Skaufasel. Þar meina menn til forna hafi verið býli, en veit þó engin neitt skjallegt þar af. Þar sjest að verið hafi tún og líkindi til túngarðs. Það kann ómögulegt að byggjast fyrir slægnaleysi.<sup>2</sup>

Í jarðarmati Strandasýslu frá 1804 er dýrleiki Skjaldabjarnarvíkur metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Kári Bjarnason (1740-1814) í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þá segir að eyðihjáleigan Skaufasel sé tekin með í matið. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>3</sup>

Hinn 10. ágúst 1828 seldi Jón Einarsson jörðina Skjaldabjarnarvík, sex hundruð að dýrleika, til Gríms Alexíussonar fyrir 60 spesíur. Í afsals- og veðmálabók Strandasýslu segir að Jón afhenti Grími elsta kaupbréf fyrir Skjaldabjarnarvík vegna landamerkjja jarðarinnar, eða eins og skráð er í afsals- og veðmálabókina:

Þann 10<sup>da</sup> August 1828 ad Hafnardal er af mér underskrifudum afsolud og seld Eignarjörd mín Skjaldarbjarnarvík 6 hndr. Liggjandi innan Arnes kyrkjusoknar í Stranda Sysslu Mr. Grími Alexíussyni fyrir 60 Speciur riktuglega útelátnar það er ad seigja under mér og mínum Erfingum en under hann og hans Erfingja hjermed afhendi ég hönum það eldsta kaupbréf fyrir Skjaldarbjarnarvík hvar hann hefur ad rétta sig eptir upp á Landamerki til Fjalls og Fjöru einnig um Reka asigkomulag; her til stadfestu er mitt nafn og undirskrifadra Votta utsúpra.<sup>4</sup>

Kaupbréf Gríms Alexíussonar, dags. 10. ágúst 1828, fyrir jörðinni Skjaldabjarnarvík var lesið við manntalsþing að Árnesi í Trékyllisvík hinn 17. júní 1829.<sup>5</sup>

Í Jarðartali Jóns Johnsens frá 1874 er jörðin Skjaldabjarnarvík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bænda eign. Í neðanmálgrein kemur fram að dýrleiki og leigumáli jarðarinnar sé hafður eftir Jarðabók Árna og Páls og að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Skaufasel verið talin með. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>6</sup>

Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur er dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Árnesi í Trékyllisvík, og hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir Skjaldabjarnarvík í Árneshreppi.

Jörðin á land og reka norður í klett þann, sem er nordan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnanverdu á jörðin land og reka ad Bjarnarjardará og eru þar skír landamerki milli Skjaldarbjarnarvík og Dranga. Sker þau, er liggja fram undan landinu liggja undir jörðina ásamt veiði við þau.

p.t. Árnesi, 2. júlí 1890

Bjarni Bjarnason J.J. Thorarensen (jarðeigendur)

<sup>2</sup> Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 321-322.

<sup>3</sup> Skjaldabjarnarvík. Jarðamat Strandasýslu 1804, bls. 73v.

<sup>4</sup> Skjaldabjarnarvík. 10. ágúst 1828. (Sýsl. Strand. DB/1-1. Afsal og veðmálabók 1807-1942, bls. 82-83).

<sup>5</sup> Skjaldabjarnarvík. Manntalsþing að Árnesi í Trékyllisvík 17. júní 1829 (Sýsl. Strand. GA/1-2, Dóma- og þingbók Strandasýslu 1822-1845, bls. 67-68).

<sup>6</sup> Jarðatal J. Johnsen 1847, Strandasýsla, bls. 212.





Guðmundur Pjetursson bóndi á Dröngum.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Stranda Sýslu undir tölulíð 97. Vitnar S.E. Sverrisson

[...]<sup>7</sup>

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

#### I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Skjaldabjarnarvík** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **svæði austan og sunnan Drangajökuls**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist fyrst og fremst byggt á því að grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, séu athugasemdir óbyggðanefndar í niðurstöðum sínum í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019. Þær athugasemdir lúta einkum að því að landamerkjabréf þeirra jarða sem aðild áttu að því máli, m.a. **Skjaldabjarnarvík**, séu óljós hvað varðar landamerki gagnvart Drangajökli og heiðinni austan og sunnan hans. Um landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur segir að það „*veiti því nokkru styrka stoð að merki jarðarinnar náí að jöklinum, með því að merkjum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri.*“ Það sé þó ekki beinlínis tekið fram í bréfinu að áin ráði allt til upptaka eða að merki liggja að jöklinum.

Þá er vísað til þess að heimildir jarðarinnar bendi til þess að landsnytjar og hlunnindi jarðarinnar hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæði næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskiveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðinu við sjóinn. Verðmæti jarðarinnar hafi jafnframt einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Heimildir greini aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri jöklinum. Þá sé land þar mjög lítið gróið og gróðurfar á svæðinu hafi líklega ekki tekið verulegum breytingum frá landnámi. Um þetta segir nánar tiltekið eftirfarandi:

*„Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyðsingu og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalyðsinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.“*

Með vísan til þessa telur íslenska ríkið ólíklegt að stofnast hafi til beins eignarréttar uppi á heiðarlandinu.

#### Hvað þetta varðar vill umbjóðandi minn sérstaklega benda á eftirfarandi:

Þrátt fyrir að óbyggðanefnd teldi merkjalýsingar óljósar í landamerkjabréfinu náði krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu í máli óbyggðanefndar nr. 1/2019 einungis til jökulsins. Landeigendur byggja á því að óbyggðanefnd og íslenska ríkið sé bundin af þeirri kröfugerð. Þá kröfðust eigendur **Skjaldabjarnarvíkur** beins eignarréttar á öllu landi jarðarinnar m.a. á umþrættu svæði. Ekki ætti því að koma til frekari skoðunar eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunna Drangajökuls.

Umbjóðendur mínir telja ljóst af þessum úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 að merki **Skjaldabjarnarvíkur** ná að jökulrönd, eins og hún var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí

<sup>7</sup> *Skjaldarbjarnarvík*. Landamerkjabók Strandasýslu 1884-1892, bls. 137.



1998, sbr. almenna niðurstaða óbyggðarnefndar um merki v. jökla. Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við. Íslenska ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess að umrædd landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnisýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Hæstiréttur hefur og dæmt um samskonar álitafni og komst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli Hrd. nr. 48/2004 (Tunguheiði) að kröfum ríkisins um mörk þjóðlendu skyldi hafnað þar sem áður hafði fallið héraðsdómur í málinu og ríkið unað þeim dómi:

Í máli 48/2004 vísaði rétturinn til eignardóms, sem gengið hafði um Tunguheiði árið 1980, þar sem viðurkenndur hafi verið beinn eignarréttur Bræðratungukirkju að tilgreindu landi. Ríkið hafi kosið að una héraðsdómi í því máli og var sá dómur bindandi um úrslit máls að því leyti. Kröfu ríkisins þess efnis að mörk þjóðlendu yrðu dregin inn á land Bræðratungukirkju á Tunguheiði var því hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Óbyggðarnefnd hefur því viðurkennt eignarrétt umbjóðenda okkar á landi **Skjaldabjarnarvíkur** frá jökulrönd Drangajökuls og á ríkið því ekki lagalegan rétt á því að seilast nú lengra inn á land umbjóðenda minna.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veitir ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 1/2019 var hins vegar kveðinn upp 21. febrúar 2020. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>8</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda. Eignarrétturinn hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd.

Þá er því haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Strandasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Skjaldabjarnarvíkur** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornrum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðanna er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

<sup>8</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.



Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Einnig má benda á að sýslumörk N-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu liggja eftir vatnaskilum á Fossdalsheiði eða Fossárdalsheiði og í Geirólfsgrúpu og þar í sjó fram, sem umbjóðendur mínir telja jafnframt á landamerkjum Skjaldabjarnarvíkur um aldir.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

Loks er svo sérstaklega dregið í efa að forsendur standi til að hefja að nýju málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd að því er varðar svæði 17 (10a), á grundvelli þeirrar ákvörðunar óbyggðanefndar til að taka málið til meðferðar. Í því sambandi er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 sem var kveðinn upp 21. febrúar 2020, en ekki er vísað sérstaklega til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið áfátt þannig að hún uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 34/2020. Þá er svæðisins ekki getið í breytingarlögunum nr. 34/2020. Það eitt að orðalag landamerkjabréfa jarða á svæðinu séu óljós, er ekki tilvísun til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið aðfinnsluverð með sama hætti og vísað er til í öðrum málum, sem löggin leggja til að verði endurupptekin.

Í ljósi ofan ritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKISINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Skjaldabjarnarvík**, sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjaskrá fyrir Skjaldabjarnarvík, þinglesið 2. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Strandasýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um Skjaldabjarnarvík stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og að eigandi sé Guðrún Eggertsdóttir að Bæ á Rauðasandi. Einnig kemur fram í Jarðabókinni að í landinu hafi verið brúkuð selstaða kölluð Skaufasel og þar meina menn til forna hafi



verið býli. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að dýrleiki Skjaldabjarnarvíkur sé metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Kári Bjarnason (1740-1814) í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þá segir að eyðihjáleigan Skaufasel sé tekin með í matið. Í jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin Skjaldabjarnarvík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að dýrleiki og leigumáli jarðarinnar sé hafður eftir Jarðabók Árna og Páls og að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Skaufasel verið talin með.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfufylsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Skjaldabjarnarvík**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, allt frá fjöru til fjalls/jökuls allt á vatnaskil. Engir almenningar eða afréttir eru á svæðinu, heldur er allt kröfufusvæðið háð beinum eignarrétti jarðeigenda og hefur svo verið frá alda öðli.

Eignarrétturinn hefur verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, og ríki og aldrei verið dreginn í efa fyrr. Eigendur hafa getað bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta og erfðafjárskatt. Nú þegar hefur Óbyggðarnefnd fjallað um þjóðlendu á þessu svæði og úrskurðað um að suðaustur hluti Drangajökuls sé þjóðlenda, jarðirnar þar neðan jökuls eignarland, þ.m.t. **Skjaldabjarnarvík**, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum **Skjaldabjarnarvíkur**, og kaus að gera það ekki þegar mál með kröfufylsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjöllum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild er talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málkostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendlaga

#### FRAMLÖGB GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:



Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

  
Ólafs Björnssonar hrl.



**Kröfulýsing**  
til  
**Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, þ.m.t. landssvæði 10A, þ.e. Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi, er hér með lýst neðan greindri eignarréttarkröfu vegna neðan greindrar jarðar.

**JÖRÐ:** Drangar í Árneshreppi lnr.141669 fnr. 2127837

**EIGANDI/EIGENDUR:** Einkahlutafélag landeigenda sem gerir kröfu vegna jarðarinnar, en félagið er 100% eigandi jarðarinnar:

Fornasel ehf. kt. 490204-2020

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirliggjandi kröfu ríkisins inná eignarland Dranga, verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindur þinglýstur eigandi Dranga hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Dranga í Árneshrepp**, og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar, þar sem landamerki jarðarinnar voru afmörkuð frá austurhluta Drangajökuls þar sem jökuljaðri er fylgt suður uns komið er að jörðinni Drangavík og norður uns komið er að jörðinni Skjaldabjarnavík sbr. úrskurð óbyggðarnefndar nr. 1/2019 sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu:

Þá er nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar Dranga, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Árnesei í Trékyllisvík, og hljóðar svo:

Landamerki fyrir jörðinni Dröngum liggjandi í Árneshreppi innan Strandasýslu.

Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er norðurað Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga.

Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yzt út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjávar. Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar.

**Til þrautavara** er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eigenda Dranga að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

**MÁLAVEXTIR:**

Snemma árs 2018 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Innan þess svæðis er m.a. að finna landssvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018, gerði íslenska ríkið þjóðlendu kröfu til þess hluta Drangajökuls sem er innan þess svæðis. Eigendur **Dranga í Árneshrepp** gerður athugasemdir við kröfugerð ríkisins og lýstu þeirri afstöðu sinni að landamerki Dranga næðu inn á það landsvæði sem íslenska ríkið gerir nú kröfu til sem og til þess svæðis sem ríkið beinti kröfum sínum að í því máli, þ.e. Drangajökuls. Litið



var á athugasemdir þessar sem kröfur. Byggðu landeigendur á því að landamerki jarðarinnar væru vel skilgreind og að þeim hafi verið þinglýst fyrir um 120 árum, þ.e. með landamerkjabréfi jarðarinnar.

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, dags. 21. febrúar 2020, komst nefndin að þeirri niðurstöðu umþrættur hluti Drangajökuls væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmennt lögmannna, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfuvæðunum, þ.m.t. lögmennt f.h. landeigenda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu vikja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnarsýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Landeigendur **Dranga í Árneshrepp** telja að með þjóðlendukröfu sinni á umrætt *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé farið inná eignarland jarðarinnar, og telja sig því tilneydda til að taka til varna í málinu að nýju.

### Saga jarðar:

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 þar sem saga jarðarinnar er rakin.<sup>1</sup> Landeigendur telja þó engu að síður rétt að benda hér eftirfarandi heimildir m.a. um landamerki og eignarrétt jarðarinnar:

Í skrá Páls Jónssonar Skálholtsbiskups frá því um 1200 um kirkjur og staði Skálholtsbiskupsdæmis er Dranga getið. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>2</sup>

Í testamentisbréfi Einars Eiríkssonar frá 5. apríl 1383 segir að land á Dröngum skyldi ganga til Björns sonar hans eða eins og segir í *Íslenzku fornbréfasafni*:

land æ draungum ok tuæ hlute j Reka skal taka biornn son minn til eignar. ok skal hann feda þar firi einn ólmösu mann. mer skýlldan efinliga ok æ þui goze odru sem ek hefer honum gefit.<sup>3</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls yfir Trékyllisvíkurhrepp frá 1706 segir eftirfarandi um Dranga:

<sup>1</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, bls. 20-25.

<sup>2</sup> Skjal nr. 4(30), bls. 15.

<sup>3</sup> Skjal nr. 4(61). Sjá einnig skjal nr. 4(62).

**Drangar.**

Jarðardýrleiki xii hndr. Þar er bænhús.

Kirkjújörð frá Vatnsfirði við Ísafjörð á Vestfjörðum.

[...]

Landskuld hefur verið i hndr. og er enn so, en um iii ár frá anno 1702 var landskuld lxxx álnir, því jörðin bygðist ekki.

[...]

Reki hefur áður verið yfirfljótanlegur, en nú er hann miklu meiri. Af þessum reka er Árnescirkju eftir máldögum eignaður tíundi partur af öllum hvalreka á millum Geirhólms og Kaldbakshorns.

[...]

Í landinu í einum stað sjást tóftir nokkrar, kallaðar **Krákutun**. Sýnist líklegt þar kunni að hafa verið býli að forngildu, veit þó enginn neitt þar af. Kann ómögulegt að byggjast fyrir slægnaleyssi.<sup>4</sup>

Í jarðamati Strandasýslu frá 1804 er dýrleiki Dranga metinn 12 hundruð en eigandi jarðarinnar var Vatnsfjarðarkirkja. Þá segir að eyðihjáleigan Kragatún sé tekin með í matið. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>5</sup>

Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Drangar metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Vatnsfjarðarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Kragatún verið talin með. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>6</sup>

Í jarðamati Strandasýslu frá 1849–1850 er dýrleiki Dranga metinn 12 hundruð. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>7</sup>

Í ódagsettu byggingarbréfi um hálfu jörðina Dranga kemur fram að sr. Þórarinn Böðvarsson, prestur í Vatnsfjarðarprestakalli, byggði nefnda eign bóndanum Pétri Magnússyni á Melum í Trékyllisvík til allra leiguliðanota fardagaárið 1856–1857 og svo lengi sem þeir semdu sín á milli. Á byggingarbréfið er skráð að landskuld sé greidd fyrir fardagaárið 1872–1873.<sup>8</sup>

Við manntalsþing að Árnosi í Trékyllisvík 27. maí 1873 var tveimur byggingarbréfum vegna Dranga þinglýst, annars vegar áður nefndu bréfi sr. Þórarins Böðvarssonar í Vatnsfirði og hins vegar frá sr. Benedikt Eggertssyni Guðmundsen, dags. 21. nóvember 1871.<sup>9</sup>

Landamerkjabréf Dranga er dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnosi, og hljóðar svo:

Landamerki fyrir jörðinni Dröngum liggjandi í Árneshreppi innan Strandasýslu.

Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er **norðurað Bjarnafjarðará** og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga.

Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yzt út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjávar.

**Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar.**

Hlunnindi sem fylgja og liggja undir jörðina er:

<sup>4</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 322–323; skjal H-19.

<sup>5</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>6</sup> Skjal nr. 4(12), bls. 212.

<sup>7</sup> Skjal nr. 2(27).

<sup>8</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>9</sup> Skjal nr. 2(118).





1. Æðarvarp sem er í Eyju og 2 hólum. Eyjan er skammt undan landi rjett fyrir norðan Meyjarsel Dranga megin á Bjarnarfirði. Hólarnir eru hjer um bil ¼ viku sjóar undan landi norður og fram af Vatnshöfða sem kalladur er.

2. Selveiði fylgir og liggur undir jörðina mest í skerjum sem eru hjer umbil viku sjóar undan landi og svo í ýmsum skerjum öðrum, sem eru nær landi því þau liggja öll undir Dranga, sem eru fram undan Drangalandi.

3. Viðar og hvalreki nema 1/10 af hval undir Arneskirkju.

Dröngum dag 24. maí 1890

Guðmundur Pjetursson

fyrir hönd prestsins í Vatnsfirði

J.J. Thorarensen (eigandi Skbvíkur) og ful. fyrir Drangavík.<sup>10</sup>

Hinn 16. júlí 1908 tóku sr. Böðvar Eyjólfsson og Valgeir Jónsson fyrir að gera lýsingu og mat á kirkjujörðinni Dröngum. Lýsingin er svohljóðandi:

Mánudaginn h. 13. júlí 1908 vorum við undirritaðir, tilkvaddir matsmenn, staddir að Dröngum til þess að meta til sölu þá jörð.

Jörðin Drangar, að fornu mati 12 hdr. en að nýju mati 19,7 hdr. liggur innan fyrir Drangaflóa á milli jarðanna Skjaldabjarnarvíkur að norðan og Drangavíkur að innan og ræður Bjarnarfjarðará landamerkjum að norðan; að sunnan eru landamerki út á Drangatanga þ.e. sjónhending af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettunum skammt frá sjó og svo eftir þeirri línu til sjóar. **Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar.**

Hlunnindi sem fylgja og liggja undir jörðina er: Æðarvarp sem er í eyju og 2 hólum; eyjan er skammt undan landi rjett fyrir norðan Meyjarsel, Drangamegin á Bjarnarfirði. Hólarnir eru hjerumbil ¼ viku sjóar undan landi norður og fram af Vatnshöfða sem kallaður er.

Selveiði fylgir og liggur undir jörðina, mest í skerjum sem eru hjerumbil viku sjóar undan landi og svo í ýmsum skerjum öðrum, sem eru nær landi, því þau liggja öll undir Dranga, sem eru fram undan Drangalandi.

Viðar og hvalreki nema 1/10 af hval undir Árneskirkju.

Tún jarðarinnar gefur af sjer, að sögn ábúanda, í meðalári rúmt kýrfóður; hefur núverandi ábúandi bætt það og girt að miklu leyti.

Útengjar eða útheýsslægjur eru mjög reitingslegar og víða langt til þeirra og mun í meðalári meiga heyja um 200 hesta eða lítið þar yfir, þá með miklu fólksaldi.

Landrými er mikið.

Fjörubeit góð í íslausum árum, en flæðihætt mjög á svokölluðum Krókskerjum og hefur ábúandi þannig mist því nær 40 fjár á 6 síðustu árum, þrátt fyrir mikla umhirðingu.

Mótak getur ekki talist á jörðinni, en viðarreki er mikill í rekaárum, enda er rekasvæðið mjög langt og liggur ágætlega við.

Vegna legu jarðarinnar eru aðdrættir erfðir og óhægt til útréttinga; langt milli bæja o.s.frv.

Selveiði ekki mikil þessi árin um 20–30 kópar árlega og töluvert fyrir henni haft.

Frá æðarvarpi skýrir ábúandi svo:

að fyrir nokkrum árum hafi verið um 75 pund af dún árl. en nú um nokkur ár hafi því hnignað og sé nú þessi árin 50–55 pd.

<sup>10</sup> Skjal nr. 2(2).



Varplandið virðist ganga úr sér; þar sem áður var graslendi, er nú orðið mjög svo sandorpið og í hólmunum er varpið orðið sára lítið. Eyjan er fremur lítil og mun vart geta orðið meir en 50–60 pd. í henni, hvað rúm snertir.

Núverandi ábúandi hefur árið 1887 tekið á móti sem jarðarhúsum eins og hjer segir:

1. Baðstofu 13 ál. langri og 5½ ál. breiðri (óþiljaðri niðri)
2. Bæjardyrum 2 stafgólfa á lengd 5 al breiðum með lofti.
3. Eldhúsi 2 stafg. á lengd 5 ál breiðu
- 4 Búskofa

Engar ákveðnar húsa- eða jarðabótakvaðir hvíla á jörðinni. Kúgildi ekkert

Árlegt eftirgjald eftir jörðina er 12 pund af vel hreinsuðum æðardún og má reikna pundið eftir 10 ára meðaltali á fullar 10 krónur pundið.

Að öllu athuguðu virðist okkur matsmönnum jörðin Drangar sanngjarnlega seld fyrir 3.200 – þrjú þúsund og tvö hundruð krónur – og er þar með lýsingu og mati lokið.

Árnesi, 16. júlí 1908.

Böðvar Eyjólfsson

Valgeir Jónsson<sup>11</sup>

Við aukarétt að Reykjarfjarðarverslunarstað hinn 29. ágúst 1908 var lýsingar- og matsgjörð sr. Böðvars Eyjólfssonar og Valgeirs Jónssonar frá 16. júlí 1908 um kirkjujörðina Dranga staðfest.<sup>12</sup>

Hinn 16. nóvember 1909 keypti Guðmundur Pétursson, ábúandi á kirkjujörðinni Dröngum, nefnda jörð fyrir 4.000 kr. Fram kemur að jörðin sé metin á 19,7 hundruð að nýju mati.<sup>13</sup> Við manntalsþing að Árnesi í Trékyllisvík hinn 27. júní 1910 var þinglesið afsalsbréf ráðherra Íslands til Guðmundar Péturssonar fyrir 4.000 kr.<sup>14</sup>

Í fasteignamati Strandasýslu frá 1916–1918 er jörðin Drangar metin á sex hundruð að fornu mati en eigandi hennar var Jakobína Eiríksdóttir. Þá segir að jörðin hafi verið seld árið 1909 fyrir 4.000 kr., en jörðin er metin án húsa á 18.000 kr. Þá segir í fasteignamatinu að landamerki séu þinglesin og að þau séu ágreiningslaus. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>15</sup>

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

##### I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS - FRÁVÍSUNARKRAFA:

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Drangar í Árneshrepp** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **svæði austan og sunnan Drangajökuls**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist fyrst og fremst byggt á því að grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, séu athugasemdir óbyggðanefndar í niðurstöðum sínum í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019. Þær athugasemdir lúta einkum að því að landamerkjabréf þeirra jarða sem aðild áttu að

<sup>11</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>12</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>13</sup> Skjal nr. 2(98). Sjá einnig skjal nr. 2(167).

<sup>14</sup> Skjal nr. 2(121).

<sup>15</sup> Skjal nr. 2(38).



Því máli, m.a. **Dranga í Árneshrepp**, séu óljós hvað varðar landamerki gagnvart Drangajökli og heiðinni austan og sunnan hans. Um landamerkjabréf **Dranga** segir að það „*veiti því nokkru styrka stoð að merki jarðarinnar nái að jöklinum, með því að merkjum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri.*“ Það sé þó ekki beinlínis tekið fram í bréfinu að áin ráði allt til upptaka eða að merki liggi að jöklinum.

Þá er vísað til þess að heimildir jarðarinnar bendi til þess að landsnytjar og hlunnindi jarðarinnar hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæði næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskiveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðinu við sjóinn. Verðmæti jarðarinnar hafi jafnframt einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Heimildir greini aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri jöklinum. Þá sé land þar mjög lítið gróið og gróðurfar á svæðinu hafi líklega ekki tekið verulegum breytingum frá landnámi. Um þetta segir nánar tiltekið eftirfarandi:

*„Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalýsingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalýsinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.“*

Með vísan til þessa telur íslenska ríkið ólíklegt að stofnast hafi til beins eignarréttar uppi á heiðarlandinu.

*Hvað þetta varðar vill umbjóðandi minn sérstaklega benda á eftirfarandi:*

Þrátt fyrir að óbyggðanefnd teldi merkjalýsingar óljósar í landamerkjabréfinu náði krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins. Landeigendur byggja á því að óbyggðanefnd sé bundin af þeirri kröfugerð. Þá kröfðust eigendur **Dranga** beins eignarréttar á öllu landi jarðarinnar m.a. á umþrættu svæði. Ekki ætti því að koma til frekari skoðunar eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunna Drangajökuls.

Umbjóðendur mínir telja ljóst af þessum úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 að merki **Dranga** ná að jökulrönd, eins og hún var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. almenna niðurstaða óbyggðanefndar um merki v. jökla. Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við. Íslenska ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess að umrædd landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnarsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Hæstiréttur hefur og dæmt um samskonar álítaefni og komst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli Hrd. nr. 48/2004 (Tunguheiði) að kröfum ríkisins um mörk þjóðlendu skyldi hafnað þar sem áður hafði fallið héraðsdómur í málinu og ríkið unað þeim dómi:

*Í máli 48/2004 vísaði rétturinn til eignardóms, sem gengið hafði um Tunguheiði árið 1980, þar sem viðurkenndur hafi verið beinn eignarréttur Bræðratungukirkju að tilgreindu landi. Ríkið hafi kosið að una héraðsdómi í því máli og var sá dómur bindandi um úrslit máls að því leyti. Kröfu ríkisins þess efnis að mörk þjóðlendu yrðu dregin inn á land Bræðratungukirkju á Tunguheiði var því hafnað þegar af þeirri ástæðu.*

Óbyggðarnefnd hefur því viðurkennt eignarrétt umbjóðenda okkar á land Dranga frá jökulrönd Drangajökuls og á ríkið því ekki lagalegan rétt á því að seilast nú lengra inn á land umbjóðenda minna.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veitir ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e.



6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 1/2019 var hins vegar kveðinn upp 21. febrúar 2020. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>16</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar enda. Eignarrétturinn hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd.

Þá er því haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Strandasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Dranga** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðanna er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Sérstaklega áréttað að í landamerkjabréfi jarðarinnar er vísað til þess að jörðin eigi land til fjalls „*svo langt sem vötnum hallar ad láglendi hennar*“. Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttá að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

Loks er svo sérstaklega dregið í efa að forsendur standi til að hefja að nýju málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd að því er varðar svæði 17 (10a), á grundvelli þeirrar ákvörðunar óbyggðanefndar til að taka málið til meðferðar. Í því sambandi er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 sem var kveðinn upp 21. febrúar 2020, er ekki vísað sérstaklega til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið áfátt þannig að hún uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 34/2020. Svæðisins er ekki getið í breytingarlögunum nr. 34/2020. Það eitt að orðalag landamerkjabréfa jarða á svæðinu séu óljós, er ekki tilvísun til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið aðfinnsluverð með sama hætti og vísað er til í öðrum málum, sem lögin leggja til að verði endurupptekin

<sup>16</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.



Í ljósi ofan ritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKISINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Dranga**, sem vísað er hér til. Landeigendur byggja á því að landamerki Dranga í Árneshrepp eru vel skilgreind og var þinglýst fyrir um 130 árum en landamerkjabréfi jarðarinnar, dagsett 2. júlí 1890, var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Árnosi í Trékyllisvík. Þar kemur m.a. fram að landamerki jarðarinnar nái svo hátt sem vötnum hallar.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Fram kemur í fornum heimildum að jörðin hafi tilheyrt Vatnsfjarðarkirkju um aldir eða þar til hún var seld til Guðmundar Péturssonar árið 1909, sem var þá ábúandi jarðarinnar. Síðan þá hefur jörðin verið í einkaeigu tiltekinna aðila allt þar til núverandi eigendur eignuðust jörðina.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Dröngum**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignaréttindi jarðarinnar, allt frá fjöru til fjalls/jökuls allt á vatnaskil. Engir almenningar eða afréttir eru á svæðinu, heldur er allt kröfusvæðið háð beinum eignarétti jarðeigenda og hefur svo verið frá alda öðli.

Eignarétturinn hefur verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, og ríki og aldrei verið dreginn í efa fyrr. Eigendur hafa getað bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta og erfðafjárskatt. Nú þegar hefur Óbyggðarnefnd fjallað um þjóðlendu á þessu svæði og úrskurðað um að suðaustur hluti Drangajökuls sé þjóðlenda, jarðirnar þar neðan jökuls eignarland, þ.m.t. **Dranga**, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum **Dranga**, og kaus að gera það ekki þegar mál með kröfulýsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018. Ljóst sé því að hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Jörðin Drangar í Árneshrepp var friðlýst af þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, þann 26. nóvember 2021 og tók sú friðlýsing gildi 13. desember 2021. Friðlýsingin



tekur til alls eignarlands jarðarinnar allt frá sjó til jökuls, eins og því er nánar lýst í auglýsingu vegna friðlýsingarinnar og korti sem fylgdi með henni.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendulaga

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð
5. Auglýsing um óbyggt víðerni Dranga á Ströndum, dags. 26. nóvember 2021, ásamt korti af friðlýsta svæðinu.

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðarnefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda.

Ólafs Björnssonar hrl.

## KRÖFULÝSING TIL ÓBYGGÐANEFNDAR

Með vísun til tilkynningar Óbyggðanefndar í Lögbirtingarblaðinu 21. nóvember 2022, hafa eigendur 61% eignarhluta jarðarinnar Drangavíkur, Árneshreppi; Guðjón Egill Ingólfsson, kt. 240256-2239, Eyri lóð 2, Árneshreppi, Gunnar Ólafur Bjarnason, kt. 151053-5569, Vogatungu 19, Kópavogi, Helga Hauksdóttir kt. 190756-5999, Ljósalandi 6, Reykjavík, sem situr í óskiptu búi með erfingjum Jóns S. Möller, f. 07.11.1956, d. 22.09.2016, Halldór Kristján Ingólfsson, kt. 311054-6279, Hesthömrum 7, Reykjavík, Ingunn Hinriksdóttir, kt. 120944-2749, Berghólum 7, Selfossi, Lára Valgerður Ingólfssdóttir, kt. 130646-3019, Eyri, Árneshreppi, Ólafur Gunnarsson, kt. 220349-2769, Lækjarkinn 2, Hafnarfirði, Þórhildur Hrönn Ingólfssdóttir kt. 190860-5159, Kópavogsbakka 15, Kópavogi og Valfríður Möller, kt. 050259-5019, Funafold 97, Reykjavík, falið undirrituðum lögmanni að lýsa kröfu til eignarréttinda að hluta 14. svæðis samkvæmt tilkynningunni, þ.e. svæðis austan og sunnan Drangajökuls.

### Kröfur

Umbj. mínir gera kröfu til að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins um að úrskurðað verði að landsvæði sem nefnt er svæði austan og sunnan Drangajökuls sé þjóðlenda innan nánar tilgreindra þjóðlendukröfulinu, að því marki sem krafan tekur til lands, sem umbj. mínir telja tilheyrja Drangavík innan eftirgreindra marka:

#### A.

Milli Drangavíkur og Engjaness: Um línu sem dregin er úr ósi Eyvindarfjarðarár (Punktur 1) þar sem hún rennur úr Eyvindarfjarðarvatni með eftirfarandi hnitum skv. Ísnet 93 staðli:

1. 370325 m 625654 m	8. 372878 m 628955 m	15. 375209 m 630330 m
2. 370496 m 627150 m	9. 373212 m 629289 m	16. 375840 m 630555 m
3. 370786 m 627511 m	10. 373611 m 629071 m	17. 376167 m 630252 m
4. 371210 m 627737 m	11. 374022 m 629112 m	18. 376344 m 629874 m
5. 371423 m 628432 m	12. 374634 m 629582 m	19. 376556 m 629824 m
6. 371722 m 628636 m	13. 375030 m 629977 m	20. 376616 m 629809 m
7. 372629 m 628660 m	14. 375160 m 630034 m	

og þaðan þvert á fjöru á sjó út.

#### B.

Milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar um línu sem dregin er úr ósi Eyvindarfjarðarár (Punktur 1) til suðvesturs að mörkum gagnvart Laugalandi um merkjapunkta með eftirfarandi hnitum:

1. 370325 m 625654 m	7. 366163 m 621971 m	13. 362859 m 619448m
2. 370172 m 624656 m	8. 365074 m 621039 m	14. 362046 m 618952 m
3. 369531 m 624424 m	9. 364847 m 620217 m	15. 361880 m 618952 m
4. 368528 m 623477 m	10. 363911 m 620226 m	16. 361520 m 61890
5. 367383 m 623347 m	11. 363185 m 620078 m	
6. 366631 m 622439 m	12. 363104 m 619924 m	

## C.

Milli Drangavíkur og Laugalandis um línu sem dregin er úr punkti 16 (A) (hnit X 361520, Y 618909 m) við mörk Ófeigsfjarðar og þaðan norður að Þjóðlendumörkum við Drangajökul um punkta með eftirfarandi hnitum:

17. 361597 m	619583 m	21. 361136 m	620352 m	25. 360908 m	622361 m
18. 361398 m	619748 m	22. 361068 m	620958 m	26. 360930 m	622718 m
19. 361392 m	619759 m	23. 361126 m	621244 m	27. 360898 m	622888 m
20. 361289 m	619916 m	24. 360988 m	621759 m	28. 360641 m	623455 m

Nánar eru mörk þessi sýnd á meðfylgjandi yfirlitskorti Sigurgeirs Skúlasonar.

Þá gera umbj. mínir kröfu til að allur kostnaður þeirra vegna kröfulýsingar þessarar og síðari málsmeðferðar verði greiddur þeim úr ríkissjóði, þar með talinn allur kostnaður vegna lögmannsaðstoðar.

### Skýringar á kröfu

Kröfur umbj. minna eru byggðar á lýsingum landamerkjabréfa jarðanna Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar og jafnframt er stuðst við landamerkjabréf Dranga. Byggt er á þeirri lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfi Engjaness að mörkin milli Engjaness og Drangavíkur séu frá Þrælskleif við sjóinn, þaðan beint til fjalls, svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará. Gagnvart Ófeigsfirði eru merkin rakin frá sama upphafspunkti í Eyvindarfjarðará eftir hnitpunktum á vatnaskilum til suðvesturs þar til komið er á hæð sem er austan þess vatns sem er efsta upphaf syðstu kvíslar ofan Eyjafjarðarvatns, þá er línan tekin í miðju vatnsins og áfram til vesturs sunnan við hólma í vatninu og í punkt 12 sem er á mörkum Ófeigsfjarðar og Laugalandis og merktur er A í samningi milli eigenda þeirra jarða frá 7. mars 2015. Gagnvart Laugalandi er stuðst við þann sama punkt og kröfulínan mörkuð norður eftir sveitarfélagamörkum allt til Þjóðlendumarka við Drangajökul, punkt 14. Byggt er á því að allt land norðan þessara tilgreindu marka að Drangajökli tilheyri Drangavík að mörkum við Dranga.

Með stefnu til Héraðsdóms Reykjavíkur, útgefinni 30. júní 2020, mál nr. E-4318/2020, höfðuðu 74,5% eigenda Drangavíkur, m.a. umbj. mínir, dómsmál á hendur eigendum framangreindra aðliggjandi jarða; Engjaness, Ófeigsfjarðar og Laugalandis, þar sem þau gerðu kröfu til að framangreind landamörk yrðu viðurkennd. Íslensk ríkinu og eigendum Dranga var stefnt til réttargæslu en auk þess var öðrum eigendum Drangavíkur stefnt til að þola dóm í samræmi við kröfur stefnendanna. Eftir að fram kom krafa íslenska ríkisins, í febrúar 2021, í skjóli nýrrar lagaheimildar í 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. 34/2020, um að langstærsti hluti þess landsvæðist sem deilt var um í málinu yrði viðurkennt sem Þjóðlenda, óskuðu eigendur Drangavíkur eftir að málsmeðferð yrði frestað þar til niðurtstaða fengist um þá kröfu, með vísun til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndu mótmæltu því en héraðsdómur féllst á frestun með úrskurði, uppkveðnum 20. apríl 2020. Sá úrskurður var felldur úr gildi með úrskurði Landsréttar, sem upp var kveðinn 20. maí 2020. Lá þá ekki annað fyrir en að dómsmálið yrði flutt um ágreining málsaðila, að geymdum hugsanlegum rétti íslenska ríkisins skv. Þjóðlendlögum, og var dómur í því kveðinn upp 5. júlí 2022, þar sem stefndu voru sýknuð af kröfum þessara eigenda Drangavíkur. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar með áfrýjunarstefnu útgefinni 2. ágúst 2022.



Umbj. mínir vilja með kröfulýsingu þessari halda uppi öllum kröfum sínum gagnvart íslenska ríkinu um landmörk á svæðinu, sem þeir telja rétt vera samkvæmt þeim kröfum sem þeir gerðu, ásamt öðrum, í framangreindu dómsmáli og telja að fallast beri á réttmæti þeirra við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Lýsing málsatvika og reifun málsástæðna í kröfubréfi þessu er hvort tveggja byggt á málatilbúnaði stefnenda í framangreindu dómsmáli.

### Málsatvik

Jörðin Drangavík, sem er í óskiptri eign umbj. minna og fimm annarra einstaklína, er víðfeðm og telja umbj. mínir að land hennar nái frá Drangajökli í sjó fram og að hún sé um eða yfir 80 ferkílómetrar að stærð. Hún liggur sunnan Drangaskarða en norðan þeirra er jörðin Drangar. Að sunnan liggja Engjanes og Ófeigsfjörður.

Jarðirnar liggja suður af nyrstu jörð í Árneshreppi, Skjaldabjarnarvík í samnefndri vík norðan Bjarnarfjarðar, fyrst Drangar norðan Drangaskarða, þá Drangavík í samnefndri vík, þá Engjanes undir Drangavíkurfjalli við norðanverðan Eyvindarfjörð og syðst Ófeigsfjörður í samnefndum firði. Allar liggja jarðir þessar að sjó að austan og vestan og norðan þeirra er Drangajökull. Þær eru eyðijarðir en sumarbúseta er að Dröngum og í Ófeigsfirði.

Síðast var búið í Drangavík 1947, en forfeður umbj. minna voru hluthafar í Söguninni hf. á Eyri við Ingólfsfjörð sem keypti jörðina 1953 en því félagi var slitið árið 1982 og hefur jörðin síðustu áratugi verið nytjuð til reka, selveiði og dúntekju. Engjanes hefur verið eyðijörð í áhrundruð.

Um tilurð og afmörkun jarðarinnar Engjanes eru ekki skýrar heimildir að öðru leyti en því að fyrr á öldum hét hún Engines og hún er ekki landnámsjörð. Hún virðist hafa byggst síðar og þá fengið land frá Drangavík og Eyvindarfirði, sem ekki er sjálfstæð jörð lengur, en jörðin Ófeigsfjörður nær að Eyvindarfjarðará og jörðin Engjanes er þar næst sjó norðan við.

Í Landnámu segir:

„Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi. [...] Herrøðr hvítaský var gofugr maðr; hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð; þeir bjöggu þar síðan.“

Í bókinni Landið og Landnáma, fyrra bindi, segir Haraldur Matthíasson á bls. 238 að ekki séu fullljós mörk þessara þriggja landnáma en norður til Enginess hafi landnám Eyvindar náð enda megi kalla að Eyvindarfjörður nái þangað. Enginess er getið í Sturlungu en Haraldur telur að þar sé frekar átt við örnefni en bæ.

Í máldaga Stafholtskirkju sem Steini Þorvarðsson prestur setti um 1140 segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Engi nes a ströndum norðr [ok] reki með.“ Jörðin virðist hafa fylgt Stafholtskirkju um sjö alda skeið og hennar er getið í máldögum og vísitásium með þessum hætti fyrr á öldum.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Trékyllisvíkurhrepp frá 1706 segir eftirfarandi um Engjanes:

„Þetta kot hefur aldrei bygt verið, nema fyrir x árum tók það einn maður og flosnaði upp, síðan hefur það ei bygt verið. Það kann ei að byggjast, nema sá sem er í Drangavík hafi það með. Þar hefur nú enginn maður gagn af sem menn vita.“

Við afhendingu Stafholtskirkju hinn 30. maí 1707 skiptu prestarnir sr. Gunnar Pálsson og sr. Jón Jónsson með sér jörðum þannig að sr. Jón fékk m.a. jörðina Engjaness, eins og segir í gögnum um úttektir kirkna og staða í Mýrprófastsdæmi:

„... Eynginesi á Stróndum Sem Vm nockur är hefur verid i Eydi og Stafholtz presti  
Ägödalaus“

Í jarðamati Strandasýslu frá 1804 er dýrleiki Engjaness metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Stafholtskirkja. Þá segir að engin búseta sé á jörðinni og er henni því ekki gefið númer í jarðamatinu. Ennfremur segir að hún notist aðeins sem beitiland fyrir næstu jörð á eftir í jarðamatinu, þ.e. jörðina Drangavík. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök Engjaness.

Í jarðamati Strandasýslu 1804 segir m.a. í mati Drangavíkur: „Hieme\_ og Ud-marken underkastet Sandfog og Fieldskred“ eða með öðrum orðum að heimaland og útlendi sé undirlagt af sandfoki og skriðum. Engin slík athugasemd er í matinu hjá Engjanesi. Í því jarðamati segir hins vegar að jörðin hafi verið í eyði frá 1740 og þar þrífist engar skepnur.

Jörðin Engjaness er ekki tekin fyrir í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847. Í neðanmálgrein fyrir jörðina Drangavík kemur fram að Engjaness hafi árið 1805 verið beitiland frá Drangavík en að jarðabækurnar eignu Stafholtskirkju jörðina Engjaness. Þá segir að Jarðabók Árna og Páls meti jörðina fjögur hundruð að dýrleika en árið 1805 sé hún sögð vera sex hundruð að dýrleika. Árni og Páll sem og jarðabók frá 1760 telji hana í eyði og þá sé hennar hvorki getið nú hjá sýslumanni né presti.

Engar upplýsingar eru um jörðina Engjaness í jarðamati Strandasýslu frá 1849–1850.

Landamerkjabréf Drangavíkur er dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnosi, og hljóðar svo:

“Landamerkjaskrá fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi.  
Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skardatindinum á vördu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar. En milli Drangavíkur og Engjaness er Þrælskleif og nordanverdu kúpóttur klettur og varda beint upp af honum. Kálhólmar 3 með Ædarvarpi.  
p.t. Árnosi 2. júlí 1890  
J.J. Thorarensen fyrir Jón Ásgeirsson Gudm. Pjetursson á Dröngum“.

Landamerkjabréf Engjaness er dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnosi, og hljóðar svo:

“Landamerkjaskrá fyrir eyðijörðina Engjaness í Árneshreppi.  
Hornmark milli Engjaness og Drangavíkur er Þrælskleif, þadan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjardará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjaness og Ófeigsfjardar.  
p.t. Árnosi 2. júlí 1890 J.J. Thorarensen umráðamaður Drangavíkur og fyrir Sr. Jóhann Þorsteinsson í Stafholti umráðamaðmann Engjaness. Guðmundur Pjetursson fyrir hönd jarðeigendanna í Ófeigsfirði.”

Landamerkjabréf Ófeigsfjarðar er dagsett 21. janúar 1890, en því var þinglýst 2. júlí sama ár við manntalsþingsrétt að Árnosi, og hljóðar svo:

„Landamerki fyrir jörðinni Ófeigsfirði í Árneshreppi innan Strandasýslu. Land jarðarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjarðará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsfjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla að vörðum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjarðar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjörður út þangað til Helgaskjól er að bera í landamerkjavörðu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi [...]

Reykjafirði, 21. jan. 1890. J.J. Thorarensen.

Guðm. Pjetursson Þorkell Þorkelsson

Gísli Gíslason. Jón Gíslason Ragnheidur Óladóttir jarðareigendur”.

Í landamerkjabréf Dranga er því lýst að „[t]il fjalla á jörðin land svo langt sem vötnum hallar láglendi hennar.“

Í lýsingu og mati á Dröngum dags. 16. júlí 1908 gerðu í tilefni sölu á kirkjujörð kemur fram að kirkjujörðin Drangar liggja milli Skjaldabjarnarvíkur að norðan og Drangavíkur að sunnan.

Í fasteignamati Strandasýslu frá 1916–1918 var Drangavík metin án húsa á 1.000 kr. en Engines á kr. 150. Eigandi Drangavíkur var Jón Pálmason á Þingeyrum. Þá segir í fasteignamatinu að landamerki séu þinglesin og að þau séu ágreiningslaus. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.

Í fasteignamati Strandasýslu 1916-1918 segir um Engjanes að jörðin sé notuð frá Drangavík gegn 8 krónu afgangi en mat jarðarinnar var kr. 150 eins og áður sagði. Um Drangavík segir í fasteignamatinu að beitiland sé víðlent en snjóþungt og var mat jarðarinnar kr. 1.000 eins og áður sagði.

Hinn 7. maí 1921 seldi Guðmundur Pétursson hálfu jörðina Ófeigsfjörð til Péturs Guðmundssonar fyrir 20.000 kr. Landamerki jarðarinnar eru skráð í kaupsamninginn í afsals- og veðmálabók Strandasýslu en þau eru eftirfarandi:

„Milli Seljaness og Ófeigsfjarðar í læk, er fellur til sjávar hjá svonefndu Helgaskjóli, ræður hann merkjum frá sjó að vörðu á múlabrúninni þar upp af, þaðan sjónhending eptir sömu stefnu uppá há múlan. – Milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar ræður Eyvindarfjarðará merkjum frá sjó til upptaka, en á aðra vega á Ófeigsfjörður land eins langt og vötn falla þar til sjávar.“

Í fasteignabók 1921 er landverð Drangavíkur metið á 11 hundruð en 2 hundruð hjá Engjanesi.

Í fasteignamati 1932 er landverðið hjá Drangavík 1300 en 200 hjá Engjanesi.

Í fasteignamati 1942-1944 er landverðið hjá Drangavík 1700 en 400 hjá Engjanesi.

Í Sóknarlýsingum Vestfjarða útg. 1957, sem voru byggðar á skýrslum presta um miðja 19. öld, segir:

„Austanvert við hann (þ.e. Húsadal) er Drangafjall. Þá kemur fyrir austan það, dalur einn mjög langur, sem heitir Drangavíkurdalur, og liggur hann í fullt útsuður fram undir Drangajökul. Suðaustanvert við hann er Drangavíkurfjall.“

Í sóknarlýsingunni segir einnig að Drangavíkurfjall sé sé stórt og geysihátt klettafjall og liggja það í suður og útsuður, fram undir eystri sporðinn á Drangajökli og Ófeigsfjarðarheiði.

Í kaflanum um ár segir:

„Fyrir sunnan Drangavíkurfjall og Engjanes rennur Eyvindarfjarðará, til austurs, út í Eyvindarfjörð. Það er mikið vatnsfall og illt yfirferðar. Hún rennur mestmegnis í gljúfrum, og er alls staðar ströng. Í tveim stöðum eru vöð á henni, og heitir hið efra Stangarvað. Hún rennur ofan af Ófeigsfjarðaheiði norðanverðri og hefur þar upptök sín úr smákvíslum.”

Á norðanverðu svæðinu er Kringluvatn sem eigendur Dranga kannast vel við og hafa staðfest að sé við eða sunnan við merki Dranga og Drangavíkur.

Fyrsti uppdráttur ætlaðra merkja jarðarinnar Drangavíkur og Engjaness mun hafa verið gerður á árinu 2002 í tengslum við svokallað Nytjalandsverkefni. Verkefnið var samstarfsverkefni Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, Bændasamtaka Íslands, Landgræðslu ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins. Tilgangur verkefnis var að safna upplýsingum um bújarðir landsins og skrá þær inn í sameiginlegan gagnagrunn. Grunninum var ekki ætlað að vera heimild um merki jarða. Við vinnslu verkefnisins var almenna reglan sú að afla heimilda um bújarðirnar frá ábúendum og eigendum sjálfum. Það átti hins vegar ekki við í tilviki Drangavíkur því enginn eigenda var spurður þegar mörkin voru dregin upp af starfsfólki verkefnisins heldur einungis byggt á frásögn Hauks Jóhannessonar, jarðfræðings.

Á framangreindum uppdrætti Nytjalandss eru áætluð mörk milli Drangavíkur og Engjaness færð þannig að land Engjaness lokist ekki við Eyvindarfjarðará heldur nái upp fyrir land Drangavíkur og að Drangalandi.

Við skýrslutökur í óbyggðanefndarmálinu nr. 1/2019 kom fram af hálfu eins skýrslugjafa að aðgreining í Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn væri líklega frá síðari tímum, enda væri einungis eitt Eyvindarfjarðarvatn merkt inn á eldri kort. Getið er um bæði Efra- og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn í ritinu Örnefnalýsing Ófeigsfjarðar eftir Hauk Jóhannesson jarðfræðing frá árinu 1988 og bæði vötnin voru merkt inn á kröfulfnukort málsaðila óbyggðarnefndarmálsins með þeim heitum.

Hjá Stofnun Árna Magnússonar eru til örnefnaskrár varðandi jarðirnar Ófeigsfjörð og Drangavík en ekki Engjanes heldur eru örnefni innan þeirrar jarðar felld undir Drangavík. Þá skrá tók saman Haukur Jóhannesson 1988 og síðar. Við gerð hennar talaði hann við eigendur Ófeigsfjarðar en ekki var rætt við eigendur Drangavíkur eða fólk sem þar hafði búið.

Örnefni eru fá á því svæði sem um er deilt nema Eyvindarfjarðarvatn enda er landsvæðið nánast berar klappir, melar og ógróið eða lítt gróið land. Hins vegar er þar nokkuð af tjörnum og smákvíslum sem renna í Eyvindarfjarðarvatn. Sunnar og vestar á svæðinu er vatn sem á síðari tímum hefur verið merkt sem Efra Eyvindarfjarðarvatn.

Í formála fyrrnefndrar örnefnaskrár segir Haukur að milli Ófeigsfjarðar og Engjaness/Drangavíkur ráði Eyvindarfjarðará fram undir Neðra-Eyvindarfjarðarvatn, sem hann kallar svo, en þar klofni Eyvindarfjarðará og óvíst sé hvor kvíslin hafi ráðið merkjum enda hafi vart verið þörf á að skipta landi þar framfrá þar sem nytjar hafi engar verið.

Eigendur Ófeigsfjarðar gerðu samning um landamerki við eigendur Laugalandss þann 7. mars 2015 þar sem greinilega er byggt á því að merki gagnvart Engjanesi sé um syðstu upptakavísl sem rennur til Eyvindarfjarðarvatns.

Óbyggðanefnd felldi úrskurð í máli nr. 1/2019 þann 21. febrúar 2020 þar sem austurhluti Drangajökuls var gerður að þjóðlendu. Þar segir:

„Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. suðausturhluti Drangajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna: Upphafspunktur er við Hrollleifsborg. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitarfélagamörkum og svo til norðausturs, eftir sömu mörkum, að upphafspunktinum Hrollleifsborg. Miðað er við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.”

Í óbyggðanefndarmálinu gerðu eigendur Dranga kröfu um viðurkenningu eignarréttar á landsvæði að sýslumörkum á jökli og hið sama gerðu stefnendur f.h. Drangavíkur á þeim grundvelli að land Drangavíkur næði upp á jökul og voru með sömu skilgreiningu á landi Drangavíkur og fram kemur í þessu máli. Stefndu eigendur Ófeigsfjarðar og Engjanes gerðu sameiginlega og óskilgreinda kröfu um viðurkenningu á eignarlandi á jöklinum. Óbyggðanefnd hafnaði skv. ofansögðu eignarréttarkröfum jarðaeigendanna en tók ekki afstöðu til eignarréttarins á landi inn að jökli.

Sveinn Kristinsson frá Dröngum hefur staðfest í bréfi til óbyggðanefndar að jörðin Drangar liggja ekki að Engjanesi. Þá hafa þau Jón Kristinsson og Bjarnveig Samúelsdóttir frá Dröngum staðfest að merki jarðarinnar liggja ekki að Engjanesi að sunnanverðu, heldur einungis að Drangavík en það gerðu þau í staðfestri skýrslu sinni hjá óbyggðanefnd.

### Málsástæður

1. Umbj. mínir telja að þegar Drangavík var ásamt Dröngum numin á landnámsöld hafi landnámið náð til vatnaskila á Drangajökli og hafi landið fylgt jörðinni allar götur síðan og að land Ófeigsfjarðar, hafi verið þar sunnan við og land Dranga að norðan. Engar vísbendingar eða skriflegar heimildir séu um annað.
2. Umbj. mínir telja að í þeim tilvikum sem öðrum heimildum sé ekki til að dreifa um merki landnámsjarða hafi almennt verið litið svo á að land hafi verið numið milli fjalls og fjöru, það er frá vatnaskilum hæstu fjallseggja þar sem landi hallar og vötn falli til hins numda lands og þaðan allt til sjávar. Því megi álykta að lönd landnámsmanna á Ströndum hafi náð frá hábungu á vatnaskilum í vestri og til sjávar eða frá Drangajökli þar sem það á við. Engin efni eru til að telja að land Drangavíkur hafi að fornu fari náð styttra til vesturs en lönd annarra jarða þó þess hafi ekki verið getið í landamerkjabréfi jarðarinnar. Skoða verður lýsingu landamerka í landamerkjaskrá fyrir Dranga, Drangavík og Ófeigsfjörð, sem allar eru frá sama tíma, í heild sinni.
3. Landnámsmaðurinn Þorvaldur Ástvaldsson nam Drangavíkurland að Engjanesi sem var örnefni en ekki jörð á þeim tíma og á sama hátt náði landnám Eyvindar að Engjanesi að sunnan eins og Haraldur Matthíasson rakti í framangreindu riti sínu. Síðar virðist hafa verið tekið frá land og búin til jörð sem hafði Eyvindarfjarðará á annan veg en Þrælskleif á hinn veginn og hún verið nefnd eftir helsta kennileitinu, Engjanesi. Ummælin í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín að Engjanes „kann eigi að byggjast nema sá í Drangavík hafi það með“ benda til þess að þar hafi verið vesælt og landlítið kot. Það er einnig staðfest í fleiri gögnum.

4. Landamerkjabréfin sem voru öruggar heimildir síns tíma hafa verið samþykkt af eigendum þeirra jarða er áttu land að viðkomandi jörð og eru þinglýstar heimildir fyrir eignarrétti. Engir samningar hafa verið gerðir eftir að landamerkjabréfin voru skráð 1890 sem breyta merkjum milli jarðanna svo merkjalýsingar þeirra skulu gilda.
5. Þótt landamerkjabréf Drangavíkur tilgreini ekki vestustu mörk jarðarinnar verður að telja löglíkur fyrir því að merki til fjalls hafi í engu verið frábrugðin merkjum Dranga en sú jörð var numin samtímis Drangavík og af sama landnámsmanni.
6. Engin heimild eða vísbending er um að jörðin Engines hafi náð að merkjum Dranga. Þvert á móti er margt sem mælir því í gegn. Í fyrsta lagi er ekki að sjá af lýsingunni sjálfri í landamerkjabréfi Engjaness að svo sé. Í öðru lagi er lýsingin skýr á þann veg að merkjalínan fari eftir vatnaskilum milli Drangavíkur og Engjaness en þar á milli er skýr fjallgarður, Drangavíkurfjall. Þaðan fer merkjalínan í Eyvindarfjarðará en fjallgarðurinn endar við Eyvindarfjarðarvatn. Eyvindarfjarðará rennur úr Eyvindarfjarðarvatni og engin á er fyrir ofan vatnið sem hægt er að nefna með öruggum hætti sem Eyvindarfjarðará heldur margar kvíslar án heitis.
7. Engin rök eru fyrir ætlaðri merkjalínu Engjaness sem dregin hefur verið á uppdráttum Nyttjaland. Í uppdrætti Nyttjaland er teiknuð lína sem sveigir til norðvesturs þegar komið er að vesturenda Drangavíkurfjalls. Fjarlægjast línan þannig Eyvindarfjarðarána og er þannig í andstöðu við texta landamerkjabréfs Engjaness.
8. Samkvæmt landamerkjabréfi Engjaness var jörðin með skýrt afmarkað land á alla vegu og hringurinn lokaðist við Eyvindarfjarðarána. Þegar haft er í huga að Engjaness verður til síðar en landnámsjarðirnar þá er skiljanlegt hvers vegna sú ein jörðin er með afmarkað land á alla vegu en Drangavík og hinar landnámsjarðirnar eru áfram með sitt afréttar- eða eignarland upp að vatnaskilum.
9. Heimildir um Eyvindarfjarðará og lýsingar eru á þann veg að þær takmarkast við ána sem rennur úr Eyvindarfjarðarvatni. Í sóknarlýsingum Vestfjarða er því lýst að Eyvindarfjarðará sé sunnan við Drangavíkurfjall en fjallsendinn er við Eyvindarfjarðarvatn. Lýsingin á Eyvindarfjarðará, að þar sé mikið vatnsfall og illt yfirferðar og renni mestmegnis í gljúfrum, er nánast sönnun þess að átt sé við vatnsfallið neðan vatns því ástandið ofan þess er allt annars eðlis.
10. Umbj. mínir telja ljóst vera að þar sem vötnum hallar til suðurs frá línu sem dregin sé á vatnaskilum gagnvart Ófeigsfirði liggja lönd Drangavíkur norðan við. Samkvæmt merkjalýsingu fyrir Ófeigsfjörð eru norðurmörk jarðarinnar við Eyvindarfjarðará sem skilji að merki Ófeigsfjarðar og Engjaness. Ofan Eyvindarfjarðará, þar sem hún renni úr Eyvindarfjarðarvatni, liggja merkin fram til fjalls á vatnaskilum svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi. Því megi ljóst vera að vestan óss Eyvindarfjarðará þar sem vötnum hallar til norðurs frá línu sem dregin sé á vatnaskilum liggja lönd Drangavíkur.
11. Samkvæmt fram lögðum uppdrætti Sigurgeirs Skúlasonar eru merki Drangavíkur og Dranga frá hnitasettum punkti við sjóinn og þaðan í vörðu sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn, þaðan sjónhending í lægsta Skarðatindinn í Drangaskörðum og síðan til fjalls eftir dreginni línu á milli efstu tinda á vatnaskilum að hnitapunkti nr. 39 austan við Drangajökul og þaðan beina línu í þjóðlendumörk. Þetta er gagnkvæmur skilningur stefnenda og eigenda Dranga.

12. Í merkjalýsingu fyrir Engjaness segir að merkin að norðanverðu byrji við sjóinn í Þrælskleif, liggja þaðan beint til fjalls eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará sem ráði síðan merkjum til sjávar. Þarna er stutt og einföld lýsing og ekkert minnst á Dranga, jökulinn, upptök vatnsfalla, vötn eða annað sem gæti bent til þess að Engjaness fengi meira land en að Eyvindarfjarðará þar sem hún er skýr í landslaginu og fellur í gljúfrum niður frá Eyvindarfjarðarvatni.
13. Ljóst er af merkjalýsingu í landamerkjabréfi Engjaness að jörðin Engjaness er afmörkuð sneið úr því landi Drangavíkur, sem liggur á milli jarðanna Ófeigsfjarðar og Dranga og nær land Engjaness augljóslega hvergi upp fyrir Eyvindarfjarðará. Þetta fær stuðning í niðurstöðum óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.
14. Í niðurstöðum óbyggðanefndar er fjallað nokkuð um kröfur Engjaness og eru leiddar líkur að því tilvísun landamerkjabréfs Engjaness til vatnaskila eigi við vatnaskil á Drangavíkurfjalli en síður ofan við svokallað Efra-Drangavíkurvatn. Þar segir m.a.:

„Telja verður ljóst að þar sem merkjum Engjaness er lýst frá Þrælskleif „beint til fjalls“ og svo „eptir hæstu fjallsbrún“ sé a.m.k. átt við framangreind vatnaskil á Drangavíkurfjalli, enda liggur Drangavíkurfjall beint upp af Þrælskleif, myndar skýr skil milli vatnasviða Eyvindarfjarðará og Drangavíkurár og eðlilegt má telja að vísa til hæstu brúna þess sem „hæstu fjallsbrúnar“. Meiri vafi leikur á um hvort merkjalýsingin verði með réttu heimfærð á þau vatnaskil sem vestar liggja. Þau vatnaskil eru ekki eins greinileg í landslagi og liggja um heiðarland en ekki tiltekið fjall. Því verður að telja að hugtakið „fjallsbrún“ verði síður heimfært á þau þar en á Drangavíkurfjalli og enn síður að það verði talið eiga við um línu sem dregin er inn á Drangajökul, eins og gagnaðilar ríkisins byggja á. Þá er til þess að líta að þegar komið er vestarlega á heiðina rennur Eyvindarfjarðará ekki um einn farveg heldur rennur hún þar um nokkrar upptakavíslar og landamerkjabréfið hefur ekki að geyma lýsingu á því í hverja þeirra merkin skyldu dregin frá „fjallsbrún“ sem staðsett væri svo ofarlega á heiðinni, enda kemur ekki fram í landamerkjabréfinu í hvaða stað í ánni línan skuli dregin.“

15. Eigendur Ófeigsfjarðar hafa afmarkað land sitt bæði að því er virðist við vatnaskil norður af Ófeigsfjarðarheiði og svo við syðstu upptakavíslina á vatnasviðinu ofan Eyvindarfjarðarvatns, sbr. áðurgreindan samning frá 2015. Ennfremur hafa þeir í óbyggðanefndarmálinu talið sig eiga land upp á Drangajökul og land að Drangajörðinni. Allt bendir þetta til að eigendurnir séu ekki vissir í sinni sök og að landamerkjavitund þeirra sé óskýr.
16. J.J. Thorarensen áritaði landamerkjabréf Dranga 24. maí 1890 um samþykki vegna Skjaldabjarnarvíkur og Drangavíkur en ekki kemur fram að það sé áritað um samþykki vegna annarra jarða sem sem eiga land að Dröngum. Í því sambandi skal þess þó getið að J.J. Thorarensen undirritaði landamerkjabréf Engjaness rúmum mánuði síðar fyrir hönd umráðamanns Engjaness. Áritunarskorturinn bendir til þess að J.J. Thorarensen hafi vitað sem umboðsmaður eiganda Engjaness að landamerki Dranga og Engjaness lægju ekki saman enda er Dranga hvergi getið í landamerkjabréfi Engjaness.
17. Þegar þinglýst landamerkjabréf Engjaness frá 1890 er skoðað sést að það er undirritað af eigendum Engjaness og eigendum Drangavíkur en ekki eigendum Dranga sem rennir stöðum undir það sem hér hefur komið fram að jörðin Drangar lá hvergi að Engjanesi. Það eru skýr fyrirsmáli í landamerkjalogunum frá 1882 að eigendur aðliggjandi jarða skulu undirrita landamerkjabréf jarðar svo þinglýsingin hafi eitthvað gildi. Landamerkjabréfin

hafa aldrei verið véfengd að þessu leyti og hefur þinglýsing þeirra staðfestingargildi að því er varðar aðliggjandi jarðir.

18. Ekki kemur fram í landamerkjabréfi Engjaness að Eyvindarfjarðará ráði til upptaka og ekki er minnst á upptakakvíslnar. Af því leiðir að við skýringu landamerkjabréfsins verður að túlka lýsinguna þannig að átt sé við hina eiginlegu Eyvindarfjarðará þar sem hún er skýr í landslagi.
19. Það er nokkuð langsótt að telja að Engjaness ætti land upp með Eyvindarfjarðará lengra en að Eyvindarfjarðarvatni. Ekki er minnst á vatnið í landamerkjabréfinu né hvaða kvísl ætti að miða við þegar finna skyldi „Eyvindarfjarðará“ ofan vatnsins.
20. Umbj. mínir benda á að mikil líkindi séu til að eigendur Ófeigsfjarðar hafi á síðustu áratugum yfirfært merkin gagnvart Engjanesi í sínum ranni þannig að merkin næðu uppeftir öllum kvíslum ofan Eyvindarfjarðarvatns þótt landamerkjabréf Engjaness segi annað. Sama gildi um heitið á vatnsfallinu. Eyvindarfjarðará hafi á síðari tímum verið yfirfærð á kvísl eða kvíslar ofar vatnsins. Sú frásögn Sóknarlýsingar Vestfjarða að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín í kvíslum bendir ekki til þess að áin sé í tilteknum farvegi þar efra heldur að vatnið í hana komi úr þessum kvíslum.
21. Jörðin Engjanes var nánast kot út frá landnámsjörðinni Drangavík og ekki hægt að stunda búskap þar. Aðalkostur jarðarinnar var rekinn og lítið vitað um kosti hennar að öðru leyti en því að hún var óbyggileg eyðijörð í ómunatíð. Það er næsta fráleitt að ætla að eigandi Drangavíkur og/eða Eyvindarfjarðar og síðar Ófeigsfjarðar hafi látið þann sem fékk rekajörðina Engjanes eiga land úr landnáminu upp á hálendið, miklu frekar að hann hafi úthlutað nýju jörðinni hlíðinni fyrir ofan ströndina eins og landamerkjabréfið ber með sér.
22. Það er ljóst af þeim jarðamötum sem að framan eru talin að Engjanes var ekki landstór jörð og á fyrri hluta síðustu aldar var verðmæti hennar ca. 1/6 hluti matsverðs lands Drangavíkur. Það dregur verulega úr líkindum þess að kotjörðin Engjanes hafi fengið allt upplendi landnámsjarðarinnar Drangavíkur þegar stofnað var til jarðarinnar.
23. Við skýrslutökur í óbyggðanefndarmálinu kom fram af hálfu eins skýrslugjafa að aðgreining í Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn væri líklega frá síðari tímum, enda væri einungis eitt Eyvindarfjarðarvatn merkt inn á eldri kort.
24. Óbyggðanefnd taldi líklegt í úrskurði sínum í málinu nr. 1/2019 að með tilvitnuðum orðum landamerkjabréfs fyrir Ófeigsfjörð, þar sem segir að „fram til fjalls“ eigi Ófeigsfjörður „svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi“, sé átt við vatnaskil. Þar sem Eyvindarfjarðará er skýrt afmörkuð neðan Eyvindarfjarðarvatns, en til vatnsins renna upptakakvíslar, þá er nærtækast að ætla frá ósnum í vatninu liggja merki Drangavíkur og Ófeigsfjarðar til suðvesturs eftir vatnaskilum.
25. Það er sterk vísbending um eignarétt Drangavíkur sem fram kemur í afsali dags. 7. maí 1921 er hálf jörðin Ófeigsfjörður var seld, að milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar ráði Eyvindarfjarðará merkjum frá sjó til upptaka. Ekki er minnst á Engjanes þarna né heldur hvar telja megi að upptökin séu.
26. Af landamerkjalyýsingu jarðanna þriggja sem hér um ræðir er athyglisvert að landamerki jarðarinnar Engjaness eru þau einu sem lokast, ef svo má að orði komast, samkvæmt



lýsingu. Þar segir að nyrðri mörkin gangi frá Þrælskleif beint til fjalls og eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en þaðan beint til sjávar. Þetta eru jafnframt mörkin milli Engjaness og Ófeigsfjarðar. Þegar þetta er virt geta mörk jarðarinnar Engjaness ekki legið allt upp að Drangjökli eins og upprátturinn sem unnin var í tengslum við Nyttjalandsverkefnið og skipulagsupprættir byggja á.

27. Skipulagsuppráttur aðalskipulags Árneshrepps, upprættir í umhverfismati Vesturverks ehf., og uppráttur Umhverfisstofnunar vegna friðlýsingar jarðarinnar Dranga hvíla allir á einu og sömu heimildinni og gagnagrunni Nyttjaland sem ekki er ætlað að vera heimild um landamerki. Kemur eftirfarandi fram á skipulagsuppráttum Árneshrepps: „Jarðamörk, til skýringar án staðfestingar. Heimildarmaður vegna jarðamarka Haukur Jóhannesson án ábyrgðar”. Samkvæmt staðfestu endurríti skýrslutöku af Hauki Jóhannessyni í óbyggðarnefndarmáli nr. 1/2019 vék hann sér undan því að svara spurningum um hvernig þau merki er höfð eru eftir honum í Nyttjalandsgrunninum samrýmdust landamerkjalyásingu að því er varðar merki Engjaness og Drangavíkur inn til landsins. Hann tekur þar enga afstöðu til merkjanna. Þetta sýnir að engin áreiðanleg heimild er að baki þeim gögnum er stefndu hafa stuðst við.

### Lagarök

Umbj. mínir vitna til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, einnig til 1.- 6. gr. laga um landamerki nr. 41/1919, sbr. 6. gr. laga nr. 92/1991.

Vísa umbj. mínir til meginreglna íslensks réttar um gildi landamerkjabréfa og túlkun þeirra og eignaréttarákvæðis stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr. Einnig vísa umbj. mínir til meginreglna eignarréttar um nám og töku, sem og um eignarráð fasteignaeigenda.

Kröfu um málskostnað úr ríkissjóði byggja umbj. mínir á 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

### Áskilnaður

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn og koma að frekari röksemdum á síðari stigum málsins.

Reykjavík, 17. febrúar 2023.

  
Ásgeir Þór Árnason hrl.

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Baierbrunn, 27. mars 2023

## KRÖFULÝSING

F.h. 25,5% eiganda Drangavíkur, Árneshreppi, Strandasýslu L 141670

### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember sl., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember sl. landeigendum var veittur frestur til 28. febrúar 2023 og síðar framlengdur til 28. mars 2023.

### **Aðild og fyrirsvar:**

Kröfulýsendur eru:

Sigríður Erla Gunnarsdóttir, Kt. 101145-2129, Noedre Hallsetvei 44, Þrándheimi, Noregi,  
Ásdís Gunnarsdóttir, kt. 260348-3379, Klareborgsgatan 3, Gautaborg, Svíþjóð,  
Guðrún Anna Gunnarsdóttir, kt. 020749-4159, Sundabakka 10A, Stykkishólmi, eignarhlutfall  
jarðarinnar hvers um sig er 7,5 % og  
Svanhildur Guðmundsdóttir, kt. 260543-2619, Skipalóni 22, Hafnarfirði f.h. db. Ólafs  
Ingólfssonar, eignarhlutfall 3 %.

Fyrirsvarsmáður eigenda er Guðmundur K. Sigurjónsson hdl.

### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem mál þetta á ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeiganda á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfs jarðarinnar og niðurstöðu landamerkjadóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli númer E-4318/2020, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra hnita. :

*Frá Þrælskleif við sjó (1)(X376616, Y629809) beina línu í vörðu á Skerjasundsmúla (2)(X375840, Y630555). Úr vörðunni fylgja landamerki hæstu fjallsbrúnum (vatnaskilum) þar sem vötnum hallar til Drangavíkurdals milli eftirtalinna hnita (3)(X373877 Y629158) (4)(X371041 Y627676)(5) (X369008 Y626627) og (6)(X367444 Y627327) allt að hornmarki milli Engjaness, Drangavíkur og Dranga í 475 metra háum hnúk norðan og austan við Kringluvatn(7) (X366426,0626 Y628266,2844)*

*Og þaðan skv. eftir vatnaskilum í lægsta Skarðstindinn og þaðan til sjávar við Galtasker (8),*

Vísað er til fylgiskjals nr. 5 dags. frá 10.10.2014 með árituðum breytingum.

Að norðanverðu afmarkast jörðin af mörkum jarðarinnar Dranga og að sunnan og vestan að mörkum jarðarinnar Engjanes.

Til þrautavara er krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að vera úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju þ.ám. upprekstrar-, beitar-, námuréttur ásamt veiði í vötnum og nýting heilsugrasa.

Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

### **Málavextir og helstu málsástæður:**

#### Um landnám og landamerki:

1. Skjalda-Björn Herfinnsson nam land frá Straumnesi til Dranga og bjó í Skjalda-Bjarnarvík. Bræðurnir Eyvindur, Ófeigur og Ingólfur Herröðarsynir námu þá firði er við þá hafa verið kenndir síðan og bjuggu þar. Landnámsmörk milli Skjalda-Bjarnar og Eyvindar hafa verið á vatnaskilum þar sem vötnum hallar til Eyvindarfjarðar.
2. Þorvaldur Ásvaldsson nam Drangaland og Drangavík til Enginess og bjó á Dröngum. Þorvaldur virðist hafa komið út síðar en Skjalda-Björn og Eyvindur og numið land innan landnáms Bjarnar, þ.e. Drangaland, en einnig Drangavík sem virðist hafa legið ónumin milli landnáma Bjarnar og Eyvindar. Um þetta segir Haraldur Matthíasson í riti sínu Landið og Landnáma:

*Litlegt virðist, að Eyvindur hafi numið land á undan Þorvaldi á Dröngum; má búast við, að Þorvaldur hefði fremur kosið Eyvindará að landamerkjum hefði hann komið fyrr.*

3. Jörðin Drangavík var því innan landnáms Eyvindar Herröðssonar. Drangavíkurjarðar er árið 1525 getið sem eign Þingeyjarklausturs í Sigurðarregistri. Í öllum gögnum um Drangavík kemur fram að hún var lítil jörð nánast víkin og land upp af henni til fjalls. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar árið 1754 segir um Drangavík *Milli Engjanes og Dranga er Drangavík. Þar er fallet og grösugt ..*
4. Landamerki Drangavíkur eru nr. 96 í landamerkjabók Strandasýslu. Landamerkjalyking þessi er skráð í Árnasi 2. júlí 1890 og undirrituð af J.J. Thorarensen fyrir Jón Ásgeirsson og Guðmundi Pjeturssyni bónda á Dröngum og hljóðar svo:

*Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skardatindinum í vördu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og eptir þeirri línu til sjóar.  
En milli Drangavíkur og Engjanes er Þrælskleif og knúpóttur klettur og varda beint upp af honum. Kálhólmar með Ædarvarpi.*

5. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og um það voru íslenska ríkið og landeigendur, umbjóðendur mínir, sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

6. Þann 16. mars 2018 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr laga nr. 58/1998.
7. Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingu, þann 5. október 2018, þar sem einungis var gerð krafa um þjóðlendu á Drangajökli innan þess svæðis sem tekið hafði verið til meðferðar. Á móti barst sameiginleg krafa landeigenda og eigenda Ófeigsfjarðar um eignarland á Drangajökli, krafa frá hluta af eigendum Drangavíkur um eignarland á Drangajökli, krafa frá eiganda Dranga um eignarland á Drangajökli og að síðustu krafa frá eigendum Skjaldabjarnarvíkur um eignarland á Drangajökli. Deilan snerist því einungis um land á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar. Málið fékk númerið 1/2019.
8. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu á bls. 8 undir liðnum 5.1.2.2, sem ber heitið *Afmörkun þjóðlendukröfulínu*:

*Að þeim hluta Drangajökuls, sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð.*

9. Síðan segir áfram í kröfulýsingu íslenska ríkisins á bls. 8-9, undir liðnum 5.1.2.3, sem ber heitið *Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu*:

*Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.*

*Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið [Drangajökull] liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða.*

10. Eftir að kröfulýsingar landeigenda lágu fyrir skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019. Í greinargerðinni er ítrekað mat íslenska ríkisins á mörkum þjóðlendu og eignarlanda en þar segir m.a. á bls. 4 og á bls. 5:

*Að þjóðlendukröfusvæðinu í Strandasýslu liggja jarðirnar Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, samkvæmt fyrirliggjandi landamerkjabréfum jarðanna, eins og nánar er lýst í kröfulýsingu íslenska ríkisins.*

*Við afmörkun þjóðlendukröfulínu á hluta Drangajökuls hefur íslenska ríkið fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf og landamerkjalyýsingar aðliggjandi jarða ...*

11. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu s.s. landamerkjabréfum með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum, að engar þjóðlendu væru á svæðinu utan Drangajökuls og jörðin Drangavík því alfarið utan þjóðlenda. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.

12. Athygli nefndarinnar er vakin á því nær engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeiganda um landið utan jökulsins, enda var það óumdeilt eignarland eins og kröfu ríkisins var háttar og lýst var hér að framan.
13. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslið segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

14. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Drangavíkur.
15. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu m.a. vegna Drangavíkur um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu vikja sæti vegna vanhæfis.
16. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar dags. 27. janúar 2022 og auglýsingar í Lögbirtingarblaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
17. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 17. maí 2022.
18. Afstaða landeigenda var að ekki væru skilyrði til málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna lands Drangavíkur.
19. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Drangavíkur. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til Drangavíkur.
20. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávísun og sérstakur áskilnaður:*

21. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda það ekki undir nefndina.

22. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra sjónarmiða sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt væri að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

23. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunnir að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

24. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
25. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2019, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem væri til staðar og úrskurður beindist að.
26. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2019 var ekki talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins. Það var hins vegar mat óbyggðanefndar eftir að lögin höfðu verið samþykkt að úrskurðurinn hefði að geyma slíka athugasemd og á grundvelli þess mats taldi nefndin heimild til endurtekinnar málsmeðferðar væri til staðar.
27. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómar Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímamarki ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2019, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
28. Landeigendur halda því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnsýslunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megi umþrætt svæði til meðferðar.

29. Landeigendur setja fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Drangavíkur á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmat.
30. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd

Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar leiða til þess að fallast ber á kröfu landeiganda:

31. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.
32. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.
33. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar; Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
34. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

35. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.
36. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

37. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að Óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

38. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttihafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.
39. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess hefur verið óbreytt frá upphafi.
40. Þá er sérstaklega nefnd 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á að setta mál.
41. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
42. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekinn upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

43. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020 umræðulítið.
44. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr mörk eignarlanda og þjóðlenda.
45. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
46. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlögum.
47. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.



48. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendlaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendir.
49. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999 sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.
50. Einnig er nefndur **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dóminum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamrýmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
51. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998 vegna gildistöku þjóðlendlaga haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendlaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
52. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendlögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu af forsætisráðuneytinu dags. 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1/2005.
53. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefndar kemur skýrlega fram. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
54. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyking nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
55. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
56. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendlaga um ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa fram hjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

57. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

58. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
59. Með því að óbyggðanefnd ákvað þann 16. mars 2018 að taka fyrir Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls hins framangreinda svæðis.
60. Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land Drangavíkur væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfulýsingu ríkisins hér að framan.
61. Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2019 fól í sér að viðurkennt var að land nafngreindra jarða lægju að Drangajökli. Drangavík er ekki talin eiga land upp að jökli og því utanþjóðlendusvæðisins. Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar í málinu nr. 1/2019, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
62. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2019 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.

63. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkkt með dómi.
64. Það er þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.
65. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög.
66. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinnar svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
67. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
68. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
69. Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Drangavíkur byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
70. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.

71. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra.*

*Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

72. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
73. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Drangavíkur. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2019 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendulaga.
74. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.
75. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Sé litið fram hjá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan í dag sú að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
76. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendulaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa þeirra til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
77. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.

78. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2019 (óumdeild að enginn aðila skaut þeim úrskurði til úrlausnar dómstóla) hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Um fjöllum óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2019, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar og má því telja augljóst að ef sönnunarfærsla hefði farið fram hefðu engin ummæli ratað í úrskurðinn sem túlka mætti sem athugasemd.

79. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 112-113 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra dags 1. júlí 2020:

*Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar. Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra nái að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggi að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áður nefndra þriggja jarða vestan jökulsins.*

*Þær heimildir sem liggja fyrir um umræddar jarðir í Strandasýslu og réttindi innan þeirra og raktar eru í köflum 5.3.1–5.3.6 hér að framan benda til þess að landsnyttjar þeirra og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla má að verðmæti jarðanna, sem víða er tilgreint í heimildum, hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 var verðmæti Skjaldabjarnarvíkur þá 6 hundruð, Dranga 12 hundruð, Drangavíkur 6 hundruð, Engjaness 4 hundruð og Ófeigsfjarðar 24 hundruð. Verðmæti Ófeigsfjarðar var þannig mun meira en hinna jarðanna en um Ófeigsfjörð segir í Jarðabókinni að reki hafi þar „áður verið óþverrandi, en nú í mörg ár hefur þar ekki rekið nema lítilsháttar“. Fram kemur að nokkrum kirkjum og einu klaustri séu þar eignuð ítök sem fólust í hlutdeild í hvalreka og öðrum reka, sem kann að vera til marks um verðmæti þessara réttinda. Heimildir greina aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli. Þá er land þar mjög lítið gróið eins og glögg mætti sjá í vettvangsferð óbyggðanefndar vegna málsins og ítarlega er gerð grein fyrir því í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu sem aflað var vegna meðferðar málsins. Af greinargerðinni verður ráðið að líklega hafi ekki orðið verulegar breytingar á gróðurfari á umræddum hluta heiðarinnar frá landnámi. Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyðingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika*

*landamerkjalyésinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.*

*Afdómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir óljósar merkjalýsingar í fyrrnefndum landamerkjabréfum tekur krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins og er miðuð við ætlaða legu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998. Samkvæmt framansögðu kemur því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunnan jökulsins, sem ekki var hulið jökli á því tímamarki.*

80. Landeigendur telja tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlegastöðu jökulsins utan landamerkja Drangavíkur. Sé frá því litið er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en utan jökulsins átti sér ekki stað nema afar takmörkuð sönnunarfærsla eðli máls samkvæmt. Verða nú helstu rangfærslur nefndarinnar raktar og hraktar:
81. Óbyggðanefnd heldur því fram að lýsing landamerkjabréfs Drangavíkur sé óljós þar sem ekki sé tekið fram að jörðin liggja að jöklinum og rökstyður það einkum með eftirfarandi staðhæfingum:

Sú fyrsta kemur fram á bls. 99-101 í úrskurðinum en þar fjallar óbyggðanefnd um það að landamerkjabréf séu að nokkru leyti óljós gagnvart jöklinum og telur það sérstaklega eiga við merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar en í úrskurðinum segir orðrétt:

*Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar*

82. Landamerkjalyésing af Drangavík er stutt en skýr, miðað er við glögg merki við ströndina og kennileiti upp af þeim. Það er alkunn regla á Vestfjörðum að vatnaskil ráði mörkum á fjöllum, því þarf ekki að taka fram það sem allir vita. Ef dregin væri lína milli þessara marka sem í Landamerkjaskrá eru nefnd þá væri nánast ekkert af jörðinni innan þeirra sem er fásinna. Því verður að túlka þessi mörk samkvæmt málvenju og hefðum Vestra.
83. Í landamerkjabréfi Dranga frá 24. maí 1890 er merkjum jarðarinnar lýst svo hvað varðar mörk jarðarinnar við Drangavík

*Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yzt út í Drangatanga nfl. sjónhendingu aflægsta Skardatindinum í vörðu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og eptir þeirri línu til sjávar. Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar.*

84. Þarna er skýrlega verið að vísa til vatnaskila milli aðliggjandi jarða og Dranga og sama skilning ber að leggja í landamerkingalýsingu Drangavíkur.

85. Önnur er sú að landamerkjabréf Drangavíkur nefni ekki Drangajökul á nafn ólíkt landamerkjum þriggja jarða vestan jökulsins. Því skal haldið til haga að þessar þrjár jarðir sem minnst er á eru þær einu sem land eiga að jökli sem minnst á hann berum orðum, en hinar 12 (að Drangajökli liggja a.m.k. 15 jarðir) gera það ekki.
86. Drangavík á ekki land að Drangajökli því er það eðlilegt að ekki að landamerkjalyking jarðarinnar sé *að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum* svo vitnað sé í orðalag óbyggðanefndar.
87. Með bréfi lögmannna íslenska ríkisins dags. 24. janúar 2023 til óbyggðanefndar varðandi breytingu á kröfugerð ríkisins í málum 1-8/2021 á svæði.10B segir á bls. 1 orðrétt:

*Íslenska ríkið leggur landamerkjabréf jarða almennt til grundvallar, enda séu viðkomandi landamerki skýr með tilvísun til örnefna eða staðhátta á landi viðkomandi jarða, s.s. lækja, kletta eða gilja, og ekki í andstöðu við aðrar skriflegar heimildir .*

88. Landamerkjabréf jarðarinnar Drangavíkur eru skýr og því verður ekki séð af hverju aðrar reglur eigi að gilda um jörðina Drangavík en aðrar jarðir innan lögsögu íslenska ríkisins
89. Upplýsingar um not og nytja jarða fyrir utan skráðar heimildir er helst að fá skv. munnlegum upplýsingum sem berast frá kynslóð til kynslóðar. Forfeður landeigenda bjuggu í Drangavík óslitið frá 1828 til 1924 og frændur allt til 1947.
90. Gagnstætt því sem haldið hefur verið fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að öll jörðin hafi verð byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vegna legu jarðarinnar var hún alla tíð einungis nýtt af ábúendum eða eigendum og engum öðrum. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafa alla tíð verið undirorpið beinum eignarétti.
91. Óumdeilt er að verðmæti Drangavíkur fólust einkum í hlunnindum við ströndina fjörubeit, reki, veiði, en jörðin var öll nýtt innan Drangavíkurdals. Upp með Drangavíkurá, kringum Drangavíkurvötn og með þeim giljum sem til þeirra falla er kjarnmikill sauðfjárgróður. Sauðfé nýtti hvert strá á sumrin og þó að í greinargerð Náttúrufræðistofnunar sé talað um gróðurlítið land þá var það nýtt til fullnustu. Ríkisvaldið túlkar í kröfum sínum greinargerð Náttúrufræðistofnunarinnar svo ef land sé gróðurlítið þá sé það ekki nýtt og því ekki eignarétti háð.
92. Gróður er á þessu svæði kröftugur þar sem hann er að finna og lítil hluti lands gefur hlutfallslega mikil verðmæti. Einkum var gróður fyrir sauðfé að finna við ár, læk og vötn og alls staðar sem skjól var að finna. Fyrir þá sem aldir eru upp á gróðursælum lendum annars staðar á Íslandi kann þetta vera ómerkilegt gróðurfar, en það var nýtt til fullnustu. Meðaltal gróins lands á jörðinni gefur því enga mynd af notkun hennar.
93. Upp með Drangavíkurá og í kringum vötnin var land sérstaklega mikilvægt ábúendum til sumarbeitar fyrir sauðfé.
94. Þegar meta á hvort um fullkomin eignarétt sé að ræða þá ber óbyggðanefnd að líta til þeirra þess hvernig jörðin var nýtt hvað varðar núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignaréttinda innan skráðra marka jarðarinnar.

95. Í kröfugerð íslenska ríkisins nú er dregin lína úr landi Dranga og án hnitsetningar út í mitt Neðra-Drangavíkurvatn og þaðan í punt utan jarðarinnar
96. Þessi kröfulína ríkisins styðst ekki við kennileiti og er dregin þvert á allar hæðarlínur og gróðurfar og nýtingu jarðarinnar.
97. Drangavík er 3.200 hektarar og hefur alla tíð verið talin víkin innan landamerkja við sjóinn og landið upp af víkinni. Að telja vesturhluta jarðarinnar frá punkti út í miðju Neðra-Drangavíkurvatni ekki hluta jarðarinnar er í algjöru andstæðu við stærð jarðarinnar eins og hún hefur verið talin af eigendum, ábúendum og utanaðkomandi frá ómunatíð. Ef miðað er við kröfulínu ríkisins nú þá skerðist jörðin um 835 hektara og eftir standa 2.365 hektarar. Sjá fskj. 5.
98. Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar segir

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

99. Í 3. kapítula landsbrigðabáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

100. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
101. Í Grágás og Jónsbók er kveðið á um að menn skuli kveða á um merki og auðæfi þau er landi skuli fylgja og merkjagöngu sjá 6. kapítula Jónsbókar. Merkjalýsingar er sjaldan að finna í kaupbréfum sem varðveist hafa. Merkjagangan sem fór fram eftir kaup hélt þó gildi sínu um merki jarða og varðveittist í munnlegri geymd.
102. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalaus og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.
103. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu



jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

104. Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.
105. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
106. Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.
107. Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.
108. Þá byggja landeigendur varakröfu sína einnig á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.


### Helstu lagarök:

- Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar
- Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar
- Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991
- Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.
- Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978
- Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.
- Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni
- Vísað er til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.
- Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986
- Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim
- Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998
- Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.
- Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

**Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,  
f.h. 25,5% landeiganda

  
Guðmundur K. Sigurjónsson hdl..

**Fylgiskjöl:**

- 1-4. Umboð
5. Kort unnið af Ásgeiri Gunnari Jónssyni með breytingum.
6. Fasteignayfirlit.



**Kröfulýsing**  
til  
**Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar um endurupptöku mála á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, þ.m.t. landssvæði 10A, þ.e. Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi, er hér með lýst neðan greindri eignarréttarkröfu vegna neðan greindrar jarðar.

**JÖRÐ:** Drangavík í Árneshreppi, lnr. 141670, fnr. 212-7846

**EIGANDI/EIGENDUR:** Þeir eigendur sem gera kröfur vegna jarðarinnar fara með 70,5% óskipt eignarhald á landsvæðinu:

Gunnar Ólafur Bjarnason	kt. 151053-5569
Lára Ingólfssdóttir	kt. 130646-3019
Guðjón Egill Ingólfsson	kt. 240256-2239
Halldór Kristján Ingólfsson	kt. 311054-6279
Ingunn Hinriksdóttir	kt. 120944-2749
Lára Valgerður Ingólfssdóttir	kt. 130646-3019
Þórhildur Hrönn Ingólfssdóttir	kt. 190860-5159
Ólafur Gunnarsson	kt. 220349-2769
Ásdís Virk Sigtryggsdóttir	kt. 181187-2639
Karl Sigtryggsson	kt. 030884-2729
Sigríður Sveinsdóttir	kt. 050945-4649

Sameigendur ofangreindra landamerkja þ.e. eigendur að 29,5% af óskiptu landi jarðarinnar sem standa ekki að baki kröfugerð þessari:

Guðrún Anna Gunnarsdóttir	kt. 020749-4159
Valfríður Möller	kt. 050259-5019
db. Jón S. Möller	kt. 071156-3039
Ásdís Gunnarsdóttir	kt. 260348-3379
Sigríður Gunnarsdóttir	kt. 101145-2129
Svanhildur Guðmundsdóttir	kt. 260543-2619

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

**KRÖFUGERÐ:** Þess er aðallega krafist að fyrirbyggjandi kröfu ríkisins inná eignarland **Drangavíkur**, verði vísað frá óbyggðanefnd.

**Til vara** er þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur Drangavíkur hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Drangavíkur í Árneshrepp**, og að viðurkennt verði að úrskurður Óbyggðarnefndar, þar sem landamerki jarðarinnar voru afmörkuð frá austurhluta Drangajökuls þar sem jökuljaðri er fylgt suður uns komið er að jörðinni Dröngum og vestur uns komið er að Strandabyggð sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu.

Þá er nýrri þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Drangavíkur**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar Drangavíkur, dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Ánesi, og hljóðar svo:

Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eftir þeirri línu til sjóar. En milli Drangavíkur og Engjaness er Þrælskleif og norðanverðu kúpóttur klettur og varða beint upp af honum. Kálhólmar 3 með æðavarpí.

**Til þrautavara** er krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eigenda Drangavíkur að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

#### MÁLAVEXTIR:

Snemma árs 2018 tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Innan þess svæðis er m.a. að finna landssvæði sem er í eigu umbjóðenda minna. Með kröfulýsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018, gerði íslenska ríkið þjóðlendu kröfu til þess hluta Drangajökuls sem er innan þess svæðis. Eigendur **Drangavíkur** lýstu kröfum sínum fyrir nefndinni með kröfulýsingu sinni í 11. október 2019, og kröfðust beins eignaréttar á landi jarðarinnar sem krafa íslenska ríkisins náði til.

Með úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, dags. 21. febrúar 2020, komst nefndin að þeirri niðurstöðu umþrættur hluti Drangajökuls væri þjóðlenda.

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 1. júlí 2020, var íslenska ríkinu tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að nýta heimild sína skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1009, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið, þar sem óbyggðanefnd hafði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra í tilteknum málum. Í kjölfarið skilaði íslenska ríkið kröfulýsingu, dags. 18. janúar 2021, þar sem þess er m.a. krafist að landsvæði sem nefnt er *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé þjóðlenda.

Þann 26. maí 2021, gerðu lögmennt lögmannna, er höfðu tekið sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða á kröfusvæðunum, þ.m.t. lögmennt f.h. landeigenda, kröfu um að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar viku sæti vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með bréf þann 6. október 2021 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið á fundi nefndarinnar að aðalmenn skyldu viku sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, auk þess sem einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul., sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar. Var í kjölfarið, eða þann 10. desember 2021, skipuð sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Í bréfi sérstakrar óbyggðarnefndar dags. 27. janúar 2022, ákvað nefndin að „hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til“ og hygðist „skoða að nýju, með vísan til 4. gr. stjórnarsýslulaga, hvort taka beri viðkomandi landsvæði til meðferðar“ en ljóst væri að ekki kæmu til álita önnur svæði en þau sem óbyggðanefnd hafði „áður tekið til meðferðar.“ Með bréfi dags. 11. ágúst 2022 ákvað sérstök óbyggðanefnd að taka til meðferðar sautján nánar tilgreind landsvæði.

Þann 14. nóvember 2022 skilaði íslenska ríkið óbreyttri kröfulýsingu þeirri er fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins skilaði til óbyggðanefndar um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum þann 18. janúar 2021.

Landeigendur **Drangavíkur í Árneshrepp** telja að með þjóðlendukröfu sinni á umrætt *svæði austan og sunnan Drangajökuls* sé farið inná eignarland jarðarinnar, og telja sig því tilneydda til að taka til varna í málinu að nýju.

#### Saga jarðar:



Við er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 þar sem saga jarðarinnar er rakin.<sup>1</sup> Landeigendur telja þó engu að síður rétt að benda hér eftirfarandi heimildir m.a. um landamerki og eignarrétt jarðarinnar:

Í Sturlubók Landnámu segir:

Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi.

[...]

Herrøðr hvítaský var gofugr maðr; hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð; þeir bjöggu þar síðan.<sup>2</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls yfir Trékyllisvíkurhrepp frá 1706 segir eftirfarandi um Drangavík:

**Drangavíjk.**

Jarðardýrleiki vi hndr.

Jörð Þingeyraklausturs.

Eyðijörð síðan anno 1705.

[...]

Jörðin hefur í eyði lagst fyrir harðinda sakir. Kynni aftur að byggjast ef nokkur taka vildi. Af þeirri jörðu hefur nú enginn neitt gagn.<sup>3</sup>

Árið 1754 ferðuðust Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um Strandir. Í ferðabók þeirra er skráð:

Fyrir norðan Ingólfsfjörð er Ófeigsfjörður, og er Ingólfsfjarðarháls á milli þeirra. Út frá honum gengur höfði, sem Kársnes heitir, og stendur samnefndur bær undir honum. [...] Á norðurströnd fjarðarinnar er nokkur reki, en langt frá bænum. Af Hlíðarhúsafjalli, á hálsinum norðan Ingólfsfjarðar, er útsýn yfir þessa strandlengju. Til vinstri handar er Drangajökull [...] í þriggja mílna fjarlægð.<sup>4</sup>

[...]

Sveitin heitir Snæfjallaströnd. Þar er mjög snjópungt og snjóar jafnvel á sumrum. Þessu veldur Drangajökull öðru fremur, en hann er hér í næsta nágrenni. [...] Stærsta álman, sem gengur frá Drangajökli niður undir ströndina, fellur hér niður. Hún er snarbrött og kreppt inni milli tveggja hárra fjalla. Þess vegna eru áhrif jökulsins svo stöðug og mikil á Snæfjallaströnd, þar sem hann veldur kulda og snjókomu. Það er sízt að undra, þótt að Drangajökli standi snjór, þoka, stormur, kuldi og óstöðugt veurlag, þegar þess er gætt, að hann er 12 mílur á lengd og 6 mílur á breidd og liggur þar að auki þannig, að hann hvervettna nálgast byggðir og sjó. Merkilegt er, hvernig hann ýmist eykst eða minnkar. Öllum, sem til þekktu, bar saman um, að þar sem jökulsporðurinn er nú, hafi verið gróið land og grösugt fyrir 20 árum. Höfuðorsökin til aukningar jökulsins mun vera þrálátir vindar, sem blása oft árum saman, annað veiðið úr austri og norðaustri af jöklinum, en hitt frá suðri og suðvestri frá sjónum. Menn fullyrtu einnig, að jökulsporðurinn færist stundum nær jöklinum, en það hlýtur að stafa af því, að hann þiðnar.<sup>5</sup>

Í jarðamati Strandasýslu frá 1804 er dýrleiki Drangavíkur metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Þingeyraklaustur. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>6</sup>

<sup>1</sup> Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, bls. 25-30.

<sup>2</sup> Íslensk fornrit I (1968), bls. 197-198.

<sup>3</sup> Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 323.

<sup>4</sup> Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, bls. 290.

<sup>5</sup> Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, bls. 302.

<sup>6</sup> Drangavík. Jarðamat Strandasýslu 1804, bls. 72v.

Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Drangavík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Þingeyrakirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1805 hafi Engjanes verið beutiland frá Drangavík en jarðabækurnar eign þá jörð Stafholtskirkju. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>7</sup>

Landamerkjabréf Drangavíkur er dagsett 2. júlí 1890, en því var þinglýst sama dag við manntalsþingsrétt að Árnosi, og hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi

Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skardatindinum á vördu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar.

En milli Drangavíkur og Engjanes er Þrælskleif og nordanverdu kúpóttur klettur og varda beint upp af honum. Kálhólmar 3 með Ædarvarpi.

p.t Árnosi 2. júlí 1890

J.J. Thorarensen fyrir Jón Ásgeirsson

Gudm. Pjetursson á Dröngum<sup>8</sup>

Í fasteignamati Strandasýslu frá 1916–1918 koma engar upplýsingar fram um mat á Drangavík samkvæmt fornu mati, en jörðin er metin án húsa á 1.000 kr. Eigandi hennar var Jón Pálmason á Þingeyrum. Þá segir í fasteignamatinu að **landamerki séu þinglesin og að þau séu ágreiningslaus**. Enn fremur segir að beutiland hennar sé nokkuð víðlent en snjópungt. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>9</sup>

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

#### I. MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS – FRÁVÍSUNARKRAFA:

Kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Drangavík** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist *svæði austan og sunnan Drangajökuls*. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist fyrst og fremst byggt á því að grundvöllur fyrir beitingu 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, séu athugasemdir óbyggðanefndar í niðurstöðum sínum í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019. Þær athugasemdir lúta einkum að því að landamerkjabréf þeirra jarða sem aðild áttu að því máli, m.a. **Drangavík í Árneshrepp**, séu óljós hvað varðar landamerki gagnvart Drangajökli og heiðinni austan og sunnan hans. Um landamerkjabréf Drangavíkur segir nánar tiltekið í úrskurðinum að það það hafi einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum.

Einnig er vísað til þess að heimildir jarðarinnar bendi til þess að landsnytjar og hlunnindi hennar hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæði næst sjónum t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskiveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðinu við sjóinn. Verðmæti jarðarinnar hafi jafnframt einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Heimildir greini aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri jöklinum. Þá sé land þar mjög lítið gróið og gróðurfur á svæðinu hafi líklega ekki tekið verulegum breytingum frá landnámi. Um þetta segir nánar tiltekið eftirfarandi:

<sup>7</sup> Jarðatal J. Johnsen 1847, Strandasýsla, bls. 212.

<sup>8</sup> *Drangavík*. Landamerkjabók Strandasýslu 1884-1892, bls. 136.

<sup>9</sup> *Drangavík*. Fasteignamat Strandasýslu 1916-1918: Undirmat, bls. 230-231.



„Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyásingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalyásinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.“

Með vísan til þessa telur íslenska ríkið ólíklegt að stofnast hafi til beins eignarréttar uppi á heiðarlandinu.

### **Hvað þetta varðar vill umbjóðandi minn sérstaklega benda á eftirfarandi:**

Þrátt fyrir að óbyggðanefnd teldi merkjalýsingar óljósar í landamerkjabréfinu náði krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins. Landeigendur byggja á því að óbyggðanefnd sé bundin af þeirri kröfugerð. Þá kröfðust eigendur **Drangavíkur** beins eignarréttar á öllu landi jarðarinnar m.a. á umþrættu svæði. Ekki ætti því að koma til frekari skoðunar eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunna Drangajökuls.

Umbjóðendur mínir telja ljóst af þessum úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 að merki **Drangavíkur** ná að jökulrönd, eins og hún var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. almenna niðurstaða óbyggðanefndar um merki v. jökla. Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda er í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið er bundið við. Íslenska ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess að umrædd landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið áður lagt fram kröfur sínar, og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á hvar mörk þjóðlendunnar enda.

Hæstiréttur hefur og dæmt um samskonar álitaefni og komst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli Hrd. nr. 48/2004 (*Tunguheiði*) að kröfum ríkisins um mörk þjóðlendu skyldi hafnað þar sem áður hafði fallið héraðsdómur í málinu og ríkið unað þeim dómi:

Í máli 48/2004 vísaði rétturinn til eignardóms, sem gengið hafði um Tunguheiði árið 1980, þar sem viðurkenndur hafi verið beinn eignarréttur Bræðratungukirkju að tilgreindu landi. Ríkið hafi kosið að una héraðsdómi í því máli og var sá dómur bindandi um úrslit máls að því leyti. Kröfu ríkisins þess efnis að mörk þjóðlendu yrðu dregin inn á land Bræðratungukirkju á Tunguheiði var því hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Óbyggðarnefnd hefur því viðurkennt eignarrétt umbjóðenda okkar á land **Drangavíkur** frá jökulrönd Drangajökuls og á ríkið því ekki lagalegan rétt á því að seilast nú lengra inn á land umbjóðenda minna.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta veitir ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hefur verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. tóku ekki gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðarnefndar í máli nr. 1/2019 var hins vegar kveðinn upp 21. febrúar 2020. Þágildandi ákvæði laganna veittu enga heimild til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga er meginregla í íslenskum rétti og hefur það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðast af lögum eins og þau eru hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem er að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála<sup>10</sup>, er ljóst að ríkið á engar fleiri kröfur í þetta land, enda hefur ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðarnefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar

<sup>10</sup> Ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kveður á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra og um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

enda. Eignarrétturinn hefur því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðarnefnd.

Þá er því haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Strandasýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Drangavíkur** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrir ákveðnum jörðum.<sup>11</sup>

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðanna er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Landamerki jarðarinnar Drangavíkur eru vel skilgreind, en landamerkjabréfi jarðarinnar er dagsett 2. júlí 1890 og var þinglýst sama dag við manntalsþingrétt að Árnosi. Landamerkjum jarðarinnar er einnig lýst í bréfum aðliggjandi jarða. Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dranga, dags. 24. maí 1890 og þinglýst 2. júlí 1890, sem er aðliggjandi Drangavík að norðanverðu, segir að hún eigi til fjalls svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar. Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Engjanes, dags. 2. júlí 1890 og þinglýst sama dag, sem er aðliggjandi Drangavík að sunnanverðu, segir að Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er Þrækleif og þaðan beint til fjalls og eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará, sem ræður svo merkjum milli Engjanes og Ófeigisfjarðar til sjávar. Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Ófeigisfjörð, dags. 21. janúar 1890 og þinglýst 2. júlí 1890, segir að merki jarðarinnar séu frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjarðará og þaðan til fjalls svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi.

Af þessu telja umbjóðendur mínir ljóst að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

Loks er svo sérstaklega dregið í efa að forsendur standi til að hefja að nýju málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd að því er varðar svæði 17 (10a), á grundvelli þeirrar ákvörðunar óbyggðanefndar til að taka málið til meðferðar. Í því sambandi er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 sem var kveðinn upp 21. febrúar 2020, er ekki vísað sérstaklega til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið áfátt þannig að hún uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 34/2020. Svæðisins er ekki getið í breytingarlögunum

<sup>11</sup> Vísað er til lýsingar síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Árnessókn sem fram kemur í Sóknarlýsingum Vestfjarða II, og getið er um í kröfulýsingu íslenska ríkisins, en þar segir um afréttarlönd og upprekstur: „Hér eru engin afréttarlönd þau, er séu almenningar. Heldur liggja þau undir einstaka jarðir.“





nr. 34/2020. Það eitt að orðalag landamerkjabréfa jarða á svæðinu séu óljós, er ekki tilvísun til þess að kröfugerð ríkisins hafi verið aðfinnsluverð með sama hætti og vísað er til í öðrum málum, sem lögin leggja til að verði endurupptekin

Í ljósi ofan ritaðs ber að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

## II. KRAFA UM HÖFNUN Á ÞJÓÐLENDUKRÖFU RÍKISINS - SÝKNUKRAFA

Landeigendur krefjast þess, verði málið tekið til efnislegrar meðferðar, að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna á hinu umþrætta svæði, og þeir sýknaðir af öllum kröfum ríkisins í málinu.

Eignaréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem er lögfestur með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámbók, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Drangavík**, sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landamerkjabréfs sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerki fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi, þinglesið 2. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Strandasýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um Drangavík stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og að hún sé eyðijörð síðan 1705 í eigu Þingeyrarklausturs. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 kemur sama fram um dýrleika og eiganda jarðarinnar. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin metin 6 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Þingeyrarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1805 hafi Engjanes verið beitiland frá Drangavík.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Drangavík**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignaréttindi jarðarinnar, allt frá fjöru til fjalls/jökuls allt á vatnaskil. Engir almenningar eða afréttir eru á svæðinu, heldur er allt kröfusvæðið háð beinum eignarétti jarðeigenda og hefur svo verið frá alda öðli.

Eignarrétturinn hefur verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, og ríki og aldrei verið dreginn í efa fyrr. Eigendur hafa getað bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta og erfðafjárskatt. Nú þegar hefur Óbyggðarnefnd fjallað um þjóðlendu á þessu svæði og úrskurðað um að suðaustur hluti Drangajökuls sé þjóðlenda, jarðirnar þar neðan jökuls eignarland, þ.m.t. **Drangavík**, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum **Drangavíkur**, og kaus að gera það ekki þegar mál með kröfulýsingu sinni á svæði 10A, dags. 5. október 2018. Ljóst sé því að



hún er löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfararsréttar og stjórnarsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### LAGATILVÍSANIR:

Vísað er til laga nr. 58/1998 þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Vísað er til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá sérstaklega til 116. gr.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sbr. 17. gr. þjóðlendlaga

#### FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð

#### ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 28. febrúar 2023

Virðingarfyllst f.h. landeigenda,

  
Ólafs Björnssonar hrl.

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Kópavogi, 28. mars 2023

### KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Engjanes í Árneshreppi, L141672

#### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

#### **Aðild og fyrirvar:**

Eigandi Engjanes er:

Felix von Longo-Liebenstein, kt. 180554-3279.

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeiganda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeiganda á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfs jarðarinnar og niðurstöðu landamerkjadóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4318/2020, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti:

*Frá Þrælskleif (1) beina limu upp í Drangavíkurfjall á vatnaskil móti Drangavík(2) og þaðan eftir vatnaskilum á móti Drangavík og síðar Dröngum að jaðri Drangajökuls (3). Þaðan er jökuljaðri eins og hann var 1. júlí 1998 fylgt að sveitarfélagamörkum (4) og eftir þeim til suðurs á móts við upptök Eyvindarfjarðarár í vatni við suðurenda jökulsins (5) og þaðan til útfalls árinna (6). Þaðan er ánni fylgt til sjávar (7) og þaðan í punkt 1.*

Til þrautavara krefst landeigandi þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

## Málavextir og helstu málsástæður:

### Um landnám og landamerki:

1. Skjalda-Björn Herfinnsson nam land frá Straumnesi til Dranga og bjó í Skjalda-Bjarnarvík. Bræðurnir Eyvindur, Ófeigur og Ingólfur Herröðarsynir námu þá firði er við þá hafa verið kenndir síðan og bjuggu þar. Landnámsmörk milli Skjalda-Bjarnar og Eyvindar hafa verið á vatnaskilum þar sem vötnum hallar til Eyvindarfjarðar.
2. Þorvaldur Ásvaldsson nam Drangaland og Drangavík til Enginess og bjó á Dröngum. Þorvaldur virðist hafa komið út síðar en Skjalda-Björn og Eyvindur og numið land innan landnáms Bjarnar, þ.e. Drangaland, en einnig Drangavík sem virðist hafa legið ónumin milli landnáma Bjarnar og Eyvindar. Um þetta segir Haraldur Matthíasson í riti sínu Landið og Landnáma:

*Liklegt virðist, að Eyvindur hafi numið land á undan Þorvaldi á Dröngum; má búast við, að Þorvaldur hefði fremur kosið Eyvindará að landamerkjum hefði hann komið fyrir.*

3. Engjanes var því innan landnáms Eyvindar Herröðssonar, en komst snemma í eigu kirkjunnar í Stafholti í Borgarfirði og er skráð meðal eigna kirkjunnar í máldaga frá árinu 1140. Jörðin var í eigu kirkjunnar allt þar til að hún komst á forræði ríkisins með lögum um sölu kirkjujarða nr. 50/1907.
4. Landamerkjabréf jarðarinnar er nr. 94 í landamerkjabók Strandasýslu, þinglýst 2. júlí 1890 og hljóðar svo:

*Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjanes og Ófeigsfjarðar.*

5. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og um það voru íslenska ríkið og landeigandi sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

6. Þann 16. mars 2018 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.
7. Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingu, þann 5. október 2018, þar sem einungis var gerð krafa um þjóðlendu á Drangajökli innan þess svæðis sem tekið hafði verið til meðferðar. Á móti barst sameiginleg krafa landeiganda og eigenda Ófeigsfjarðar um eignarland á Drangajökli, krafa frá hluta af eigendum Drangavíkur um eignarland á Drangajökli, krafa frá eiganda Dranga um eignarland á Drangajökli og að síðustu krafa frá eigendum Skjaldabjarnarvíkur um eignarland á Drangajökli. Deilan snerist því einungis um land á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar. Málið fékk númerið 1/2019.

8. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu á bls. 8 undir liðnum 5.1.2.2, sem ber heitið *Afmörkun þjóðlendukröfulínu*:

*Að þeim hluta Drangajökuls, sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjaness, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð.*

9. Síðan segir áfram í kröfulýsingu íslenska ríkisins á bls. 8-9, undir liðnum 5.1.2.3, sem ber heitið *Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu*:

*Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnáam, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.*

*Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið [Drangajökull] liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalýsinga aðliggjandi svæða.*

10. Eftir að kröfulýsingar landeigenda lágu fyrir skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019. Í greinargerðinni er ítrekað mat íslenska ríkisins á mörkum þjóðlendu og eignarlanda en þar segir m.a. á bls. 4 og á bls. 5:

*Að þjóðlendukröfusvæðinu í Strandasýslu liggja jarðirnar Skjaldarbjarnarvík, Drangar og Engjaness, samkvæmt fyrirliggjandi landamerkjabréfum jarðanna, eins og nánar er lýst í kröfulýsingu íslenska ríkisins.*

*Við afmörkun þjóðlendukröfulínu á hluta Drangajökuls hefur íslenska ríkið fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf og landamerkjalýsingar aðliggjandi jarða ...*

11. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu, s.s. landamerkjabréfum með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum, að engar þjóðlendu væru á svæðinu utan Drangajökuls. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.

12. Athygli nefndarinnar er vakin á því að nær engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeiganda um landið utan jökulsins, enda var það óumdeilt eignarland eins og kröfu ríkisins var háttað og lýst var hér að framan.

13. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

14. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Engjaness.

15. Með bréfi dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu, m.a. vegna Engjaness, um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að málsmeðferð yrði

felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu víkja sæti vegna vanhæfis.

16. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar, dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
17. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
18. Afstaða landeiganda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna lands Engjaness.
19. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Engjaness. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeiganda teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskuði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til Engjaness.
20. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávisun og sérstakur áskilnaður:*

21. Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda á það ekki undir nefndina.
22. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeiganda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni væri heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

23. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunnir að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur*

*óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

24. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
25. Það er afstaða landeiganda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2019, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðlagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem væri til staðar og úrskurður beindist að.
26. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2019 var ekki talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins. Það var hins vegar mat óbyggðanefndar eftir að löggin höfðu verið samþykkt að úrskurðurinn hefði að geyma slíka athugasemd og á grundvelli þess mats taldi nefndin að heimild til endurtekinnar málsmeðferðar væri til staðar.
27. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímamarki ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2019, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
28. Landeigandi heldur því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvöldunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megj umþrætt svæði til meðferðar.
29. Landeigandi setur fram sérstakan áskilnað um að setja fram kröfu fyrir dómi um að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Engjaness á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmæt.
30. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

*Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar leiða hvort um sig til þess að fallast ber á kröfu landeiganda.*

31. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.

32. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

33. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar;  
*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

34. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

35. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr. kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

36. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á, að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, væri íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

37. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

38. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og réttihafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.

39. Ákvæði 11. gr. laganna, um fyrirsvar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess, hefur verið óbreytt frá upphafi.

40. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitast sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.



41. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða sem úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
42. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

43. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020, umræðulítið.
44. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum, um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, stenst ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.
45. Sjónarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
46. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlögum.
47. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
48. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendir.
49. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.

50. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017** þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dómnum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
51. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendulaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
52. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu, þann 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.
53. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar er gert ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins að samþykka sátt, staðfestir málsforræði.
54. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykka sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyking nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
55. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
56. Í fyrrnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

57. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárpings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmannna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

58. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
59. Með því að óbyggðanefnd ákvað þann 16. mars 2018 að taka fyrir Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls hins framangreinda svæðis.
60. Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land Engjaness utan Drangajökuls væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfulýsingu ríkisins hér að framan.
61. Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2019 fól í sér að viðurkennt var að land nafngreindra jarða, þ.m.t. Engjaness, lægi að Drangajökli. Vísað er til úrskurðarorðs úrskurðar í málinu nr. 1/2019, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
62. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2019 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
63. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkt með dómi.
64. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnisýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnisýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt

og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.

65. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög.
66. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. Þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
67. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í Þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku Þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um Þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
68. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeiganda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
69. Með Þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og Þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Engjaness byggði íslenska ríkið á því að land utan Þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
70. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
71. Dómar Hæstaréttar í Þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kærenda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað*

hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli *Klaustranna helgu gegn Grikklandi*, dómi 9. desember 1994, *Series A nr. 301-A*, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).

72. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
73. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Engjaness. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeiganda í kröfulýsingu ríkisins í máli nr. 1/2019 og felast jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendlaga.
74. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeiganda.
75. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeiganda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigandi eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeiganda. Því landsvæði verður landeigandi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
76. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi þjóðlendlaga, sbr. m.a. áður nefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
77. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeiganda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeiganda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
78. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2019 (óumdeilt að enginn aðila skaut þeim úrskurði til úrlausnar dómstóla) hafði landeigandi réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðað þjóðlenda væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Um fjöllum óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2019, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar og má því telja augljóst að ef sönnunarfærsla hefði farið fram hefðu engin ummæli ratað í úrskurðinn sem túlka mætti sem athugasemd.

79. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 112-113 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra dags 1. júlí 2020:

*Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar. Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra nái að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggi að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áður nefndra þriggja jarða vestan jökulsins.*

*Þær heimildir sem liggja fyrir um umræddar jarðir í Strandasýslu og réttindi innan þeirra og raktar eru í köflum 5.3.1–5.3.6 hér að framan benda til þess að landsnytjar þeirra og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla má að verðmæti jarðanna, sem víða er tilgreint í heimildum, hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 var verðmæti Skjaldabjarnarvíkur þá 6 hundruð, Dranga 12 hundruð, Drangavíkur 6 hundruð, Engjaness 4 hundruð og Ófeigsfjarðar 24 hundruð. Verðmæti Ófeigsfjarðar var þannig mun meira en hinna jarðanna en um Ófeigsfjörð segir í Jarðabókinni að reki hafi þar „áður verið óþverrandi, en nú í mörg ár hefur þar ekki reki nema lítillsháttar“. Fram kemur að nokkrum kirkjum og einu klaustri séu þar eignuð ítök sem fólust í hlutdeild í hvalreka og öðrum reka, sem kann að vera til marks um verðmæti þessara réttinda. Heimildir greina aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli. Þá er land þar mjög lítið gróið eins og glöggt mátti sjá í vettvangsferð óbyggðanefndar vegna málsins og ítarlega er gerð grein fyrir því í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu sem aflað var vegna meðferðar málsins. Af greinargerðinni verður ráðið að líklega hafi ekki orðið verulegar breytingar á gróðurfari á umræddum hluta heiðarinnar frá landnámi. Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyðingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalyðinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.*

*Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafrettur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að*

leysa úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir óljósar merkjalýsingar í fyrrnefndum landamerkjabréfum tekur krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins og er miðuð við ætlaða legu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998. Samkvæmt framansögðu kemur því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunnan jökulsins, sem ekki var hulið jökli á því tímamarki.

80. Landeigandi telur tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlega stöðu jökulsins. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en utan jökulsins átti sér ekki stað nema afar takmörkuð sönnunarfærsla, eðli máls samkvæmt. Verða nú helstu rangfærslur nefndarinnar raktar og hraktar:
81. Óbyggðanefnd heldur því fram að lýsing landamerkjabréfs Engjanes sé óglögg eftir því sem lengra dregur inn til landsins og rökstyður það einkum með þremur staðhæfingum:
82. Sú fyrsta kemur fram á bls. 105 í úrskurðinum en þar fellur óbyggðanefnd í þá gryfju að leggja eigið mat á umfang Drangavíkurfjalls án þess að afla sér upplýsinga um hvaða skilning heimamenn leggja í það, einkum í heimildum sem nálægt eru gerð landamerkjabréfsins í tíma. Í úrskurðinum segir orðrétt:

*... enda liggur Drangavíkurfjall beint upp af Þrælskleif, myndar skýr skil milli vatnasviða Eyvindarfjarðarar og Drangavíkurar og eðlilegt má telja að vísa til hæstu brúna þess sem „hæstu fjallsbrúnar“. Meiri vafi leikur á um hvort merkjalýsingin verði með réttu heimfærð á þau vatnaskil sem vestar liggja. Þau vatnaskil eru ekki eins greinileg í landslagi og liggja um heiðarland en ekki tiltekið fjall. Því verður að telja að hugtakið „fjallsbrún“ verði síður heimfært á þau þar en á Drangavíkurfjalli ...*

83. Landeigandi telur ljóst að ef nefndin hefði kynnt sér lýsingu á umfangi fjallsins í lýsingu séra Sigurðar Gíslasonar á Árnessókn, sem fram kemur á bls. 206 í ritinu *Sóknarlýsingar Vestfjarða*, þar sem segir:

*Þá kemur sunnar, Drangavíkurfjall. Það er stórt og geysihátt klettafjall og liggur það í suður og útsuður, fram undir eystri sporðinn á Drangajökli og Ófeigsfjarðarheiði.*

84. Sóknarlýsingin er rituð um 40 árum fyrir gerð landamerkjabréfsins og því líkur fyrir því að sami skilningur hafi verið lagður í umfang fjallsins í báðum heimildum. Ekkert óeðlilegt er því við að fjallsbrúnin nái undir eystri sporðinn á Drangajökli og ekkert óglögg við lýsingu landamerkjabréfsins, einkum þegar fyrrgreindar heimildir eru skýrðar saman. Orðið fjallsbrún hefur enn fremur þá merkingu á Vestfjörðum að vera hæsti hluti fjalls eða heiðar, sbr. Nýbyggjarabréf Látravíkur frá 1886 og örnefnalýsingu Dynjanda í Jökulfjörðum frá 1937.
85. Önnur er sú að upptök Eyvindarfjarðarar séu óljós og ekki tiltekið í landamerkjabréfinu hvert í ána merkin eigi að koma en orðrétt segir í úrskurðinum á bls.105-6:

*Þá er til þess að líta að þegar komið er vestarlega á heiðina rennur Eyvindarfjarðará ekki um einn farveg heldur rennur hún þar um nokkrar upptakavíslar og landamerkjabréfið hefur ekki að geyma lýsingu á því í hverja þeirra merkin skyldu dregin frá „fjallsbrún“ sem*

*staðsett væri svo ofarlega á heiðinni, enda kemur ekki fram í landamerkjabréfinu í hvaða stað í ánni línun skuli dregin.*

86. Hér fellur óbyggðanefnd í þá gryfju að miða við vatnafar nútímans í stað þess að vinna út frá þeim gögnum sem nær eru gerð landamerkjabréfsins í tíma. Bæði í sýslulýsingum og Ferðabók Eggerts og Bjarna kemur fram að Eyvindarfjarðará eigi upptök sín í Drangajökli, enda jökullinn þá umfangsmeiri en nú.
87. Þá er ljóst á gögnum frá Nátturfræðistofnun Íslands um jöklafar fram undir 1890 að jökullinn haldi a.m.k. hálf þáð vatn sem miðað er við í kröfugerð landeiganda og standa því allar líkur til þess að þar hafi verið jökullón þar sem áin átti upptök sín þegar landamerkjabréfið var gert.
88. Á korti af Strandasýslu sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands og talið er teiknað á árabílinu 1720-1727 sést vel að Eyvindarfjarðará rennur ekki í gegnum stöðuvatn eða stöðuvötn heldur í skýrum farvegi frá upptökum í Drangajökli til sjávar. Sem dæmi um nákvæmni kortsins má geta að bæði Kringluvatn og Meyjardalsvatn eru dregin á kortið. Höfundur þess hefur því verið gagnkunnugur.
89. Á kortum danska herforingjaráðsins af svæðinu má glögg sjá hvernig kortagerðarmenn draga upp vatnasvið Eyvindarfjarðará og engin vötn í líkingu við Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn er að finna á svæðinu og hefðu vart farið fram hjá mönnum hefðu þau á annað borð verið þar.
90. Mælingamenn herforingjaráðsins voru á ferðinni á Ströndum sumarið 1914 og hefur áin þá líklega að stofni til verið jökulvatn. En kortið sýnir tvær megin upptakakvísir árinna og er það sú nyrðri sem miðað er við í kröfulýsingu.
91. Ljóst er því samkvæmt gögnum sem nálægt eru í tíma við gerð landamerkjabréfsins og enn fremur frá þeim tíma er veður- og jöklafar var líkara því sem ríkti á ritunartíma bréfsins en síðar varð, að aðstæður voru með öðrum hætti en nú og því fráleitt að miða við aðstæður í nútíma þegar mat er lagt á texta landamerkjabréfsins.
92. Sú þriðja er að landamerkjabréf Engjanes nefni ekki Drangajökul á nafn ólíkt landamerkjum þriggja jarða vestan jökulsins. Því skal haldið til haga að þessar þrjár jarðir sem minnst er á eru þær einu sem land eiga að jökli sem minnst á hann berum orðum, en hinar 12 (að Drangajökli liggja a.m.k. 15 jarðir) gera það ekki.
93. Landeiganda þykir undarlegt að annað mat sé lagt á texta landamerkjabréfa í Strandasýslu en á öðrum stöðum á landinu þar sem land liggur að jökli. Sem dæmi má nefna að jarðir í sveitarfélaginu Hornafirði, sem liggja sunnan Vatnajökuls, nefna fæstar jökulinn á nafn. Engu að síður komst óbyggðanefnd að því í nær öllum tilvikum að jarðirnar ættu land að jökli. Orðrétt segir í úrskurði nefndarinnar t.a.m. á svæði 2 í máli nr. 1/2001 er varðaði jörðina Fagurhólsmýri (bls. 139):

*Norðurmörk jarðarinnar koma þannig ekki skýrt fram í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Því til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.*



94. Landeigandi telur að það nákvæmlega sama í við í því máli sem hér er til úrlausnar.
95. Þá er fjöldinn allur annar af rangfærslum og rangtúlkunum í tilvitnuðum hluta úrskurðarins í máli 1/2019, sem ekki er ástæða til að rekja hér, en farið verður yfir í málflutningi um efnishlið málsins, ef til kemur.
96. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkjja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.
97. Landeigandi leggur áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttanna innan ummerkja jarðarinnar.
98. Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámsvæða og mótmælir því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjja jarðarinnar verði dregin í efa.
99. Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

100. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

101. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
102. Það var fyrst við setningu landamerkjialaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjialaga. Landeigandi byggir kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í

fyrirgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.

103. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyðingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggja því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
104. Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Landeigandi álitur að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.
105. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeiganda að honum sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
106. Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt hans innan lýstra merkja. Landeigandi telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeiganda, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigandi minnir á að heimildarskjölum hans og forvera hans fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.
107. Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að allt land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti hans og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt hann í þeirri trú.
108. Þá byggir landeigandi þrautavarakröfu sína einnig á því að hann og forverar hans hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

#### **Helstu lagarök:**

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnisýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendlaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991

**Áskilnaður:**

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllt,  
f.h. landeiganda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

Sérstök óbyggðanefnd  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023

## KRÖFULÝSING

### INNGANGUR

1. Vísað er til ákvörðunar sérstakrar óbyggðanefndar, frá því í ágúst 2022, um að taka til meðferðar á ný svæði austan og sunnan Drangajökuls, , sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta („**þjóðlendulög**“).
2. Tilkynning um kröfur ríkisins og upphaflegan kröfulýsingarfrest var birt þann 21. nóvember 2022 og þeim aðilum sem ættu öndverðra hagsmuna að gæta veittur frestur til 28. febrúar 2023 til að lýsa kröfum sínum. Sá frestur var síðan framlengdur til 28. mars 2023. Á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga lýsir VesturVerk ehf., kt. 641088-1379, Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði („**VesturVerk**“ eða „**félagið**“) kröfum sínum fyrir nefndinni.

### LANDSVÆÐI

3. Krafa þessi byggir á óbeinum eignarréttindum VesturVerks á því landsvæði sem jörðin Engjanes í Eyvindarfirði á Ströndum, fastanr. F212-7854, liggur á. Krafan byggir á réttindum félagsins til afnota af landi og vatnsréttindum Eyvindarfjarðarár á grundvelli samnings félagsins við landeiganda dags. 29. janúar 2009 sem þinglýst var þann 17. febrúar 2009.
4. Til nánari afmörkunar á því landsvæði sem kröfulýsing þessi tekur til vísast til kröfulýsingar landeiganda Engjaness, Felix von Longo-Liebenstein, dags. 28. mars 2023, og þeirrar afmörkunar sem þar kemur fram, sem og kröfulínukorts sem fylgdi kröfulýsingu landeiganda.

**AÐILD/FYRIRSVAR**

5. VesturVerk ehf., kt. 641088-1379, Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði er eigandi þeirra óbeinu eignarréttinda sem krafa þessi tekur til.
6. Ólafur Eiríksson, lögmaður, LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, fer með fyrirvar fyrir hönd félagsins fyrir hinni sérstöku óbyggðanefnd.

**KRÖFUGERÐ**

VesturVerk ehf. gerir eftirfarandi kröfur í málinu:

- i. *Aðallega* að máli þessu verði vísað frá nefndinni á grundvelli 3. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga.
- ii. *Til vara* að viðurkennd verði afnotaréttindi VesturVerks af landi og til nýtingar á vatnsréttindum Eyvindarfjarðarar innan þess landsvæðis sem kröfulýsing landeiganda Engjanes í Eyvindarfirði á Ströndum, fastanr. F212-7854, dags. 28. mars 2023, tekur til.
- iii. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati hinnar sérstöku óbyggðanefndar eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

**MÁLAVEXTIR**

7. Með samningi, dags. 29. janúar 2009, veitti landeigandi Engjaness, Felix von Longo-Liebenstein, VesturVerki rétt til að rannsaka hagkvæmni áveitu Eyvindarfjarðarar yfir í Hvalá og virkjun þess vatns með Hvalá og Rjúkanda í Ófeigsfirði. Teldi VesturVerk áveituna hagkvæma var um það samið að félaginu væri heimilt að veita Eyvindarfjarðará yfir í Hvalárvötn og virkja í samræmi við þær áætlanir sem gerðar yrðu fyrir Hvalárvirkjun. Samkomulagi þessu var þinglýst á jörðina Engjanes þann 17. febrúar 2009.
8. Eyvindarfjarðará rennur úr Eyvindarfjarðarvötnum og öðrum vötnum á Ófeigsfjarðarheiði niður í Eyvindarfjörð. Í samningi aðila var um það samið að kæmi til áveitu árinna skuldbindi landeigandi sig til þess að láta í té nauðsynlegt land undir áveitumannvirki, vegi, vatns- og rafleiðslur o.fl. sem nauðsynlegt væri svo reisa mætti og reka áveitumannvirki. Þá skyldi réttur VesturVerks til afnota af landi og vatnsréttindum vegna byggingar og reksturs áveitumannvirkja við Eyvindarfjarðará standa í 60 ár frá því að virkjunin hæfi starfsemi. Þegar samningur aðila rynni út skyldi VesturVerk þó enn hafa forgangsrétt til áframhaldandi afnota af landi og til nýtingar á vatnsréttindum vegna reksturs á virkjunum félagsins á landi Engjaness.

9. Í réttindum VesturVerks fellst þannig réttur til afnota af landi og vatnsréttindum í eigu landeiganda Engjaness. Var samningi aðila þannig ætlað að veita VesturVerki óbein eignarréttindi yfir umræddu landi og vatnsréttindum í samræmi við áform aðila. Þá var landeiganda óheimilt að veita öðrum heimild til að rannsaka hagkvæmni þess að virkja ána, á grundvelli ákvæða samningsins. Var VesturVerki þannig veitt heimild til að hagnýta sér land og vatnsréttindi jarðarinnar Engjaness, sem háð væru beinum eignarrétti landeiganda.
10. Þann 16. mars 2018 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingu þar sem einungis var gerð krafa um þjóðlendu á Drangajökli innan þess svæðis sem tekið hafði verið til meðferðar. Deilan snerist því einungis um land á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar. Vegna þessarar afmörkunar íslenska ríkisins á kröfugerð sinni, og þar sem hún náði ekki til þess svæðis sem réttindi VesturVerks liggja á, gerði félagið ekki kröfu um viðurkenningu á óbeinum eignarréttindum sínum fyrir óbyggðanefnd í því máli sem hlaut númerið 1/2019.
11. Þegar hin sérstaka óbyggðanefnd ákvað svo að taka þau svæði sem mál þetta hverfist um til umfjöllunar á ný á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og í ljósi afmörkunar á kröfugerð íslenska ríkisins sem tekur nú til þess svæðis sem réttindi VesturVerks liggja á, telur félagið nauðsynlegt að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni, til að tryggja að þau fari ekki forgörðum.

## MÁLSÁSTÆÐUR

### Krafa um frávísun

12. Krafa um frávísun byggir á 3. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga en í ákvæðinu kemur fram að telji aðili að máli, sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar, eigi ekki undir hana geti hann krafist þess að því verði vísað frá nefndinni. Hvað varðar röksemdir fyrir kröfu um frávísun vísast til kröfulýsingar landeiganda dags. 28. mars 2023.
13. VesturVerk telur ljóst að ekki séu fyrir hendi skilyrði til endurupptöku málsins á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga þar sem ekki var gerð athugasemd í úrskurði nefndarinnar um kröfugerð ráðherra. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2019 kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemdir við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem væri til staðar og úrskurður beindist að. Þá var úrskurður í máli nr. 1/2019 ekki talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerði ríkisins. Telur VesturVerk því skilyrði fyrir endurupptöku málsins ekki fyrir hendi.

14. Þá getur málsforræði íslenska ríkisins, um eignarréttarlega stöðu lands, bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 frá 28. september 2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti, sem og beinni ráðstöfun kröfugerðar fyrir óbyggðanefnd. Málsmeðferð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 tók til Strandasýslu allrar ásamt Bæjarhreppi. Þar sem kröfulýsing ríkisins fól aðeins í sér kröfu um þjóðlendu á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar fól hún í sér beina viðurkenningu um að land Engjaness utan Drangajökuls væri undirorpið beinum eignarrétti landeiganda.
15. Er réttarstaðan í dag því sú að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæði það sem mál þetta hverfist um sé eign landeiganda. Landeigandi verður ekki sviptur því landsvæði nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttar. Að lokinni málsmeðferð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019, sem ekki var skotið til dómstóla, hafði landeigandi því réttmætar væntingar um að það landsvæði, sem ekki var úrskurðað þjóðlenda og kröfugerð ríkisins tók ekki til, væri hans eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu. Mátti VesturVerk því ætla að réttindi sín til afnota af landi og vatnsréttindum, sem háð eru beinum eignarrétti landeiganda, væru tryggð til frambúðar. Eru skilyrði fyrir endurupptöku málsins því ekki fyrir hendi.
16. Að öðru leyti vísast til röksemda sem koma fram í kröfulýsingu landeiganda.

#### Krafa um viðurkenningu á afnotarétti

17. Ef ekki verður fallist á kröfu um frávísun málsins er þess krafist að viðurkennd verði afnotaréttindi VesturVerks af landi og vatnsréttindum Eyvindarfjarðarar innan þess landsvæðis sem kröfulýsing landeiganda, dags. 28. mars 2023, tekur til.
18. Með samningi VesturVerks við landeiganda, dags. 29. janúar 2009, sem þinglýst var á jörðina athugasemdalaust þann 17. febrúar 2009, öðlaðist VesturVerk óbein eignarréttindi til afnota af landi og vatnsréttindum í eigu landeiganda Engjaness, en það svæði sem um ræðir er háð beinum eignarrétti landeiganda.
19. Á grundvelli 1. mgr. 7. gr. þjóðlendlaga er hlutverk óbyggðanefndar að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlenda og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Í 2. mgr. 10. gr. laganna segir að þegar kröfulýsing ríkisins liggja fyrir skuli óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingarblaði. Skal þar skorað á þá er telja til

eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfur til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.

20. Af framangreindu leiðir að það er hlutverk óbyggðanefndar að taka til umfjöllunar kröfur til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfur til. Þannig falla óbein eignarréttindi VesturVerks á því landsvæði sem kröfugerð ríkisins tekur til undir úrskurðarvald nefndarinnar. Til afmörkunar landsvæðisins og kröfulína vísast aftur til kröfulýsingar landeiganda dags. 28. mars 2023 en réttindi VesturVerks liggja innan afmörkunar kröfugerðar landeiganda og snúa að rétti til afnota af landi og vatnsréttindum í Eyvindarfjarðará.
21. Um er að ræða mikilvæg réttindi VesturVerks, sem félagið hefur lagt út kostnað og vinnu við að viðhalda, en réttindin hafa einnig mikla þýðingu fyrir framtíðaráform félagsins í tengslum við Hvalárvirkjun. Því fer félagið fram á að hin sérstaka óbyggðanefnd taki til umfjöllunar afnotaréttindi félagsins innan þess landsvæðis sem kröfugerð ríkisins tekur til, og viðurkenni tilkall félagsins til þeirra.

#### HELSTU LAGATILVITNANIR OG RÉTTARREGLUR


22. Til stuðnings kröfum sínum vísar VesturVerk til 3. mgr. 15. gr., 1. másl. 7. mgr. 10. gr., 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, 1. mgr. 72. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttar.
23. Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda sem og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### ÁSKILNAÐUR

24. Á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendlaga ber hinni sérstöku óbyggðanefnd að taka kröfulýsingu þessa til meðferðar þrátt fyrir að kröfulýsingarfrestur sé liðinn.
25. VesturVerk áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir hinni sérstöku óbyggðanefnd á síðari stigum.

Virðingarfyllst

LOGOS lögmannsþjónusta



Gunnar Jónsson, lögmaður  
f.h. Ólafs Eiríkssonar, lögmanns



*Fylgiskjöl:*

1. *Samningur VesturVerks ehf. og Felix von Longo-Liebenstein, dags. 29. janúar 2009.*
2. *Þinglýst inntak af samningi VesturVerks ehf. og Felix von Longo-Liebenstein, dags. 17. febrúar 2009.*
3. *Kröfulýsing landeiganda, Felix von Longo-Liebenstein, dags. 28. mars 2023.*
4. *Veðbókarvottorð jarðarinnar Engjanes í Árneshreppi, fastanr. F212-7854.*
5. *Beiðni um viðbótarfrest til að lýsa kröfu, dags. 5. apríl 2023.*
6. *Lögmannsumboð, dags. 22. maí 2023.*

Sérstök óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Kópavogi, 28. mars 2023

### KRÖFULÝSING

f.h. eigenda Ófeigsfjarðar í Árneshreppi, L141707

#### **Inngangur:**

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 21. nóvember s.l., var skorað á eigendur jarða á enduruppteknum svæðum, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu dags. 14. nóvember s.l. Landeigendum var veittur frestur til dagsins í dag til þess að skila gagnkröfum.

#### **Aðild og fyrirsvar:**

Eigendur Ófeigsfjarðar eru:

1. Pétur Guðmundsson, kt. 230644-4549,
2. Guðrún Sveinbjörnsdóttir, kt. 010342-3419,
3. Haraldur Sveinbjörnsson, kt. 050837-4329,
4. Gunnar Gaukur Magnússon, kt. 0500961-7299,
5. Hallvarður E. Aspelund, kt. 2811583339,
6. Valdimar Steinþórsson, kt. 310166-4809,
7. Nýja Húsið Ófeigsfirði, kt. 601094-2079,
8. Halldóra Hrólfsdóttir, kt. 220277-5779,
9. Sverrir Geir Gunnarsson, kt. 220497-2169,
10. Halldór Árni Gunnarsson, kt. 220497-2249,
11. Þórunn Hanna Gunnarsdóttir, kt. 240904-3650 og
12. Þóra Hrólfsdóttir, kt. 280365-5729

Fyrirsvarsmaður eigenda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

#### **Kröfugerð:**

Aðalkrafa landeigenda er, að sérstök óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem að mál þetta eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeigenda á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

*Úr ósi lækjar sem fellur til sjávar við Helgaskjól (1) sem ræður merkjum að vörðu á múlabrúninni þar upp af (2) og þaðan sömu stefnu upp á há múlann (3) þaðan eftir vatnaskilum að sýslumörkum (vatnaskilum) (4) og eftir vatnaskilum móti Djúpi til norðurs*

*á móts við upptök Eyvindarfjarðarár í vatni við suðurenda Drangajökuls (5) og þaðan til útfalls árinna (6). Þaðan er ánni fylgt til sjávar (7) og þaðan í punkt 1.*

Til þrautavara krefjast landeigendur þess að sérstök óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði sérstakrar óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### **Málavextir og helstu málsástæður:**

#### Um landnám og landamerki:

1. Bræðurnir Eyvindur, Ófeigur og Ingólfur Herröðarsynir námu þá firði er við þá hafa verið kenndir síðan og bjuggu þar.
2. Land Ófeigsfjarðar er í landnámi Ófeigs sem liggur á móti landnámunum bræðra hans til norðurs og suðurs, en til vesturs á móti landnámunum á Langadalsströnd.
3. Landamerkjabréf jarðarinnar er nr. 90 í landamerkjabók Strandasýslu, þinglýst 2. júlí 1890 og þar segir m.a.:

*Land jarðarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjarðará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla að vörðum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjarðar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjörður út þangaðtil Helgaskjól er að bera í landamerkjavörðu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi.*

4. Lýsing landamerkjabréfsins tekur til alls þess lands sem kröfugerðin hér að framan tekur til og um það voru íslenska ríkið og landeigendur sammála þar til fyrir skömmu eins og nú skal rakið.

#### Um fyrri málsmeðferð óbyggðanefndar og kröfugerð íslenska ríkisins á þeim vettvangi:

5. Þann 16. mars 2018 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna, sbr. 8. gr., 11. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.
6. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingu, þann 5. október 2018, þar sem einungis var gerð krafa um þjóðlendu á Drangajökli innan þess svæðis sem tekið hafði verið til meðferðar. Á móti barst sameiginleg krafa landeigenda og eiganda Engjaness um eignarland á Drangajökli, krafa frá hluta af eigendum Drangavíkur um eignarland á Drangajökli, krafa frá eiganda Dranga um eignarland á Drangajökli og að síðustu krafa frá eigendum Skjaldabjarnarvíkur um eignarland á Drangajökli. Deilan snerist því einungis um land á Drangajökli en hvergi annars staðar á öllu því svæði sem tekið hafði verið til meðferðar. Málið fékk númerið 1/2019.

7. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins kemur m.a. fram þessi rökstuðningur um kröfulínu á bls. 8 undir liðnum 5.1.2.2, sem ber heitið *Afmörkun Þjóðlendukröfulínu*:

*Að þeim hluta Drangajökuls, sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð.*

8. Síðan segir áfram í kröfulýsingu íslenska ríkisins á bls. 8-9, undir liðnum 5.1.2.3, sem ber heitið *Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu*:

*Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.*

*Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið [Drangajökull] liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjálýsinga aðliggjandi svæða.*

9. Eftir að kröfulýsingar landeigenda lágu fyrir skilaði íslenska ríkið greinargerð til óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019. Í greinargerðinni er ítrekað mat íslenska ríkisins á mörkum þjóðlendu og eignarlanda, en þar segir m.a. á bls. 4 og á bls. 5:

*Að þjóðlendukröfusvæðinu í Strandasýslu liggja jarðirnar Skjaldarbjarnarvík, Drangar og Engjanes, samkvæmt fyrirliggjandi landamerkjabréfum jarðanna, eins og nánar er lýst í kröfulýsingu íslenska ríkisins.*

*Við afmörkun þjóðlendukröfulínu á hluta Drangajökuls hefur íslenska ríkið fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf og landamerkjálýsingar aðliggjandi jarða ...*

10. Af kröfulýsingu íslenska ríkisins má því ráða það mat íslenska ríkisins á heimildum á svæðinu, s.s. landamerkjabréfum með hlíðsjón af landfræðilegum aðstæðum, að engar þjóðlendu væru á svæðinu utan Drangajökuls. Þessi afstaða íslenska ríkisins er síðan ítrekuð í greinargerð til óbyggðanefndar.
11. Athygli nefndarinnar er vakin á því nær engin sönnunarfærsla fór fram af hálfu landeigenda um landið utan jökulsins, enda var það óumdeilt eignarland eins og kröfu ríkisins var hátað og lýst var hér að framan.
12. Með breytingarlögum nr. 34/2020 á lögum nr. 58/1998, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

13. Í kjölfar gildistöku laganna tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðuneytinu um meðferð nefndarinnar á tilteknum landsvæðum, sbr. bréf dags. 1. júlí 2020. Af hálfu íslenska ríkisins var þá sett fram kröfulýsing, sem m.a. varðaði land Ófeigsfjarðar.
14. Með bréfi, dags. 26. maí 2021, setti undirritaður fram kröfu m.a. vegna Ófeigsfjarðar um að fulltrúar í óbyggðanefnd vikju sæti vegna vanhæfis og að

málsmeðferð yrði felld niður. Með bréfi nefndarinnar, dags. 6. október 2021, var tilkynnt um að hluti fulltrúa í nefndinni myndu víkja sæti vegna vanhæfis.

15. Eftir að nýir fulltrúar voru skipaðir í óbyggðanefnd, hefur verið vísað til stjórnvaldsins sem *sérstakrar óbyggðanefndar*. Með bréfi nefndarinnar, dags. 27. janúar 2022 og auglýsingu í Lögbirtingablaði útgefnu sama dag, var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll endurtekningar málsmeðferðar óbyggðanefndar, skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020.
16. Forsendum fyrir málsmeðferð nefndarinnar var mótmælt með bréfi undirritaðs, dags. 15. febrúar 2021. Í kjölfar tölvupósts sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 4. maí 2022, þar sem með fylgdu erindi íslenska ríkisins, dags. 4. og 20. apríl 2022, voru settar fram viðbótarathugasemdir, sbr. bréf undirritaðs, dags. 18. maí 2022.
17. Afstaða landeigenda var að ekki væru skilyrði til endurtekinnar málsmeðferðar óbyggðanefndar vegna lands Ófeigsjarðar.
18. Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram afstaða nefndarinnar til þess hvort skilyrði væru til endurtekinnar málsmeðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, þ.m.t. vegna Ófeigsjarðar. Í bréfinu kom fram að nefndin teldi, að þau sjónarmið sem hefðu komið fram í athugasemdum landeigenda, teldust til *efnisatriða málsins* og yrði því tekin afstaða til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð. Í bréfinu var fjármálaráðuneytinu veittur frestur til að setja fram kröfulýsingar, m.a. varðandi svæði sem tekur til lands jarðarinnar.
19. Fjármálaráðuneytið setti fram kröfulýsingu um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum, þann 14. nóvember 2022, eins vikið var að hér að framan.

*Krafa um frávísun og sérstakur áskilnaður:*

20. Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, enda eigi það ekki undir nefndina.
21. Í bréfi sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, kom fram sú afstaða að athugasemdir landeigenda um forsendur málsmeðferðar óbyggðanefndar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Tekið er fram að líta má á hluta þeirra athugasemda sem efnisleg atriði. Hins vegar getur það ekki átt við um grunnskilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni er heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Ákvæðið orðast svo:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

22. Í greinargerð með lögnum er nánar vikið að því hvað felast þurfi í athugasemd svo heimildinni megi beita, en þar segir í athugasemdum um meginefni frumvarpsins og í athugasemdum við 4. gr.:

*Eins og rakið er í skýringum við 4. gr. hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunni að hafa gengið of skammt. ...í nokkrum úrskurðum hefur*

*óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda.*

23. Óbyggðanefnd bar að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat óbyggðanefndar á því hvort hefja mætti málsmeðferð getur með engu móti talist efnislegt atriði.
24. Það er afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 1/2019, feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum kom fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gilda. Í því orðalagi fólust engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem var til staðar og úrskurður beindist að.
25. Vilji löggjafans markast af lagatexta sem er samþykktur, en gjalda ber varhug við því að telja greinargerðir sem samdar eru af stjórnvöldum afmarka löggjafarviljann. Ljóst er að úrskurður í máli nr. 1/2019 var ekki talinn upp í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020 sem dæmi um tilvik þar sem athugasemdir hefðu komið fram við kröfugerð ríkisins. Það var hins vegar mat óbyggðanefndar eftir að lögin höfðu verið samþykkt að úrskurðurinn hefði að geyma slíka athugasemd og á grundvelli þess mats taldi nefndin að heimild til endurtekinnar málsmeðferðar væri til staðar.
26. Það er hins vegar ekki vafi að vilji löggjafans hvíldi á því að hæf óbyggðanefnd tæki sjálfstæða og málefnalega ákvörðun um þau svæði þar sem endurtekin málsmeðferð væri heimiluð. Þá er ljóst að dæmi í greinargerð frumvarpsins stöfuðu frá óbyggðanefnd, sem vikið hefur frá málinu vegna vanhæfis. Dæmin virtust nefnd eftir textaleit í úrskurðum þar sem dómur Hæstaréttar, frá 6. september 2005, í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, voru nefndir. Eðli máls samkvæmt gat á þeim tímapunkti ekki hafa átt sér stað mat valdbærs stjórnvalds á því hvort texti í úrskurði í máli nr. 1/2019, teldist athugasemd í skilningi löggjafar, sem þá hafði ekki verið samþykkt.
27. Landeigendur halda því fram að sérstök óbyggðanefnd, sem hæf og valdbær stjórnvöldunefnd, hafi enn ekki metið hvort skilyrði laganna séu uppfyllt svo taka megí umþrætt svæði til meðferðar.
28. Landeigendur setja fram sérstakan áskilnað um að krefjast þess fyrir dómi, að sú ákvörðun óbyggðanefndar, að heimila íslenska ríkinu að setja fram kröfulýsingu í land Ófeigsfjarðar á grundvelli endurtekinnar málsmeðferðar, sé ógildanleg og þar af leiðandi er málsmeðferð á grunni hennar ólögmat.
29. Í ljósi alls framanritaðs og að auki með vísan til þess sem á eftir fer er gerð krafa um frávísun málsins frá óbyggðanefnd.

*Valdheimild fjármálaráðuneytisins til staðfestingar á þjóðlendumörkum og réttaráhrif fyrri úrskurðar óbyggðanefndar leiða hvort um sig til þess að fallast ber á kröfu landeigenda:*

30. Tilefni er til að fara yfir nokkur grundvallaratriði laga nr. 58/1998 og breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum og þýðingu hafa.

31. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

32. Samkvæmt a. lið 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar;

*Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.*

33. Í 9. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði sem staðið hefur óbreytt frá setningu laganna:

*Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.*

34. Við setningu laga nr. 58/1998 var gert ráð fyrir því að eftir að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka fyrir svæði, sbr. 8. gr., kæmi fram almenn áskorun til þeirra sem teldu til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr.

35. Með breytingarlögum nr. 65/2000, var þeirri skipan komið á að þegar óbyggðanefnd hafði ákveðið að taka svæði til meðferðar, er íslenska ríkinu gefinn kostur á að gera kröfulýsingu, sbr. breytingu á 10. gr. Í 2. mgr. ákvæðis var þá tekin upp eftirfarandi regla:

*Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.*

36. Vakin er athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísa til, er sérstök ákvörðun um hvaða svæði er til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varðar áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins ná til. Með því er ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda er það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst er að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafa alltaf tíðkast, þ.m.t. hefur ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar er jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

37. Samkvæmt 12. gr laga nr. 58/1998, sbr. breytingarlög nr. 65/2000, skal óbyggðanefnd birta kröfulýsingakort. Slík kort hafa sýnt kröfulýsingar ríkis og rétthafa í heild, enda eru þær innan þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka til meðferðar, sbr. 8. gr.

38. Ákvæði 11. gr. laganna um fyrirsvar fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess, hefur verið óbreytt frá upphafi.

39. Þá ber sérstaklega að nefna 15. gr. laganna þar sem fram kemur að óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum. Sú grein staðfestir forræði aðila á sakarefninu.

40. Þá eru nefnd ákvæði 16. gr. um stöðu úrskurða í kærumáli og 19. gr. um heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóla innan tiltekins frests.
41. Með breytingarlögum nr. 34/2020, var tekin upp ný 7. mgr. 10. gr. laganna, sem er tilefni þessa máls. Í 1. málslíð segir:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra.*

42. Tilefni þessarar lagasetningar byggir að nokkru leyti á misskilningi, sem rakinn verður til ónógrar umfjöllunar um málið. Þegar áform um breytingar á þjóðlendulögum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.6.2019, þ.e. áform um breytingu á lögum um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ekkert fjallað um endurtekningu málsmeðferðar. Slík ákvæði komu síðar fram við kynningu frumvarpsins í samráðsgátt í september 2019. Lagabreytingin var samþykkt í maí 2020, umræðulítið.
43. Umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar úrskurðað um, standast ekki. Í raun hafa engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hefur eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun óbyggðanefndar ekki leitt til neinna dæma um ágreining. Nefndin hefur skorið úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda.
44. Sjóarmið um að óvissa sé til staðar og tenging 7. mgr. 10. gr. við ætluð tilvik um að óbyggðanefnd hafi gert athugasemd við kröfugerð ríkisins, byggir á misskilningi um réttaráhrif fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og eftir atvikum þýðingu dómsmála um viðkomandi svæði.
45. Breytingarlög nr. 34/2020, hvíla í raun á því að frumvarpshöfundar gera ráð fyrir því að óbyggðanefnd fái vald sem nefndin hafði ekki áður, heldur íslenska ríkið á grundvelli forræðis yfir þjóðlendum, sbr. nánar hér á eftir. Breytingarlögin kunna að fela í sér grundvallarbreytingu á starfi óbyggðanefndar til framtíðar á svæðum sem ekki höfðu verið tekin fyrir við gildistöku laganna, en réttarstöðu aðila máls á svæðum sem áður höfðu verið tekin fyrir, verður ekki raskað svo gilt sé að stjórnskipunarlögum.
46. Forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum er í raun tvíþætt, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfiráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlenda.
47. Með 2. gr. laga 58/1998 var því lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar þjóðlendulaga hafa athafnir íslenska ríkisins eftir gildistöku laganna á árinu 1998 haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendir.
48. Þannig má vísa til **HRD 617/2012**, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem tók til hluta svæðis sem íslenska ríkið gerði þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, var talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti.



49. Einnig ber að nefna **HRD 94/2017**, þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 leiddi til þess að viðurkenning var talinn liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dómnum er fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.
50. Í þessum dómum birtist að íslenska ríkið hefur frá árinu 1998, vegna gildistöku þjóðlendulaga, haft forræði yfir þjóðlendum og þá jafnframt forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þarf ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem fela í sér óbeina viðurkenningu sem er fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verður skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar.
51. Þess skal getið að íslenska ríkið hefur fjallað um heimildir til þess að ráðstafa landi sem þjóðlendu, áður en skorið hefur verið úr um mörk þjóðlendu á svæði. Forræði ríkisins á slíkum svæðum er lögfest með þjóðlendulögum og hvílir einkum á 2. gr. laganna. Hér er í dæmaskyni vísað til þjóðlenduleyfis, útgefnu þann 30. júlí 2002, og varðaði heimildir Landsvirkjunar til Kárahnjúkavirkjunar í ætlaðri þjóðlendu, sem óbyggðanefnd fjallaði síðar um í máli nr. 1 og 2/2005.
52. Málsforræði íslenska ríkisins vegna málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd kemur skýrlega fram í lögum. Það birtist í ákvæði 11. gr. um fyrirvar ráðherra fyrir hönd ríkisins. Birtingarmynd málsforræðis ríkisins er einnig 15. gr., en þar gert er ráð fyrir sáttaumleitunum fyrir óbyggðanefnd. Forræði ríkisins á að samþykkja sátt, staðfestir málsforræði.
53. Það er svo augljóst að hafi ríkið forræði að samþykkja sátt innan þeirra krafna sem ríkið hefur lýst, fylgir því að ríkið hefur einnig forræði á því að lýsa ekki þjóðlendukröfu lengra inn í landsvæði jarðar sem landamerkjalyfing nær til, en ákveðið er við kröfulýsingu.
54. Fjallað hefur verið um málsforræði íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í **HRD 367/2005** og **HRD 571/2006**.
55. Í fyrirnefnda málinu var umfjöllun úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000 rakin. Hæstiréttur vísar til 10. gr. þjóðlendulaga um þá ákvörðun að taka tiltekið svæði fyrir og 15. gr. um heimild til sátta. Þá segir orðrétt:

*Af þessum lagaákvæðum er ljóst að úrlausnarefni óbyggðanefndar ræðst annars vegar af kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendna og hins vegar af kröfum þeirra, sem telja að gengið yrði á réttindi sín með slíkri afmörkun þjóðlendna og láta málið til sín taka fremur en að falla frá tilkalli sínu. Hvergi er að finna ákvæði í lögnum, sem takmarka forræði aðila máls fyrir óbyggðanefnd á hagsmunum sínum, sem að auki má gera sátt um. Skylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að afla heimilda og gagna um eignarréttindi og afnotaréttindi og framkvæma rannsóknir og athuganir á staðreyndum og lagaatriðum, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, fær henni ekki í hendur vald til að virða að vettugi sammæli ríkisins og eiganda lands um mörk þess við þjóðlendu eða horfa framhjá yfirlýsingu eigandans um að hann falli frá tilkalli sínu.*

56. Í síðarnefnda málinu, var fjallað um þá stöðu að óbyggðanefnd úrskurðaði land þjóðlendu sem ekki hafði verið gerð krafa um að teldist þjóðlenda. Í málinu var að hluta til deilt um aðildarhæfi Rangárþings ytra. Á það var fallist og efnisdómur felldur á málið. Vísaði Hæstiréttur til forsendna héraðsdóms og dóms Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og staðfesti héraðsdóm. Í niðurstöðu héraðsdóms voru ákvæði 10, 11., 3. mgr. 13. og 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga rakin. Þá sagði:

*Samkvæmt framansögðu er ljóst að óbyggðanefnd er falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og er hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarka forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verður ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kann milli þeirra. Í máli þessu háttar svo til að stefndi gerði aldrei kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verða samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign stefnanda.*

57. Af framangreindu verður ályktað að málsforræði íslenska ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands, getur bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljast viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir óbyggðanefnd. Eðli máls samkvæmt er ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuna á að gæta.
58. Með því að óbyggðanefnd ákvað, þann 16. mars 2018, að taka fyrir Strandasýslu alla ásamt Bæjarhreppi hinum forna og tilkynnti íslenska ríkinu um þá ákvörðun, var ákveðið að taka allt svæðið til meðferðar, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu. Málsmeðferð óbyggðanefndar tók því til alls hins framangreinda svæðis.
59. Kröfulýsing ríkisins fól í sér beina viðurkenningu um að land Ófeigsfjarðar væri undirorpið beinum eignarrétti, sbr. tilvitnanir í kröfulýsingu ríkisins hér að framan.
60. Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 1/2019 fól í sér að viðurkennt var að land jarðarinnar væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í málinu nr. 1/2019, en þar var fallist á þjóðlendukröfu ríkisins. Réttaráhrif þess úrskurðar ráðast af efni þeirri kröfulýsinga sem höfðu komið fram og voru til umfjöllunar og a. lið 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. 8. og 10. gr., þ.e. kveða á um mörk þjóðlendu og eignarlanda.
61. Það er svo nefnt til hliðsjónar að umfjöllun í úrskurði 1/2019 um úrlausnarefnið, fól ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. umfjöllun hér framar.
62. Réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar eru bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkt með dómi.
63. Það skal þó tekið fram að ætla verður að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnarsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli eru einkum að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Ekkert liggur fyrir um slíkt og í raun verður ekki séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins

á nokkrum tímamarki, t.d. með því að freista þess að koma að frekari kröfum í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir í málinu.

64. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Fyrir liggur bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hefur verið endurupptekinn og stendur því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög.
65. Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngríp löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendlaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafa úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin getur því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.
66. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendlaga, fela í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætast eða skarast, hafa mörkin verið sett endanlega niður.
67. Breytingarlög nr. 34/2020 hafa í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því er jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum. Fari svo að óbyggðanefnd fallist á kröfu ríkisins í máli þessu felur það í sér úrskurð sem gengur í berhöggi við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeigenda fæst slík niðurstaða með engu móti staðist, enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, sbr. hér síðar.
68. Með þjóðlendlögum var stofnað til óbyggðanefndar sem hafði það meginhlutverk sem sérstakt stjórnvald, að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Óbyggðanefnd hefur tekið einstök svæði landsins fyrir, sbr. 8. gr. og tilkynnt um þá málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 10. gr. Málsmeðferð á þeim svæðum sem nú er fjallað um mögulega endurupptöku á er lokið. Í tilviki Ófeigsfjarðar byggði íslenska ríkið á því að land utan þjóðlendukröfu væri háð beinum eignarrétti.
69. Þjóðlendlög þurfa að samræmast 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þá hefur 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu þýðingu um friðhelgi eignarréttar og hugtakið réttmætar væntingar sem leiðir af ákvæðum sáttmálans. Yfirstandandi málsmeðferð er í ósamræmi við þessar grundvallarreglur.
70. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum voru á sínum tíma bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Vísa má til umfjöllunar í ákvörðun um málsmeðferðarhæfi máls nr. 46461/06, Þorlákur Örn Bergsson o.fl. gegn Íslandi. Í umfjöllun dómsins um brot gegn 1. gr. 1. samningsviðauka nr. 1, kemur m.a. fram:

*Dómstóllinn veitir því athygli að umkvörtun kæranda laut bæði að skilyrðum laganna frá 1998 og beitingu íslenskra yfirvalda, einkum Hæstaréttar, á þeim lögum í máli þeirra. Hvað hið fyrra varðar er þess að geta að óbyggðanefnd þeirri sem sett var á fót samkvæmt*

*lögnum var veitt vald til að kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda (7. gr. laganna). Ólíkt þeirri stöðu sem var uppi samkvæmt hinum umdeildu landslögum í máli Klaustranna helgu gegn Grikklandi, dómi 9. desember 1994, Series A nr. 301-A, bls. 32, 58. lið), var því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila. Ekki var heldur ætlunin, eins og kærendur bentu á, að lögin frá 1998 hefðu þau áhrif að land í einkaeign færðist í hendur ríkisins (sbr. sama, bls. 32-33, 61. liður).*

71. Þá fjallaði dómurinn um síðara umkvörtunarefnið, einkum með tilliti til þess að almennar reglur giltu.
72. Sýnt er að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, stenst illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 var því lýst yfir fyrirfram, eða gefið skýrlega í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eigenda Ófeigsfjarðar. Þar var um að ræða eignarréttindi sem beinlínis var tiltekið að væru háð beinum eignarrétti landeigenda í kröfulýsingu ríkisins í máli nr. 1/2019 og felast jafnframt í þeim dómnsniðurstöðum sem komið hafa fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku Þjóðlendulaga.
73. Með yfirstandandi málsmeðferð verður í raun brugðið út frá þeirri grundvallarreglu sem málsforræði er að íslenskum lögum. Í því felst í raun frávik frá almennum reglum sem leiddi til þess að Mannréttindadómstóllinn tæki málið til sérstakrar skoðunar að mati landeigenda.
74. Óumdeilt hlýtur að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeigenda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigendur eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá er réttarstaðan sú í dag, að fyrir liggur bindandi niðurstaða sem kveður á um að landsvæðið sé eign landeigenda. Því landsvæði verða landeigendur ekki sviptir nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.
75. Hér er staðan því allt önnur en var uppi þegar reyndi á stjórnskipulegt gildi Þjóðlendulaga, sbr. m.a. áðurnefndan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var niðurstaðan m.a. sú, að hafna því að kærendur hefðu átt eignarrétt sem hvíldi á nægilega traustum lagagrundvelli (e. sufficiently established proprietary interest) til að réttmætar væntingar þeirra gætu tengst honum. Krafa til eignarréttar að landinu var því ekki talin fela í sér eign í merkingu 1. gr. 1. samningsviðauka MSE.
76. Í því máli sem hér um ræðir er staðan hins vegar allt önnur þar sem fyrir liggur bindandi úrskurður sem kveður á um að hið umþrætta land sé eign landeigenda. Augljóst er því, að hið umþrætta land, sem ríkið gerir nú kröfu um, teljist eign landeigenda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE.
77. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem lauk með úrskurði óbyggðanefndar í máli 1/2019 (óumdeilt að enginn aðila skaut þeim úrskurði til úrlausnar dómstóla) höfðu landeigendur réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki var úrskurðuð Þjóðlenda væri þeirra eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Um fjöllum óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 1/2019, sem metin var sem athugasemd, er að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar og má því telja augljóst að ef sönnunarfræsla hefði farið fram hefðu engin ummæli ratað í úrskurðinn sem túlka mætti sem athugasemd.

78. Í minnisblaði óbyggðanefndar frá 1. júlí 2020, kemur fram sá hluti úrskurðarins sem metinn er sem athugasemd í skilning 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í heild hljóðar sá hluti svo, sbr. bls. 112-113 í úrskurðinum og fylgiskjal með bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra dags 1. júlí 2020:

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti Drangajökuls sem deilt er um í málinu sé utan landamerkja þeirra jarða sem kröfum hefur verið lýst vegna og að hann sé ekki heldur innan merkja annarra jarða. Raunar eru landamerkjabréf jarðanna að nokkru leyti óljós hvað varðar landamerki gagnvart jöklinum og heiðinni austan og sunnan hans. Á það sérstaklega við um merki Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Landamerkjabréf Drangavíkur hefur einungis að geyma lýsingar á merkjum næst sjónum og þótt merkjum sé lýst lengra inn til landsins í landamerkjabréfum Engjaness og Ófeigsfjarðar eru merkjalýsingar þeirra óglöggar hvað það varðar. Landamerkjabréf Skjaldabjarnarvíkur og Dranga veita því nokkru styrkari stoð að merki þeirra nái að jöklinum, með því að merkjunum er lýst um Bjarnarfjarðará sem rennur um nokkuð greinilegan farveg allt frá jökuljaðri. Þó er ekki sérstaklega tekið fram í umræddum landamerkjabréfum að áin ráði allt til upptaka. Þá er í engu af landamerkjabréfum umræddra fimm jarða getið um að merkin liggi að jöklinum, ólíkt því sem þó er gert í tilvikum áður nefndra þriggja jarða vestan jökulsins.

Þær heimildir sem liggja fyrir um umræddar jarðir í Strandasýslu og réttindi innan þeirra og raktar eru í köflum 5.3.1–5.3.6 hér að framan benda til þess að landsnytjar þeirra og hlunnindi hafi í gegnum tíðina að langmestu leyti verið bundin við svæðið næst sjónum, t.d. í tengslum við reka, hvalreka, eggjatekju, selveiði og fiskveiði, auk nytja á landi til hefðbundins búskapar nærri bæjarstæðunum við sjóinn. Ætla má að verðmæti jarðanna, sem víða er tilgreint í heimildum, hafi einkum ráðist af þessum nytjum næst ströndinni fremur en landstærð. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 var verðmæti Skjaldabjarnarvíkur þá 6 hundruð, Dranga 12 hundruð, Drangavíkur 6 hundruð, Engjaness 4 hundruð og Ófeigsfjarðar 24 hundruð. Verðmæti Ófeigsfjarðar var þannig mun meira en hinna jarðanna en um Ófeigsfjörð segir í Jarðabókinni að reki hafi þar „áður verið óþverrandi, en nú í mörg ár hefur þar ekki rekið nema litilsháttar“. Fram kemur að nokkrum kirkjum og einu klaustri séu þar eignuð ítök sem fólust í hlutdeild í hvalreka og öðrum reka, sem kann að vera til marks um verðmæti þessara réttinda. Heimildir greina aftur á móti ekki frá nytjum uppi á heiðinni nærri Drangajökli. Þá er land þar mjög lítið gróið eins og glögg mátti sjá í vettvangsferð óbyggðanefndar vegna málsins og ítarlega er gerð grein fyrir því í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á svæðinu sem aflað var vegna meðferðar málsins. Af greinargerðinni verður ráðið að líklega hafi ekki orðið verulegar breytingar á gróðurfari á umræddum hluta heiðarinnar frá landnámi. Atriði sem þessi geta ásamt fleiru skipt máli við mat á óljósum landamerkjalyðingum og eftir atvikum þarf að gera ríkari kröfur til skýrleika landamerkjalyðinga í tilvikum þar sem staðhættir og gróðurfar mæla gegn því að svæði hafi orðið hluti af jörð eða jörðum.

Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að

leysa úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir óljósar merkjalýsingar í fyrrnefndum landamerkjabréfum tekur krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einungis til jökulsins og er miðuð við ætlaða legu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998. Samkvæmt framansögðu kemur því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins eignarréttarleg staða lands á heiðinni austan og sunnan jökulsins, sem ekki var hulið jökli á því tímamarki.

79. Landeigendur telja tilvitnaða umfjöllun ekki eiga nokkurn rétt á sér í ljósi þess hvernig ágreiningurinn var afmarkaður, þ.e. einungis var deilt um eignarréttarlega stöðu Drangajökuls. Burtséð frá því er ljóst að einfalt hefði verið að hrekja allt sem nefndin lætur þarna frá sér fara, en utan jökulsins átti sér ekki stað nema afar takmörkuð sönnunarfærsla, eðli máls samkvæmt. Verða nú helstu rangfærslur nefndarinnar raktar og hraktar:
80. Óbyggðanefnd heldur því fram að lýsing landamerkjabréfs Ófeigsfjarðar sé óglögg eftir því sem lengra dregur inn til landsins (til vesturs) og rökstyður það einkum með þremur staðhæfingum:
81. Fyrsta er sú að upptök Eyvindarfjarðarar séu óljós og ekki tiltekið í landamerkjabréfinu hvert í ána merkin eigi að koma, en orðrétt segir í úrskurðinum á bls.105-6:

*Þá er til þess að líta að þegar komið er vestarlega á heiðina rennur Eyvindarfjarðar ekki um einn farveg heldur rennur hún þar um nokkrar upptakavíslar og landamerkjabréfið hefur ekki að geyma lýsingu á því í hverja þeirra merkin skyldu dregin frá „fjallsbrún“ sem staðsett væri svo ofarlega á heiðinni, enda kemur ekki fram í landamerkjabréfinu í hvaða stað í ánni línán skuli dregin.*

82. Hér fellur óbyggðanefnd í þá gryfju að miða við vatnafar nútímans í stað þess að vinna út frá þeim gögnum sem nær eru gerð landamerkjabréfsins í tíma. Bæði í sýslulýsingum og Ferðabók Eggerts og Bjarna kemur fram að Eyvindarfjarðarar eigi upptök sín í Drangajökli.
83. Þá er ljóst á gögnum frá Nátturfræðistofnun Íslands um jöklafar fram undir 1890 að jökullinn huldi a.m.k. hálf þáð vatn sem miðað er við í kröfugerð landeigenda og standa því allar líkur til þess að þar hafi verið jökullón þar sem áin átti upptök sín þegar landamerkjabréfið var gert.
84. Á korti af Strandasýslu, sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands og talið er teiknað á árabílinu 1720-1727, sést vel að Eyvindarfjarðarar rennur ekki í gegnum stöðuvatn eða stöðuvötn heldur í skýrum farvegi frá upptökum í Drangajökli til sjávar. Sem dæmi um nákvæmni kortsins má geta að bæði Kringluvatn og Meyjardalsvatn eru dregin á kortið. Höfundur þess hefur því verið gagnkunnugur.
85. Á kortum danska herforingjaráðsins af svæðinu má glögg sjá hvernig kortagerðarmenn draga upp vatnasvið Eyvindarfjarðarar og engin vötn í líkingu við Efra- og Neðra Eyvindarfjarðarvatn er að finna á svæðinu og hefðu vart farið framhjá mönnum, hefðu þau á annað borð verið þar.
86. Mælingamenn herforingjaráðsins voru á ferðinni á Ströndum sumarið 1914 og hefur áin þá líklega að stofni til verið jökulvatn. En kortið sýnir tvær megin upptakavíslir árinna og er það sú nyrðri sem miðað er við í kröfulýsingu.

87. Ljóst er því samkvæmt gögnum sem nálægt eru í tíma við gerð landamerkjabréfsins og ennfremur frá þeim tíma er veður- og jökklafar var líkara því sem ríkti á ritunartíma bréfsins en síðar varð, að aðstæður voru með öðrum hætti en nú og því fráleitt að miða við aðstæður í nútíma þegar mat er lagt á texta landamerkjabréfsins.
88. Þá segir í afsalsbréfi um hálfan Ófeigsfjörð frá árinu 1921, að merki jarðarinnar liggi frá upptökum Eyvindarfjarðarár til sjávar.
89. Önnur er sú að landamerkjabréf Ófeigsfjarðar nefni ekki Drangajökul á nafn ólíkt landamerkjum þriggja jarða vestan jökulsins. Því skal haldið til haga að þessar þrjár jarðir sem minnst er á eru þær einu sem land eiga að jökli sem minnst á hann berum orðum, en hinar 12 (að Drangajökli liggja a.m.k. 15 jarðir) gera það ekki.
90. Landeigendum þykir undarlegt að annað mat sé lagt á texta landamerkjabréfs í Strandasýslu en á öðrum stöðum á landinu þar sem land liggur að jökli. Sem dæmi má nefna að jarðir í sveitarfélaginu Hornafirði, sem liggja sunnan Vatnajökuls, nefna fæstar jökulinn á nafn. Engu að síður komst óbyggðanefnd að því í nær öllum tilvikum að jarðirnar ættu land að jökli. Orðrétt segir í úrskurði nefndarinnar t.a.m. á svæði 2 í máli nr. 1/2001, er varðaði jörðina Fagurhólsmýri (bls. 139):

*Norðurmörk jarðarinnar koma þannig ekki skýrt fram í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Því til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.*

91. Landeigendur telja að það nákvæmlega sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar og halda því fram að þegar landamerkjabréfið var ritað árið 1890 hafi Eyvindarfjarðará átt sín meginupptök í Drangajökli.
92. Þriðja er eftirfarandi orðalag í landamerkjabréfi jarðarinnar: ... þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi. Út frá þessu orðalagi bréfsins er látið að því liggja að land jarðarinnar geti ekki náð langra til vesturs en 10 kílómetra (jafn langt og frá bæjarhúsunum til þeirra eyja og skjerja er austast liggja), en þess má geta að frá bæjarhúsunum í Ófeigsfirði og að vatnaskilum móti Djúpi eru um 15 kílómetrar.
93. Hér fellur nefndin enn og aftur í þá gryfju, að horfa á viðfangsefnið frá sjónarhóli nútímamannsins, sem hefur yfir að ráða loftmyndum í mælikvarða sem og fullkomnum kortum. Við þann munað bjuggu þeir ekki sem sömdu texta landamerkjabréfsins og verður að miða við skýrt orðalag bréfsins sem miðar landamerki jarðarinnar við vatnaskil eins og tíðkast á Ströndum.
94. Þá er fjöldinn allur annar af rangfærslum og rangtúlkunum í tilvitnuðum hluta úrskurðarins í máli 1/2019, sem ekki er ástæða til að rekja hér, en farið verður yfir í málflutningi um efnishlið málsins, ef til kemur.
95. Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfufýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um

eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

96. Landeigendur leggja áherslu á að þegar óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.
97. Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.
98. Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

*Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ....*

99. Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

*Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...*

100. Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.
101. Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn varðandi umfang eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalausar og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess sem landamerkjabréfi hefur verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.
102. Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggja



- því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.
103. Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.
104. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.
105. Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.
106. Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.
107. Þá byggja landeigendur þrautavarakröfu sína einnig á því að þeir og forverar þeirra hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

#### **Helstu lagarök:**

- Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar
- Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar
- Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991
- Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki
- Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978
- Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969
- Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni
- Vísað er til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu
- Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986
- Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stöð í þeim
- Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998
- Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna
- Um málskostnað vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991

**Áskilnaður:**

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Yrðingarfyllst,  
f.h. landeigenda



Friðbjörn Garðarsson hrl.

**Fylgiskjöl:**

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð